



Íslenskir radióamatörar, ÍRA



Stjórn ÍRA starfsárið 2025/26. Myndin var tekin í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 25.10.2025. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

Skýrsla um starfsemi félagsins 2025/2026

Aðalfundur sunnudag 15. febrúar 2026

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður



Útgefandi: Íslenskir radióamatörar, ÍRA, pósthólf 1058, 121 Reykjavík.

Tölvupóstfang: ira@ira.is / Vefsíða: <http://www.ira.is>

Ábyrgðarmaður: Jónas Bjarnason, TF3JB.

Höfundur ljósmynda: Jónas Bjarnson, TF3JB nema annars sé getið.

Heimilt er að birta efni úr skýrslunni en þess skal getið hvaðan það er fengið.

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	3
FORMÁLI	7
1. STJÓRN, EMBÆTTISMENN OG FUNDIR	9
1.1 Aðalfundur og stjórn	9
1.2 Stjórnarfundir	13
1.2.1 Orðsendingar formanns til stjórnar	14
1.3 Embættismenn	15
1.3.1 Embætti með stoð í lögum	17
1.4 Starfshópar, nefndir, stjórnarfundir og fundir innanlands	20
1.5 Starfshópar, nefndir og fundir erlendis	20
1.5.1 Nordisk Radio Amatør Union (NRAU)	20
1.5.2 IARU Svæði 1, fastanefnd um neyðarfjarskipti	21
1.5.3 NOTA, YOTA og fleira	22
2. FÉLAGSAÐSTADAN Í SKELJANESI	23
2.1 Framkvæmdir í húsnæði í Skeljanesi	23
2.2 Hreinsað í Skeljanesi	25
2.2.1 Málað yfir krot á bárujárnsgirðingunni í Skeljanesi	25
2.2.2 Lagfæringar í sal	26
2.2.3 Ljósaperur endurnýjaðar í sal	27
2.2.4 Frekari vinna í fundarsal	28
2.2.5 Tímaritamöppum komið fyrir á nýjum stað í sal	28
2.2.6 Lagað til í eldhúsi	29
2.2.7 Framkvæmdir við loftnet TF3IRA	29
2.2.8 Viðgerð á stóra turninum	29
2.2.9 Viðgerð á minni turninum	30
2.2.10 80/40 metra vírloftnet lagfært og sett upp	30
2.2.11 Stangarloftnet lagfært	32
3. FRÆDSLUDAGSKRÁ; ERINDI Í SKELJANESI	33
3.1 Flutningur erinda, yfirlit	33
3.1.1 Erindi TF3KB <i>Alþjóðastarf radióamatöra, m.a. IARU, NRAU og ITU</i>	34
3.1.2 Erindi TF3KX: <i>QRP afl, heimasíði og notkun QRP senda</i>	35
3.1.3 Erindi TF3VS: <i>Logger32; auknar vinsældir og nýir möguleikar</i>	37
3.1.4 Erindi TF3HRY <i>Loftnet og útgeislun á lægri böndum</i>	38
3.1.5 Erindi TF8KY og TF3EK: <i>Radióleikar ÍRA 2025</i>	40
3.1.6 Erindi TF3T: <i>EME tilraunir á 50 MHz og ofar í tíðnisviðinu</i>	42
3.1.7 Erindi TF3TNT: <i>Frekari uppbygging og framtíðarsýn endurvarpamála</i>	43
3.1.8 Erindi TF1OL: <i>Með stöð og búnað umhverfis jörðina á 75 dögum</i>	45
3.1.9 Erindi TF3Y: <i>Fjarskipti fyrir tilstilli loftsteinaskúra</i>	47
3.1.10 Erindi TF1OL: <i>Evrópuferð TF1OL og XYL sumarið 2025</i>	48
3.1.11 Erindi TF2AC: <i>Þátttaka í starfi ÍRA sem nýliði, þ.m.t. í fjarskiptaleikum</i>	49
3.1.12 Erindi TF3T: <i>Keppnisstöðin TF3D á Stokkseyri, endurbætur og keppnir</i>	50
3.1.13 Erindi TF2AC: <i>Allt um DMR (Digital Mobile Radio)</i>	52
3.1.14 Erindi TF3TNT: <i>Áframhaldandi uppbygging VHF kerfisins</i>	53

4. FRÆÐSLUDAGSKRÁ; ANNAD EFNÍ	55
4.0 Inngangur	55
4.1.1 Laugardagur 25. janúar. Móttaka fyrir nýja leyfishafa í Skeljanesi	55
4.1.2 Sunnudagur 11. maí. Flóamarkaður ÍRA í Skeljanesi að vori	58
4.1.3 Laugardagur 27. september. <i>Tæknidagur-1 haustið 2025</i>	58
4.1.4 Laugardagur 4. október. <i>Tæknidagur-2 haustið 2025</i>	60
4.1.5 Laugardagur 18. október. <i>Tæknidagur-3 haustið 2025</i>	61
4.1.6 Laugardagur 8. nóvember. <i>Tæknidagur-4 haustið 2025</i>	62
4.1.7 Laugardagur 29. nóvember. <i>Tæknidagur-5 haustið 2025</i>	63
4.1.8 Laugardagur 13. desember <i>Tæknidagur-6 haustið 2025</i>	64
5. SKELJANES, AÐRIR VIÐBURÐIR	67
5.0 Yfirlit	67
5.1.1 Opið hús í Skeljanesi 27. mars	68
5.1.2 Opið hús í Skeljanesi 10. mars	69
5.1.3 Opið hús í Skeljanesi 12. júní	70
5.1.4 Opið hús í Skeljanesi 26. júní	71
5.1.5 Opið hús í Skeljanesi 3. júlí	72
5.1.6 Opið hús í Skeljanesi 24. júlí	73
5.1.7 Opið hús í Skeljanesi 31. júlí	75
5.1.8 Opið hús í Skeljanesi 14. ágúst	76
5.1.9 Opið hús í Skeljanesi 21. ágúst	77
5.1.10 Opið hús í Skeljanesi 28. ágúst	78
5.1.11 Opið hús í Skeljanesi 2. október	80
5.1.12 Opið hús í Skeljanesi 9. október	81
5.1.13 Opið hús í Skeljanesi 6. nóvember	82
5.1.14 Opið hús í Skeljanesi 20. nóvember	83
5.1.15 Opið hús í Skeljanesi 4. desember	84
5.1.16 Opið hús í Skeljanesi 18. desember	85
5.1.17 Opið hús í Skeljanesi 8. janúar	87
5.1.18 og 5.1.19 Opið hús í Skeljanesi 22. og 29. janúar	88
5.1.20 Uppskeruhátíð í Skeljanesi 2025	90
6. NÁMSKEIÐ OG PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS	93
6.1 Námskeið ÍRA til amatörleyfis haustið 2025	93
6.2 Skipulag námskeiðs ÍRA til amatörprófs 15. september til 28. október 2025	97
6.3 Vefslóðir á námsefni á námskeiði ÍRA til amatörprófs haustið 2025	98
6.4 Prófröfur eru bundnar í reglugerð	100
6.5 Hverjir geta gengist unir próf til amatörleyfis á Íslandi	100
6.6 Framkvæmdir munnlegra prófa	101
6.7 Fyrirkomulag ef próftaki glímir við lesblindu	102
7. TF ÚTILEIKAR ÍRA 2025	103
8. VORLEIKAR ÍRA 2025	107
9. SUMARLEIKAR ÍRA 2025	111
10. VITAHELGIN, KALLMERKI OG KEPPNIR	115
10.1 Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 2025	115
10.2 Sérstök kallmerki ÍRA QRV á starfsárinu	116

11. ÚTGÁFUMÁL	119
11.0 Yfirlit	119
11.1 Félagsritið CQ TF	119
11.2 Ritnefnd CQ TF	120
11.3 Facebook síðan Íslenskir radióamatörar	122
11.4 Facebook síða TF3OM: Flóamarkaður radióamatöra	122
11.5 Kynningar- og ávarpsrit ÍRA	123
12. SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD	125
12.1 Viðræður/samskipti við stjórnvöld	125
12.2 Sérheimild á 4 metrum (70.200-70.250 MHz)	125
12.3 Sérheimild á 6 metrum (50.000-52.000 MHz)	126
12.4 Heimild á 60 metrum (5.351,5-5.366,5 MHz og 5.260-5.410 MHz)	131
12.5 Sérheimild á 160 metrum (1850-1900 kHz)	133
12.6 Nýjar afl- og tíðniheimildir til skoðunar	135
13. ENDURVARPAR, STAFVARPAR OG RADÍÓVITAR	137
13.1 Yfirlit	137
13.2 Nýr UHF endurvarpi í Reykjavík; TF3DMR	138
13.3 Nýr VHF endurvarpi á Þrándarhlíðarfjalli; TF5RPG	139
13.4 Nýr UHF endurvarpi í Reykjavík; TF3RVK	140
13.5 Radióvitarnir á 50 og 70 MHz	142
14. VIÐTÆKI YFIR NETIÐ	143
14.0 Yfirlit	143
14.1 Rrekstrarkostnaður viðtækja yfir netið	143
VIÐAUKI A Fundargerðir stjórnar ÍRA starfsárið 2025/26	145
VIÐAUKI B Fræðsludagskrár ÍRA, vor og haust 2025	183
Starfsáætlun stjórnar ÍRA starfsárið 2025/26	185
Nýr borðfáni ÍRA	187



AÐALFUNDUR ÍRA 2026

Ágæti félagsmaður!

Minnt er á aðalfund ÍRA sunnudaginn 15. febrúar 2026.

Fundurinn verður haldinn í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík og hefst stundvíslega kl. 14:00.

Dagskrá er samkvæmt 19. gr. félagslaga.


Reykjavík 25. janúar 2026,

f.h. stjórnar ÍRA,

Jónas Bjarnason, TF3/B
formaður



Mynd af auglýsingu aðalfundar ÍRA 2026 sem haldinn var í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík, sunnudaginn 15. febrúar 2026. Ljósmyndin að neðan sýnir fundargögn sem lögð voru fram á fundinum.



Formáli

JÓNAS BJARNASON, TF3JB.

Starfsemi félagsins Íslenskir radióamatörar gekk með ágætum á starfsárinu 2025/26. Góðan árangur má þakka vinnusömum og samhentum stjórnar- og embættismönnum sem notið hafa almenns stuðnings félagsmanna. Af mörgu er að taka, en mig langar til að nefna örfá atriði sem hafa staðið hafa upp úr á starfsárinu.



Námskeið ÍRA til amatörprófs og próf Fjarskiptastofu til Amatörleyfis. Námskeið félagsins var haldið í Háskólanum í Reykjavík 15. september til 28. október 2025. Alls voru 26 skráðir, en 20 þreyttu próf Fjarskiptastofnunar þann 1. nóvember. Þar af stóðust 19 próf stofnunarinnar til amatörleyfis; 14 til G-leyfis og 5 til N-leyfis. Síðastliðin þrjú ár, 2023, 2024 og 2025 hafa þannig bæst við alls 49 nýir íslenskir leyfishafar. Verkefnið er stærsta einstaka verkefnið sem félagið ræðst í hverju sinni.

Sérstakar þakkir fær Prófnefnd ÍRA: TF3KX formaður, TF3VS ritari, TF3DX, TF3EK og TF3Y. Ennfremur þeir félagsmenn sem önnuðust kennslu á námskeiðinu: TF1AM, TF3AU, TF3DC, TF3HM, TF3HR, TF3KX, TF3NH, TF3UA og TF3Y. Sem og stjórnarmenn sem komu að verkefninu: TF1AM, TF3GZ, TF3JB, TF3NH, TF3PW og TF3UA. Þá ber að þakka Háskólanum í Reykjavík sérstaklega fyrir að leggja til kennslustofu, en skólinn hefur styrkt félagið á þennan hátt frá árinu 2013. Síðast, en ekki síst ber að þakka ánægjulega samvinnu við Fjarskiptastofu, sem stóð fyrir prófi til amatörleyfis í HR 1. nóvember.

Samskiptin við stjórnvöld. Samskiptin við stjórnvöld voru með ágætum á starfsárinu svo aldrei bar skugga á milli. Ánægjulegt er að geta um jákvæða afgreiðslu Fjarskiptastofu á óskum félagsins um sérheimildir til handa leyfishöfum sem voru í gildi 2025 og 2026. (1) Sérheimild til notkunar 70,000–70,250 MHz (á 4 metrum) sem var endurnýjuð til 2 ára og gildir til ársloka 2026. (2) Sérheimild til notkunar 50,000–50,500 MHz (á 6 metrum) sem var endurnýjuð með 6 mánaða gildistíma frá apríl-september 2025; G-leyfishafar fengu heimild til að nota allt að 1kW og N-leyfishafar allt að 100 W. (3) Sérheimild með rýmkun tíðni- og aflheimilda á 5 MHz (60 metrum) sem fékkst samþykkt þann 3. febrúar 2025 og gildir til ársloka 2026. Heimildin varðar notkun á tíðnisviðinu 5260–5410 kHz (150 kHz bandbreidd). Eldri heimild [samkvæmt reglugerð] veitir heimild til notkunar á 5351,5–5366,5 kHz (15 kHz bandbreidd) og er hámarks afl 15 W (EIRP). (4) Og, sérheimild til notkunar 1850–1900 kHz (á 160 metrum) sem fékkst endurnýjuð með heimild til að mega nota á auknu afli vegna þátttöku í tilgreindum alþjóðlegum keppnum 2025 og 2026. G-leyfishafar fengu heimild til að nota fullt afl, allt að 1kW.

Fræðsludagskrár. Eitt af fyrstu verkum stjórnar félagsins eftir aðalfund 2025 var að kynna fræðsludagskrá ÍRA að vori; 6. febrúar til 29. maí. Fræðsludagskrá að hausti fór síðan fram 4. september til 18. desember. Um var að ræða glæsilega og vel heppnaða viðburði, en í boði voru alls 34 opnunarkvöld. Sérstakar þakkir fær TF1AM varaformaður, sem annaðist dagskrárgerð sem og þeir félagar sem mættu í Skeljanes með erindi sem og þeir nær 500 félagsmenn (að meðtöldum gestum), sem sóttu viðburðina.

Fjarskiptaviðburðir ÍRA. Vorleikar, Sumarleikar og TF útileikar ÍRA gengu vel á árinu. Met þátttaka var í vorleikunum 2.–4. maí og voru gögn send inn fyrir alls 24 kallmerki. Sumarleikarnir fóru fram 4.–6. júlí og var þátttaka ágæt; eða 17 þátttakendur. TF útileikarnir fóru fram 2.–4. ágúst og var fjöldi fjarskiptadagbóka 12. Þann 10. október var síðan efnt til glæsilegrar „Uppskeruhátíðar“ í Skeljanesi þar sem afhent voru viðurkenningarskjöl. Sérstakar þakkir fyrir frábær störf fá umsjónarmenn þessara viðburða, TF8KY sem sá um vor- og sumarleikana og TF3EK sem sá um TF útileikana.

Útgáfustarfsemi. Virk heimasíða og viðvera á Facebook er hvorttveggja mikilvægt fyrir félag eins og okkar. ÍRA var með rúmlega 300 innsetningar á starfsárinu 2025/26 – sem er nýtt met, bæði hvað varðar virkni á heimasíðu og á Facebook síðum. Þá er félagsritið CQ TF ekki síður mikilvægur miðill og tengiliður. Blaðið kom út í apríl, júlí og október [2025] og 25. janúar 2026. Sérstakar þakkir fær ritnefnd blaðsins, þeir TF3UA ritstjóri, TF3VS og TF3JB.

Félagsstöðin í Skejanesi. Félagsstöðin var virkjuð í öllum þremur fjarskiptaleikum ÍRA á árinu 2025 sem og í alþjóðlegum keppnum. Sérstakar þakkir til þeirra TF3AO, TF3CW, TF3PPN, TF3UA og TF3UT sem virkjuðu stöðina. Nánari upplýsingar má sjá í 10. kafla skýrslunnar.

Endurvarpar og viðtæki yfir netið. Þrír nýir endurvarpar voru tengdir á starfsárinu. Það eru TF3DMR á UHF, TF3RVK á UHF í Reykjavík og TF5RPG á VHF, auk þess sem TF5RPD [á VHF] var tengdur á ný eftir viðgerð. Tvö ný viðtæki yfir netið voru sett upp á starfsárinu sem sjá má frekari upplýsingar um í 13. og 14. kafla skýrslunnar.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi. Töluverð vinna fór fram í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á árinu. Markmiðið var að gera aðstöðuna sem þægilegasta fyrir félagsmenn og gesti. Gerðar voru m.a. breytingar á uppröðun húsmuna í fundarsal, í QSL herbergi og í eldhúsi. Þann 19. mars var lokið við þrif á gólfdukkum. Það var þriðji og síðasti hluti í því stóra verkefni í að þrifa og bóna gólfdukkinn í húsinu. Áður hafði salurinn verið tekinn, síðan eldhúsið og nú dukkurinn á hæðunum ofar. Verkefnið var á höndum þeirra TF3GZ og TF3ID, auk þess sem TF1AM kom að verki. Þeir félagar fá sérstakar þakkir fyrir þetta dýrmæta framlag.

ÍRA 80 ára 2026. Árið í ár er 80 ára afmælisár. Félagið okkar, Íslenskir radióamatörar, ÍRA var stofnað í Reykjavík 14. ágúst 1946. Fyrsti aðalfundur var hald inn 21. nóvember sama ár. Á fundinum var m.a. kosið í stjórn og var Einar Pálsson, TF3EA kosinn fyrsti formaður félagsins. Nánar verður skýrt frá því í næsta hefti CQ TF, 2. tbl. 2026.

Þakkir til Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS. Fyrir liggur að 1. tölublað CQ TF 2026 var það síðasta sem Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS sá um umbrot á og gerði klárt til útgáfu. Vilhjálmur hefur annast þetta mikilvæga verkefni fyrir félagið nú frá árinu 2018 til 2026 og brotið um 32 tölublöð. Áður hafði hann sinnt sama verkefni á tíma bilinu 2012–2013 og annaðist þá umbrot á 4 tölublöðum.

Vilhjálmur hefur, á þessum tveimur tímabilum þannig séð um umbrot á alls 36 tölublöðum CQ TF. Undirritaður hefur verið þess heiðurs aðnjótandi að fá að starfa með Vilhjálmi að útgáfunni á báðum tímabilum. Það hefur verið afar ánægjulegt samstarf sem aldrei hefur borið skugga á. Að öðrum ólöstuðum, hefur Vilhjálmur verið „hryggjarstykkið“ í útgáfustarfi ÍRA. Viðtæk fagleg þekking hans á umbroti byggir á störfum á þeim vettvangi um áratugaskeið. Almenn yfirsýn og leiftrandi áhugi hans á áhugamálinu í 30 ár eru góðir kostir, en auk starfa að útgáfumálum félagsins hefur hann komið að félagsstarfinu á breiðum grundvelli og hefur þ.á.m. reynslu af stjórnarstörfum í ÍRA um árabil. Undirrituðum er ánægja að upplýsa, að Vilhjálmur mun áfram starfa innan félagsins á öðrum sviðum og er þess óskandi að svo verði sem lengst. Innilegar þakkir til Vilhjálms fyrir afburðagóð störf hans að útgáfumálum ÍRA.

Að lokum. Ég vil að lokum, sérstaklega þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn ÍRA, hverjum og einum fyrir frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í öllum samskiptum er varða málefni félagsins. Það er erfitt að hugsa sér betri samstarfsmenn sem allir hafa verið virkir og áhugasamir. Þegar við vinnum saman er svo auðvelt að ná árangri og það hefur svo sannarlega sýnt sig í verki á starfsárinu 2025/26.

Reykjavík 15. febrúar 2026,

Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA

1. Stjórn, embættismenn og fundir

ADALFUNDUR 2025, STJÓRN, EMBÆTTISMENN, FUNDIR OG NEFNDIR.

1.1 ADALFUNDUR OG STJÓRN.

Aðalfundur ÍRA 2025 var haldinn sunnudaginn 16. febrúar í fundarsal safnaðarheimilis Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS fundarstjóri og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA fundarritari. Alls mættu 26 félagar á fundarstað. Fundur var settur kl. 14:00 og slitið kl. 15:09.



Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2024/25 á aðalfundinum 16. febrúar 2025.

Í samræmi við 22. gr. félagslaga fór fram kjör í stjórn fyrir starfsárið 2025/26. Einn var í kjöri til formanns, Jónas Bjarnason, TF3JB og var hann endurkjörinn með lófaklappi.

Jón Björnsson, TF3PW og Andrés Þórarinnsson, TF1AM voru kjörnir til setu í stjórn til 2 ára. Fyrir sitja í stjórn, sitt síðara ár Georg Kulp, TF3GZ og Njáll H. Hilmarsson, TF3NH. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Heimir Konráðsson, TF1EIN voru kjörnir varamenn til eins árs. Félagsgjald var samþykkt kr. 8.000 fyrir árið 2025/26.

Stjórnarskiptafundur var haldinn í Skeljanesi 27. febrúar 2025. Í beinu framhaldi, var haldinn 1. fundur nýrrar stjórnar sem skipti með sér verkum. Ný stjórn ÍRA var þannig skipuð starfsárið 2025/26:

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður.
Andrés Þórarinnsson, TF1AM, varaformaður.
Georg Kulp, TF3GZ, ritari.
Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri.
Njáll H. Hilmarsson, TFNH, meðstjórnandi.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Heimir Kornráðsson, TF1EIN voru kosnir varamenn. Formaður og varamenn eru kjörnir til eins árs á aðalfundi. Fundargerð aðalfundar og önnur fundargögn voru birt í 2. tbl. CQ TF, 2025 sem kom út 27. apríl.

Ljósmyndir frá aðalfundi ÍRA 2025. Höfundur: Jón Svavarsson, TF3JON.



Aðalfundur ÍRA 2025. Fundarstjóri, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og sést hér í ræðupúlti.



Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri ÍRA flutti framlagðan ársreikning félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2025.



Slegið á léttu strengi. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS fundarstjóri í púlti. Aðrir á mynd (frá vinstri): Andrés Þórarinnsson TF1AM, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Jónas Bjarnason TF3JB, Georg Kulp TF3GZ, Njáll H. Hilmarsson TF3NH og Jón Björnsson TF3PW.



Frá vinstri fremst: Mathías Hagvaag TF3MH, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Kristján Benediktsson TF3KB. 2. röð: Eiður Kristinn Magnússon TF1EM, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Þór Eysteinnsson TF3TE. 3. röð: Gísli Guðnason TF3MK, Sigmundur Karlsson TF3VE, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK, Erling Guðnason TF3E og Finnur Tómasson TF3FT. 4. röð: Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY og Pier Albert Kaspersma TF1PA. 5. röð: Anna Henriksdóttir TF3VB.



Úr sal. Eiður Kristinn Magnússon TF1EM og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID. Aðrir á mynd: Erling Guðnason TF3E og Finnur Tómasson TF3FT. Aftar: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY og Pier Albert Kaspersma TF1PA.



Kristján Benediktsson TF3KB NRAU/IARU tengiliður ÍRA flutti skýrslu um alþjóðamálin. Ljósmynd: TF3GZ.



Sæmundur E.
Þorsteinsson TF3UA
ritstjóri CQ TF,
flutti skýrslu ritnefndar.



Anna Henriksdóttir TF3VB
flutti upplýsingar af
vettvangi SYLRA
(Scandinavian YL Radio
Amateurs).

1.2 STJÓRNARFUNDIR.

Stjórn ÍRA hélt alls sex formlega fundi á starfsárinu 2025/26, auk stjórnarskiptafundar. Fyrsti fundur (fundur 1/2025) var haldinn 27. febrúar og síðasti fundurinn (fundur 6/2025-26) var haldinn 22. janúar 2026. Fundir voru haldnir í félagsaðstöðunni í Skeljanesi nema fjarfundir sem haldnir voru yfir netið. Auk formlegra stjórnarfunda sem eru taldir upp í meðfylgjandi töflu, voru haldnir óformlegir fundir stjórnarmanna sín á milli og/eða með embættismönnum, eftir þörfum.

Í samræmi við ákvæði í 9. gr. félagslaga¹ voru samþykktar fundargerðir stjórnar hengdar upp á tilkynningatöflu í félagsaðstöðu og birtar í CQ TF, auk þess að vera til birtingar á heimasíðu ÍRA (opnunarsíðu neðst til hægri). Ennfremur eru fundargerðir stjórnarfunda 2025/26 birtar í Viðauka-A með skýrslu þessari.

Eftir aðalfund er ársskýrsla aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu félagsins.

Yfirlit yfir fundi stjórnar ÍRA á starfsárinu 2025/26.

STJÓRNARFUNDUR	DAGSETNING	FUNDARSTAÐUR
Stjórnarskiptafundur	27. febrúar	Fjarfundur yfir netið
Fundur 1/2025	27. febrúar	Fjarfundur yfir netið
Fundur 2/2025	10. apríl	Fjarfundur yfir netið
Fundur 3/2025	17. júlí	Haldinn í Skeljanesi
Fundur 4/2025	23. október	Haldinn í Skeljanesi
Fundur 5/2025	27. nóvember	Haldinn í Skeljanesi
Fundur 6/2026	22. janúar	Haldinn í Skeljanesi



Frá stjórnarfund nr. 4/2025 sem haldinn var í Skeljanesi 23. október 2025. Frá vinstri: Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður, Jónas Bjarnason TF3JB formaður, Heimir Konráðsson TF1EIN varamaður, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Njáll H. Hilmarsson TF3NH meðstjórnandi, Georg Kulp TF3GZ ritari og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varamaður. Ljósmynd: Jón Svavarsson, TF3JON.

¹ 9. grein laga (hluti greinarinnar sem m.a. varðar fundargerðir): „Ritari sér til þess að bréfleg erindi fái afgreiðslu, sinnir fundargerðum og heldur gögnum til haga. Skrifri aðrir í nafni félagsins er þeim skylt að láta ritara í té eintak. Ritari sér til þess að afrit af fundargerðum og erindum sem varða marga liggi jafnóðum fyrir í félagsaðstöðu“.

1.2.1 ORÐSENDINGAR FORMANNS TIL STJÓRNAR.

Á starfsárinu 2025/26 var haldið áfram þeirri nýbreytni sem hófst á starfsárinu 2020/21; að formaður sendi orðsendingar til stjórnarmanna í tölvupósti um það sem efst var á baugi í félaginu – eftir því sem málefni og aðstæður gerðu kröfur um. Upphaflegt markmið var að halda stjórn upplýstri vegna Covid-19 þegar stjórnarmenn áttu þess ekki kost að hittast í félagsaðstöðunni á opnunarkvöldum eins og var fyrir faraldurinn.

Þetta fyrirkomulag hefur líkað mjög vel og hafa orðsendingarnar reynst vera farvegur fyrir aukið og virkt samráð innan stjórnar. Þær eru einnig prentaðar út og afhentar í möppu með fundargögnum á stjórnarfundum. Formið er ein A4 blaðsíða í hvert skipti. Á starfsárinu 2025/26; 16. febrúar 2025 til 14. febrúar 2026 voru sendar alls 209 orðsendingar af þessu tagi til stjórnarmanna ÍRA, samanber yfirlit í meðfylgjandi töflu.

Orðsendingar formanns til stjórnarmanna ÍRA á milli stjórnarfunda á tímabilinu 16.2.2025-14.2.2026.

MÁN. / ÁR	FJÖLDI	DAGSETNING ORÐSENDINGA
Febrúar 2025	6	16., 19., 21., 23., 24. og 28 febrúar.
Mars 2025	13	2., 4., 5., 9., 14., 16., 17., 20., 22., 23., 26., 29. og 31. mars
Apríl 2025	14	3., 4., 7., 11., 13., 17., 19., 20., 21., 22., 23., 25., 27. og 29 apríl.
Mái 2025	13	2., 4., 5., 8., 10., 11., 12., 15., 16., 20., 22., 24. og 26 maí.
Júní 2025	17	1., 2., 4., 5., 8., 9., 12., 13., 14., 16., 17., 20., 23., 25., 27., 28. og 29. júní
Júlí 2025	16	3., 4., 6., 7., 13., 14., 19., 23., 24., 25., 26., 27., 28., 29., 30. og 31. júlí.
Ágúst 2025	32	1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 12., 13., 15., 16., 19., 22., 23., 24., 25., 26., 27., 29. og 20. ágúst.
Sept. 2025	15	1., 2., 4., 19., 20., 21., 22., 23., 24., 25., 26., 27., 28., 29. og 30. september.
Október 2025	22	1., 2., 3., 4., 6., 8., 10., 11., 12., 16., 19., 20., 21., 22., 24., 26., 27., 28., 29., 30., 30. og 31. október.
Nóv. 2025	19	1., 2., 3., 4., 7., 9., 13., 14., 15., 16., 18., 20., 21., 23., 25., 26., 27., 28. og 29. nóvember.
Des. 2025	17	1., 2., 5., 7., 9., 12., 14., 15., 16., 17., 18., 20., 21., 24., 27., 29. og 31. desember.
Janúar 2026	14	2., 3., 8., 9., 12., 14., 18., 20., 23., 24., 25., 26., 27. og 30. janúar.
Febrúar 2026	10	1., 2., 4., 6., 8., 9., 10., 11., 12. og 14. febrúar.

Líkt og sjá má í töflunni að ofan er mismunandi eftir mánuðum hversu margar orðsendingar eru sendar til stjórnarmanna, enda mestmegnis háð virkni og starfsemi í félaginu.

Það hefur komið fyrir að jafnvel hafi verið sendar tvær orðsendingar sama mánaðardag (en er þó frekar sjaldan). Það hefur verið gert hafi eitthvað sérstakt gerst eftir útsendingu fyrri orðsendingar.

Hér til hliðar má sjá sýnishorn af „einnar“ blaðsíðu orðsendingu formanns til stjórnar sem send var til stjórnarmanna í tölvupósti miðviku-daginn 4. febrúar 2026.

Íslenskir radióamatörar
Orðsending til stjórnarmanna 2025/26

Orðsending nr. 189

Miðvikudag 4. febrúar 2026

1. SÉRHEIMILD Á 160 METRUM FYRIR 2026 ER KOMIN.

Sérheimild til G-leyfishafa vegna þátttöku í tilgreindum alþjóðlegum keppnum í tóbúvöðum 1850-1900 kHz á almanaksárinu 2026, bærst frá Fjarskiptastofu í gær (þriðjudag). Áfar ásnúningalegt er að stefnumen felið á vöðvið fjögurra keppna, þ.e. *Steve Perry Topband Challenge* keppninnar í mars, júní, október og desember. Keppninnar eru því alls 14 talsins 2026.

Fjarskiptastofu

Samkvæmt reglugerð er almennum úthlutun í tóbúvöðum á 160 metra bandi tvískipt, annarsvegar frá 1810-1850 kHz samkvæmt forgangsflokki 1 (afheimild G-leyfishafa er allt að 1kW og N-leyfishafa allt að 100W og hinsvegar, frá 1900-2000 kHz samkvæmt forgangsflokki 2 (afheimild G-leyfishafa og N-leyfishafa er allt að 10W).

Heimildin til G-leyfishafa til notkunar tóbúvöðum 1850-2000 kHz [í tilgreindum alþjóðlegum keppnum] er því utan reglugerðar og skoðast sem tímabundin sérheimild. Ástæða er sú, að Vakrið siglinga hefur forgang til notkunar tóbúvöðum á þessu tóbúvöð og þess vegna þurfa G-leyfishafar að sækja sérstaklega um heimild til Fjarskiptastofu hverja sinni – en í bók er jafnframt að sækja um heimild fyrir allar tilgreindu keppninnar á 160 metrum á almanaksárinu 2026 og þarf þá bara enn tölvupóst.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður í gær (þriðjudag). Sérstakar þakkar til Fjarskiptastofu fyrir vinsamlega afgreiðslu.

2. ÁRSREIKNINGUR FÉLAGSJÓÐS 2025.

Góð sending bærst frá Jóni Björnssyni, TF3PW gjaldkeri félagsins í morgun (miðvikudag), sem var afst af pósti gjaldkera til skoðunarmanna reikninga félagsjós þar sem fylgdi uppættar ársreiðningar félagsjós 2025 ásamt fylgigögnum. Sérstakar þakkar til Jóna Björnssonar, TF3PW gjaldkera fyrir vandad verk og fyrir að vera tímalega á ferðinni með þessu góga.

3. FUNDARBOÐ AÐALFUNDAR 2026.

Í samræmi við skvæði 17. gr. laga félagsins, var fundarboði aðalfundur 2026 dregið á eftirfarandi hátt:

(1) Setti til alla félagsmenn í tölvupósti 25. janúar. (2) Birt í töl. CO TF 2026 sem kom til raflent á heimasíðu ÍRA og FB síðum sama dag. (3) Gerð var sérstök innsetning með fundarboðinu á heimasíðu og FB síðu, einnig sama dag. (4) Í framhaldi var minnt á fundinu með innsetningu á heimasíðu og FB síðu 1. febrúar. (5) Loks er fyrirbyggð, að minna á aðalfundinn á heimasíðu og FB síðu þann 9. febrúar.

Þau fundarboð sem ekki reyndist unnt að koma til skila í tölvupósti til félagsmanna þann 25. janúar voru pósthógað mánudag 26. janúar. Þau voru alls 17 talsins. Í morgun (miðvikudag) þegar QSL stjórn ÍRA fór í pósthótið voru tvö þeirra endursend. Samkvæmt því bendir allt til að 15 hafi komist til skila, samanber meðfylgjandi ljósmynd.

4. TF5B- QSO Í JANÚAR 2026.

Brynjólfur Jónsson, TF5B hafði alls 1.720 sambönd í janúar 2026. Fjöldi DXCC eininga varð alls 80 og þar af 66 staðfestir. Góður árangur hjá Billa. Nýsýnd er af gleslegri fjarskipta- aðstöðu hans á Akureyri.

73 de TF3JB.

1.3 EMBÆTTISMENN.

Trúnaðarmenn félagsins á starfsárinu 2025/26 voru 25 talsins og sinntu alls 49 embættum. Þar af voru 7 kjörnir á aðalfundi 2025. Af þeim voru 5 kjörnir í stjórn, þ.e. formaður (TF3JB), tveir varamenn til eins árs (TF1EIN og TF3UA), tveir aðalmenn til tveggja ára; gjaldkeri (TF3PW) og varaformaður (TF1AM). Hins vegar sátu TF3GZ (ritari) og TF3NH (meðstjórnandi) sitt síðara ár af tveimur. Á aðalfundi voru enn fremur kosnir 2 skoðunarmenn reikninga (TF3HK og TF3Y) og 1 til vara (TF3VS), allir til eins árs.

Stjórn ÍRA framlengdi skipan félagsmanna í skilgreindum embættum á starfsárinu á fyrsta fundi stjórnar 2025. Ástæða var fyrirhuguð endurskoðun embættismannakerfis félagsins, samanber neðangreindar skýringar (í sögulegu samhengi).

Tillaga um framlengingu embætta var fyrst samþykkt á 4. stjórnarfundum starfsársins 2020/21 8. september 2020 samkvæmt eftirfarandi bókun: „*Stjórn hefur hug á að boða alla embættismenn ÍRA til viðtals og fara yfir starfið. Stjórn hefur til skoðunar, að eiga árlega fund með þessum aðilum sem vinna dýrmæt störf fyrir félagið. Möguleg útfærsla er að viðtöl fari fram t.d. á 2-3 laugardögum. Formanni er falin nánari útfærsla*“.

Hugmynd að verkefninu hafði verið kynnt á 3. stjórnarfundum 2 mánuðum fyrr (18.7.2020). Á þessum tíma óraði engan fyrir hve kórana faraldurinn átti eftir að verða langvinnur. Að því kom þess vegna, að samþykkja frestun verkefnisins vegna faraldursins. Það var gert á stjórnarfundum 5/2021; 24.11.2020.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar starfsárið 2021/22 (25.3.2021) var samþykkt að á meðan endurskoðun embættismannakerfis félagsins standi yfir, muni skipan embættismanna (frá fyrra tímabili) gilda. Vegna faraldursins reyndist hins vegar ekki unnt að hefja endurskoðunina og var því litið til starfsársins, 2022/23 með framkvæmd. Á 2. fundi nýrrar stjórnar 2022/23 var óbreytt skipan embættismanna framlengd þann 19. maí [2022] enda Covid-19 faraldurinn genginn yfir.

Til upprifjunar, komu eftirfarandi atriði fram í upphaflegu minnisblaði formanns til stjórnar, sem lagt var fram á stjórnarfundum 4/2020; þann 8. september sem eru enn í fullu gildi:

Mismunandi er hve lengi embættismenn sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið í tilteknum embættum eða nefndum, enda áhugi og tími aflögu til að sinna félagsmálum mismunandi eftir aðstæðum hvers og eins. Undirritaður er þeirrar skoðunar, að mikilvægt sé að hafa festu í störfum félagsins og hrófla ekki við embættisskipan ef félagsmaður er ánægður í embætti og stjórn félagsins álitur að störf hans í nafni félagsins séu vel úr hendi leyst.

Á hinn bóginn finnst mér hafa ríkt ákveðið sambandsleysi í samskiptum okkar við embættismenn félagsins sem þarf að lagfæra. Í því sambandi verður mér hugsað til fyrsta fundar sem nokkru sinni hafði verið haldinn með stjórn ÍRA og prófnafnd, sem við höldum 18. ágúst 2009. Sá fundur var afar vel heppnaður.

Sú reynsla sem þá fékkst, hefur smám saman mótast í huga mér í þá veru, að taka upp þessa aðferð hvað varðar önnur embætti félagsins. Ég er sannfærður um, að það geti orðið félaginu til framdráttar. Leyfi mér því að leggja fram eftirtaldir tillögur til stjórnar félagsins í dag:

- Stefnt er að endurskoðun á embættismannakerfi félagsins og gera breytingar, reynist þess þörf.
- Með það að markmiði, mun stjórn m.a. eiga fundi á tímabilinu með sérhverjum embættismanna um hans/hennar verksvið.
- Á meðan endurskoðun stendur yfir, mun skipan embættismanna (frá fyrra tímabili) gilda áfram, uns niðurstaða liggur fyrir.

Til skýringar: Í 9. gr. laga er ákvæði um að skiptingu stjórnar og setningu aðstoðarmanna skuli vera lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum og PFS. Fyrra ákvæði greinarinnar hefur verið uppfyllt. Hér er aðeins átt við skipan aðstoðarmanna.

Af ýmsum ástæðum tókst ekki að hrinda hrinda endurskoðun embættismannakerfisins í framkvæmd á starfsárinu 2025/26. Upp komu m.a. efasemdir um að rétta aðferðin væri að

kalla embættismenn persónulega til fundar í félagsaðstöðunni; e.t.v. mundi nægja að senda tölvupóst. Engu að síður var útfærsla þessara mikilvægu starfa rædd innan og utan stjórnarfundar.

Menn voru t.d. sammála um, að samin verði erindisbréf þar sem fram kemur til hvers er ætlast af viðkomandi embættismanni. Hér er átt við texta sem ekki má þó vera lengri en svo að hann rúmist u.þ.b. á hálfri A4 blaðsíðu eða að $\frac{3}{4}$ hluta blaðsíðu hið mesta. Á fyrsta stjórnarfundum 2025/26 sem haldinn var 27. febrúar 2025 voru sitjandi embættismenn því endurskipaðir uns tekst að koma endurskoðun í framkvæmd.

Um skipan embættismanna.

Formaður, TF3JB vísaði framlagðra gagna á fyrri fundum stjórnarinnar um uppfærslu embættismannakerfis félagsins, sem í raun hafi verið á dagskrá þegar Covid-19 faraldurinn setti strik í reikninginn – og kynnti það stuttlega fyrir nýjum stjórnarmönnum.

Verkefnið lýtur m.a. að því að koma á reglulegum fundum með embættismömmum og fulltrúa/fulltrúum stjórnar (1-2 fundum á ári), að útbúa erindisbréf (ca. $\frac{1}{2}$ bls.). Hugmynd er, að varaformaður takist á hendur umsjón með verkefninu og í framhaldi verði útbúið frumvarp til breytinga á lögum félagsins til samþykktar á aðalfundi 2024.

Undir dagskrárliðnum kom m.a. fram, að varaformaður, TF1AM hafði rætt við formann og í framhaldi verið í sambandi við þá TF3EK (umsjónarmann TF útileikanna) og TF8KY (umsjónarmann Páskaleika og VHF/UHF leika. Hann hafði m.a. kynnt fyrir þeim hugmyndir sínar að breyta nöfum og dagsetningum fjarskiptaviðburðanna, þ.e. í vor-, sumar- og haustleika flytja viðburðina af páskahelginni og verslunarmannahelginni. Ennfremur hafði hann sent þeim uppkast að uppfærslu á reglum og m.a. hugmynd þess efnis að setja inn efnislínu á opnunarsíðu heimasíðu félagsins með upplýsingum um dagsetningar og með tilvísan á reglur.

Tillaga um endurskipan embættismenn var samþykkt sem og vinna að vinna að uppfærslu embættismannakerfisins á starfsárinu. Ennfremur tóku menn vel í hugmyndir varaformanns og hugmyndir hans um uppfærslu fjarskiptaviðburða félagsins sem hann mun ræða nánar í samvinnu við umsjónarmenn.

Það er mikilvægt fyrir félagið og viðkomandi félagsmann að ljóst hvers sé ætlast til af honum eða henni. Hér kemur m.a. til sá þáttur þegar verkefni skarast og „sammengi“ verkefna falla innan tveggja (eða fleiri) embætta. Það er því mikilvægt að semja erindisbréf í samráði við embættismenn og aðlaga að stefnu stjórnar, eftir umsögn þeirra.

Stjórnarmenn eru einhuga um, að mikilvægt sé að hafa samband við hvern og einn þeirra félagsmann sem tekið hafa að sér embætti, ekki bara einu sinni heldur með eðlilegu millibili. Rætt hefur verið um, að sett verði í lög félagsins að varaformaður annist samskipti við embættismenn og eru stjórnarmenn sammála um það.

Í lögum ÍRA (19. gr.) er tiltekið, hvaða mál skuli tekin fyrir á aðalfundi. Í 6. undirlið segir: „Aðrir embættismenn gefa skýrslu um starfsemi sinna embætta“.

Árum saman hafa hins vegar – nánast verið teljandi á fingrum annarrar handar – þeir embættismenn, sem hafa kvatt sér hljóðs á aðalfundi og flutt fregnir af sérsviðum sínum á starfsárinu.

*Kristján Benediktsson TF3KB NRAU/IARU
tengiliður ÍRA flytur skýrslu á aðalfundi 2024.
Kristján er einn af þeim embættismönnum
félagsins sem ætíð gefa greinargóða skýrslu á
aðalfundum. Ljósmynd: TF3JON.*



Verði framangreind breyting gerð á lögunum má hugsa sér, að varaformaður gæti aðstoðað embættismenn við skýrslugerð til undirbúnings fyrir flutning á aðalfundi. Loks má spinna hugmyndina áfram á þann veg, að skýrslur embættismanna verði í framtíðinni hluti af skýrslu félagsins fyrir hvert starfsár.

Markmiðið með embættiskerfi ÍRA er að dreifa verkefnum til að sérhæfðir félagar geti annast daglega útfærslu/afgreiðslu tilgreindra mála/erinda og geti m.a. verið stjórn til ráðgjafar við ákvarðanatöku. Við endurskoðun, er sjálfsagt að líta til fyrirkomulags hjá systurfélögum ÍRA í nágrannalöndum.

Markmiðið hlýtur ávallt að vera að efla starfsemi félagsins samhliða því að auka vegsemd og virðingu með faglegri aðkomu sem byggir á hefðum áhugamálsins.

1.3.1 Embætti með stoð í lögum.

Embætti í félaginu sem eiga sér stoð í lögum með tilheyrandi ákvæðum, varða sérstaklega stjórn (9. grein) og skoðunarmenn (20. grein).

Önnur embætti með tilheyrandi sérákvæðum eru alls fimm: Prófnefnd, EMC nefnd, QSL stjóri, ritstjóri CQ TF og vefstjóri. Hér fyrir neðan er tilvísan í viðkomandi lagagreinar og á næstu síðu er heildarlisti yfir embættismenn ÍRA starfsárið 2025/26.

- **Prófnefnd.** Nefndin er skipuð 5 mönnum. Sérákvæði er um leyfisbréf og útskiptingu, sbr. 24. gr.² Líkt og fram kemur í greininni velur nefndin sér sjálf formann.
- **EMC nefnd.** Nefndin er skipuð 3 mönnum. Sérákvæði er um útskiptingu, sbr. 25. gr.³ Líkt og fram kemur í greininni velur nefndin sér sjálf formann.
- **QSL stjóri.** Sérákvæði er um fjármál, sbr. 26. gr.⁴
- **Ritstjóri CQ TF.** Sérákvæði er um umsjón með söfnum blaðanna, sbr. 27. gr.⁵
- **Vefstjóri.** Sérákvæði er um uppfærslur vefsins, sbr. 28. gr.

² 24. grein. Hlutverk prófnefndar félagsins: (1) Halda próf sem ÍRA er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, G-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

³ 25. grein. Hlutverk EMC-nefndar félagsins (*e. Electro Magnetic Compatibility*): (1) Vera félagsmönnum til aðstoðar um EMC málefni, þ.á.m. truflanir. (2) Fjalla um EMC mál fyrir hönd félagsins sem geta komið frá Póst- og fjarskiptastofnun, IARU eða öðrum. (3) Starfa með stjórnvöldum að úrlausn EMC mála sem tengjast radióamatörum, óski þau slíks samstarfs. (4) Stuðla að fræðslu félagsmanna um EMC. Í EMC nefnd sitja þrír menn skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

⁴ 26. grein. Reka skal QSL þjónustu fyrir félagsmenn. QSL stjóri er skipaður af stjórn og fer með fjármál þjónustunnar. Reksturinn skal kostaður af hóflegu gjaldi á útsend kort.

⁵ 27. grein. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum, en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

EMBÆTTISMENN ÍRA 2025/26; MYNDIR Í STAFRÓFSRÖÐ EFTIR KALLMERKJUM.



Ari Þórólfur, TF1A



Andrés, TF1AM



Heimir, TF1EIN



Elín, TF2EQ



Vilhjálmur Þór, TF3DX



Einar, TF3EK



Gísli Gissur, TF3G



Guðmundur, TF3GS



Georg, TF3GZ



Haukur, TF3HK



Kristinn, TF3KX



Jónas, TF3JB



Kristján, TF3KB



Mathías, TF3MH



Njáll Hilmar, TF3NH



Jón, TF3PW



Benedikt, TF3T



Sveinn Goði, TF3ID



Sæmundur, TF3UA



Vilhjálmur, TF3VS



Sigurður, TF3WS



Ólfr Styr, TF3WZ



Yngvi, TF3Y



Brynjólfur, TF3B



Hrafnkell, TF3KY



Árni Freyr, TF3RN



Hrafnkell, TF3HR

Hrafnkell Eiríksson, TF3HR var kjörinn til setu í Prófnafnd ÍRA á stjórnarfund nr. 6, 2025/26 22. janúar 2026. Frá sama tíma hætti Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX í nefndinni.

Stjórn og embættismenn ÍRA starfsárið 2025/26.

EMBÆTTI	NAFN	KALLMERKI	LEYFISBRÉF
Kjörnir á aðalfundi			
Formaður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Varaformaður	Andrés Þórarinnsson	TF1AM	88
Ritari	Georg Kulp	TF3GZ	301
Gjaldkeri	Jón Björnsson	TF3PW	451
Meðstjórnandi	Njáll H. Hilmarsson	TF3NH	425
Varamaður	Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	90
Varamaður	Heimir Konráðsson	TF1EIN	177
Skoðunarmaður reikninga	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
Skoðunarmaður reikninga	Haukur Konráðsson	TF3HK	215
Skoðunarmaður reikninga, til vara	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	235
Skipaðir af stjórn			
Prófnefnd, formaður	Kristinn Andersen	TF3KX	91
- prófnefnd, ritari	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	235
- prófnefnd	Vilhjálmur Þór Kjartansson	TF3DX	44
- prófnefnd	Einar Kjartansson	TF3EK	308
- prófnefnd	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
EMC nefnd, formaður	Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	90
- EMC nefnd	Gísli Gissur Ófeigsson	TF3G	105
- EMC nefnd	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
Ritstjóri CQ TF og formaður ritnefndar	Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	90
- ritnefnd	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
- ritnefnd	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson	TF3VS	235
Umsjónarmaður endurvarpa	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	251
- umsjónarmaður endurvarpa	Sigurður Harðarson	TF3WS	218
- umsjónarmaður endurvarpa	Ari Þórólfur Jóhannesson	TF1A	174
Vefstjóri	Ölvir Styrr Sveinsson	TF3WZ	438
- aðstoðarvefstjóri	Jón Björnsson	TF3PW	451
Ungmennafulltrúi	Elín Sigurðardóttir	TF2EQ	434
YOTA verkefnisstjóri	Elín Sigurðardóttir	TF2EQ	434
- YOTA aðstoðarverkefnisstjóri	Árni Freyr Rúnarsson	TF8RN	447
Stöðvarstjóri félagsstöðvar	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
- stöðvarnefnd, formaður	Georg Kulp	TF3GZ	301
- stöðvarnefnd	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
- stöðvarnefnd	Benedikt Sveinsson	TF3T	200
Umsjónarmaður námskeiða	Jón Björnsson	TF3PW	451
- aðstoðarumsjónarmaður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
VHF stjóri	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	251
Viðurkenningastjóri	Óskipað embætti 2025/26		
QSL stjóri TF ÍRA QSL Bureau	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Umsjónarmaður félagsaðstöðu	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Húsnefnd, formaður	Andrés Þórarinnsson	TF1AM	88
- húsnefnd	Njáll H. Hilmarsson	TF3NH	425
- húsnefnd	Heimir Konráðsson	TF1EIN	177
- húsnefnd	Sveinn Goði Sveinsson	TF3ID	446
Páskaleikar ÍRA, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
VHF leikar ÍRA, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
VF útleikar ÍRA, umsjónarmaður	Einar Kjartansson	TF3EK	308
Fjarskiptastofa (FST) tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Neyðarfjarfskipti, tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
IARU/NRAU tengiliður	Kristján Benediktsson	TF3KB	41

1.4 STARFSHÓPAR, NEFNDIR OG FUNDIR INNANLANDS.

Sérstakir starfshópar eða nefndir [innanlands] voru ekki starfandi eða skipaðar á starfsárinu 2025/26. Hins vegar voru verkefni á vegum félagsins til úrvinnslu hjá fastanefndum, einstökum embættismönnum og/eða einstökum félagsmönnum.

1.5 STARFSHÓPAR, NEFNDIR OG FUNDIR ERLENDIS.



Kristján Benediktsson, TF3KB NRAU/IARU tengiliður ÍRA var fulltrúi félagsins á hátíðarfund í tilefni 100 ára afmælis IARU, sem haldinn var í París 26. apríl.

Hann sat jafnframt hátíðarfund í tilefni 75 ára afmælis Svæðis-1

sem einnig var haldinn í París, 23.–24. apríl, en innifalinn var svokallaður „Interim“ fundur (sem haldinn er það ár sem ekki er haldin ráðstefna svæðisins).



Sérstakar þakkir til Kristjáns fyrir að takast þetta verkefni á hendur. Það er erfitt að hugsa sér hæfari félagsmann til að vera fulltrúi í okkar í þessum alþjóðlega hópi fulltrúa landsfélaga radióamatöra þar sem hann nýtur trausts og virðingar eftir áratugalangt starf á þessum vettvangi. Ferðin var að öllu leyti farin á kostnað Kristjáns sjálfs, án aðkomu félagssjóðs.

Fulltrúar í starfshópum og nefndum starfsárið 2025/26: Jónas Bjarnason, TF3JB formaður, Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformaður, Kristján Benediktsson, TF3KB NRAU/IARU tengiliður, Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi og Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.



Jónas, TF3JB.



Andrés, TF1AM.



Kristján, TF3KB.



Elín, TF2EQ.

1.5.1 Nordisk Radio Amatør Union (NRAU); TF1AM og TF3JB.

NRAU er sameiginlegur vettvangur landsfélaga radióamatöra á Norðurlöndunum. Aðildarfélög eru *Experimenterende Danske Radioamatører*, EDR (Danmörku), *Føroyskir Radioamatørar FRA* (Færeyjum), *Íslenskir radióamatørar ÍRA* (Íslandi), *Norsk Radio Relæ Lyga NRRL* (Noregi), *Suomen Radioamatööriliitto SRAL* (Finnlandi) og *Föreningen Sveriges Sändareamatörer*, SSA (Svíþjóð). Samtökin voru stofnuð árið 1935 af Norðurlandafélögunum fjórum, EDR, NRRL, SRAL og SSA. ÍRA og FRA gerðust aðilar síðar, þ.e. eftir að ÍRA var stofnað 1946 og FRA var stofnað 1965.



Í hugum margra radióamatöra er NRAU þekktast fyrir að halda Scandinavian Activity Contest (SAC) keppnirnar, en aðrar keppnir á vegum NRAU eru NRAU-Baltic keppnirnar og NRAU Activity keppnirnar (NAC) sem eru mánaðarlegar á 28, 50, 70, 144, 432 og 1296 MHz og á 2.3 GHz.

Á starfsárinu 2025/26 voru Jónas Bjarnason, TF3JB og Andrés Þórarinsson, TF1AM fulltrúar ÍRA í stjórn og varastjórn Nordisk Radio Amatør Union.⁶ Skipan formanns og varaformanns í þessi embætti hjá NRAU fylgist að við skipan stjórnar ÍRA hverju sinni.

Tveir formlegir fundir voru haldnir í stjórn NRAU á starfsárinu 2025/26. Báðir voru fjárfundir sem voru haldnir yfir netið.

⁶ Heiti NRAU á ensku: Nordic Radio Amateur Union.

1.5.2 IARU Svæði 1, fastanefnd um neyðarfjarskipti; TF3JB.

Á starfsárinu 2025/26 var Jónas Bjarnason, TF3JB fulltrúi ÍRA í fastanefnd IARU Svæðis 1 um neyðarfjarskipti. Fulltrúar 48 landsfélaga innan svæðis 1 eiga sæti í nefndinni. Nefndin heldur árlega formlegan fund í tengslum við Ham Radio sýninguna í Friedrichshafen í Þýskalandi.

TF3JB sat fundi í fastanefndinni í apríl, september, desember og janúar 2026. Fundirnir voru haldnir yfir netið og tók hver fundur rúmlega eina klukkustund. Fundirnir eru fróðlegir. Fulltrúar landsfélaganna flytja skýrslur um starfsemina, m.a. um fyrirkomulag og samvinnu radióamatöra þegar þörf er fyrir neyðarfjarskipti. Áframhaldandi þróun hefur m.a. verið í virkjun QO-100 / OSCAR 100 gervitunglsins í neyðarfjarskiptum, JS8 tegundar útgeislunar og Winlink/AX25. Einnig voru haldnar æfingar á CW og SSB á HF á árinu.

Neyðarfjarskiptastjóri IARU Svæðis, Greg Mossop, GØDUB fer fyrir fastanefndinni. Hlutverk neyðarfjarskiptastjóra er í meginatriðum skilgreint í sjö liðum:

1. Að halda saman og uppfæra upplýsingar um neyðarfjarskiptagetu aðildarfélaganna.
2. Að vinna sem miðstöð upplýsinga um neyðarfjarskiptagetu innan svæðisins gagnvart
3. alþjóðasamtökum og notendum (svo sem Rauða krossinum).
4. Að sinna/annast samvinnu við IARU Svæði 2 og 3 um málefni sem varða neyðarfjarskipti.
5. Að undirbúa og hafa á takteinum almennar leiðbeiningar um neyðarfjarskipti radióamatöra.
6. Að birta og dreifa upplýsingum um neyðaratburði þar sem radióamatörþjónustan hefur haft aðkomu.
7. Að standa fyrir fundum (þegar telst nauðsynlegt) til að ræða meginatriði og málefni sem varða neyðarfjarskipti radióamatöra.
8. Að standa fyrir æfingum til að kynna og efla alþjóðaneyðarfjarskipti, m.a. með því að tengja saman neyðarfjarskipti radióamatöra í mismunandi þjóðlöndum.

IARU Emergency Telecommunications Guide

1 September 2016



*IARU Emergency Telecommunications Guide
er meginrit fyrir landsfélög IARU Svæðis 1
um neyðarfjarskipti.*


*Ritið er alls 94 bls. að stærð
og er fáanlegt á ensku, spænsku,
portúgölsku og rúmensku. Slóð:*

https://www.iaru.org/wp-content/uploads/2020/01/emcommguide_1sept2016.pdf

1.5.3 NOTA, YOTA og fleira; TF2EQ.

Á starfsárinu 2025/26 tók Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA þátt í starfi nefnda/vinnuhópa ungmennastarfs hjá systurfélögum ÍRA á Norðurlöndunum (NOTA, Nordics On The Air) sem og í starfinu innan IARU Svæðis 1. Alls er 101 landsfélag radióamatöra í Svæði 1 þátttakandi í ungmennastarfinu.

Elín tók meðal annars þátt í fjarfundi vinnuhóps IARU Svæðis-1 yfir netið um ungmennamálefni, sunnudaginn 28. desember 2025. Mario Lerma Martínez, EA1JAY formaður vinnu-



hópsins stýrði fundi. Til umræðu voru m.a. YOTA keppnirnar á árinu 2026, umfjöllun um ungmennaviðburði 2026, kynning á nýjum varaformanni vinnuhópsins o.fl. YOTA verkefnið í IARU Svæði 1 gengst m.a. fyrir þremur alþjóðlegum keppnum á ári á HF og er markmiðið að stuðla að virkni ungra leyfishafa um allan heim. Allir leyfishafar eru velkomnir að taka þátt burtséð frá aldri. Þrír keppnis dagar eru á ári og er hver keppni 12 klst. Keppnin fer fram á tali og morsi á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum. Skilaboð: RS(T) + aldur leyfishafa. Vefslóð:

<https://yotacontest.mrasz.org/rules-2026/english>

1. hluti 2026, 15. mars kl. 10:00-21:59.
2. hluti 2026, 19. júlí kl. 10:00-21:59.
3. hluti 2026, 28. desember kl. 10:00-21:59.

Elín hefur virkjað TF3YOTA frá Skeljanesi árlega frá því YOTA verkefni IARU Svæðis 1 hófst í desember 2018, en desember er svokallaður „YOTA mánuður“ í ungmennastarfinu. Elín náði ekki að starfrækja kallmerkið TF3YOTA frá Skeljanesi í ár (2025) þar sem hún dvaldi erlendis við háskólanám. YOTA verkefnið *Youngsters On The Air* er sameiginlegt verkefni landsfélaga radióamatöra innan IARU.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ er ungmennafulltrúi ÍRA og YOTA verkefnisstjóri og Árni Freyr Rúnarsson, TF8RN aðstoðarverkefnisstjóri YOTA.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ og Árni Freyr Rúnarsson TF8RN í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

2. Félagsaðstaðan í Skeljanesi

FUNDARSALUR, FJARSKIPTAHERBERGI, LOFTNET OG UMHVERFI.

Í þessum kafla er farið yfir það helsta sem varðar félagsaðstöðuna í Skeljanesi, svo sem húsnæði og fjarskiptaaðstöðu, þ.m.t. loftnet. Umfjöllunin skiptist í framkvæmdir í fundarsal og í öðru húsnæði félagsins, yfirliti yfir vinnu sem innt var af hendi við búnað félagsstöðvarinnar TF3IRA, loftnet félagsins og til fegrunar umhverfis við húsið í Skeljanesi.

2.1.Framkvæmdir í húsnæði í Skejanesi. Áður höfðu eftir hæðirnar tvær verið teknar, til viðbótar við fundarsal og eldhús. Mikill munur er þegar dúkurinn hefur verið þrífinn og borið á hann sérstakt gólfbón og er hann nú eins og nýr.



TF3ID mundar vélakostinn.



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Georg Kulp TF3GZ.

Sama dag voru lagðar 18 gangstéttarhellur út frá innganginum í Skeljanes og er mikill munur nú þegar ganga má á blankskóm inn í félagsaðstöðuna, jafnvel í mikilli rigningartíð.

Georgs Kulp, TF3GZ og Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID sáu um gólfþrífinn með vélakosti og efnum sem Sveinn Goði lagði til verksins. Georg Kulp lagði síðan hellurnar sem fengust við




Mynd að ofan: Pallurinn á 2. hæð þegar komið er upp stigan.

Mynd til vinstri: Gangurinn inn að snyrtiaðstöðunni á 2. hæð. Gólfðukurinn eins og nýr eftir yfirferð TF3ID og TF3GZ.

afslætti hjá fyrirtækinu Bauhaus.

Þakkir góðar til þeirra félaga fyrir dýrmætt vinnuframlag sem skiptir máli fyrir félagsmenn og gesti sem heimsækja félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Myndir: TF3GZ.



Mynd tekin inn ganginn að fjarskiptaaðstöðu TF3IRA og QSL herbergi félagsins. Hvilikur munur, gólfdukurinn glansar og er eins og nýr.



Aðkoman að húsinu í Skeljanesi er nú allt önnur eftir að TF3GZ lagði niður 18 nýjar gangstéttarhellur svo ganga má þurrum fótum inn í húsið, meira að segja í mestu rigningartíð líkt og var þegar meðfylgjandi ljósmyndin var tekin.


2.2. Hreinsað í Skeljanesi.

Georg Kulp, TF3GZ gerði ferð í Skeljanes þann 22 júní með sláttuorf og sló blettinn fyrir framan húsið og gróðurinn áleiðis með löngu bárujárnsgirðingunni.

Glæsilega að verki staðið. Þakkir einnig til Georgs fyrir finar ljósmyndir.



Aðkoman að félagsaðstöðunni er nú bæði þrífaleg og snyrtileg.



Gras og njóli fyllti tvo plastpoka sem skilað var í Sorpu.



Miklu munaði einnig að slá gróðurinn næst löngu bárujárns-girðingunni.

2.2.1 Málað yfir krot á löngu bárujárnsgirðingunni í Skeljanesi. Um nokkurn tíma höfðu menn verið varir við að búið var að mála fleiri en eitt „listaverk“ á langa bárujárnsvegginn á lóðinni gegnt bílastæðunum við Skeljanes.

Rigningardagar hömluðu málningarvinnu utanhúss um tíma, en föstudaginn 4. júlí mættu menn í Skeljanes og var rennt yfir bárujárnsvegin með málningarkústi.

Aðkoman að húsinu er nú allt önnur, samanber meðfylgjandi ljósmyndir. Þakkir til Flügger sem útvegaði málningu við góðu verði. Þakkir einnig til fulltrúa annarra félagasamtaka sem deila með okkur húsnaði í Skeljanesi og mættu til að leggja hönd á plóg.



Langi bárujárnsveggurinn við Skeljanes fyrir breytingu.



Bárujárnsveggurinn langi eftir yfirmálun 4. júlí. Þar sem aðeins voru 4 lítrar af málningu til ráðstöfunar var ekki málning til að þekja ryðið sem farið er að koma neðarlega á bárujárnið næst sjónum. Það munar hins vegar öllu að krotið er horfið.

2.2.2 Llagfæringar í sal í Skeljanesi.

Mikið var um framkvæmdir í salnum í Skeljanesi sunnudaginn 3. ágúst. Byrjað var á að fjarlægja bókahillurnar sem voru í salnum (strax til hægri þegar gengið er í salinn).

Þær voru fluttar niður í gang, sbr. ljósmyndir. Þær bækur sem voru annars vegar í skáp-unum og tilheyrðu ÍRA (tímaritin) voru flutt inn í eldhús til bráðabirgða, en bækur ORG s.f., voru fluttar í hyllurnar niður í gang. Fullt samráð var haft við nýja eigendur ORG s.f.



Á neðri myndinni má sjá þegar búið var að flyta bókahillurnar.

Á myndinni má sjá að búið er að flytja tímaritamöppur ÍRA til geymslu til bráðabirgða inn í eldhús, en bækur ORG s.f. voru fluttar í sömu hillur sem voru settar niður í gang.

Við þessa breytingu fæst mun betra rými fyrir félagsmenn og gest sem hlýða á erindi sem flutt eru í salnum.

Jónas Bjarnason, TF3JB og Georg Kulp, TF3GZ unnu verkefnið.





Tvær bókahillurnar voru fluttar niður í gang og settar vinstra megin við þær tvær sem var voru fyrir.

2.2.3 Ljósaperur endurnýjaðar í sal.

Jónas Bjarnason, TF3JB og Georg Kulp, TF3GZ gerðu ferð í Skeljanes eftir vinnu 6. ágúst. Skipt var um og settar 18 nýjar ljósaperur í loft salarins. Í ljós kom, að það þarf að kaupa 14 perur til viðbótar ef ljúka á útskiptingu ónýtra ljósapera. Perurnar 18 voru keyptar í Rafvörumarkaðnum og kostuðu fengust með góðum staðgreiðsluafslætti.



TF3GZ í tröppu í salnum að skipta út ljósaperum.

Ferðin var jafnframt notuð til að flytja þriðja skápinn (sem er stærri en hinir tveir) niður í gang og var hann settur vinstra megin við hurðina inn til mótorhjólaklúbbsins Sniglana (þessi hurð er reyndar ekkert notuð).



2.2.4 Frekari vinna í fundarsal.

Jónas Bjarnason, TF3JB og Georg Kulp, TF3GZ renndu í Skeljanes að morgni 9. ágúst. Verkefnið var að fjarlægja hurðir af bókaskápunum tveimur sem sjást til hægri á myndinni (þ.e. við stóra fundarborðið).

Í annan stað voru bækurnar (sem eftir voru) fluttar í hilluskápana niðri á gangi. Síðan stendur til að flytja tímaritaöskjurnar í hilluskápana tvo. Þessi breyting mun bjóða upp á mun betra aðgengi en áður að þeim. Öskjurnar verða síðan endurmerktar, en miðað er við að allt að fimm árgangar séu til reiðu fyrir félagana hverju sinni, þ.e. 2021, 2022, 2023, 2024 og 2025.



Slakað á eftir bókaburð. "Bækur eru þungar!" eins og Georg sagði. Tímaritamöppur félagsins verða fljótlegar settar í tömu hillurnar.



Búið að raða upp bókunum snyrtilega á ganginum.

2.2.5 Tímaritamöppum komið fyrir í sal.

Laugardaginn 23. ágúst var tímaritamöppum félagsins komið fyrir á nýjum stað, nærri stóra fundarborðsins í salnum.



Tímaritamöppur félagsins komnar á sinn stað fyrir enda stóra fundarborðsins í salnum.

2.2.6 Lagað til í eldhúsi.

Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID og Jónas Bjarnason, TF3JB fylltu rúmlega 20 ruslapoka með drasli úr eldhúsinu 28. ágúst og voru þeir bornir niður í gang. Verkefninu var þó ekki lokið vegna þess að þegar þar var komið sögu, voru félagsmenn farnir að streyma í hús enda fimmtudagur og því kominn tími til að laga kaffi og bera fram vínarbrauð frá Björnsbakaríi og kex. Þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir góða aðstoð.



2.2.7 FRAMKVÆMDIR VIÐ LOFTNET TF3IRA


2.2.8 Viðgerð á stóra turninum.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW vann að viðgerð á stóra turninum sumarið 2025. sbr. texta og myndir frá Sigurði 5. júlí. Viðgerð lauk síðan endanlega 13. september þegar lokst tókst að útvega skotbómukrana til verksins. Þakkir góðar til Sigurðar fyrir að annast verkefnið. Ljósmyndir: TF3CW.

„Álið er farið að jagast í sundur...mikið atriði að mastrið sé algerlega skorðað...núna sveigist það í átt til Bessastaða og öfugt, ef áttin er gagnstæð...strekkjarnir halda svo mastrið " fram og aftur" en ekki til hliðana...vona að þetta skiljist...

Ég er búinn að liggja yfir myndunum og hægt er að gera aðra útfærslu ..hún er að setja vinklana á mastrið og síðan snitteinana, EN, nota álvinklana sem eru til staðar...það hefur sýnt sig að þeir hafa ekki gefið eftir heldur festingin við mastrið...sem sagt, sama útfærsla og ég lýsti áður, en nota vinklana.....smá þæling....en ég fer í FerroZink á morgun og athuga hvað þeir eiga að efni...læt þig fylgjast með..

Alvöru vinklar, 3 stk. sem festir verða á mastrið...það verður 14mm snittaður teinn sem fer í gegnum vinkilinn með róm. sitt hvort megin



við vinklana. Teinarnir festast síðan í ál-skúffurnar sem eru til staðar, með róm sín hvoru megin...þannig er mastrið læst fast..."



2.2.9 Viðgerð á minni turninum.

Ánægjulegur póstur barst frá Georg Magnússyni, TF2LL 27. nóvember:

Ég steingleymdi að segja frá, að ég gerði betrubót á stögunum á litla turninum fyrir einhverjum vikum, sbr. ljósmyndir.

Niðurstaðan var að rétta bogna strekkjarann og setja svo rör yfir sem ættu að halda utan um strekkjarana.

Þá tók ég eftir því að rótorkapallinn hefur losnað af listanum næst turninum. Kapal-spennurnar eru brotnar.

Ég skal hringja í nafna og athuga hvort hann hefur tíma til þess að setja nokkrar spennur á kapalinn.
73, Georg.



Þakki góðar til Georgs fyrir þessa afbragðsgóðu lausn. Nú eru báðir turnanir klárir til að standast veðrin í vetur, en Sigurður R. Jakobsson, TF3CW gekk endanlega frá síðustu festingunum á stóra turninn í september s.l. eins og fjallað hefur verið um á þessum vettvangi.

2.2.10 80/40 metra vírloftnet TF3IRA lagfært og sett upp á ný.

Georg Kulp, TF3GZ gerði góða ferð í Skeljanes sunnudaginn 21. desember þegar hann setti sambyggða 80/40 metra loftnet TF3IRA upp (eftir að það hafði legið niðri slitið um skeið). Félagsstöðin er nú aftur QRV á báðum þessum böndum. Reyndar hafði Hustler 6BTV stangarloftnetið verið tengt í millitíðinni, en það er sambyggt loftnet fyrir 10-80 m. böndin.

Til fróðleiks, var loftnetið sem um ræðir sett upp sumarið 2023 og keypt frá Hy End Company, vefslóð: [https://www.hyendcompany.nl/antenna/dualband/product/detail/148/HP Dualband 40 80 2000 Watt#prod](https://www.hyendcompany.nl/antenna/dualband/product/detail/148/HP%20Dualband%2040%2080%202000%20Watt#prod)

Um er að ræða 40 m. langan vír (sem virkar sem $\frac{1}{2} \lambda$ á hvoru bandi) og er hluti þess sem er fyrir 7 MHz útbúinn með svokallaðri „stub“ aðlögun (sem er 2,5 m. langur vír sem er látinn „lafa“) til að „resónera“ netið, samanber meðfylgjandi skýringarmynd. Á 80 m. virkar öll lengds




loftnetsins. Loftnetið er fest í minni turninn (með taliu) og hafði líklega slitnað einhvern tímann í haust [nokkru] áður en Georg Magnússon, TF2LL lagfærði stífurnar á turninum – en til þess tíma náði hann að sveiflast töluvert þegar vindasamt var í Skeljanesi. Ljósmyndir: TF3GZ.

Sérstakar þakkir til Georgs fyrir dýrmætt vinnuframlag.



Myndin er af spenninum fyrir 80/40 metra loftnetið í Skeljanesi. Mynd: TF3GZ. Ath. að myndin var tekin áður en húsið var málað 2024.



Standbylgjan var tekin á báðum böndum eftir að loftnetið var sett upp aftur. Til vinstri má sjá að standbylgjan mældist 1,15 á QRG 7,100 MHz og 2,1 á QRG 3,637 MHz.

Georg gekk frá kapalspennunum fyrir fæðilinuna að OptiBeam loftnetinu á minni turninum um leið þannig að allt er snyrtilegt á ný.



2.2.11 Stangarloftnet lagfært.

Georg Kulp, TF3GZ gerði góða ferð í Skeljanesi 25. janúar 2026 og rétti neðsta rörið á New-Tronics Hustler 6BTV stangarloftneti TF3IRA. Stög voru einnig endurnýjuð að hluta og lítur netið nú ótrúlega vel út eins og sjá má á meðfylgjandi myndum, fyrir og eftir viðgerð. Loftnetið vinnur á 80, 40, 30, 20, 15 og 10 m. og var upphaflega sett upp nýtt 24. ágúst 2023.

Georg sagði, að það sem hafi gefið sig hafi verið strekkjarinn á stögunum tveimur [sem voru bundin saman] – þ.e. stögin sem snúa ca. í norðaustur. Líklegast sé, að festingarnar hafi „víbrað“ og með tímanum hafi rærnar [á strekkjaranum] smám saman losnað, því töluverð titringur er á loftnetinu þegar eitthvað hreyfir vind. Stögin sem gáfu sig voru endurnýjuð að hluta og bundin beint án strekkjara.

Festing sem Georg Magnússon, TF2LL smíðaði árið 2019 reyndist í góðu lagi. Eins og Georg tók til orða eftir verkið: „Þetta ætti a.m.k. að duga fram á vorið...“. Þakkir góðar til Georgs fyrir dýrmæta aðstoð.

Á myndinni vinstra megin má sjá hve mikið loftnetið var komið í „beygju“. Á hægri myndinni er búið að lagfæra það að mestu leyti. Netið var stagað á tveimur hæðum. Ljósmyndir: TF3GZ.



Mynd úr fjarskiptaherbergi TF3IRA í félagsaðstöðunni í Skeljanesi í Reykjavík.

3. Fræðsludagskrá; erindi í Skeljanesi

FLUTNINGUR ERINDA

3.1 YFIRLIT

Fræðsludagskrá ÍRA starfsárið 2025/26 var tvískipt. Fyrri hluti⁷ var frá 8. febrúar til 22. maí og síðari hluti⁸ var frá 18. september til 11. desember. Í meðfylgjandi töflu er birt yfirlit (í tímaröð) yfir þau 14 erindi sem flutt voru innan starfsársins.

Yfirlit yfir erindi í boði á fræðsludagskrám ÍRA á starfsárinu 2025/26.

DAGSETN.	ERINDI	ERINDI OG FLYTJANDI
8. febrúar	3.1.1	TF3KB: Alþjóðastarf radióamatöra, m.a. IARU, NRAU og ITU.
20. febrúar	3.1.2	TF3KX: QRP afl, heimasíði og notkun QRP senda.
6. mars	3.1.3	TF3VS: Logger32 forritið; auknar vinsældir þess og nýjir möguleikar.
20. mars	3.1.4	TF3HRY: Loftnet og útgeislun á lægri böndum.
3. apríl	3.1.5	TF8KY og TF3EK: Radióleikar ÍRA 2025.
24. apríl	3.1.6	TF3T: EME (Earth-Moon-Earth) tilraunir á 50 MHz og ofar.
8. maí	3.1.7	TF3TNT: Frekari uppbygging og framtíðarsýn endurvarpamála.
15. maí	3.1.8	TF1OL: Með stöð og búnað umhverfis jörðina á 75 dögum.
22. maí	3.1.9	TF3Y: Fjarskipti fyrir tilstilli loftsteinaskúra.
18. september	3.1.10	TF1OL: Evrópuferð TF1OL og XYL sumarið 2025 með amatörradíó.
16. október	3.1.11	TF2AC: Þátttaka í starfi ÍRA sem nýliði, þ.m.t. í fjarskiptaleikum.
13. nóvember	3.1.12	TF3T: Keppnisstöðin TF3D á Stokkseyri, endurbætur og keppnir.
27. nóvember	3.1.13	TF2AC: Allt um DMR (Digital Mobile Radio).
11. desember	3.1.14	TF3TNT: Áframhaldandi uppbygging VHF kerfisins.



Kristján, TF3KB.



Kristinn, TF3KX.



Vilhjálmur, TF3VS.



Henry, TF3HRY.



Hrafnkell, TF8KY.



Einar, TF3EK.



Benedikt, TF3T.



Benedikt, TF3TNT.



Ólafur Örn, TF1OL.



Yngvi, TF3Y.



Jón Atli, TF2AC.

⁷ Fræðsludagskrá ÍRA febrúar-maí var kynnt jafn óðum á heimasíðu og FB síðum..

⁸ Fræðsludagskrá ÍRA september-desember var kynnt í 4. tbl. CQ TF 2025 sem kom út 19. október.

3.1.1 Erindi 8. febrúar; TF3KB. Alþjóðastarf radióamatöra, m.a. IARU, NRAU og ITU. Kristján Benediktsson, TF3KB mætti með erindi kvöldsins, um „Alþjóðastarf radióamatöra, m.a. IARU, NRAU og ITU“. Þetta var fyrsta erindið á nýrri vordagskrá ÍRA fyrir tímabilið febrúar-maí 2025.



Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður ÍRA kynnti fyrirlesara kvöldsins, Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: TF3GZ.


Kristján sagði í upphafi að ekki gerðu sér allir grein fyrir því hversu mikið árangur radióamatöra í tíðnimálum byggir á þeim grunngildum sem framsýnir forystumenn þeirra mótuðu í upphafi. Fram kom m.a. að tíðnisvið [til ráðstöfunar] er takmarkað og það eru margir um hituna. Skipulag amatörfélaganna og landssamtaka þeirra sem og mikil vinna í alþjóðaráðum, hefur skilað þeim árangri í gegnum áratugina þannig að síður hefur verið þrengt að radióamatörum, heldur hafa tíðniheimildir jafnvel rýmkast.



Kristján var með margar áhugaverðar glærur. Á myndinni fjallaði hann um ráðstefnu IARU Svæðis-1 sem haldin var í Serbíu 2023. Mynd: TF3VS.

Kristján sagði, að árangri hafi verið náð fyrir ötult starf innan alþjóðasamtaka radióamatörfélaga, IARU sem og í starfi landsfélaganna þar sem málin eru rædd vandlega, sameinast um tillögur og talað fyrir breytingum hjá fjarskiptayfirvöldum hvers lands, og þannig undirbúin frumvörp sem náðst hafa í gegn á alþjóðlegum tíðniákvörðunarráðstefnum ITU,

Áhugaverður árangur á tíðniákvörðunarráðstefnum ITU (WRC) dreginn saman og sýndur fyrir tímabilið 1979-2023. Ljósmynd: TF3GZ.



“World Radio Conferences, WRC“ sem eru skuldbindandi fyrir aðildarríkin (e. plenipotentiary).

Einungis fyrir faglegt og vandað undirbúningsstarf hafa fjarskiptayfirvöld samþykkt margar tillögur radióamatöra og fært inn í alþjóðareglugerðir. Hér á landi er það Fjarskiptastofa sem er stjórnvald fjarskipta og er tengiliður okkar við stofnunina formaður ÍRA, Jónas Bjarnason TF3JB, sem hefur unnið vel að þessum málum í mörg ár. Radióamatörar eiga IARU sem og landsfélögunum mikið að þakka. Gerður var góður rómur að erindi Kristjáns sem svaraði mörgum fyrirspurnum.

Sérstakar þakkir til Kristjáns Benediktssonar, TF3KB fyrir vel flutt erindi, fróðlegt og áhugavert. Þess má geta að erindið var tekið upp og verður til niðurbætur fljótlega. Sjá má glærur frá erindi Kristjáns á heimasíðu ÍRA: <https://www.ira.is/erindi-tf3kb-i-skeljanesi-6-februar-2025/>

Alls mættu 19 félagar þetta ágæta fimmtudagskvöld í stilltu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

3.1.2 Erindi 20. febrúar; TF3KX. QRP afl, heimasíði og notkun QRP senda.

Kristinn Andersen, TF3KX mætti með erindi kvöldsins: „QRP afl, heimasíði og notkun QRP senda“.



Andrés Þórarinnsson TF1AM kynnir fyrirlesara kvöldsins, Kristinn Andersen TF3KX. Ljósmynd: TF3GZ.

Fundurinn var afbragð. Fyrirlesari kvöldsins, Kristinn Andersen, TF3KX, fór á kostum og sagði vel frá QRP heiminum sem merkir að útsent afl er mest 5W og iðulega minna. Það er ótrúlegt hve langt má ná, en auðvitað byggist það á skilyrðum hverju sinni á því bandi sem unnið er á, og loftnetinu. Staðsetning skiptir máli.

Kristinn sýndi margar áhugaverðar glærur og kynnti m.a. sérstaka keppnisflokka sem eru í boði fyrir QRP afl í alþjóðlegum keppnum. Ljósmynd: TF1AM.





Fremsta röð: Jón Atli Magnússon TF2AC, Gunnar B. Guðlaugsson, TF5NN, Þorvaldur Bjarnason TF3TB og Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH. Næsta röð: Eido Kristinn Magnússon TF1EM, Bernhard M. Svavarsson TF3BS, Kristján Benediktsson TF3KB og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS. Næsta röð: Ágúst Sigurðsson TF3AU, Georg Kulp TF3GZ og Svein Goði Sveinsson TF3ID. Aðrir á mynd aftar: Sjá mynd neðar.



Ríkharður Þórsson TF8RIX, dr. Tim Koeth, KØETH, Michele Koeth, N2OAV, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Einar Sandoz TF3ES, Sveinbjörn Halldórsson gestur og Pier Albert Kaspersma TF1PA.

Það er samt ekki nauðsynlegt að vera á ferðinni, þá má einfaldlega vera heima í „sjaknum“ og skrúfa aflið niður. En óneitanlega er gaman að vera á ferðinni og þá gefst iðulega tækifæri á heppilegri staðsetningu sem tekur heimastöðinni fram á allan hátt, og þá sérstaklega niður við sjó. Kristinn sýndi QRP-tæki sem hann á og svaraði fjölmörgum fyrirspurnum úr sal. Á eftir erindinu komu áhugasamir fram og skoðuðu QRP tækin.

Erlendir gestir félagsins voru þau og dr. Tim Koeth, KØETH og XYL Michele, N2OAV sem búa í borginni Brandywine í Maryland [nærri Washington DC] í Bandaríkjunum og eru hér í norðurljósaferð. Þau eru gamalreindir radióamatörar og Tim sagðist t.d. hafa beðið Michele á morsi og hún svarað játandi, einnig á morsi. Sérstakar þakkir til Kristins Andersen, TF3KX fyrir vel flutt, fróðlegt og áhugavert erindi. Þess má geta að erindið var tekið upp og verður til niðurrhals fljótlega.

Alls mættu 31 félagi og 3 gestir þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

3.1.3 Erindi 6. mars; TF3VS. Logger32; auknar vinsældir og nýjir möguleikar.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS mætti með erindi kvöldsins sem fjallaði um „Logger32 dagbók arforritið; auknar vinsældir þess og nýja möguleika“. Þetta var þriðja erindið á nýrri vordagskrá ÍRA fyrir tímabilið febrúar-maí 2025.



Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður ÍRA kynnir ræðumann kvöldsins, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

Vilhjálmur kynnti fjarskiptaforritið „Logger32“ sem er mest notaða loggforrit í heimi, ef marka má Logbook of The World (LoTW) og ClubLog. Forritið er ekki stórt að umfangi, en er afar öflugt og hefur þróast stöðugt í fjölda ára. Logger32 er afar viðbragðsfljótt í notkun og er sett ofan á innbyggðan gagnagrunn. Einn kostur Logger32 er það getur tekið forrit frá öðrum og keyrt sem undirforrit og á þann hátt þegið og veitt upplýsingar í og úr loggbókinni. Það tengist þ annig auðveldlega öðrum samskiptaforritum t.d. fyrir FT8, RTTY og öllum öðrum slíkum.

Þá er það einstakt að Logger32 kostar ekkert, og er algjörlega frítt til radióamatöra. Þá er það ekki síður sérstakt að það er ekki einungis á ensku, heldur býðst það með ótal tungumálum og þar á meðal á íslensku, en Vilhjálmur hefur íslenskað það sem hægt er og farist það afar vel úr hendi.



Vilhjálmur hóf erindið stundvíslega kl 20:30 og var m.a. fjartengdur við eigin stöð (FlexRadio 6600) heima í Kópavogi.

Logger32 er með öflugt innbyggt kerfi sem heldur utan um viðurkenningar radióamatöra. Í annan stað, er innbyggð tenging yfir netið á þyrpingu (e. cluster) sem veitir upplýsingar um kallmerki sem eru virk í loftinu hverju sinni, á hvaða bandi sem er. Og ef það skyldi koma DXCC eining í loftið sem ekki er þegar skráð á viðkomandi bandi og mótun, þá sprettur það



Sérstakir erlendir gestir ÍRA þetta fimmtudagskvöld voru hjónin Karin Margot Garpestad LA8UW og Ole Garpestad LA2RR. Með þeim á mynd er Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmyndir: TF1AM.

upp, eiginlega með áskorun um að „grípa“ landið. Allt virkar þetta afar vel. Það var gerður góður rómur að erindi Vilhjálms og fyrirspurnir voru margar.

Erlendir gestir ÍRA þetta fimmtudagskvöld voru hjónin Ole Garpestad, LA2RR, fyrrv. varaforseti IARU, alheimssamtaka landsfélaga radióamatöra og eiginkona hans, Karin Margot Garpestad, LA8UW.

Sérstakar þakkir til Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS fyrir fróðlegt og áhugavert erindi. Þess má geta að erindið var tekið upp og má hlaða því niður á þessari vefslóð: <https://www.youtube.com/watch?v=Nyc-30JzGI8>

Þakkir til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM fyrir upptökuna og til Njáls H. Hilmarssonar, TF3NH fyrir að vista upptökuna á netinu.

Alls mættu 19 félagar og 3 gestir þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

3.1.4 Erindi 20. mars; TF3HRY. Loftnet og útgeislun á lægri böndum.


Henry Arnar Hálfðánarson, TF3HRY mætti með erindi kvöldsins sem fjallaði um „Loftnet og útgeislun á lægri böndum“.

Henry hóf erindið á því að útskýra umfjöllunarefnið, sem væru loftnet á lágum bylgjum sem væru neðri parturinn á HF niður í miðbylgjur, t.d. á 630 metra bandinu. Hann nefndi, að loftnetin sem slík væru yfirleitt skilgreind sem stutt loftnet og því værum við yfirleitt að tala um að vinna með stutt loftnet og skilgreining á þeim er að þau eru styttri en $1/8 \lambda$. Það væri því einkennandi að við værum að vinna með net sem ekki eru í „resonance“ öfugt við það sem almennt gerist og gengur á öðrum amatörböndum, þar sem margir notuðu t.d. kvartbylgju eða hálfbylgjuloftnet.




Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður ÍRA kynnrir ræðumann kvöldsins. Ljósmynd: TF3GZ.

Loftnetum sem þessum megi skipta í tvo flokka, loftnet sem eingöngu væru á færi opinberra aðila að reisa, eins og t.d. mastrið á Gufuskálum sem er 416 metrar á hæð og hinsvegar hinn hópurinn, radióamatörar, sem helst gætu leyst málið með því að reisa e.t.v. rafmagns- eða símastaura úti í garði h eima hjá sér eða í sumarbústað. Henry sagði að það væru loftnetin sem hann ætlaði að fjalla um.



Henry hóf erindið stundvíslega kl. 20:30.

Í framhaldi útskýrði hann vel útgeislun frá „stuttum loftnetum“ m.v. bylgjulengd, sem fyrst og fremst sendu út á jarðbylgju þótt enn fremur komi speglun um lengri vegalengdir [erlendis frá], þ.e. DX. Hann útskýrði jafnframt mikilvægi jarðleiðni, en í raun væru minnst tölur, þ.e. deyfing á útsendu merki þegar sent er frá loftneti sem er yfir söltum sjó.



Lengra komið inn í erindið og taflan þétt skrifuð.

Hann tók sem dæmi lóðrétt stangarloftnet (fætt á móti jörð). Það hefði mjög hátt sýndarviðnám í fæðingu vegna þess hve stutt það væri og rýmdarkennt ($Z = X_C$) og hegðaði sér í raun eins og þéttir. Gríðarlega sterkt rafsvið yrði í kringum loftnetið sem myndaði kúlu. Loftnet sem

Þetta þyrfti að hafa mjög gott jarðskaut til að vinna á móti töpum og fá fram sémilegan virkan. Henry sagði að í raun skipti þó öllu máli að koma lóðréttu leggnum sem lengst upp í loftið.

Henry kom í framhaldi inn á fjólmargar lausnir sem nýstast radióamatörum, en of langt mál er að rekja hér. Eindregið er mælt með að hlaða niður erindinu, sem er fróðlegt, skemmtilegt og afar nytsamlegt fyrir radióamatöra sem hafa áhuga á lægri tíðnisviðunum. Henry svaraði mörgum fyrirspurnum jafnt og þétt, en einnig í lok erindisins. Þess má geta, að umræður héldu áfram eftir það og þegar búið var að hella upp á nýtt kaffi, voru málin rædd áfram áfram fram að miðnætti.

Sérstakar þakkir til Henry Arnars Hálfðánarsonar, TF3HRY fyrir stórfróðlegt og áhugavert erindi. Þess má geta það var tekið upp og má hlaða því niður á hér (tvískipt): Fyrri hluti: <https://youtu.be/Hz-l RcQX1U>
Síðari hluti: <https://youtu.be/57aozPzi3Ac>



Mynd af hluta fundargesta í sal.



Spjallað um umræðuefni kvöldsins. Henry Arnar Hálfðánarson TF3HRY og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson.

Þakkir til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM fyrir upptökuna, til Njáls H. Hilmarssonar, TF3NH fyrir að vista upptökuna á netinu og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga kaffi og taka fram meðlæti.

Alls mættu 20 félagar (þar af 1 gestur) í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

3.1.5 Erindi 3. apríl; TF8KY og TF3EK. Radióleikar ÍRA 2025.

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY og Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmenn mættu í Skeljanes 3. apríl með erindið „Radióleikar ÍRA 2025; vorleikar, sumarleikar og haustleikar“.

Fjöldi sótti erindið sem fjallaði um radióleika ÍRA nú í ár, þ.e. vorleika, sumarleika og haustleika. Hrafnkell, TF8KY annast vorleikana og sumarleikana og gerir það nú í sjöunda sinn. Vorleikarnir verða fyrstu helgi í maí og sumarleikar fyrstu helgi í júlí.

Hann kynnti endurbætur í leikahugbúnaðinum sem hann hefur hannað og smíðað og þróað stöðugt, þar sem þátttakendur skrá sambönd sín. Allt hefur þetta tekist með ágætum. Augljóslega liggur mikil vinna í hugbúnaðarkerfinu. Nýjungar gera auðveldara að sjá hvað



Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður ÍRA kynnti ræðumenn kvöldsins, þá Einar Kjartansson TF3EK umsjónarmann haustleika ÍRA og Hrafnkel Sigurðsson TF8KY umsjónarmann vorleika og sumarleika ÍRA.

aðrir eru að gera og þannig gera auðveldara að láta vita af sér þannig að ekki þurfi að bíða eftir því að allir eru búnir að tala við alla á tilteknu bandi. Og það var fleira í þessum sama dúr, allt mjög vel gert. Gerður var góður rómur að þessu öllu og fyrirspurnir voru úr sal.



Úr sal. Hrafnkell Sigurðsson TF8KY fer yfir glærur.

Einar, TF3EK annast haustleikana og gerir það nú í tíunda sinn, vel gert. Hann fór yfir söguna og þær breytingar á reglum sem hafa verið gerðar, og einfalda allt. Á ágætri samantektartöflu sem hann sýndi, mátti sjá að þótt fjöldi þátttökustöðva hafi ekki aukist – þá hefur hefur fjöldi sambanda stóraukist sem er afleiðing af þægilegri reglum. Á eftir var gott spjall og það er greinilegur hugur í mönnum.



Úr sal. Einar Kjartansson TF3EK fer yfir glærur.

Sérstakar þakkir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY og Einars Kjartanssonar, TF3EK fyrir fróðlegt og áhugavert erindi. Þess má geta að erindið var tekið upp og má hlaða því niður á þessari vefslóð: <https://www.youtube.com/watch?v=2jo9-YUuAC8>

Ennfremur þakkir til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM fyrir upptökuna, Njáls H. Hilmarssonar, TF3NH fyrir að vista upptökuna á netinu, Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir kaffiveitingar sem og til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM og Georgs Kulp, TF3GZ fyrir ljósmyndir.

Sérstakur gestur félagsins var Ómar Magnússon TF3WZ sem búsettur er í Danmörku. Alls mættu 22 félagar og 1 gestur þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

3.1.6 Erindi 24. apríl; TF3T. EME tilraunir á 50 MHz og ofar í tíðnisviðinu.

Benedikt Sveinsson, TF3T mætti með erindi kvöldsins sem fjallaði um „EME (Earth-Moon-Earth) tilraunir á 50 MHz og ofar í tíðnisviðinu“. Þetta var sjötta erindið á vordagskrá ÍRA fyrir tímabilið febrúar-maí 2025.



Benedikt hóf erindið stundvíslega kl. 20:30.

Benedikt fjallaði um fjarskipti með hjálp endurvarps frá tunglinu svo og loftsteinajónun, og öðrum fyrirbrigðum ýmsum. Þessi hlið fjarskipta er auðvitað sérstök en krefst fyrst og fremst áhuga og elju. Stór loftnet og mikið sendiafl hjálpa en er ekki nauðsynlegt.

Úr fundarsal.
Fremst frá vinstri: Valdimar Óskar Jónasson TF1LT og Benedikt Sveinsson TF3T. Aftar: Hrafnkell Eiríksson TF3HR, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Garðar Valberg Sveinsson TF8YY. Aftar: Ríkharður Þórsson TF8RIX, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, gestur og Elín Sigurðardóttir TF2EQ. Aftast: Mathías Hagvaag TF3MA, Valtýr Einarsson TF3VG og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.



Be nedikt er fróður vel um þessi mál öll og sagði þægilega frá. Það hjálpaði að hann hefur reynt flest af þessu og hann og bróðir hans Guðmundur, TF3SG hafa smíðað allan búnað og sett upp stöð og fengið endurvarp af tunglinu, svo dæmi sé tekið.

Erindi Benedikts var vel tekið. Á eftir var fjöldi fyrirspurna, og rætt um kW magana fyrir 2 metra bandið sem Benedikt smíðaði fyrir nokkrum árum og svo var sest í leðursófasettið og spjalli haldið áfram. Þetta var vel lukkuð kvöldstund.

Sérstakar þakkir til Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir fróðlegt og áhugavert erindi.



Þess má geta að erindið var tekið upp, sjá vefslóðina: <https://youtu.be/5Gxb2pgtd9M> Alls mættu 21 félagi og 1 gestur þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

Benedikt kom með og sýndi heimasmiðaðan 1kW RF magnara fyrir EME fjarskipti í 144 MHz tíðnisviðinu. Frá vinstri: Hrafnkell Eiríksson TF3HR, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Benedikt Sveinsson og Valdimar Óskar Jónasson TF1LT

3.1.7 Erindi 8. maí; TF3TNT. Frekari uppbygging og framtíðarsýn endurvarpamála.


Benedikt Guðnason, TF3TNT mætti með erindi kvöldsins sem fjallaði um „Frekari uppbyggingu og framtíðarsýn endurvarpamála“. Þetta var sjöunda erindið á vordagskrá ÍRA 2025 og var mjög vel sótt.



Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður ÍRA kynnir fyrirlesara kvöldsins.

Erindið var nokkurskonar framhald á fyrra erindi Benedikts frá því í nóvember 2023 sem kallaðist „VHF/UHF endurvarpar; framtíðarsýn“. Þar lýsti hann sýn sinni á hvernig VHF endurvarpar radióamatöra gætu komið að betra gagni.

Fyrsti hluti þeirrar áætlunar hefur gengið eftir, þ.e. flutningur á endurvarpanum á Álftanesi á Mýrum upp á fjallið Strút í Borgarfirði. Benedikt sýndi okkur fjölda ljósmynda sem varpa skýru ljósi á þá erfiðleika sem fylgja því að vera með „fjallatoppafjarskiptastöðvar“ þar sem veður eru oft afleit og ísing á vetrum er afar mikið vandamál. Því getur Benedikt unnið að þessum



Benedikt TF3TNT sýnir útbreiðslu frá núverandi endurvarpakerfi á VHF.



Benedikt skýrði m.a. að þar sem veður eru oft afleit og ísing á vetrum er afar mikið vandamál.

endurvarpamálum radióamatöra að fyrirtæki hans er með viðhaldssamning við fjöldann allan af aðilum sem eiga og kosta „fjallatoppastöðvar“. Þetta var allt afar fróðlegt.

Sýn Benedikts er enn frekari tengingar milli endurvarpa radióamatöra þannig hægt sé að tala frá einum endurvarpa sem útvarpast út um annan. Þá þarf að geta þess að kostnað við viðhald og uppsetningu endurvarpanna hefur Benedikt tekið á sig. Gerður var góður rómur að erindi Benedikts. Á eftir var fjöldi fyrirspurna sem hann leysti vel úr. Þetta var vel lukkuð kvöldstund.

Sérstakar þakkir til Benedikts Guðnasonar, TF3TNT fyrir afbragðsgott og áhugavert erindi. Þess má geta að erindið var tekið upp og hér er vefslóð á það: <https://youtu.be/NA2RgazHvXc>

Erlendur gestur félagsins var Sergii Matlash, US5LB sem hefur verið búsettur hér á landi í nokkurn tíma. Alls mættu 31 félagi og 2 gestir þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

3.1.8 Erindi 15. maí; TF1OL. Með stöð og búnað umhverfis jörðina á 75 dögum.

Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL mætti með erindið „Með stöð og búnað umhverfis jörðina á 75 dögum“ í Skeljanes 15. maí. En Ólafur og XYL lögðu upp í ævintýraferðalag 15. janúar og komu aftur til landsins 1. apríl.



Ólafur byrjaði erindið stundvíslega kl. 20:30. Ljósmynd: TF3ES.

Þau hjón heimsóttu Singapore, Ástralíu (Sydney, Brisbane, Tasmania VK7/TF1OL, Melbourne VK3/TF1OL, Adelaide VK5/TF1OL og Perth VK6/TF1OL), Nýja Sjáland (ZL/TF1OL Auckland), Tahiti (FO/TF1OL), Hawaii (KH6/TF1OL) og Bandaríkin (W6/TF1OL). Ólafur var QRV á alls 12 stöðum frá 5 DXCC einingum og hafði nær 8 þúsund QSO um allan heim, þ.á.m. til Íslands. Hann fékk úthlutað sérstöku kallmerki, 9V1OL í Singapore en var QRV frá öðrum löndum sem „/TF1OL“. Flest sambönd voru höfð á FT4 og FT8 samskiptareglum undir MFSK mótun.

Ólafur sagði okkur ferðasöguna og sýndi mikið af skemmtilegum ljósmyndum frá þessu mikla ferðalagi. Hann hafði ennfreður til sýnis búnaðinn á staðnum sem hann notaði í ferðinni. Það var Icom IC-7300 100W HF sendi-/móttökustöð og JPC-7 ferðaloftnet fyrir 40, 20, 15, 10 og 6 metra, fyrir mest 100W. Netið má setja upp sem [styttn] dípól, „V loftnet“ eða stangarloftnet og JPC-12 ferðaloftnet (sjá myndir). Full stærð er 6,60 metrar samsett, en aðeins 35cm ósamsett og 1.8 kg. Allur búnaðurinn komst fyrir í bakpoka sem var nauðsynlegt (sjá mynd).



Óli sýnir mönnum JPC-12
(sem hann hafði einnig með sér, en er
einvörðungu stangarloftnet á 40, 20, 15,
10 og 6 metrum).
Takið eftir þrífætinum sem það stendur
á (og var keyptur sér).
Ljósmynd: TF3NH.

Mjög mismunandi var hvernig aðstæður voru til að setja upp loftnet á hverjum stað, þar sem gistiaðstaða var mismunandi og stundum þar sem jafnvel var hægt að setja upp loftnet í bakgarðinum. Þrátt fyrir að hafa fengið úthlutað kallmerkinu 9V1OL gat hann ekkert verið í loftinu frá Singapore þar sem aðstæður voru ekki til að setja upp loftnet. Mismunandi skilyrði voru í ferðinni, t.d. afbragðsgóð frá Thaiti eða um 3.000 QSO, aðallega við Japan. Mjög var mismunandi hvernig suð og truflanir voru á hverjum stað, t.d. S9 í W6 í Los Angeles og aðeins 130 sambönd. Þá voru skilyrðin sumstaðar frekar slæm og nánast ekkert náðst t.d. í Evrópu frá Hawaii.



JPC-12 netið sett upp sem stangarloftnet í háhýsi á Hawaii. JPC-7 sett upp sem dípóll á Thaiti. Ljósmynd: TF1OL.



TF1OL og XYL á Hawaii. Ljósmynd: TF1OL.

Sérstakar þakkir til Ólafs Arnar Ólafssonar, TF1OL fyrir afbragðsgott, skemmtilegt og áhugavert erindi.

Alls mættu 19 félagar í Skeljanes þetta ágæta vorkvöld í vesturbænum í Reykjavík. Þakkir til Ólafs, TF1OL, Einars Santoz, TF3ES og Njáls H. Hilmarssonar, TF3NH fyrir ljósmyndir.

3.1.9 Erindi 22. maí; TF3Y. Fjarskipti fyrir tilstilli loftsteinaskúra

Vetrardagskrá ÍRA vorið 2025 lauk með erindi Yngva Harðarsonar, TF3Y fimmtudaginn 22. maí. Erindi Yngva nefndist: „Fjarskipti fyrir tilstilli loftsteinaskúra“.



Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður ÍRA kynnir fyrirlesara. Ljósmynd: TF3KB.

Yngvi flutti þetta líka ágætis erindi um fjarskipti með hjálp loftsteinaskúra. Erindið var vel skipulagt og Yngvi er hafsjór upplýsinga enda vel sjóaður í þessum málum öllum.

Hann varð heillaður af þessum fjarskiptahætti sem er tæknilega afar erfiður, og byrjaði sínar tilraunir 1982, fyrir daga tölvu og forrita. Hans tæki voru morslykill sem geymdi skilaboð sem mátti svo s enda afar hratt með því að ýta á takka, og segulbandstæki til að geyma það sem heyrðist og spila mjög hægt til að heyra það sem móttækið var. Þannig var þetta.



Yngvi sýndi fjölmargar glærur. Mynd úr sal. Fremst Hans Konrad Kristjánsson TF3FG. Aftar: Einar Kjartansson TF3EK, Þorvaldur Bjarnason TF3TB og Guðjón Már Gíslason TF3GMG. Aftast: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Andrés Þórarinnsson TF1AM. Ljósmynd: TF3KB.

En tímarnir hafa breyst á allan hátt, kunnátta stórauðist og nú eru til hvers konar hugbúnaður og tæki sem gera þessa tegund fjarskipta viðráðanlegri, en áfram krefjandi. Yngvi fékk fjölda fyrirspurna sem hann svaraði af kunnáttu, og sýndi enn og aftur að hann er afbragðs fyrirlesari.

Sérstakar þakkir til Yngva Harðarsonar, TF3Y fyrir afbragðsgott, vandað og fróðlegt erindi.

Alls mættu 20 félagar í Skeljanes þetta ágæta vorkvöld í vesturbænum í Reykjavík. Andrés Þórarinnsson, TF1AM annaðist upptöku og Njáll H. Hilmarsson, TF3NH annaðist innsetningu á upptöku á heimasíðu. Þakkir til þeirra og til Andrésar Þórarinnssonar, TF1AM og Kristjáns Benediktssonar, TF3KB fyrir ljósmyndir sem og til Guðjóns Más Gíslasonar fyrir kaffi og meðlæti. Glærur frá erindi TF3Y 22.5.2025: <https://www.ira.is/?s=erindi+tf3y> Upptaka af erindinu er hér: <https://youtu.be/oMASvVgVa2w>



Ein af mörgum áhugaverðum glærum skýrði loftsteinaskúri á myndrænan hátt. Mynd: TF3KB.

3.1.10 Erindi 18. september; TF1OL. Evrópuferð TF1OL og XYL sumarið 2025.

Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL mætti með fimmtudagserindið 18. september.

Þannig var Ólafur kynntur: „Sá mikli heimshornaflakkari, Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL kemur til okkar n.k. fimmtudagskvöld og segir frá ferðum sínum um Evrópu á sínum ágæta fjarskiptabíl, Ford Ecoliner. Þau hjónin hafa flakkað vítt og breytt í sumar og Ólafur hefur farið í loftið á hinum ólíklegustu stöðum“.

Ólafur flutti þetta ágætis erindi stutt fjölda mynda. Hann hefur s.l. sumar farið um A-Evrópu og svo upp til norðurs og gegnum Eystrasaltslöndin, og áfram upp til Finnlands, Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og svo gert stopp í Færeyjum áður en þau hjón komu heim hér um daginn.

Allan tímann voru fjarskipti gegnum FT8 og FT4 beint úr bílnum og loftnetið var lóðrétt stöng sem reist var upp á þaki bílsins. Samböndin skiptu hundruðum.

Gerður var góður rómur að erindi Ólafs. Á eftir var farið út að skoða bílinn. Georg Kulp, TF3GZ, kom með sterk ljós svo hægt var að skoða bílinn í myrkrinu sem komið var. Alls komu liðlega 20 félagar á fundinn og



hlýddu á erindið, þáðu veitingar og notuðu tímann til að spjalla saman. Upptaka af erindi TF1OL, vefstlóð: <https://youtu.be/NNu8NkbDRnM>

3.1.11 Erindi 16. október; TF2AC. Þátttaka í starfi ÍRA sem nýliði, þ.m.t. í fjarskiptaleikum.

Jón Atli Magnússon, TF2AC mætti með fimmtudagserindið í Skeljanesi 16. október þar sem hann fjallaði um „Þátttöku í starfi ÍRA sem nýliði, þ.m.t. í fjarskiptaleikum“. Erindið hófst stundvíslega kl. 20.30.



Jón Atli Magnússon TF2AC fyrir miðju ásamt gestum þetta fimmtudagskvöld í Skeljanesi.

Jón Atli fjallaði um POTA („Parks On The Air“) og skyld mál. Hann hefur virkjað fjölda garða (e. parks) hér á landi en skilgreindir garðar eru 116, m.a. í kringum Reykjavík, en fjöldi þeirra er dreifður um allt land. Oft hafa erlendir amatörar verið fyrstir til að virkja garða hér á landi en hann sjálfur hefur einnig verið ötull.

Svo fjallaði Jón Atli um síðustu Vorleika ÍRA sem voru þeir fyrstu sem hann tók þátt í og varð í 2. sæti. „Það var aldrei ætlunin að hafa sigur“, sagði hann, en ég var búinn að undirbúa mig, ákveða um reiti, og fylginn mér og náði að virkja hvorki meira né minna en heila 8 reiti. Eitt sem einfaldaði líf mitt var að ég var með fast loftnet á bílnum, stangarnet og þurfti aldrei að setja neitt upp, aðeins að stoppa og taka upp hljóðnemann. Samböndin voru öll á 2m og 70cm.

Gerður var góður rómur að erindi Jóns Atla. Þess má geta hér að hann fékk sitt kallmerki fyrir tæpu ári síðan og hefur sannarlega náð að stimpla sig inn í amatörmennskuna á þessum stutta tíma.

Erlendur gestur félagsins þetta fimmtudagskvöld var Mikel Berrocal, EA2CW sem er búsettur á Bilbao á Spáni. Hann er m.a. áhugamaður um SOTA („Summits On The Air“) verkefnið, auk þess að vera



Birgir Freyr Birgisson TF3BR, Óskar Ólafur Hauksson TF3OH og Hrafnkell Eiríksson TF3HR.



Ríkharður Þórsson TF8RIX, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Eiður Kristinn Magnússon TF1EM, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Einar Sandoz TF3ES og Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID.

mikill „CW maður“ og áhugasamur um alþjóðlega keppnir. Mikel var mjög hrifinn af aðstöðu félagsins í Skeljanesi.

Sérstakar þakkir til Jóns Atla Magnússonar, TF2AC vel heppnað og áhugavert erindi. Þakkir einnig til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir kaffi og meðlæti og til Andrésar Þórarinssonar, TF1AM sem tók ljósmyndir og annaðist upptöku. Sjá á þessari vefslóð: <https://youtu.be/dn9vaet7k7c>

Alls mættu 22 félagar og 3 gestir í Skeljanes þetta ágæta vorkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

3.1.12 Erindi 13. nóvember; TF3T. Keppnisstöðin TF3D á Stokkseyri; endurbætur og keppnir.

Opið var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 13. október. Á dagskrá var 4. erindið á fræðsludagskrá félagsins haustið 2025 sem var í umsjá Benedikts Sveinssonar, TF3T: „Keppnisstöðin TF3D á Stokkseyri; endurbætur og keppnir“.

Benedikt sagði frá fjarskiptastöð þeirra bræðra, Benedikts, TF3T og Guðmundar Sveinssonar, TF3SG sem er rétt fyrir norðan Eyrarbakka og kallast Mýri. Þetta er gömul norðurljósaathugunarstöð, sem var hluti af heimsathugunarkerfi; en þessi stöð var lögð niður.

Þeir bræður fengu stöðina til afnota með fjölda mastra árið 2021 og hafa byggt upp góða keppnisstöð á amatörböndum, þ.e. 160m, 80m, 40m, 20m, 15m og 10m. Því fylgja



Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður ÍRA kynnir fyrirlesara.

loftnetaskiptarar, samkeyrslubúnaður, Beverage-hlustunarloftnet fyrir lægri böndin og auðvitað, umfangsmikil smíði loftneta, uppsetning þeirra og viðhald.

Mest er gaman, sagði Benedikt vera að sitja í stöðvarhúsinu og taka þátt í keppnum, og það geta tveir unnið samtímis. Fjarstýribúnaður til staðar þannig að það má vinna að heiman.

Benedikt sýndi fjöldann allan af myndum og útskýrði loftnetssmíði, uppsetningu og viðhald og það var alveg ljóst að verkefnið hefur tekið verulega á.

Erindi Benedikts var vel tekið og margir voru með spurningar. Á eftir spunnust umræður um loftnet, smíði alla og efnisval.

Sérstakar þakkir til Benedikts Sveinssonar, TF3T fyrir áhugavert erindi og vel flutt. Ennfremur þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir ljósmyndir og Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að annast kaffiveitingar. Alls mættu 27 manns í Skeljanes þetta vel heppnaða fimmtudagskvöld, þ.á.m. 5 nýir radióamatörar sem biða eftir kallmerkjum: Björn Bjarnason, Hermann Karl Björnsson, Kristinn Fannar Pálsson, Markus Johannes Pluta og Sveinbjörn Antonsson. Ennfremur þrír sem fengu amatörleyfi fyrir ári (2024): Jón Atli Magnússon, TF2AC, Gunnar B. Guðlaugsson, TF5NN og Guðjón Már Gíslason, TF3GMG.

Upptaka var gerð af erindi TF3T. vefslóð: <https://youtu.be/GV-P72BIGIQ>



Benedikt sýndi fjölda áhugaverðra mynda frá loftnetabúnaði TF3D.

3.1.13 Erindi 27. nóvember; TF2AC. Allt um DMR (Digital Mobile Radio).

Jón Atli Magnússon, TF2AC mætti með fimmtudagserindið 27. Október sem nefndist: „Allt um DMR (Digital Mobile Radio)“.

Jón Atli fjallaði um nýju fjarskiptatæknina sem kölluð er DMR, Digital Mobile Radio. Hann er nýr leyfishafi sem fékk sitt leyfi fyrir ári og hélt sitt fyrsta erindi fyrir ÍRA fyrir stuttu síðan, erindið fjallaði um þátttöku hans sem nýliða í starfi ÍRA. Sérstaklega var áhugavert að heyra um afbrigðis árangur hans í radióleikum ÍRA í sumar.

DMR er stafrænn fjarskiptaháttur sem opnar nýjar víddir hjá amatörum. Nota má tiltölulega ódýrar handstöðvar, eða bílstöðvar til að hafa samband sín á milli í gegnum endurvarpa. Samskiptin eru truflanalaus. DMR endurvarparnir eru samtengdir gegnum netið. Því má fara inn um einn endurvarpa og úr á öðrum. Samskipti eru í „kallhópum“ og þeir heyra ekki endilega hver í öðrum þótt keyrt sé á sömu tíðnum. DMR kerfi finnast um allan heim og það er auðvelt að tala „út og suður“, þannig séð, eða eins og áhugi er.

Hér innanlands opnast ýmsar nýjar leiðir fyrir radióamatöra, bæði með sambandi beint á endurvarpa eða nota

nettengidós og fara á henni inn á endurvarpa og senda þannig út merki og vera í sambandi. Að öðru leiti er radiótæknin sú sama og áður, þ.e. að loftnet þurfa að vera stillt á tíðni, og það þarf að gæta að standbylgju og töpum í köplum. Það má segja að DMR opni nýjar víddir fyrir amatöra án þess að rýra þau kerfi sem fyrir eru. Jón Atli hefur náð afbrigðis árangri í DMR



Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður ÍRA kynnir fyrirlesara kvöldsins.



Spjallað var í fundarhléi og eftir erindið um DMR stöðvar og sumir höfðu með sér nýjar DMR handstöðvar í Skeljanes.

tækninni, sýndi handstöð sína og talaði í gegnum DMR endurvarpa ÍRA sem er á 70cm bandinu. Gerður var góður rómur að erindi Jóns Atla sem fékk fjölda fyrirspurna. Á eftir erindinu söfnuðust fundarmenn í spjall og „spekúlasjónir“ um hin ýmsu áhugamál amatöra. Kaffiveitingar voru með ágætum sem ætíð.

Sérstakar þakkir til Jóns Atla Magnússonar, TF2AC fyrir áhugavert erindi og vel flutt. Ennfremur þakkir til Björns Bjarnasonar, TF3OSO fyrir ljósmyndir og Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að annast kaffiveitingar.

Það var vel mætt í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld, alls um 35 manns, félagsmenn og gestir. Erlendir gestir félagsins voru þau Chris Waldrup, KD4PBJ og XYL, sem eru búsett í Tennessee í Bandaríkjunum. Upptaka var gerð af erindi TF2AC. Sjá vefslóðina: <https://youtu.be/zFvnsjef7M>

3.1.14 Erindi 11. desember; TF3TNT. Áframhaldandi uppbygging VHF kerfisins.


Opið var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 11. desember. Á dagskrá var 6. og síðasta erindið á fræðsludagskrá félagsins haustið 2025 sem var í umsjá Benedikts Guðnasonar, TF3TNT og nefndi st: „Áframhaldandi uppbygging VHF kerfisins“.



Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður ÍRA kynnis fyrirlesara kvöldsins.

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður ÍRA kynnti Benedikt kl. 20:30. Og síðan tók við flutningur hans á erindi kvöldsins, sem fjallaði um endurbætur á VHF endurvörpum fyrir íslenskra radióamatöra.

Benedikt hefur á óeigingjarnan hátt, notað tækifæri sem hann hefur vegna vinnu sinnar við fjallastöðvar og endurvarpa fyrir ýmsa aðila, að endurbæta endurvarpa-kerfi radióamatöra, og



Benedikt sýnir dreifingu (útbreiðslu) merkja frá VHF endurvörpum.

Það er án kostnaðar. Þetta er einstök snilld og ber að þakka honum sem kostur er.

Meðal nýjunga, nefndi hann endurbætur á merki frá endurvarpanum TF2RPJ á fjallinu Strút, nýja endurvarpann á Þrándarhlíðarfjalli, TF5RPG og vinnu við endurvarpann TF5RPD á Vaðlaheiði, sem og við



Mynd úr sal.

endurvarpann TF3RPA á Skálafelli og endurvarpann TF3RPB í Bláfjöllum. Og þá var ekki allt upp talið. Nýjungar umfram annað, er átak í nettengingum endurvarpanna, með það að markmiði að sendingar frá þeim varpist frá þeim flestum samtímis.

Það var gerður góður rómur að erindi Benedikts og hann fékk fjölda fyrirspurna. Og, hann kom vel undirbúinn, og var með útbreiðslukort sem sýndi greinilega hver útbreiðslan er frá hverjum endurvarpa og hvernig hún leggst saman. Benedikt tók vel í að skrifa pistil í CQ TF við fyrsta tækifæri.

Á eftir var spjallað manna á millum, og margir sátu hjá Benedikt að spjalla og fræðast. Það var vel mætt þetta ágæta fimmtudagskvöld, alls um 30 manns. Sérstakar þakkir til Benedikts Guðnasonar, TF3TNT fyrir afbragðsgott og áhugavert erindi.

Þess má geta að erindið var tekið upp, sbr. eftirfarandi vefslóð: https://youtu.be/9_VtmTnbAKE



Mynd úr fundarsal í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi.

4. Fræðsludagskrá; annað efni

LAUGARDAGS- OG SUNNUDAGSOPNANIR

4.0 INNGANGUR

Í þessum kafla er birt yfirlit yfir aðra viðburði en erindi fræðsludagskrár (sem voru rakin í 3. kafla). Meðal viðburða á laugardögum og sunnudögum má nefna sérstaka móttöku fyrir nýja leyfishafa, flóamarkað og tæknidaga TF1A.

4.1.1 Móttaka fyrir nýja leyfishafa 25. janúar 2025 sem sem tóku þátt í námskeiði ÍRA til amatörprófs haustið 2024 og náðu prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis 2. nóvember s.l. Allir 14 hafa fengið úthlutað kallmerki hjá stofnuninni. Dagskráin var vel sótt; allir þeir nýliðar sem áttu heimangengt komu, alls 9 manns.



Fremsta röð: Sæmundur Árnason TF3NEI, Gunnar B. Guðlaugsson TF5NN og Helgi Gunnarsson, TF3HG.
Næsta röð: Daniel S. Hlynsson TF3GOD, Birgir F. Birgisson TF3BF, Róbert Svansson TF3RS og Ríkharður Þórsson TF8RIX.
Næst aftasta röð: Óskar Ólafur Hauksson TF3OH, Guðjón Már Gíslason TF3GMG og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.
Aftasta röð: Mathías Hagvaag TF3MH, Yngvi Harðarson TF3Y og Andrés Þórarinnsson TF1AM. Ljósmynd: TF3KB.

Birgir Freyr Birgisson, TF3BF;
Daníel Smári Hlynsson, TF3GOD;
Guðjón Már Gíslason, TF3GMG;
Gunnar B. Guðlaugsson, TF5NN;
Helgi Gunnarsson, TF3HG;
Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH;
Ríkharður Þórsson, TF8RIX,
Róbert Svansson, TF3RS og
Sæmundur Árnason, TF3NEI.

Erindi fluttu þessir:

Yngvi Harðarson, TF3Y um aðstöðu félagsins í Skeljanesi og um starf ÍRA, (m.a. um fræðsludagskrá, fundi og námskeið (þ.m.t. til amatörprófs), heimasíðu, FaceBook síður,


félagsritið CQ TF, ársskýrslu, árlega fjarskiptaviðburði, alþjóðlegar keppnir, endurvarpa, stafvarpa, radióvita, gervihnattafjarskipti og helstu innanlandstíðnir á HF, VHF og UHF.



Yngvi Harðarson TF3Y. Mynd hægri: Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: TF3Y.

Kristján Benediktsson TF3KB tók síðan við og flutti glærukynningu og kynnti alþjóðastarf radióamatöra, m.a. um IARU, NRAU og ITU. Undir dagskárliðnum fór fram afhending ítarefnis, þ.e. listi yfir valdar greinar sem birst hafa í CQ TF (einkum árin 2018-2024).

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS fjallaði um loggforrit, mikilvægi þeirra og möguleika og tók sem dæmi Logger32 rafræna dagbókarforritið sem hann sýndi með skjávörpunni. Síðan fjallaði hann almennt um QSL kort, notkun þeirra og sýndi sem dæmi ýmis kort frá sér og öðrum.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS. . Ljósmynd: TF3KB.

Eftir kaffi og spjall var farið upp í fjarskiptaherbergi þar sem Vilhjálmur og fleiri kynntu nýliðum tækin og útskýrðar voru hefðir í fjarskiptum radióamatöra; hvernig farið er að því að hafa samband á SSB, og síðan fóru þeir allir nú í loftið, hver af fætur öðrum, og tóku nokkur sambönd hver á 10 metra bandinu. Ennfremur ræddi TF3KB bandskipan. Þetta var mjög vel heppnað.

Á eftir var farið í fundarsalinn, bætt á með kaffi. Þar sýndi Vilhjálmur, TF3VS hvernig FT8 fjarskipti fara fram. Til þess notaði hann tölvu og framendann/stjórnborðið á FlexRadio 6600 stöð (Maestro Control Console) sem gerði honum kleift að vera í fjarsambandi yfir netið við stöðvarhlutann heima í Kópavogi. Þetta heppnaðist vel og spunnust fjörugar umræður.



Allt að gerast í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: TF1AM.

Þegar klukkan var að verða 15:00 var húsið yfirgefið. Ánægjulegur og vel heppnaður dagur. Þökk sé öllum fyrirlesurum, Andrési Þórarinssyni, TF1AM varaformanni fyrir að fyrir að stjórna dagskrá dagsins af röggsemi og Matthíasi TF3MH fyrir hús-gæsluna og Sveini Goða TF3ID fyrir veitin gar.

Helgi Gunnarsson TF3HG kallar "CQ DX á 10 metra bandinu". Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS fylgist með. Ljósmynd: TF1AM.

Ríkhartur Þórsson TF8RIX kallar "CQ DX á 10 metra bandinu". Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS fylgist með. Aðrir á mynd: Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Yngvi Harðarson TF3Y og Gunnar B. Guðlaugsson TF5NN. Mynd: TF3KB.



Meðal efnis sem nýjum leyfishöfum var bent á að gæti verið nytsamlegt, laugardaginn 25. janúar 2025 var samantekt greina sem birtust [einkum] í félagsblaðinu CQ TF á árunum 2018-2024. Fyrst er smellt á vefslóðina: <https://www.ira.is/valid-efni-ur-cq-tf-2018-2024/> Síðan má smella á slóðina sem er allra neðst til vinstri: „new.laugard.25.1.2025“ og kalla fram skjalið í heild.

4.1.2 Sunnudagur 11. maí, flóamarkaður ÍRA að vori.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA; Jón Björnsson, TF3PW; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS; Njáll H. Hilmarsson; TF3NH og Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID stóðu fyrir flóamarkaði félagsins 2025. Aðsókn var 30 félagar, þ.m.t. einn gestur sem og að meðtöldum sjö félögum sem gjaldkeri, TF3PW taldi hafa verið yfir netið þegar flest var. Vilhjálmur, TF3VS sagðist hafa boðið upp um 20 númer og flest hafi selst. Þakkir til Sæmundar, TF3UA fyrir ljósmyndir.

Umsögn Sæmundar: „Ég tók nokkrar myndir á flóamarkaðnum, eða öllu heldur áður en hann byrjaði. Þetta gekk allt mjög vel fyrir sig og snuðrulaust. Margir gerðu kjarakaup, t.d. keypti ég 2 m og 70 cm loftnet með segulfæti til þess að setja á bíl á 1100 kr. Jón Atli, TF2AC keypti 2 m og 70 cm Yeasu handtæki á 10 eða 15 þús. kr. man ekki hvort var. 73 de TF3UA“.

Sumum fannst framboð lítið, sbr. umsögn Þrastar Inga Antonssonar, TF1TX: „Fór á flóamarkað ÍRA í gær og því miður enginn Jónas Bjarnason á svæðinu. Markaðurinn þetta árið fór vel fram en framboð af dóti var lítið og fáir seljendur“.



Jón Atli Magnússon TF2AC og Ari Þórólfur TF1A.



Gestur (sonur TF3TX), Þröstur Ingi Antonsson TF1TX, Pier Albert Kaspersma TF1PA, Guðjón Már Gíslason TF3GMG (sitjandi á borði), Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Þór Þórsson TF1GW.

4.1.3 27. september. Tæknidagur 1.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A mætti í Skeljanes á „dótadag“ laugardaginn 27. september; „Tæknidag-1“. Honum til aðstoðar voru Georg Kulp, TF3GZ og Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID sem hellti upp á kaffi og tók til meðlæti.

Ari tók m.a. með sér RigExpert AA-3000 loftnetsmæli og Georg, RigExpert AA-600 mæli. Aðspurður, sagðist Ari hafa valið að taka RigExpert mælinn með vegna þess að þetta eru einföld mælitæki í notkun fyrir radióamatöra, auk þess að vera tiltölulega ódýr, vönduð og sterk. Munur á RigExpert og ódýrum VNA mælum er m.a., að þá mæla þarf að kvarða fyrir hverja mælingu, auk þess sem margir þeirra geta verið flóknir í notkun.

Skoðaður var munur á handstöðvaloftnetum á VHF og UHF og gerðar mælingar á þeim sem menn höfðu meðferðis. Flest mældust nærri í resónans (eða ekki mjög langt frá), en ein stöðin átti t.d. að vera með sambyggt VHF/UHF loftnet sem mældist í resónans á 106 MHz og var ansi lélegt á UHF – en mátti klippa til og fá í resónans.

Síðan var mæld segullúppa fyrir 2 metra og 70 cm sem kom vel út. Einnig var rætt um í hvaða áttir lúppur eru stefnuvirkar og kom mörgum á óvart að svo er ekki í „gegnum“ lúppuna.

Georg, TF3GZ kom með Kathrein 2-tvípóla VHF húsaloftnet sem fyrirhugað er að setja upp fyrir nýjan VHF endurvarpa á Þrándarhlíðarfjalli. Það mældist 100% lagi. Þetta er samskonar loftnet og notað er við TF3RE endurvarpann á Búrfelli.

Sigurður Óskar, TF2WIN kom með heimasmiðað loftnet fyrir UHF sem var mælt og reyndist resónans í kringum 450 MHz. Gerðar voru tilraunir með að slétta út radíalana þannig að þeir mynduðu 90° við loftnetsstöngina – en netið var smíðað þannig að radíalarnir hölluðu niður (til að hækka sýndarviðnám í fæðipunkti). Afar áhugavert var að fylgjast með breytingum á resónans á loftnetsmælinum.



Mathías Hagvaag TF3MH, Jón Atli Magnússon TF2AC, Einar Sandoz TF3ES, Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Ágúst Sigurðsson TF3AU, Pier Albert Kaspersma TF1PA, Valdimar Óskar Jónasson TF1LT, Mathías Hagvaag TF3MH, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG.




Heimasmiðað GP loftnet TF2WIN kom vel út.



RigExpert AA-3000.




Mathías Hagvaag TF3MH, Guðjón Már Gíslason TF3GMT, Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Sveinn Goði Sveinsson, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og Óskar Ólafur Hauksson TF3OH (standandi).



Mýnd úr RigExpert mæltækinu flutt yfir í fartölvu.



RigExpert AA-600.



Önnur mynd úr RigExpert mæltækinu.



Kathrein 2-tvípóla VHF húsaloftnet frá TF3GZ. Frá vinstri: Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG.

Mikið var rætt um tengi og kóax kapla. Skoðaður var munur á lélegum köplum og góðum köplum á HF, VHF og UHF. Fram kom m.a. að standbylgja reyndist „flatari“ þegar notaður var lélegur kapall en „skarpari“ þegar notaður var góður (vandaður) kapall. Þá var framkvæmd bilanaleit í „random“ lengd af kóax köplum og sýnt tap. Notaðar voru mismunandi gerðir kapla (með mismunandi góða skermingu). Í framhaldi var m.a. rætt, hvers vegna fæðilína þarf að vera skermuð, en mældir voru kaplar og tengi upp í 3 GHz.

Mörgum kom á óvart að PL-259 tengin eru í raun lélegustu tengin samanborið við N-tengi (sem eru vatnspétt), BNC og SMA. Einnig var farið út í mikilvægi þess að viðhafa góðan frágang á tengjum og kóaxkapli. Loks voru Smit kort skoðuð og skoðað (og rætt á almennu máli) hvernig þau virka og sýnt á tölvuskjá tengdum við RigExpert mælitækið.

Ari sagðist hafa spurt hópinn hvað menn vilja taka fyrir næsta laugardag. Menn voru á einu máli um að halda áfram með verkefnið. Hann hefur jafnvel í hyggju að setja upp UHF endurvarpa á Perluna í Öskjuhlíð til að gera mönnum kleift að nota UHF handstöðvar innanbæjar og gera tilraunir í framhaldi. Ari sagðist afar ánægður með daginn og sagðist hlakka til að hitta sem flesta næsta laugardag, 4. október.

Sérstakar þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir áhugaverðan og vel heppnaðan laugardag í Skeljanesi. Ennfremur þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir að koma með loftnet og mælitæki fyrir ljósmyndir og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir kaffi og meðlæti. Alls mættu 15 félagar í félagsaðstöðuna þennan ágæta laugardag.



4.1.4 4. október. Tæknidagur 2.

Alls mættu 10 félagar í Skeljanesi laugardag 4. október á dótadag Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A. Ari mætti með eigin mælitækin og voru m.a. gerðar mælingar á stöðvum félagsmanna sem þeir komu með á staðinn.

M.a. voru gerðar mælingar á Xiegu X6100 50MHz HF SDR kínverskri HF stöð [sem Ágúst, TF3AU kom með]. Ari sagði að hún hafi komið mjög vel út. Einnig voru mældar Baofeng VHF/UHF handstöðvar sem bæði komu vel og illa út í mælingum.

Þar sem „black-out“ var á böndunum þennan dag, fann Ari skilyrði gegnum Kiwi viðtæki yfir netið niðri á Falklandseyjum (VP8) og var farið yfir útgeilsun ýmissa stöðva. Ari notaðist við skjávarpann í salnum og sagði það hafa heppnas mjög vel og allir séð niðurstöðurnar.

Þakkir góðar til Ara og einnig fyrir ljósmyndir.



Menn á staðnum:
Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A;
Ágúst Sigurðsson, TF3AU;
Guðjón Már Gíslason, TF3GMG;
Mathías Hagvaag, TF3MH;
Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID;
Einar Saldoz, TF3ES;
Wilhelm Sigurðsson, TF3AWS;
Þorvaldur Bjarnason, TF3TB og
Sigurður Óskar Sigurðsson, TF2WIN.



4.1.5 18. október. Tæknidagur 3.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A mætti í Skeljanes með "Dótadag" laugardaginn 18. október. Honum til aðstoðar var Karl Georg Karlsson, TF3CZ og Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID.

Vel heppnaður viðburður og 14 manns á staðnum. Ari fjallaði m.a. um truflanir og ráð við því þegar notað er viðtæki yfir netið á móti sendi. Hann sýndi mönnum líka og kynnti viðtæki sem eru staðsett út um allan heim og hvernig hægt er að nota viðtæki yfir netið til að hlusta á merki (og sjá) frá gervitunglum, SSB, „Slow-scan“ (SSTV), RTTY, mors (CW), FT8, FT4 og...svo framvegis. Ari sýndi m.a. hvernig er hægt að hlusta á „allan heiminn“ yfir netið – meira að segja án þess að hafa loftnet eða sendistöð. Ari fékk til liðs við sig Karl Georg Karlsson, TF3CZ sem útskýrði og kynnti fyrir mönnum SDR viðtækið á VHF yfir netið sem er staðsett í Perlunni. Vefslóð: <http://sdr.ekkert.org>


Til gamans var einnig sýnt hvernig hægt er að taka á móti merkjum frá [sumum] bifreiðum í umferðinni í Reykjavík, t.d. bifreiðategund, þrýsting í hjólböðum og almennar upplýsingar frá gangverki vélarinnar. Á meðfylgjandi mynd má t.d. sjá ýmsar upplýsingar um bíla sem voru á akstri eftir Bústaðavegi í Reykjavík...og allt þetta á 434 MHz.



Ari Þórólfur, TF1A í pontu. Ljósmynd: TF3CZ.



Mynd úr sal. Ljósmynd: TF3ES.



Karl Georg, TF3CZ sýndi glærur um virkan VHF viðtækisins í Perlunni. Ljósmynd: TF1A.

ID	Device	Time	Clear
d642b890	Toyota	17:41:55	
type	TPMS	status	128
pressure_PSI	33	temperature_C	11
mic	CRC		
38	Rubicson-Temperature	17:41:57	
channel	1	battery_ok	1
temperature_C	4.6	mic	CRC
38	Solight-TE44	17:41:57	
channel	1	temperature_C	4.6
mic	CRC		
fb37746f	Toyota	17:42:04	
type	TPMS	status	128
pressure_PSI	29	temperature_C	5
mic	CRC		

Skjámynd með upplýsingum frá bifreiðum á Bústaðavegi. Ljósmynd: TF1A.



Spjallað við stóra fundarborðið áður en TF1A byrjaði dagskrána kl. 13:30. Ljósmynd: TF1A.

Sérstakar þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir þetta frábæra framtak sem og til Karls Georgs Karlssonar, TF3CZ! Einnig þakkir til þeirra beggja og til Einars Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir frábært kaffi og meðlæti.

4.1.6 8. nóvember. Tæknidagur 4.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A stóð fyrir „Dótadegi“ í Skeljanesi laugardaginn 8. nóvember. Þetta var 4. dótadagurinn á fræðsludagskrá ÍRA haustið 2025 og var þema laugardagsins „endurvarpar“.

Ari kom á staðinn með Icom IC-FR5100 VHF endurvarpa, sem var tengdur við aflgjafa í gegnum Daiwa CN-801 [V-type] sambyggðan afl/standbylgjumæli í gervialag. Einnig mætti hann með nokkrar VHF/UHF handstöðvar af mismunandi gerðum. Það gerðu einnig þeir Jón Guðmundur Guðmundsson, TF3LM og Ríkharður Þórsson, TF8RIX sem mættu með sínar handstöðvar.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ og Jón Guðmundur Guðmundsson TF3LM.



Mathías Hagvaag TF1MH, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Jón Guðmundur Guðmundsson TF3LM, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ.

Mathías Hagvaag TF3MH, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Ríkharður Þórsson TF8RIX og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG.



Ari fór vandlega yfir virkan endurvarpa, m.a. hvers vegna senditíðni er yfirleitt höfð -600 rið á VHF endurvörpum en oftast -5 eða -7 MHz á UHF endurvörpum. Einnig var rætt um „cavity“ síur, þ.e. hvers vegna þeirra er þörf og mikilvægi þess að þær séu nákvæmlega stilltar. Síðan útskýrði hann vel hvers vegna tónaögangur er [oftast] notaður og hvernig hægt er að hafa kallmerki endurvarpa sem sent er (a.m.k. einu sinni á klukkustund) „hljóðlaust“. Einnig var rætt um „analog“ og „digital“ endurvarpa, en margir endurvarpar í dag geta unnið á hvorutveggja. Ari útskýrði einnig vel fyrirbærir „DMR“ endurvarpa, en einn slíkur [TF3DMR] Motorola DR 3000, var einmitt tengdur í Skeljanesi 28. ágúst s.l.

Viðstaddir spurðu fjölda spurninga og svaraði Ari þeim öllum greiðlega eftir því sem þær bárust. Hann býr yfir miklum fróðleik og áratugareynslu í þessum efnum og var bæði fróðlegt og skemmtilegt að heyra hann segja frá hinum ýmsu uppháttum frá þeim störfum. Sérstakar þakkir til Ara fyrir skemmtilegan, fróðlegan og vel heppnaðan laugardag. Ennfremur þakkir

til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID sem lagaði kaffi. Í boði var með kaffinu hvorttveggja, vínarbrauðslengja og karamellukleinhúringir frá Björnsbakaríi í fyrsta gæðaflokki.




Alls mættu 10 félagar í Skeljanes þennan sólfagra og lognríka vetrardag í vesturbænum í Reykjavík. Jónas Bjarnason, TF3JB tók ljósmyndir.

4.1.7 29. nóvember. Tæknidagur 5.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A stóð fyrir „Dótadegi“ í Skeljanesi laugardaginn 29. nóvember. Þetta var 5. dótadagurinn á fræðsludagskrá ÍRA haustið 2025. Hann bauð upp á mælingar á VHF/UHF handstöðvum viðstaddir, þ.á.m. yfirsveiflum og sendiafli. Ennfremur voru loftnetin sem þeim fylgja prófuð. Mælitæki á staðnum, voru m.a. tíðnirófssjá (e. spectrum analyzer), loftnetssjá (e. antenna analyzer), 100W gervialag (e. dummy load) sem einnig var notað sem deyfiliður (e. attenuator).

Myndir frá 5. tæknidegi
Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A
í Skeljanesi, laugardaginn 29. nóvember.
Ljósmyndir: TF1A og TF3GZ.

Skjýmynd-1. 10W VHF/UHF handstöð mældist 9W
Skjýmynd-2. 20W VHF/UHF handstöð mældist 2,6W á 2M
Skjýmynd-3. 10W VHF/UHF handstöð mældist 2,9W á 2M
með mikið af yfirsveiflum.



Mælitæki voru tengd við tölvuna og niðurstöður vistaðar þar með nafni stöðvar og/eda loftnets. Notaður var öðyr tíðnirófsskodari sem sýnir mest 60dB frá burðarbylgju

Yaesu FT-70D VHF/UHF handstöðin (mynd fyrir miðju) er dæmi um stöð sem kom strax út með eina burðarbylgju þegar hún var lýkluð og er því a.m.k. með 60dB deyfingu á yfirsveiflum.

Að lokum tók Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID þátt í tilraun þegar hann setti á höfuð sér [heimatilúinn] skermaðan „loftnetthjálmi“ sem á var sett ¼ loftnet ás segulfæti fyrir VHF. Ari Þórólfur mældi standbylgjuna sem kom betur út samanborið við þegar hjálmurinn var mældur „höfuðlaus“. Á meðfylgjandi mynd má sjá loftnetið standa upp úr hjálmnum.



Eftir mynd: Loftnet í resónans á 2M.
Neðri mynd: Loftnet sömu gerðar, en mælist ekki í resónans á neinu amatörbandi.
(Eins net af samskonar VHF/UHF handstöðvum).

Gerðar voru mælingar á yfirsveiflum og afli frá 12 VHF, UHF og HF stöðvum. Niðurstöður sýndu annarsvegar, að stöðvar frá Icom, Kenwood og Yaesu voru til fyrirmyndar og hinsvegar, að stöðvar frá öðrum framleiðendum skiptust í tvo hópa, þ.e. „í lagi“ eða ekki „í lagi“. Reyndar kom ein ódýrasta VHF/UHF handstöðin mjög vel út á meðan ein dýrasta stöðin frá sama framleiðanda stóðst ekki lágmarkskröfur (skoðað út frá uppgefnum tækniupplýsingum).

Greinilega kom fram, að sumir framleiðendur eru að „spara“ með því að sleppa alveg yfirsveiflusíum, því sem dæmi, að þegar sent var út á 145 MHz fór S-mælir í botn og heyrðist líka hátt og skýrt í viðkomandi á 435 MHz (sem er 3. yfirsveifla). Viðstaddir voru sammála um, að vel búin „heimili“ radióamatöra þurfi að koma sér upp (eða geta fengið að láni) mælitæki eins og notuð voru á staðnum til að sjá hvað er í gangi.

Þá voru prófuð fjögur VHF/UHF landstöðvaloftnet (sömu gerðar) frá þekktum Asíuframleiðenda, en aðeins eitt þeirra reyndist vera í „resónans“ á þeim böndum. Hin þrjú voru á eigintíðni allt annars staðar í tíðnisviðinu. Einnig kom fram, að önnur loftnetnet reyndust vera stillt fyrir tíðnir utan amatörbandanna, sem enginn notar.

Að lokum tók Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID þátt í tilraun þegar hann setti á höfuð sér [heimatilbúinn] skermaðan $\frac{1}{4}$ λ „loftnethjálmi“ fyrir VHF á meðan og Ari Þórólfur mældi standbylgjuna sem kom betur út samanborið við þegar hjálmurinn var mældur „höfuðlaus“. Á meðfylgjandi mynd má sjá loftnetið standa upp úr hjálminum.

Sérstakar þakkir til Ara fyrir skemmtilegan, fróðlegan og vel heppnaðan laugardag. Ennfremur þakkir til Ara Þórólfs og Georgs Kulp, TF3GZ fyrir ljósmyndir sem og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID sem lagaði frábært kaffi og tók til meðlæti.

Alls mættu 15 félagar í Skeljanes þennan ágæta vetrardag í vesturbænum í Reykjavík.

4.1.8 13. desember. Tæknidagur 6.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A stóð fyrir „Dótadegi“ í Skeljanesi laugardaginn 13. desember. Þetta var 6. og síðasti „dótadagurinn“ á fræðsludagskrá ÍRA haustið 2025.


Icom UR-FR5000 VHF endurvarpi var hafður tengdur og voru handstöðvar notaðar til að prófa virknina í endurvarpanum. Bæði voru gerðar breytningar á stillingum stöðvanna og endurvarpans og prófuð útkoma úr hinum ýmsu stillingum.

Aflgjafi var Diaiary 30V/10A og einnig minni aflgjafi fyrir USB A og USB C. Þá var 10W DC-4GHz gervialag frá RFdotop notað, sem hefur innbyggðum 50dB deyfilið (e. attenuator). Loks var Anritsu BTS Master MT8222A mælitæki á staðnum; sem er tíðnirófsskoðari (e. spectrum analyzer) sem vinnur frá 10 kHz til 7.5 GHz.

Farið var yfir stillingar á endurvarpanum, þeim breytt og niðurstaða sýnd jafnóðum á mælitækjunum. Endurvarpinn var stilltur á 10W en getur sent allt allt að 50W. Tækið er forritanlegt yfir LAN (netið) og var það sýnt og stillingum breytt. Einnig var sýnt hvernig hægt er, á einfaldan hátt, að „sigta út“ heyrnlega tóninn í kallmerki endurvarpans (sem er sent á morsi) – þannig að það heyrist ekki í stöð notandans. Kallmerkið er engu að síður áfram sent út á 1 klst. fresti. Í framhaldi var töluvert rætt var um mun á „analog“ og „switching“ aflgjöfum.

Vegna mikils áhuga á mælingum á VHF/UHF stöðvum, var mætt á staðinn með Anritsu tíðnirófsskoðarann sem er mjög fullkominn og var sendihluti VHF/UHF handstöðvanna mældur. En með Anritsu tækinu er t.d. hægt að mæla merki niður í -165 dBm frá 10 Hz upp í 7.5 GHz. Menn spurðu um mun á ódýrari og dýrari mælitækjum. Fram kom m.a., að ódýr

mælitæki geta verið [jafnvel] í 1-3 mínútur að sýna það sama og betri tæki gera á örfáum sekúndum, auk þess sem mæligeta þeirra dýrari er yfirleitt margfalt meiri.




Mynd 1: Efra öryggishúsið hitnar en ekki það neðra.

Mynd 2: Öryggishúsið sjálft.

Mynd 3: Öryggishúsin sem eru á straumsnúrunni við Icom endurvarpann.

Myndir: TF1A.



Að lokum var sýnt dæmi um hvernig hægt er að staðsetja ”erfiða” bilun [nánast] á svipstundu með ódýrum ”digital multimeter” sem getur mælt hita. Sýnt var lélegt samband í öryggishöldu, sem er algengt vandamál í 12V straumsnúrum sendistöðva (og endurvarpa) og var Icom endurvarpinn látinn senda út stöðugt í 10 mínútur (á 10W í gervialag) og voru öryggishöldurnar á straumsnúrunni skoðaðar að þeim tíma liðnum. Ekki nægði að snerta örygginn sjálf vegna þess að öryggishöldurnar halda hitanum inni þannig að öryggishúsið sjálft var kalt viðkomu. Hitamælingin var svarið (sbr. meðfylgjandi ljósmynd). Til upplýsingar ber að geta þess, að fyrir tilraunina hafði annað öryggishúsið verið hreinsað, en ekki hitt. Spennan féll um 3.5VDC yfir óhreinsaða öryggishúsið (en ekki yfir öryggið sjálft). Málm spennurnar sem halda örygginu í öryggishúsinu hitnuðu, en ekki á því sem hafði verið hreinsað áður.

Sérstakar þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir skemmtilegan, fróðlegan og vel heppnaðan laugardag. Ennfremur þakkir til Ara fyrir myndir, til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID sem lagaði frábært kaffi og tók til meðlæti og til Mathíasar Hagvaag, TF3MH húsvarðar.

Alls mættu 14 félagar og 1 gestur í Skeljanes þennan ágæta vetrardag í vesturbænum í Reykjavík.

VÍSBENDING UM VIRKNI.

Teknar voru saman upplýsingar um TF kallmerki sem fengu skráningu á þyrpingu (e. *cluster*) dagana 14.-22. desember 2025. Alls fengu 17 TF kallmerki skráningar. Flestir voru QRV á stafrænum mótunum (FT4 og FT8) en einnig á morsi (CW), tali (SSB) og RTTY. Bönd: 10, 12, 15, 17, 20, 30, 40 og 80 metrar.

Kallmerki fær skráningu þegar leyfishafi [eða hlustari] hefur haft samband við [eða heyrir í] TF kallmerki. Svokallað „self spotting“ er ekki tekið með. Upplýsingarnar eru fengnar á <http://new.dxsummit.fi/#/> Sambærilegar síður eru í boði á netinu til samanburðar. Fyrst er skráð kallmerki, þá tegund(ir) útgeislunar og band/bönd sem kallmerki fær skráningu á. Til skoðunar er að taka reglulega saman upplýsingar af þessu tagi.

TF1A	FT8 á 40 og 80 metrum.
TF1FT	FT8 á 12 metrum.
TF2CT	FT8 á 30 metrum.
TF3AK	FT8 á 30 metrum.
TF3AO	RTTY á 15 og 40 metrum.
TF3EO	CW á 10, 30 og 40 metrum.
TF3JB	CW og FT8 á 15 metrum og SSB á 20 metrum.
TF3PPN	FT8 á 20 metrum.
TF3SG	SSB á 10 metrum.
TF3SP	SSB á 12 metrum.
TF3VE	FT8 á 10 metrum.
TF3W	CW á 10 metrum.
TF5B	FT8 á 10 metrum.
TF5NN	RTTY á 40 metrum.
TF6MK	FT8 á 17 metrum.
TF8KW	FT8 á 40 og 80 metrum.
TF8SM	FT4 á 15 metrum.



Mynd úr
fjarskiptaáðstöðu
TF3IRA í Skeljanesi.

5. Skeljanes; aðrir viðburðir

OPÍÐ HÚS Í FÉLAGSAÐSTÖÐUNNI OG FLEIRA

5.0 YFIRLIT

Í þessum kafla er gerð grein fyrir opnunarkvöldum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi, öðrum en þeim sem fjallað er um 3. og 4. kafla, þ.e. þegar auglýst var opið hús. Um er að ræða alls 31 fimmtudagskvöld.⁹

Yfirlit yfir almenn opnunarkvöld félagsaðstöðunnar „opið hús“ starfsárið 2025/26.

13. febrúar	Opið hús (ekki umfjöllun)
27. febrúar	Opið hús (ekki umfjöllun)
13. mars	Opið hús (ekki umfjöllun)
27. mars	Opið hús (umfjöllun)
10. apríl	Opið hús (umfjöllun)
5. júní	Opið hús (ekki umfjöllun)
12. júní	Opið hús (umfjöllun)
19. júní	Opið hús (ekki umfjöllun)
26. júní	Opið hús (umfjöllun)
3. júlí	Opið hús (umfjöllun)
10. júlí	Opið hús (ekki umfjöllun)
24. júlí	Opið hús (umfjöllun)
31. júlí	Opið hús (umfjöllun)
7. ágúst	Opið hús (ekki umfjöllun)
14. ágúst	Opið hús (umfjöllun)
21. ágúst	Opið hús (umfjöllun)
28. ágúst	Opið hús (umfjöllun)
4. september	Opið hús (ekki umfjöllun)
11. september	Opið hús (ekki umfjöllun)
25. september	Opið hús (ekki umfjöllun)
2. október	Opið hús (ekki umfjöllun)
9. október	Opið hús (umfjöllun)
13. október	Opið hús (ekki umfjöllun)
30. október	Opið hús (umfjöllun)
6. nóvember	Opið hús (umfjöllun)
20. nóvember	Opið hús (umfjöllun)
4. desember	Opið hús (ekki umfjöllun)
18. desember	Opið hús (umfjöllun)
8. janúar	Opið hús (umfjöllun)
22. janúar	Opið hús (umfjöllun)
29. janúar	Opið hús (umfjöllun)

⁹ Stutt umfjöllun er aðeins um hluta af opnunarkvöldunum samanber upplýsingar í töflunni.

5.1.1 27. mars. Opið hús í Skeljanesi.

Félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi var opin fimmtudagskvöldið 27. mars.

Mikið var rætt um CQ DX WPX SSB keppnina sem verður um helgina 29.-30. mars, enda verða mörg TF kallmerki virk, þ.á.m. félagsstöð ÍRA, TF3W. Ennfremur var rætt um loftnet, C4FM VHF/UHF stöðvar, QSL kort og Logbook of The World (LoTW). Fram kom, að væntanlegri tengingu DMR endurvarpans TF3DMR, sem til stóð að tengja um páskana seinkar, þar sem ferð Erik Finskas, TF3EY (OH2LAK) til landsins frestast.

Þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA fyrir ljósmyndir og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga kaffi og taka fram meðlæti. Alls mættu 19 félagar í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.



Guðjón Már Gíslason TF3GMG.



Garðar Valberg Sveinsson TF8YY og Pier Albert Kaspersma TF1PA.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Þorvaldur Bjarnason TF3TB.



Jón E. Guðmundsson TF8KW,
Sveinn Goði Sveinsson TF3ID,
Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og
Garðar Valberg Sveinsson TF8YY.



5.1.2 10. mars. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðunni í Skeljanesi fimmtudaginn 10. mars.

Rætt var um fjarskiptin, m.a. á 6 metrum sem þegar eru byrjaðir að „lifna“ þetta vorið. Einnig var rætt um loftnet, m.a. mismunandi loftnet á VHF og UHF, en sumir félaganna hafa verið að gera tilraunir um endurvarpann á 145.650 MHz með drægni handstöðva sem hafa komið ótrúlega vel út. Einnig ræddu menn um skilyrðin á HF sem ekki hafa verið sérstaklega góð undanfarnar vikur.

Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL mætti á staðinn nýkominn úr löngu ferðalagi, m.a. til Kyrrahafslanda. Viðstaddir voru sammála um, að gaman væri að fara þess á leit við hann að mæta eitthvert fimmtudagskvöldið og segja okkur ferðasöguna, en hann hafði með sér HF stöð og loftnet og var QRV frá mörgum

Garðar Valberg Sveinsson TF8YY, Guðjón Már Gíslason Ríkhartur Þórsson, TF8RIX og Pír Albert Kaspersma T fjarlægum löndum.

Sérstakur erlendur gestur félagsins þetta kvöld var John R. Silva, N3AM frá Maryland í Bandaríkjunum. Hann hafði verið í sambandi við Óskar Sverrisson, TF3DC sem sótti hann á hótelið. John er mikill CW maður og var afar ánægður með aðstöðu



Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Mathías Hagvaag TF3MH og Kristján Benediktsson, TF3KB. Ljósmynd: TF3ES.



John N3AM í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Hann var mjög hrifinn af aðstöðunni í fjarskiptaherberginu; var reyndar smá tíma að átta sig á Icom 7610 stöðinni þar sem hann notar Elecraft K4 stöð heima í Maryland í Bandaríkjunum. Ljósmynd: TF3DC.

félagsins og loftnetakost félagsstöðvarinnar. Hann hafði meðferðis QSL kort til TF stöðva sem hann hafði haft samband við og raðaði í QSL hólfin með aðstoð Mathíasar, TF3MH QSL stjóra félagsins.

Þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID sem lagaði Lavazza kaffi og bar fram meðlæti. Alls mættu 20 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

5.1.3 12. júní. Opið hús í Skeljanesi.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi var opin fimmtudaginn 12. júní.



Pier Albert Kaspersma TF1PA og Guðjón Már Gíslason TF3GMG.



Eiður Kristinn Magnússon TF1EM, Alex Alex M. Senchurov, TF3UT, Guðmundur Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Sveinsson TF3SG og Mathías Hagvaag TF3MH.



Einar Kjartansson TF3EK og Björgvin Viglundsson TF3BOI.



Að venju voru málefni líðandi stundar á dagskrá, þar á meðal áhugamálið. Mikið var rætt um loftnet (enda er sumarið loftnetatími) og voru sumir á því að „gegnumbesta“ og ódýrasta loftnetið á HF væri 30 metra langur endafæddur vír. Einnig var rætt um stangarloftnet sem hefðu sína kosti á HF og mætti einnig smíða með tiltölulega litlum tilkostnaði.

Þá ræddu menn um skilyrðin á HF sem hafa verið frekar léleg undanfarnar vikur, þótt „birt“ hafi upp inn á milli. Sumir eru spenntir fyrir opnunum á 70 MHz, en 50 MHz bandið hefur verið að opnast [misvel] undanfarnar vikur. Til dæmis var mjög skemmtileg opnun á 6 metrum fyrstu dagana í júní þegar Suður-Ameríka opnaðist á bandinu og höfðu margar TF stöðvar sambönd við stöðvar í allt að 12 þúsund kílómetra fjarlægð, t.d. PY, LU og CE.

Þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga afbragðsgott kaffi og til Guðjóns Mús Gíslasonar, TF3GMG fyrir að færa í hús vandað „bakariisgúmmelaði“ sem menn kunnu vel að meta. Einnig þakkir til Einars Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir.

Félagsstöðin TF3IRA var virkjuð frá Skeljanesi á morsi á 20 metrum og hafði Alex, TF3UT fjölda sambanda í ágætum skilyrðum. Alls mættu 16 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta júníkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

5.1.4 26. júní. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudag 26. júní. 20 félagar og 1 gestur mættu á staðinn. Þar á meðal voru tveir félagar sem eru búsettir úti á landi, þeir Jón Óskar Ingvarsson, TF1JI sem býr nærri Skógum og Daggeir Pálsson, TF7DHP sem býr á Akureyri.



Mathías Hagvaag TF3MH, Finnur Tómasson TF1FT og Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ.



Einar Kjartansson TF3EK, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY og Jón Ingvar Óskarsson TF1JI.



Daggeir Pálsson TF7DHP og Guðjón Már Gíslason TF3GMG.



Sigmundur Karlsson TF3VE og Gísli Guðnason TF6MK.



Guðjón Már Gíslason TF3GMG og Sigurður Óskarsson TF2WIN.



Georg Kulp TF3GZ og Andrés Þórarinnsson TF1AM.



Wilhelm Sigurðsson TF3AWS



Gjöf TF7DHP til félagsins 26.6.2025.

Mikið var rætt um sumarleika félagsins sem eru rétt handan við hornið og verða haldnir 4.-6. júlí n.k. Fram kom m.a. hjá Hrafnkeli, TF8KY umsjónarmanni leikanna að hann stefni að því að kynna nýjan keppnisflokk í ár fyrir þá sem taka þátt og nota handstöðvar á 2 metrum og 70 sentímetrum (og endurvörpum). Aðspurður kvaðst hann gera ráð fyrir því að veittur verði sérstakur verðlaunagripur til þess sem nær bestum árangri. Keli áætlað að verða tilbúinn með nýjan leikjavef og allar upplýsingar um helgina.

Þá eru margir að huga að því að endurnýja tæki og búnað um þessar mundir, enda gengi dollars mjög hagstætt og komið niður undir 121 krónu samkvæmt meðalgengi Seðlabankans 27. júní. Evra og Pund hafa líka lækkað, en ekki eins og dollar. Sem dæmi, er ódýrasta 100W HF stöðin, Yaesu FT-891, komin í um 100 þúsund krónur með öllum gjöldum til landsins.

Menn ræddu einnig léleg skilyrði á HF undanfarnar vikur og að 6 metra bandið hafi verið opið á þriðjudag (24. júní) til Norðurlanda, niður í Evrópu allt til EA8 og Sahara. Margar TF stöðvar höfðu t.d. samband við SØ1WS í Vestur Sahara. D2UY í Angóla kom einnig inn, en í stuttan tíma en ekki er ljóst hvort einhverjir héðan náðu sambandi við hann. 4 metra bandið hefur hins vegar nánast ekkert opnast það sem af er.

Sérstakar þakkir til Daggeirs Pálssonar, TF7DHP sem færði félaginu 1m Channel Master gervihnattadisk. Sem og þakkir til Guðjóns Más Gíslasonar, TF3GMG fyrir að laga kaffi og taka til meðlæti og til Einars Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir.

5.1.5 3. júlí. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudag 3. júlí.

Mikið var rætt um sumarleika félagsins sem hefjast föstudag 4. júlí kl. 18:00. Fram kom m.a. að Sigurður R. Jakobsson, TF3CW mun virkja félagsstöðina TF3IRA í leikunum.

Ánægja er með nýja keppnisflokkinn í leikunum í ár, sem er fyrir þá sem taka þátt og nota handstöðvar á 2 metrum og 70 sentímetrum (og endurvörpum). Einnig eru menn mjög ánægðir með nýja leikjavefinn fyrir sumarleikana sem kominn er í loftið og þykir vel heppnaður; vefslóð: <http://leikar.ira.is>

Einnig var rætt um endurvarpana um landið sem Benedikt Guðnason, TF3TNT stendur fyrir rekstri á. M.a. kom fram, að fljótlega verður settur upp nýr Icom VHF endurvarpa fyrir TF5RPD sem er staðsettur í Vaðlaheiðinni, ásamt því að skipt verður um loftnet. Vonast er til að nýr búnaður nái góðri útbreiðslu.

Wilhelm Sigurðsson, TF3AWS sýndi mönnum tvö ný mælitæki sem hann var að kaupa. Annars vegar NanoVna SAA-2N VNA Antenna Analyzer fyrir mest 3GHz og hins vegar PORT XV NSA SA5 Spectrum Analyzer fyrir mest 5 GHz. Bæði tæki eru kínversk og fengust við góðu verði til landsins.

Sérstakar þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A sem færði félaginu jarðbindibúnað og tvö kross Yagi lofnet (ný og ónotuð) frá M2 sem vinna á UHF. Einnig þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga kaffi og taka til meðlæti og til Einars Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir.

Alls mættu 18 félagar og 1 gestur þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.



Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Jón Björnsson TF3PW.



Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Pier Albert Kaspersma TF1PA og Jón E. Guðmundsson TF8KW.



Pier Albert Kaspersma TF1PA, Jón E. Guðmundsson TF8KW, Einar Kjartansson TF3EK og Hrafnkell Eiríksson TF3HR.



Ríkhartður Þórsson TF8RIX og Mathías Hagvaag TF3MH.



Mynd af jarðbindibúnaði og tveimur kross Yagi loftnetum frá M² sem Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A færði félaginu þetta opnunarkvöld í Skeljanesi.



Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Benedikt Guðnason TF3TNT, Guðjón Egilsson TF3WO og Einar Kjartansson TF3EK. Ljósmyndir: Einar Sandoz TF3ES.

5.1.6 24. júlí. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudag 24. júlí.

Mikið var rætt um nýja CQ TF blaðið (3. tbl. 2025) sem kom út á rafrænu formi á heimasíðu ÍRA s.l. sunnudag (20. júlí); stórt blað, 64 blaðsíður. Fram kom að menn eru ánægðir með fjölbreytt efnisval. Einn viðstaddra sagði t.d. að „...hann hafi haft gaman af að lesa allar greinar sem birtust í blaðinu“!

Hrafnkell Eiríksson, TF3HR sýndi okkur QMX „Multi-band, multi-mode“ QRP móttökustöð frá QRP Labs. Tækið er 5 banda CW, Digi og SSB fjarskiptastöð með innbyggðu hljóðkorti. Hrafnkell keypti tækið ósamsett og notar heimasmiðaðan hljóðnema, en hefur mest notað það á morsi hingað til. Tækið hefur hlotið mjög góða dóma og kostar aðeins um 100 dollara á innkaupsverði. Hann sýnir okkur einnig NanoVna loftnetssjá.

Mikið var rætt um TF útileika félagsins sem haldnir verða um verslunarmannahelgina og Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður þeirra sagði „...að nú væru aðeins 9 dagar til stefnu“.

Margir verða á ferðinni um þessa helgi og ætla þá að taka þátt frá sumarþústöðum, hjólhýsum og úr tjöldum. Ástæða er til að hvetja sem flesta til að taka þátt.

Einnig eru menn áhugasamir um þátttöku í alþjóðlegu RSGB IOTA keppninni um helgina [27.-28. júlí]. Þetta er 24 klst. keppni þar þátttaka er í boði bæði á morsi og tali. Félagsstöðin TF3W verður í keppninni og mun Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkja stöðina. IOTA númerin fyrir Ísland eru þrjú, þ.e. EU-021 er fyrir landið, EU-071 fyrir Vestmannaeyjar og EU-168 fyrir aðrar eyjar við Ísland.

Heimir Kornráðsson, TF1EIN færði í hús Ameritron AL-811 RF magnara (sem er bilaður) og hann hugðist gefa einhverjum á staðnum sem hefði áhuga. Eftir að hafa rætt málið við félaganna, ákvað hann hins vegar að skynsamlegast væri að láta gera við magnarann svo hann kæmist í notkun. Félagið tekur að sér að láta gera við tækið sem síðan verður selt á því verði sem viðgerð kostar.

Sérstakar þakkir til Sergii Matlash, US5LB sem færði félaginu Radionette Kurier viðtæki og til Þorvaldar Bjarnasonar, TF3TB sem færði félaginu Yaesu FRG-7 viðtæki og Yaesu FC-902 loftnetsaðlögunarrás. Þessir hlutir verða í boði á næsta flóamarkaði félagsins.

Alls mættu 22 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.



Mathias Hagvaag TF3MH, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Pier Albert Kaspersma TF1PA, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Einar Kjartansson TF3EK og Finnur Tómasson TF1FT.



Hrafniell Eiríksson TF3HR sýndi QRP sendi-/móttökustöð frá QRP Labs. Aðrir á mynd: Einar Kjartansson TF3EK og Haukur Konráðsson TF3HK.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Haukur Konráðsson TF3HK.



Björgvin Viglundsson TF3BOI.



Þorvaldur Bjarnason TF3TB.




Ágúst Úlfar Sigurðsson TF3AU.



Heimir Konráðsson TF1EIN færði Ameritron AL-811 RF magnarann í hús.



Sergii Matlash, US5LB færði félaginu þetta Radionette Kurier viðtæki.



Pier Albert Kaspersma TF1PA prófar Icom IC-7300 stöð sína í fjarskiptaherbergi TF3IRA.

5.1.7 31 júlí. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 31. júlí.

Mikið var rætt um TF útileikana sem hefjast kl. 12 á hádegi á morgun (laugardag). Þegar þetta er skrifað [í hádegi á föstudag] voru 11 TF kallmerki skráð á leikjavefinn. Bæði Einar, TF3EK umsjónarmaður leikanna og Hrafnkell, TF8KY sem hannaði leikjavefinn voru á staðnum og svöruðu spurningum. Félagsstöðin TF3IRA verður virk í leikunum, en ekki fyrr en fyrir hádegið á sunnudag. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA mun virkja stöðina frá Skeljanesi.



Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Einar Kjartansson TF3EK, Pír Albert Kaspersma TF1PA, Einar Sandoz TF3ES, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Guðjón Már Gíslason TF3GMG og Mathías Hagvaag TF3MH (fyrir enda borðs).



Mathías Hagvaag TF3MH, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Einar Kjartansson TF3EK og Njáll H. Hilmarsson TF3NH.



Ársæll Óskarsson TF3AO, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Einar Stefánsson TF3EK og Jón Svavarsson TF3JON.



Ársæll Óskarsson TF3AO afhenti „Duplex“ síu fyrir TF3DMR sem hann færði félaginu að gjöf frá Enik Finskas TF3EY / OH2LAK en Sæli hitti Enik í Finnlandi á dögnum. Nýj endurvörpinn TF3DMR sést í bakgrunni.



Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA og Alex M. Senchurov, TF3UT.



Kristján Benediktsson TF3KB.



Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Guðjón Már Gíslason TF3GMT gera mælingar á heimasíðaðri loftnetsgildru TF3GMT yfir kaffinu.



Alex M. Senchurov TF3UT og Mathías Hagvaag TF3MH ræða málin í fjarskiptaherbergi TF3IRA.



Haukur Konráðsson TF3HK.



Guðjón Már Gíslason, TF3GMG og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID færðu til kælskápa félagsins í eldhúsinu til undirbúnings tiltekt á næstunni.

Nýja CQ TF blaðið (3. tbl.) sem kom út á heimasíðu félagsins á netinu 20. júlí s.l. lá frammi á prentuðu formi í félagsaðstöðunni og voru menn mikið að fletta blaðinu. Þetta er stórt blað 64 blaðsíður. Ánægja var með fjölbreytt efnið og eins og Sigurður Óskar Óskarsson, TF2WIN sagði: „Það er alltaf svo vandað efni í blaðinu“.

Ársæll Óskarsson, TF3AO mætti í Skeljanes og afhenti „Duplex“ síu fyrir endurvarpa félagsins, TF3DMR. Þetta er gjöf til félagsins frá Erik Finskas, TF3EY/OH2LAK, en Sæli hitti Erik í Finnlandi á dögunum. Þakkir til Sæla að hafa milligöngu um málið og þakkir til Eriks fyrir gjöfina. UHF endurvarpinn TF3DMR verður í framhaldi settur í loftið á næstunni.

Sveinn Goði, TF3ID og Guðjón Már, TF3GMT undirbjuggu tiltekt í eldhúsinu og færðu m.a. kæliskáp félagsins á nýjan stað. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, er aðgangur að skápnum allt annar og betri. Á dagskrár er (næstu daga) að halda áfram og ljúka tiltekt í eldhúsinu sem byrjað var á í haust. Sigurður Óskar, TF2WIN kom með heimasmiðaðan loftnetsspenni og sýndi mönnum. Hann kom einnig með mælitæki og mældi heimasmiðaða loftnetsgildru sem Guðjón Má, TF3GMG hafði smíðað. Alls mættu 25 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

5.1.8 14. ágúst. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 14. ágúst. Sérstakir gestir félagsins voru þau Bob Staar, LX1BS og XYL Eva. Hann færði okkur m.a. félagsfána Radio-amateurs du Luxembourg (RL), eintak af félagsblaði þeirra sem kemur út 4 sinnum á ári [eins og CQ TF] og félagsmerki RL. Bob fékk borðfána ÍRA afhentan og eintak af nýjasta tölublaði CQ TF til að taka með heim til Lúxemborgar.



Skipst á félagsfánum. Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA og Bob Staar LX1BS fulltrúi landsfélags radióamatöra í Lúxemborg. Með á mynd er Alex M. Senchurov, TF3UT. Ljósmynd: TF1PA.



Anna Henriksdóttir TF3VB og Eva XYL LX1BS í farskiptaherbergi TF3IRA.



Þórbjörn Adolfsen TF3DT, Einar Kjartansson TF3EK, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Pír Albert Kaspersma TF1PA, Bernhard M. Svavarsson TF3BS, Benedikt Sveinsson TF3T og Mathias Hagvaag TF3MH (fyrir enda borts).



Ári Þórólfur Jóhannesson TF1A, Jón Atli Magnússon TF2AC, Haukur Konráðsson TF3HK og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.



Einar Sandoz TF3ES og Pír Albert Kaspersma TF1PA forrita DMR handstöðvar.



Vilhjálmur I. Sigurjónsson TF3VS og Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN.



Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Bernhard M. Svavarsson TF3BS og Vilhelm Sigurðsson TF3AWS.



Þorvaldur Bjarnason TF3TB færði félaginu Yaesu FC-902 loftnetsaðfögunarrás.

Þau voru afar hrifin af aðstöðu ÍRA og fannst frábært að félagsaðstaðan væri opin 4 sinnum í mánuði, en félagarnir í Lúx hittast einu sinni í mánuði. Fram kom, að félagafjöldi RL er um 400 og eru flestir leyfishafar. Þess má geta að Bob er ungmennafulltrúi RL og á ennfremur sæti í neyðarfjarskiptanefnd félagsins.

Góð mæting var þetta fimmtudagskvöld og félagarnir á báðum hæðum. Félagsstöðin TF3IRA var sett í loftið, bæði á CW og SSB í góðum skilyrðum á 7 MHz og 14 MHz. Menn eru orðnir spenntir fyrir að fá endurvarpann TF3DMR í loftið og verður væntanlega unnið að því í næstu viku, en eftir er að leggja að honum tengingu frá netbeini og loftnet; allt annað er til staðar. Einnig kom til tals, að gott væri að fá stafræna endurvarpann TF3RPI (QRG 439.950) virkan á ný, sem nú er bilaður. TF3RPI hefur gátt yfir netið út í heim og notast við D-STAR fjarskipti.

Að venju var mikið rætt um skilyrðin á HF, fjarskiptastöðvar, loftnet og annan búnað. Hugur er í mönnum að drífa upp loftnet fyrir veturinn og sumir velta fyrir sér kaupum á nýrri HF stöð á meðan gengi dollars er hagstætt en gengi dollars samkvæmt Seðlabanka Íslands var 122,50 kr. í gær (14. ágúst).

Þakkir til Þorvaldar Bjarnasonar, TF3TB sem færði félaginu Yaesu FC-902 loftnetsaðlögunarrás sem verður í boði á næsta flóamarkaði félagsins. Ennfremur þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID og Guðjóns Más Gíslasonar, TF3GMT fyrir afbragðsgott kaffi og meðlæti. Alls mættu 28 félagar og 3 gestir í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

5.1.9 21. ágúst. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 21. ágúst.

Góðar umræður voru um heimasmiðuð loftnet, m.a. um deltur og fösun þeirra. Vísað var í greinar sem hafa birst í nýlegum CQ TF blöðum um þess háttar loftnet. Einnig var rætt um loftnet fyrir 6 metrana. Einn félagi okkar hefur t.d. nýlega smíðað tvíþól á því bandi (úr álstöngum) sem hann er með festan við 4 m. langt rör sem hann „rennir“ út frá svölunum [á fjölbýlishúsinu þar sem hann býr] þegar hann fer á bandið og sem kemur mjög vel út í DX. Snjöll lausn fyrir þá sem búa í fjölbýli, enda eru loftnet fyrir 50 MHz af meðfærilegri stærð.

Menn ræddu einnig um LoTW (Logbook of The World) og fram kom að skráning hjá ARRL er ókeypis, en verulega er til þæginda fyrir leyfishafa að skrá sig þar og uppfæra DX sambönd, enda meir en 60% af samböndum sem frá skráningu þar. Í fjarskiptaherbergi TF3IRA var rætt um APRS og fram kom mikil ánægja með uppfærslu Hrafnkels Eiríkssonar, TF3HR sem uppfærði búnað APRS stöðvari félagsins, TF3IRA-1 nýlega.

Töluvert var rætt um nýjar stöðvar, m.a. um nýju FlexRadio 8000 línuna og hún borin saman við nýju ICOM IC-7760 stöðina (en eintök af báðum þessum tækjum eru komin í notkun hér á landi). Einnig var rætt um nýju Aurora línuna frá FlexRadio, sem eru 500W stöðvar. Þetta kvöld var félagsstöðin TF3IRA QRV á morsi á 14 MHz bandinu í þokkalegum skilyrðum.

Þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir afbragðsgott kaffi og meðlæti. Alls mættu 22 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Gísli Guðnason TF6MK, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK, Einar Kjartansson TF3EK, Sigmundur Karlsson TF3VE, Pier Albert Kaspersma TF1PA, Jón E. Guðmundsson TF8KW og Mathias Hagvaag TF3MH (fyrir enda borðs).



Eiður K. Magnússon TF1EM, Sigurður Ó. Óskarsson TF2WIN og Hrafnkell Magnússon TF3HR.



Þorvaldur Bjarnson TF3TB og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.



Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA.



Ársæll Óskarsson TF3AO.



Finnur Tómasson TF1FT, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Heimir Konráðsson TF1EIN og Einar Sandoz TF3ES.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Finnur Tómasson TF3FT í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi.



Heimir Konráðsson TF1EIN og Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN.

Icom APRS stöð TF3IRA-1 er vinstra megin á mynd. Hægra megin er Yaesu 144 MHz/430 MHz stöð TF3IRA.



5.1.10 28. ágúst. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 28. ágúst.

Gengið var frá málum til undirbúnings þess að gera TF3DMR QRV og var nýi endurvarpinn settur í loftið kl. 20:45. Hann tengist í gegnum "Brandmeister". Sjá upplýsingar um tækið á þessari vefslóð: <https://brandmeister.network/?page=device&id=274002> Það voru þeir Jón Atli Magnússon, TF2AC; Pier Albert Kaspersma, TF1PA og Einar Sandoz, TF3ES sem voru í „aðalhlutverkum“ við tenginguna, en síðan voru við svo heppnir að Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A mætti á staðinn og veitti góð ráð.

Góðar umræður voru við stóra fundarborðið m.a. um heimasmiðar, þ.á.m. um smíði á aflgjöfum, loftnetum (á HF), loftnetsaðlögunarrásum og dagbókarforrit, m.a. „Log4OM“ vefslóð: <https://www.log4om.com/> Mikið var líka rætt um nýja DMR endurvarpann sem settur var í loftið þetta kvöld. Fram kom m.a. að félagið mun standa fyrir kynningu á DMR (Digital Mobile Radio), þ.e. hvaða búnað þarf til og hvernig kerfið er notað. Dagsetning verður kynnt í 4. hefti CQ TF sem kemur út 5. október n.k.

Sérstakar þakkir til TF1A, TF1PA, TF2AC og TF3ES fyrir að koma DMR verkefninu í höfn. Ennfremur þakkir til TF3ID og TF3JB sem byrjuðu að laga til í eldhúsinu í Skeljanesi. Ennfremur þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir afbragðsgott kaffi og vinarbrauðslengjuna frá Björnsbakaríi.

Alls mættu 22 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.



Mathías Hagvaag TF3MH, Sigurður Ó. Óskarsson TF2WIN, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Erling Guðnason TF3E, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Andrés Þórarinnsson TF1AM.



Nýir menn komnir að fundarborðinu. Mathías Hagvaag TF3MH, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Vilhelm Sigurðsson TF3AWS.



Pier Albert Kaspersma, Jón Atli Magnússon TF2AC og Einar Sandoz TF3ES í fjarskiptaherbergi TF3IRA að undirbúa tengingu TF3DMR.



Pier Albert Kaspersma TF1PA og Jón Atli Magnússon TF2AC undirbúa kapla fyrir TF3DMR.



TF3DMR gangsettur og menn lykla DMR handstöðvar. Jón Atli Magnússon TF2AC, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A (bak í myndavél), Einar Sandoz TF3ES og Pier Albert Kaspersma TF1PA.



Byrjað var á að laga til í eldhúsinu í Skeljanesi þetta fimmtudagskvöld og sést árangurinn á þessari mynd. Verkefninu er þó ekki lokið.



Fimm nýjar DXCC viðurkenningar félagsstöðvarinnar TF3IRA hafa verið rammaðar inn og voru fluttar í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld. Þær verða hengdar upp á vegg í fjarskiptaherberginu innan tíðar.

5.1.11 2. október. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 2. október.

Góðar umræður voru um m.a. um sendi-/móttökustöðvar á HF og VHF/UHF og tilheyrandi búnað, en gengi dollars er afar hagstætt um þessar mundir (um 120 kr. USD samkvæmt meðalgengi Seðlabanka Íslands). Einnig eru heimasíðar á fullu hjá mörgum, þ.á.m. smíði á aflgjöfum, loftnetum (á HF) og loftnetsaðlögunarrásum.



Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og Mathías Hagvaag TF3MH fylgjast með TF3GMG þegar hann prófar nýju stöðina.



Gísli Freyr Þorsteinsson (gestur), Einar Kjartansson TF3EK, Ársæll Óskarsson TF3AO og Heimir Konráðsson TF1EIN. Þess má geta að Gísli Freyr situr námskeið ÍRA til amatörprófs í Háskólanum í Reykjavík um þessar mundir.



Eiður K. Magnússon TF1EM og fjær: Mathías Hagvaag TF3MH, Þorvaldur Bjarnason TF3TB og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG.



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Gísli Freyr Þorsteinsson.

Ljósmyndir: Einar Sandoz TF3ES.

Mikið var rætt um nýja DMR endurvarpann (TF3DMR) sem settur var í loftið í Skeljanesi fyrir rúmum mánuði og menn eru almennt að prófa. Fram kom m.a., að félagið mun standa fyrir kynningu á DMR (Digital Mobile Radio) á fræðsludagskrá ÍRA í vetur, þ.e. hvaða búnað þarf til og hvernig kerfið er notað. Dagsetning verður kynnt í 4. hefti CQ TF sem kemur út í þessum mánuði (október).

Guðjón Már Gíslason, TF3GMG mætti með og sýndi nýja Hongkade 25W VHF/UHF stöð af gerðinni DM-9100 í Skeljanes. Stöðin er mjög fullkomin, er með innbyggt GPS og býður upp á 4FSK/FM, DMR og APRS tegundir mótunar. Auk þess að vinna á 2 metrum og 70 cm býður tækið upp á viðtöku á 64-108MHz og 113-135MHz.

Þakkar góðar til Einar Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir afbragðsgott kaffi og og meðlæti.

Alls mættu 15 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta haustkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

5.1.12 9. október. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 9. október. Að venju voru málefni líðandi stundar á dagskrá ásamt áhugamálinu, sem eðlilega var í fyrirrúmi.

Sveinn Goði Sveinsson TF3ID
Einar Sandoz TF3ES, Guðjón Már
Gíslason TF3GMT, Sigurður
Óskar Óskarsson TF2WIN, Jón
Atli Magnússon TF2AC, Einar
Kjartansson TF3EK, Sæmundur E.
Þorsteinsson TF3UA og Hans
Konrad Kristjánsson TF3FG.



Guðjón Már Gíslason TF3GMG, Benedikt Sveinsson TF3T, Sigurður Óskar
Óskarsson TF2WIN og Einar Kjartansson TF3EK skoða nýju stöðina frá Lab599.



Einar Kjartansson TF3EK kom með nýju Discovery TX-500 HF stöðina frá Lab599 í Skeljanes og sýndi mönnum. Stöðin vinnur á CW, SSB og DIGI á 160-6 m. og getur gefið út allt að 10W.



Jón Atli Magnússon TF2AC í fjarskiptaherbergi TF3IRA.



Gestur (sem er á námskeiði félagsins í HR) hlustar á
ícom IC-7300 stöðina í fjarskiptaherbergi TF3IRA.



Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN setti TF3IRA í loftið á
20 metrum SSB.



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID sýnir gesti
(sem er á námskeiði félagsins í HR)
samþykkja 2M/70CM handstöð.



Guðjón Már Gíslason TF3GMG og Jón Atli Magnússon TF2AC. Jón
Atli kom með heimasníðaðan refasendi fyrir 2 m. bandið og sýndi
mönnum í Skeljanesi (sjá grúa kassann).

Rætt var um skilyrðin á HF sem hafa batnað verulega að undanfögnu og hafa menn verið í góðum DX, t.d. á 10 m. um allan heim. Einnig var rætt um loftnet og fram kom, að Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH hafi t.d. verið að nota „Ham Stick“ bílloftnet á svölunum hjá sér og hefur náð ótrúlega góðum árangri í DX á 20 m. bandinu.

Jón Atli Magnússon, TF2AC mætti með og sýndi mönnum „refasendi“ á 2 m. bandinu. Hann notar sendishlutann í handstöð og smíðaði stillibúnað fyrir útsendingu á 10 mínútna fresti. Skammt er síðan annar leyfishafi, Gunnar B. Guðlaugsson, TF5NN smíðaði „refasendi“ á 70 cm. bandinu. Þess má geta, að fyrstu refaveiðarnar voru haldnar á vegum ÍRA í október 1964 á 80 metrum. Síðan, um árabíl tóku radióskátar verkefnið upp á sína arma, en allra síðustu ár hefur ekki verið virkni á þessu sviði.

Einar Kjartansson, TF3EK mætti með og sýndi mönnum nýja Discovery TX-500 HF stöð frá Lab599. Stöðin vinnur á CW, SSB og DIGI á 160-6 m. og getur gefið út allt að 10W. Afar verkleg stöð og skemmtilega hönnuð.

Þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir afbragðsgott kaffi og meðlæti og til Jóns Svavarssonar, TF3JON fyrir frábærar ljósmyndir.

Félagsstöðin TF3IRA var virkjuð þetta opnunarkvöld á SSB á 20 metrum og var Sigurður Óskar Óskarsson, TF2WIN á hljóðnemanum. Alls mættu 18 félagar og 2 gestir (sem eru á yfirstandandi námskeiði félagsins til amatörprófs í HR) í Skeljanesi þetta ágæta haustkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

5.1.13 6. nóvember. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 6. nóvember. Að venju voru málefni liðandi stundar á dagskrá ásamt áhugamálinu, sem eðlilega var í fyrirrúmi.

Rætt var m.a. um skilyrðin á HF sem hafa ekki verið sérstök að undanfögnu, þótt batnað hafi inn á milli. Einnig var rætt um loftnet, m.a. að tiltölulega ódýr einsbands bílloftnet (t.d. „Hamstick“) sem hafa má á svölum búi menn í blokk. Þessi loftnet eru ca. 2,30-2,40 metrar á hæð (eftir böndum).



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Einar Kjartansson TF3EK, Ríkhartur Þórrson TF8RD (að baki TF3EK), Mathías Hagvaag TF3MH, Guðjón Már Gíslason, TF3GMG og Pier Albert Kaspersma TF1PA.



Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Ársæll Óskarsson TF3AO og Benedikt Sveinsson TF3T.



Jón Atli Magnússon TF2AC, Einar Kjartansson TF3EK, Mathías Hagvaag TF3MH og Guðjón Már Gíslason TF3GMG.



Þorvaldur Bjarnason TF3TB og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.


Hrafnkell Eiríksson, TF3HR bauð væntanlegum nýjum leyfishöfum upp í fjarskiptaherbergi og fór yfir böndin með þeim. Jón Atli Magnússon, TF2AC sagði frá VHF refasendi sem hann hefur verið að smíða. Hann stefnir að því að skrifa grein í næsta CQ TF þar sem hann útskýrir verkefnið og segir frá smíðum, þ.m.t. vali á örtölvu og fl. Einar Kjartansson, TF3EK afhenti viðurkenningar til manna sem ekki gátu verið viðstaddir síðasta fimmtudag [til að taka á móti þeim].

Þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga frábært kaffi sem og til Einars Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir.

Alls mættu 20 félagar og 4 gestir í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í stilltu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

5.1.14 20. nóvember. Opið í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 20. nóvember.



Rætt var m.a. um skilyrðin á HF, sem hafa verið mjög góð að undanfögnu. Fram kom, að menn hafa verið að bæta við nýjum DXCC einingum á böndunum. Þá er áhugi er fyrir þátttöku í stærstu morskæpninni ársins, CQ World Wide DX CW keppninni sem fram fer helgina 29.-30. nóvember n.k. Góðar líkur eru til að félagsstöðin TF3W verði virkjuð í keppninni og er vonast er til að skilyrði verði hagstæð.

Jón Atli Magnússon, TF2AC afhenti Baofeng UV-5R mini VHF/UHF handstöðvarnar sem Hrafnkell Eiríksson, TF3HR annaðist hópinnkaup á fyrir nýja leyfishafa. Stöðvarnar fengust við góðu verði (Eur 25) og eru með 2/5W sendiafl á FM; með litaskjá, „Bluetooth“ o.fl. Þá mætti Wilhelm Sigurðsson, TF3AWS með ný kínversk mælitæki og sýndi viðstöddum.

Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjóri félagsins raðaði innkomnum kortum, en töluvert hefur nýlega borist af kortum frá QSL stofum hinna ýmsu landsfélaga.

Þakkir til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga frábært kaffi og taka til meðlæti sem og til þeirra Einars Sandoz, TF3ES og Kristján Benediktssonar, TF3KB fyrir ljósmyndir.

Alls mættu 20 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

5.1.15 4. desember. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 20. nóvember.

Hrafnkell Eiríksson, TF3HR kvaddi sér hljóðs og sagði frá því að hann hafi ákveðið að halda smá aðventuleik síðasta sunnudagskvöld (1. desember) sér og öðrum til skemmtunnar og til að búa til hvatningu fyrir nýliðana til að prófa betur stöðvarnar sínar og kynna fleiri hlíðum áhugamálsins. Hann sýndi hvaða búnað hann notaði (handstöð tengda við tölvu með svokölluðum AIOC kapli) og spilaði hljóddæmi fyrir viðstadda. Þá sýndi hann þær myndir sem hann fékk sendar frá alls 10 þátttakendum sagði frá því hvernig menn tóku á móti þeim.

Þá sýndi hann glæru með lista yfir þátttakendur og notaði svo hlutkesti á netinu til að velja 1 af 10 kallmerkjum til að velja einn úr „pottinum“. Sá heppni var Bjarni Freyr Þórðarson, TF4IR. Hann var ekki á staðnum og fær því konfekt-kassann sinn við annað tækifæri. Hrafnkell skoraði svo á viðstadda að taka þátt næsta sunnudagskvöld, þegar aðventukveðja nr. tvö verður send.

Njáll H. Hilmarsson, TF3NH mætti með „tækjahluta“ í nýjan HF 1kW RF magnara (sbr. ljósmynd) sem hann keypti hluti í frá DX World Electronics. Vefslóð: <https://www.dxworld-e.com/> Tækið sem hann er að smíða nefnist Zeus DX-1000 og er fyrir HF + og 6 metra. Vefslóð: <https://www.dxworld-e.com/copy-of-shipping-payment> Menn voru spenntir fyrir verkefninu og sýndu því mikinn áhuga.

Erlendur gestur okkar þetta fimmtudagskvöld var Brian Canning, EI8IU sem er búsettur í Aughnaglace, Cloone á norðvestur Írlandi. Hann og XYL voru hér í 4 daga heimsókn. Brian er QRV á Phone, CW og RTTY og var mjög hrifinn af aðstöðu ÍRA, þ.á.m. fjarskiptaherbergi.

Sérstakar þakkir fá Hrafnkell Eiríksson, TF3HR fyrir frábært frumkvæði, vel ígrundað og skemmtilegt; Njáll H. Hilmarsson, TF3NH fyrir að sýna okkur og segja frá „tækjahlutunum“ í RF magnarann; Svein Goði Sveinsson, TF3ID fyrir frábært kaffi og Einar Sandoz, TF3ES fyrir ljósmyndir.

Alls mættu 24 félagar og 2 gestir í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu og hægu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

Myndir frá opnunarkvöldi í félagsaðstöðu ÍRA
í Skeljanesi fimmtudag 4. desember 2025.
Ljósmyndir: TF3ES.



5.1.16 18. desember. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 18. desember.

Fimmtudagsfundurinn fór fram með miklum ágætum. Hann var vel sóttur eða um 25 manns á staðnum. Hrafnkell Eiríksson, TF3HR hóf leikinn með því að kynna til sögunnar þá sem leystu jólaþrautina á VHF af hendi, sem var afkóðun á SSTV sendingu, alls 3 skeyti.

Þessi tækniþraut var vel útbúin af hálfu Hrafnkels og auðleyst þeim sem lögðu á sig að grípa tæknina. Verðlaun voru í boði, og var dregið úr nöfnum þátttakenda. Vinningshafar voru Hermann Karl Björnsson, TF3KHB og Jón Atli Magnússon, TF2AC sem hlutu verðlaun fyrir aðra og þriðju þraut. Bjarni Freyr Þórðarson, TF4IR hafði fengið verðlaun fyrir fyrstu þraut sem voru afhent 4. desember. Var gerður góður rómur að þessari kynningu Hrafnkels.



Við langa fundarborð.



Hrafnkell TF3HR tilkynnir um vinningshafa í 2. og 3. adventuleikunum.



Hans Konrad Kristjánsson TF3FG og Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN.



Björn Bjarnason TF3OSO tekur á móti verðlaunum fyrir son sinn, Hermann Karl Björnsson TF3HKB í 2. adventuleiknum 7. desember 2025.



Þétt setið í stóra leðursófasettinu.



Bjarni Freyr Þórðarson TF4IR fékk verðlaunin í 1. adventuleiknum 30. nóvember 2025.



Jón Atli Magnússon TF2AC tekur á móti verðlaunum í 3. adventuleiknum 14. desember 2025.

Þá mætti Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH í félagsaðstöðuna og afhenti „Signal Stilk“ loftnet <https://signalstuff.com/products/st-bnc/> [fyrir VHF/UHF handstöðvar] sem hann flutti inn fyrir nýliðana sem höfðu áhuga. Þessi loftnet eru mikil framför yfir litlu loftnetin sem fylgdu með handstöðvunum sem keyptar voru saman og afhentar nýlega.

Þess má geta, að 4. adventuleikur TF3HR verður sendur út á morgun (sunnudag) á QRG 144.500 MHz kl. 20:00.

Svo var kaffi og gott spjall um heima og geima. Þökk sé Sveini Goða Sveinssyni, TF3ID fyrir að annast kaffiveitingar.

Þakkir til Hrafnkels Eiríkssonar, TF3HR fyrir að standa glæsilega að SSTV aðventuleikunum 2025. Sem þakkir og þakkir til Andrésar Þórarinssonar TF1AM og Kristjáns Benediktssonar, TF3KB fyrir ljósmyndir. Félagsaðstaðan verður næst opin fimmtudaginn 8. janúar 2026.

1.1.17 8. janúar 2026. Opið í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 8. janúar sem var fyrsti opnunardagur á nýju ári 2026.



Svipmyndir frá opunarkvöldi í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 8. janúar 2026. Myndir: TF3GZ.



Margt var til umræðu, m.a. góð skilyrði á HF að undanfögnu. Fram kom, að menn hafa verið að bæta við nýjum DXCC einingum á böndunum. Einnig var rætt um loftnet, m.a. mismunandi bílloftnet fyrir VHF/UHF tíðnisviðin. Voru nefnd í því sambandi loftnet frá Bingfu sem eru aðeins 15 cm. há og skila ótrúlega góðum árangri.

Einar Sandoz, TF3ES mætti með nýja bílstöð frá HamGeek, gerð PMR 171 sem er 20W SDR stöð og vinnur á HF/VHF/UHF. Stöðin hefur m.a. innbyggða loftnetsaðlögunarrás og m.fl.

Áhugaverð stöð á hagstæðu verði. Einnig mætti Jón Atli Magnússon, TF2AC með 100W RF magnara sem hann ætlar að nota við 10W FlexRadio HF stöð sem hann á.

Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjóri félagsins raðaði innkomnum kortum, en töluvert hefur borist af kortasendingum frá QSL stofum hinna ýmsu landsfélaga að undanfögnu. Þetta kvöld var síðasti skiladagur vegna áramótaútsendingar 2025/26 og barst þó nokkuð af kortum til útsendingar.

Þakkir góðar til „NN“ fyrir Skálatertuna sem líkaði vel og kláraðist. Þakkir einnig til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir ljósmyndir og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga frábært kaffi.

Alls mættu 20 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

5.1.18 og 5.1.19 22. og 29. janúar. Opið hús í Skeljanesi.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudagana 22. og 29. janúar.

Að vanda var margt til umræðu yfir kaffinu, enda er áhugamálið margþætt. Nú, þegar veðráttan hefur að mestu verið „vorleg“ það sem af er nýju ári og dag er tekið að lengja, eru menn farnir að hugsa sér til hreyfings hvað varðar uppsetningu loftneta. Margir velta fyrir sér stangarnetum, en eins m.a. kom fram, þarf gjarnan að staga þau, nema þegar um glertrefjastangir er að ræða.

Til samanburðar var bent á augljósa kosti þess að setja upp endafæddan vír/víra, eða jafnvel tvíþóla sé þess kostur. Hins vegar var jafnframt bent á, að stutt bílnet á HF böndunum sem hafa svalahandrið (úr leiðandi efni) sem mótvægi – geti komið ótrúlega vel út í DX ef aðstæður bjóða ekki upp á annað.

Margir velta jafnfram fyrir sér kaupum á tækjum og búnaði, enda ger engi dollars hagkvæmt eða um 120 kr. samkvæmt meðalgengi Seðlabanka. Evra hefur einnig farið lökkandi og stóð í 144,80 krónum 30. janúar.

Fimmtudaginn 29. janúar kom Hrafnkell Eiríksson, TF3HR síðan með á staðinn og sýndi mönnum heimasíða 3 staka Yagi handloftnet fyrir 2 metra bandið sem er einfalt og ódýrt. Áhugavert net með góðan ávinning sem getur gefið skemmtilega möguleika.

Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjóri félagsins raðaði innkomnum kortum, en töluvert hefur borist af sendingum frá QSL stofum landsfélaganna, enda áramótauppgjör hjá þeim eins og hjá okkar QSL stofu. Þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA og Georgs Kulp, TF3GZ fyrir ljósmyndir og til Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID fyrir að laga frábært kaffi og taka til meðlæti.

Mæting var ágæt bæði fimmtudagskvöldin eða á bilinu 20-26 félagar að meðtöldum gestum í mildu vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

**SVIPMYNDIR FRÁ OPNU HÚSI
Í SKELJANESI 22.1.2026**

Ljósmyndir: TF3GZ og TF3UA.



**SVIPMYNDIR FRÁ OPNU HÚSI
Í SKELJANESI 29.1.2026**

Ljósmyndir: TF3GZ.



5.1.20 Uppskeruhátíð í Skeljanesi 2025.

„Uppskeruhátíð“ ÍRA haustið 2025 fór fram í félagsaðstöðunni Skeljanesi fimmtudaginn 30. október. Til afhendingar voru viðurkenningaskjöl fyrir bestan árangur í fjarskiptaleikum félagsins á árinu; Vorleikum, Sumarleikum og TF útileikum.

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður setti dagskrána stundvíslega kl. 20:30 og bauð félagsmenn velkomna. Að því búnu fluttu þeir Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður TF útileikana og Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY umsjónarmaður vorleika og sumarleika stutt erindi með upplýsingum um hvern viðburð, m.a. um þátttöku og niðurstöður. Að því búnu tók varaformaður aftur við og hófust þá afhendingar viðurkenninga. Sérstakar þakkir til umsjónarmannanna Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY og Einars Kjartanssonar, TF3EK fyrir þeirra frábæra framlag. Ennfremur sérstakar þakkir til Andrésar Þórarinnssonar, TF1AM varaformanns fyrir að stjórna kvöldinu af röggsemi og húmor sem og fyrir frábærar myndir. Alls mættu 20 félagar í Skeljanes þetta ágæta haustkvöld í vesturbænum í Reykjavík.

VORLEIKAR ÍRA 2025 1. sæti 2. sæti 3. sæti	NAFN; KALLMERKI Georg Kulp, TF3GZ Jón Atli Magnússon, TF2AC Andrés Þórarinnsson, TF1AM	NIÐURSTAÐA; EFSTU 3 SÆTI 258.883 heildarpunktar 171.720 heildarpunktar 163.792 heildarpunktar
SUMARLEIKAR ÍRA 2025 1. sæti Almennu flokkur 2. sæti Almennur flokkur 3. sæti Almennur flokkur 1. sæti Handstöðvaflokkur 2. sæti Handstöðvaflokkur 3. sæti Handstöðvaflokkur	NAFN; KALLMERKI Andrés Þórarinnsson, TF1AM Georg Kulp, TF3GZ Pier Albert Kaspersma, TF1PA Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH Hrafnkell Eiríksson, TF3HR/P	NIÐURSTAÐA; EFSTU 3 SÆTI 150.176 heildarpunktar 94.472 heildarpunktar 52.234 heildarpunktar 24.041 heildarpunktar 3.904 heildarpunktar 1.507 heildarpunktar
TF ÚTILEIKAR ÍRA 2025 1. sæti 2. sæti 3. sæti	NAFN; KALLMERKI Einar Kjartansson, TF3EK Eiður K. Magnússon, TF1EM Kristján J. Gunnarsson, TF4WD	NIÐURSTAÐA; EFSTU 3 SÆTI 42.425 heildarpunktar 32.724 heildarpunktar 31.224 heildarpunktar



Viðstaddir verðlaunahafar í Vorleikum ÍRA 2025. Georg Kulp TF3GZ, Jón Atli Magnússon TF2AC, Andrés Þórarinnsson TF1AM, Sigmundur Karlsson TF3VE og Hrafnkell Sigurðsson TF8KY.



Viðstaddir verðlaunahafar í Sumarleikum ÍRA 2025. Andrés Þórarinnsson TF1AM, Georg Kulp TF3GZ, Sigmundur Karlsson TF3VE, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Ólafur Óskar Hauksson TF3OH og Hrafnkell Eiríksson TF3HR.



Viðstaddir verðlaunahafar í TF útileikum ÍRA 2025. Eiður K. Magnússon TF1EM og Einar Kjartansson TF3EK.



Fyrstu samböndin frá Surtsey.

Jón Atli Magnússon, TF2AC var QRV frá Surtsey fimmtudaginn 17. júlí 2025.

Hann var með 5 W. handstöð og náði góðu sambandi um endurvarpann í Bláfjöllum (145.650 MHz). Nokkrir höfðu síðan samband við hann beint á QRG 145.500 MHz, m.a. TF1JI og TF3JB og var hann S6 á mæli í Reykjavík.

Líklegt er að að þetta sé í fyrsta skipti sem haft er samband á tíðnum radióamatöra frá Surtsey. Eyjan hefur reitinn HP93QH.

UT5UDX, M0SDX, TA2ZF, UT0U, 5B4AMM og P3X?

Hvað hafa öll þessi kallmerki sameiginlegt. Jú, þau tilheyra öll sama mannum. Og hver er hann og hvað er svona merkilegt?

Maðurinn heitir Sergei Rebrov, og núna á föstudagskvöldið [10. október] stýrir hann landsliði Úkraínu í fótbolta (áður sagt í knattspyrnu) gegn okkar mönnum á Laugardalsvöllinum. Sjálfur hef ég haft fjöldann allan af keppnissamböndum við Sergei, við fljóta talningu sýnist mér þau vera 102. Það fyrsta árið 2001.

Eftir að okkar menn unnu Azerbaijan í leik hér í byrjun September, fékk ég þá flugu í höfuðið að það væri nú gaman að hitta Sergei, þegar ég sá fram á að Úkraínumenn kæmu hér til að spila í október. Dreif í að senda honum tölvupóst og stakk uppá heimsókn í Skeljanes ef hann sæi sér fært. Svaraði samdægurs og hafði áhuga á því.

Setti mig í samband við stjórn ÍRA og svo sem mátti búast við, fékk jákvæðar undirtektir. Í upphafi sagðist Sergei hafa tíma á fimmtudagskvöldið, 9. október, en stuttu áður en það var ákveðið endanlega, kom upp sú staða að hann taldi sig ekki geta komið, nema í beinu framhaldi eftir komu til landsins, það var á miðvikudagskvöldið.

Það var úr að, ég og Jón Gunnar TF3PPN, kæmum til með að hitta hann á hóteli liðsins, og fara svo í stutta stund í Skeljanes, sem við gerðum og áttum gott spjall í rúman hálf tíma þar, héldum við svo aftur uppá hótél og var hann þakklátur fyrir móttökur, og eins og við höfðum gaman af. Við afhentum Sergei borðfána félagsins, en þar sem stoppið var stutt og loftskilyrðin ekki sérlega góð varð ekki úr að hann færi “í loftið” frá klúbbstöðinni.

Sergei tekur þátt í allskyns keppnum, bæði á SSB, CW og RTTY. Á Kýpur er hann með ágætis loftnetabúg arð, og sagðist m.a. vera með 2 stk. Acom 2000A magnara. Þá sagði hann okkur frá ýmsum uppsetningum sem menn eru að nota við hinar og þessar keppnisstöðvar.

Að lokum hafði hann á orði að kona hans hafi talað um það væri nú gaman einhvern tíma að heimsækja Ísland, sagði ég honum að hann þyrfti þá að reyna að stíla það uppá að einhver keppni væri þá í gangi. Svárið sem ég fékk: “No, stop now Seli”, og hlegið á eftir.

Að lokum bað hann fyrir kveðjur til félagsmanna, og vonaðist til að heyra í fleiri TF stöðvum í keppnum. (Texti: Ársæll Óskarsson, TF3AO).

Þakkir til þeirra Sæla, TF3AO og Jóns Gunnars, TF3PPN fyrir að taka á móti Sergei í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.



6. Námskeið og próf til amatörleyfis

NÁMSKEIÐ ÍRA TIL AMATÖRPRÓFS OG PRÓF FST TIL AMATÖRLEYFIS.

6.1 NÁMSKEIÐ ÍRA TIL AMATÖRPRÓFS HAUSTIÐ 2025.

Námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2023 hófst 15. september og lauk 28. október. Félaginu bauðst afnot af kennslustofu tækni- og verkfræðideildar í Háskólanum í Reykjavík¹⁰ og var námskeiðið haldið í kennslustofu deildarinnar.



Námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2025 var haldið í Háskólanum í Reykjavík.

Upphaflega voru 26 þátttakandur skráðir í námskeiðið. Af þeim mættu 22 til kennslu. Þar af skráðu 21 sig til prófs. Skriflegt próf Fjarskiptastofu (FST) til amatörleyfis fór fram laugardaginn 1. nóvember í Háskólanum í Reykjavík. Prófið var skriflegt og í tveimur hlutum, raffræði og radiótækni og reglum og viðskiptum. Próftakar í prófinu um raffræði og radiótækni voru 20 og í prófinu um reglur og viðskipti voru 19. Alls náðu 19 árangri til amatörleyfis, þ.e. 14 til G-leyfis og 5 til N-leyfis. Árangur þeirra á prófunum, að lokinni yfirferð fulltrúa Fjarskiptastofu og Prófnefndar ÍRA, er til birtingar í stafrófsröð hér á eftir.

Að loknum prófunum höfðu eftirfarandi aðilar náð fullnægjandi árangri til leyfisveitingar og fengið úthlutað kallmerki hjá Fjarskiptastofu:

Ástvaldur Hjartarson, Reykjavík, G-leyfi – TF3ASH.
Bjarni Freyr Þórðarson, Hafnarfirði, G-leyfi – TF4IR.
Björn Bjarnason, Hafnarfirði, G-leyfi – TF3OSO.
Gísli Freyr Þorsteinsson, Reykjavík, N-leyfi – TF1TF.
Guðmundur Freyr Hallgrímsson, Akranesi, G-leyfi – TF2EE.
Gunnar Örn Vopnfjörð Þorsteinsson, Hafnarfirði, N-leyfi – TF4RT.
Hákon Víðir Haraldsson, Hafnarfirði, G-leyfi – TF1HV.
Hermann Karl Björnsson, Hafnarfirði, G-leyfi – TF3HKB.
Kristinn Fannar Pálsson, Reykjavík, G-leyfi – TF1KFP.
Markus Johannes Pluta, Reykjavík, G-leyfi – TF3MJP.
Ólafur Jón Thoroddsen, Reykjavík, G-leyfi – TF3KEX.
Páll Axel Sigurðsson, Reykjavík, G-leyfi – TF3PAS.
Páll Hlíðar Svavarsson, Kópavogi, G-leyfi – Kallmerki óúthlutað 7.2.2026.
Pétur Ásbjörnsson, Reykjavík, N-leyfi – TF1PQ.
Sigurjón Ingi Sölvason, Reykjanesbæ, N-leyfi – TF8YA.
Sveinbjörn Halldórsson, Reykjavík, G-leyfi – TF1SH.
Valgeir Rúnarsson, Garðabæ, G-leyfi – TF1VR.
Þröstur Ingi Antonsson, Garði, N-leyfi – TF1TX.
Ævar Gunnar Ævarsson, Seltjarnarnesi, G-leyfi TF1WLF.

¹⁰ ÍRA hefur boðist afnot af kennslustofu tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík vegna námskeiðahalds félagsins til amatörprófs allt frá árinu 2013. Undantekning var á tveggja ára tímabili á meðan faraldurinn herjaði. ÍRA bauðst á ný afnot af húsnæði HR eftir að öllum opinberum sóttvarnaaðgerðum vegna heimsfaraldurs COVID-19 var aflétt þann 25. febrúar 2022.

Námskeið ÍRA til amatörleysis haustið 2025.

Námskeið ÍRA til amatørprófs var sett í Háskólanum í Reykjavík, mánudaginn 15. september. Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður ÍRA setti námskeiðið kl. 18:30. Af 26 skráðum skráðum þátttakendum voru 22 viðstaddir.

Að þessu sinni var ákveðið að bjóða ekki upp á fjarnám yfir netið. Til að koma til móts við þá aðila sem eru búsettir úti á landi (eða erlendis) og ella myndu hafa notast við netið, var boðið upp á aðgang að myndbandsupptökum frá námskeiðinu 2023 – samhliða því að bjóða upp á öll námsgögn.



Andrés Þórarinnsson TF1AM, varaformaður ÍRA setur námskeiðið félagsins 15. september 2025 í HR. Ljósmynd: TF3GZ.



Mynd úr kennslustofu í HR 15. september 2025.

Þeir Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður og Jón Björnsson, TF3PW gjaldkeri leystu Jónas Bjarnason, TF3JB af sem umsjónarmenn námskeiðsins (vegna veikinda JB) og stóðu sig frábærlega vel. Andrés hefur mætt í byrjun hvernar kennsluviku (á mánudögum) og flutt stutta tölu og heyrt frá nemendum hvort þeir hafa spurningar og/eða athugasemdir. Ennfremur hefur Andrés sent pósta á nemendur og kennara, m.a. þegar skipulag námskeiðsins hefur breyst (t.d. þegar breytingar voru á kennurum á kennsludögum) Einnig sendi hann pósta á aðila þegar upplýsingar um námsefni vegna námskeiðsins var uppfært (innsetning námsefnis TF3KX

hafði t.d. gleymst). Loks var Andrés í sambandi við kennara til að afla upplýsinga frá þeim um tengingu námsefnis og yfirferðar á kennslukvöldum.

Kennarar á námskeiði ÍRA til amatörprófs haustið 2025.

Andrés Þórarinnsson, TF1AM (rafmagnsverkfræðingur).
Ágúst Ú. Sigurðsson, TF3AU (rafmagnstækni-fræðingur).
Hrafnkell Eiríksson, TF3HR (rafmagnsverkfræðingur).
Hörður Mar Tómason, TF3HM (rafmagnsverkfræðingur).
Kristinn Andersen, TF3KX (rafmagnsverkfræðingur).
Njáll H. Hilmarsson, TF3NH (hugbúnaðarverkfræðingur).
Óskar Sverrisson, TF3DC (viðskiptafræðingur).
Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA (rafmagnsverkfræðingur).
Yngvi Harðarson, TF3YH (hagfræðingur).



Svipmyndir úr prófi Fjarskiptastofu 1. nóvember. Myndir: Jón Svavarsson, TF3JON.



*Myndir úr prófi í
Háskólanum í
Reykjavík 1.
nóvember.*

*Sæmundur E.
Þorsteinsson
TF3UA
stjórnarmaður
ÍRA, Vilhjálmur E.
Sigurjónsson
TF3VS ritari
Prófnefndar ÍRA
og Kristinn
Andersen
TF3KX formaður
Prófnefndar ÍRA.*





Jón Atli Magnússon TF2AC, Hrafnkell Eiríksson, TF3HR og Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur Fjarskiptastofu og fulltrúi stofnunarinnar í prófinu. Þeir Jón Atli og Hrafnkell voru aðstoðarmenn Prófnefndar ÍRA á staðnum.

Prófnefndarmenn ÍRA á staðnum í prófi Fjarskiptastofu í HR voru þeir Kristinn Andersen, TF3KX formaður prófnefndar, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS ritari prófnefndar og Yngvi Harðarson, TF3Y.



Sérstakar þakkir fá þeir Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA; Hrafnkell Eiríksson, TF3HR; Georg Kulp, TF3GZ og Jón Atli Magnússon, TF2AC sem komu prófnefnd til aðstoðar, að ógleymdum fulltrúa Fjarskiptastofu, Bjarna Sigurðssyni og Jóni Svavarssyni, TF3JON ljósmyndara félagsins sem tók ljósmyndir.



Þátttakendur í prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 1. nóvember 2025. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

6.2 Skipulag námskeiðs ÍRA til amatörprófs 15. september til 28. október 2025.



Íslenskir radióamatörar, ÍRA

Námskeið til amatörprófs 15. september til 28. október 2025.

Haldið í Háskólanum í Reykjavík.

Kennsla fer fram mánu-, þriðju-, og miðvikudaga kl. 18:30-21:30.

Próf Fjarskiptastofu til amatörleysis fer fram í HR laugardag 1. nóvember.

(Uppfærsla dags. 24.9.2025/jb)

(Opplærsla dags. 24.9.2023)

VIKA 1			Kennsludagar 1, 2 og 3)
Mánudagur 15. september	DC-rásir, spennu, straumur og viðnám. Logmál Ohms. Afl, aflþol viðnáma. Raðtenging og hliðtenging viðnáma. Raðtenging og hliðtenging spennugjafa (rafhlaða).	Hörður M. (TF3HM)	
Þriðjudagur 16. september	Rafsvið. Þéttir; hvað ræður rýmd. Raðtenging og hliðtenging þétta. Helstu gerðir þétta, hverfipéttar. Segulsvið, span. Sjálfspan. Raðtenging og hliðtenging spólna. Riðspenna, tíðni og fasi. Toppildi og virka gildi sínus. Spennar, vindingahlutfall og spennu, straumur.	Hörður M. (TF3HM)	
Miðvikudagur 17. september	Dæmareikningur úr DC-rásun. Dæmareikningur um þétta (ekki þverviðnám). Dæmareikningur um spólur (ekki þverviðnám).	Njáll (TF3NH)	
VIKA 2			Kennsludagar 4, 5 og 6)
Mánudagur 22. september	Spenna og straumur í þétti (við sínussveiflu). Spenna og straumur í spólu (við sínussveiflu). 90° fasvik spennu og straums, á hvorn veg? Straumresónans við raðtengingu, lágt viðnám. Spennuresónans við hliðtengingu, hátt viðnám. Q og bandbreidd.	Kristinn (TF3KX)	
Þriðjudagur 23. september	Notkun reiknigráfs. Kvartskristall, helsta notkun. Dæmareikningur um þverviðnám og resónans.	Kristinn (TF3KX)	
Miðvikudagur 24. september	Lofnet. Straum- og spennumynstur rakið frá opnum enda. Lengdir sem gefa resónans, háviðnáms og lágvíðnáms. Lengdir sem gefa spankennt og rýmdarkennt tvinnviðnám. Val á fæðistað sem hentar sammiðjukapli, annars AUTO eða opin aðlögun. Hálfbylgjutvípóll, kvartbylgjustöng, 3 staka Yagi. Skautun og stefnuvirkni.	Hrafnkell (TF3HR)	
VIKA 3			(Kennsludagar 7, 8 og 9)
Mánudagur 29. september	Hálfleiðarar. Díóður, leiðnistefna P/N skeyta. NPN og PNP nórar, þekkja stýriskaut og hvernig snúa við veituspennu. Afriðun og mögnun. Flokkur A, B og C.	Ágúst (TF3AU)	
Þriðjudagur 30. september	Dæmatími um lofnet. Tíðni og bylgjulengd. LF, MF, HF, VHF og UHF. Helstu tíðnisvið amatöra. Jarðbylgja, kostur vaxandi bylgjulengdar. Stökkbylgja (sky wave), heppileg tíðni innanlands og fyrir DX. Dautt svæði (skip zone). Nöfn og röð jónhvolfslaga, D, E og F, hæð u.þ.b. Kritísk tíðni og MUF.	Hrafnkell (TF3HR)	
Miðvikudagur 1. október	Sveifluvakar, VFO, VXO, hlífistig (buffer), tíðnimargföldun. Knýstig, aflmagnari. Útgangssía, LP eða BP. Lykling (mors). Prófsendirinn.	Kristinn (TF3KX)	
VIKA 4			(Kennsludagar 10, 11 og 12)
Mánudagur 6. október	Fæðilínur. Bylgjuviðnám sem hlutfall spennu og straums í sömu bylgju. 50 Ω og 75 Ω kaplar og opin lina. Skermur jarðtengdur, jafnvæg lina og balun. Lauslegur samanburður á tapi, tap vex með SWR. Bylgja í báðar áttir veldur standbylgju. Standbylgja, spennu- og straummynstur (ekki bylgja), skilgreining SWR. SWR reiknað sem RL/ZO eða ZO/RL. Kvartbylgjuspennir. Aðlögun úti við lofnet eða inni við stöð, ATU.	Sæmundur (TF3UA)	
Þriðjudagur 7. október	Skynjun á móttökutíðni, TRF og „direct conversion“. Viðtæki með millitíðni. RF, LO, IF, BFO, AF, AGC. Prófvíðtækið.	Kristinn (TF3KX)	
Miðvikudagur 8. október	Truflanir. Yfirsveiflur, snikjusveiflur, RF-afturverkun frá lofneti. Yfirstýring tækis sem truflast LP-sía, HP-sía, rétt notkun við truflað tæki eða sendi. Samhátarstraumur og kæfing hans. Hindra RF straum út á húslagnir, einkum með LW (vir inn í hús). Rétt stilling mótnar og afls, mótnarskvettur og lykilmellir.	Sæmundur (TF3UA)	
VIKA 5			(Kennsludagar 13, 14 og 15)
Miðvikudagur 13. október	Sínus ein tíðni, bjögun og yfirsveiflur. Summu- og mismunartíðni við blöndun/mótun LSB, USB, DSB-SC. SSB með síuafærð. AM, umlykja, PEP.	Hrafnkell (TF3HR)	
Þriðjudagur 14. október	Bandbreidd mótaðs merkis. Umlykjubjögun, skvettur. Umlykjuskynjari og margfeldisskynjari. FM og PM. DSP.	Hrafnkell (TF3HR)	
Miðvikudagur 15. október	Dæmatími um fæðilínur og aðlögun. Dæmatími um truflanir.	Sæmundur (TF3UA)	

VIKA 6 (Kennsludagar 16, 17 og 18)		
Mánudagur 20. október	Dæmatími um prófviðtækið.	Yngvi (TF3Y)
Þriðjudagur 21. október	Dæmatími um prófsendi.	Yngvi (TF3Y)
Miðvikudagur 22. október	Öryggisatriði varðandi rafmagn. Snertihætta. Einangrun með spennu, varnarsmáspenna. Hlíðarjörð, tenging hennar í kló. Tvöföld einangrun í stað hlíðarjarðar, merki. Vör. Uppsetning loftneta. Sviðsstyrkur nærri loftnetum.	Andrés (TF3AM)
VIKA 7 (Kennsludagar 19 og 20)		
Mánudagur 27. október	Reglur og viðskipti	Óskar (TF3DC)
Þriðjudagur 28. október	Farið í eldri próf og upprifjun.	Sæmundur (TF3UA)
PRÓF FJARSKIPTASTOFU		
Laugardagur 1. nóvember	Próf Fjarskiptastofu í HR. Prófsýning síðar sama dag.	Kristinn (TF3KX)
ANNAD		
Laugardagur (í nóvember)	Farið í félagsaðstöðu ÍRA og fjarskiptaherbergi og loftnet skoðuð. Nemendur gera prufu-útsendingar undir kallmerki TF3IRA með stöðvarstjóra. Útfært síðar með dags. og tíma.	Jónas (TF3JB)

6.3 Vefslóðir á námsefni á námskeiði ÍRA til amatörprófs 2025.

VEFSLÓDIR Á NÁMSEFNI Á NÁMSKEIÐI ÍRA TIL AMATÖRPRÓFS 2025.

(3. útgáfa/25.10.2025/jb.)

A. SKIPULAG NÁMSKEIDS HAUSTID 2025.

<https://www.ira.is/wp-content/uploads/2025/08/2025.Skipulag-namskeids-IRA-til-amatorprofs.pdf>

B. EFNI TIL NIDURHALS Á SÍÐU PRÓFNEFNDAR ÍRA Á HEIMASÍÐU: <http://www.ira.is/profnefnd/>

(1) IRTS HAREC Amateur Radio station Licence Study Guide (4. útgáfa 2024).

https://www.irts.ie/downloads/IRTS_HAREC_Amateur_Station_Licence_Study_Guide.pdf

(2) Amatörpróf í rafræði og radiótækni. Prófnefnd ÍRA, 1. útg. + viðauki 2016.

<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/04/Amatorf-rafr-radlot-1-utg-m-vidauki-2016.pdf>

(3) Merki og mótun. Prófnefnd ÍRA, 3. útgáfa október 2019.

http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/01/MerkiMotun_3utg2019.pdf

(4) Hætta af rafmagni og varnir. TF3DX, tilraunaútáfa 2013.

<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/04/HaettaRafm2017.pdf>

(5) Samantekt á námsefni í reglum og viðskiptum. Prófnefnd ÍRA, TF3KX.

<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2022/02/17-2-2022-ReglugOgSamskipti.pdf>

(6) Loftnet og bylguútbreiðsla ásm. Sviðsstyrk nærri loftnetum – öryggismörk. Prófnefnd ÍRA, okt. 2019.

<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/12/Lobb2019okt.pdf>

(7) Reiknikunnátta og amatörpróf. Prófnefnd ÍRA, 9. febrúar 2016.

<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/04/ReiknaProfi.pdf>

C. KENNSLUEFNI, ANNAD Á HEIMASÍÐU ÍRA: <http://www.ira.is/namsefni/>

(1) Bylgjuútbreiðsla. Námskeið ÍRA til amatörprófs (minnispunktur). Námskeið ÍRA vor 2016. TF3DX.
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/04/Bylgju_2016.pdf

(2) Loftnet. Námskeið ÍRA til amatörprófs vor 2017. TF3DX.
<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/04/Lobb01.pdf>

(3) Afl og truflanir (endurprentun úr CQ TF). TF3DX.
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/03/afl_og_truflanir_vidbot-1.pdf

(4) Truflanir. Námskeið ÍRA til amatörprófs 4.4.2016. TF3UA.
<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2016/10/N%C3%A1mskei%C3%B0-til-amat%C3%B6rpr%C3%B3fs-truflanir-2016-1.pdf>

(5) Flutningslínur. Námskeið ÍRA til amatörprófs.v4. TF3UA
<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2016/10/Flutningslinur-%C3%8DRA-v4.pdf>

(6) Hvað er desibel? Námskeið ÍRA til amatörprófs. TF3GB/TF3JA.
<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/04/Hva%C3%B0-er-desibel-v1.pdf>

(7) Dæmabók ÍRA – Útgáfa 141 – TF3WZ tók saman.
Smellið fyrst á: <http://www.ira.is/namsefni/> og síðan smellið á til að opna: Dæmabók ÍRA – Útgáfa 141

(8) Prófsendir. Námskeið ÍRA til amatörprófs 2017. TF3HK.
<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/04/Pr%C3%B3fasendir.pdf>

(9) Prófvíðtæki. Námskeið ÍRA til amatörprófs. TF3HK.
<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/04/Pr%C3%B3favi%C3%B0t%C3%A6ki.pdf>

(10) Sveifluvakar. Námskeið ÍRA til amatörprófs. TF3HK.
<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/04/Sveifluvakar.pdf>

(11) Blandað efni. Námskeið ÍRA til amatörprófs. TF3HK.
<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2017/04/%C3%8Dtarefni-bland.pdf>

C.2 KENNSLUEFNI, ANNAD; viðbót 20.9.2025.

(1) Glærur um senda. TF3KX.
<https://www.ira.is/glaerur-um-senda-namskeid-2025-tf3kx/>

(2) Glærur um móttakara. TF3KX.
<https://www.ira.is/glaerur-um-mottakara-namskeid-2025-tf3kx/>

C.3 KENNSLUEFNI, ANNAD; viðbót 25.10.2025.

(1) Hætta af rafmagni og varnir. Sviðsstyrkur nærri loftnetum. Nokkur dæmi. TF1AM.
<https://www.ira.is/haetta-af-rafmagni-og-varnirsviðsstyrkur-naerri-loftnetum/>

D. ANNAD EFNI.

(1) Kynningarefni um amatör radió og ÍRA.
<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2021/12/Kynning-2022.pdf>

(2) Ávarpsefni til nýrra félagsmanna ÍRA.
http://www.ira.is/wp-content/uploads/2022/01/Avarp_2022.pdf

(3) Ársskýrsla ÍRA 2023/24; lögð fram á aðalfundi 10. mars 2024.
<https://www.ira.is/wp-content/uploads/2024/03/oka-Arsskyrsla-IRA-2024-12.3.2024.pdf>

(4) Félagsrit ÍRA, CQ TF, 3. tbl. 2025 (2. júlí 2025).
<https://www.ira.is/wp-content/uploads/2025/07/CQTF-2025-3.pdf>

6.4 PRÓFKRÖFUR ERU BUNDNAR Í REGLUGERÐ.

Úr reglugerð um starfsemi radióáhugamanna nr. 348 19. apríl 2004:

5. gr. Próf og prófkröfur.

Póst- og fjarskiptastofnun heldur próf fyrir radióáhugamenn að jafnaði að vori og hausti. Væntanlegir þátttakendur skulu tilkynna sig til Póst- og fjarskiptastofnunar annaðhvort skriflega eða með tölvupósti eigi síðar en viku fyrir próf en próf falla niður ef fyrirhuguð þátttaka réttlætir ekki að þau séu haldin. Póst- og fjarskiptastofnun getur falið samtökum radióáhugamanna að hafa umsjón með prófum og taka þátt í gerð prófgagna. Stofnunin getur einnig falið samtökum radióáhugamanna að annast próf enda sé tilnefndur ábyrgðarmaður af hálfu samtakanna. Samtök radióáhugamanna bera sjálf kostnað af þátttöku sinni í prófhaldi.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út ef þess er óskað prófskríteini sem eru í samræmi við tilmæli CEPT 61-02 (*Harmonised Amateur Radio Examination Certificate, HAREC*). Prófkröfur taka mið af sömu tilmælum eftir því sem við á og eru eftirfarandi:

a) N-próf:

1. Grunnatriði í rafmagns- og radiófræði.
2. Innlendar og alþjóðlegar reglur og aðferðir í viðskiptum.
3. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og reglugerð um radióáhugamenn.

b) G-próf:

1. Tækni:

Raf-, rafsegul- og radiófræði. Íhlutir. Rásir. Viðtæki. Sendar. Loftnet og sendilínur. Útbreiðsla rafsegulbylgna. Mælingar. Truflanir og truflanavernd. Öryggismál í sambandi við rafmagn.

2. Innlendar og alþjóðlegar reglur um viðskipti og aðferðir:

Stöfun með orðum. Q-skammstafanir. Skammstafanir sem eru notaðar í viðskiptum. Alþjóðleg neyðarmerki, neyðarköll og fjarskipti í náttúruhamförum. Kallmerki. Skipulag alþjóðlegru radióáhugamannasamtakanna (IARU) á tíðnisviðum radióáhugamanna.

3. Innlendar og alþjóðlegar reglur um þráðlaus fjarskipti áhugamanna:

Radióreglugerð ITU. Reglur CEPT. Innlend löggjöf, reglugerðir og leyfisskilyrði.

Fjarskiptastofa setur nánari reglur um efni til prófs í samræmi við tilmæli CEPT.

Próf skulu vera skrifleg en heimilt er að bregða út af því er aðstæður réttlæta. Póst- og fjarskiptastofnun skipar prófdómara nema samtökum radióáhugamanna hafi verið falið að annast próf.

6.5 HVERJIR GETA GENGIST UNDIR PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS Á ÍSLANDI?

Hér á landi geta útlandingar gengist undir próf til amatörleyfis hjá Fjarskiptastofnu til jafns við Íslendinga, þ.e. ekki er krafist íslensks ríkisborgararéttar svo fremi sem viðkomandi dvelji langdvölum hérlandis. Í fæstum þjóðlöndum setja stjórnvöld skorður hvað slíkt varðar, t.d. er töluvert um að Íslendingar hafi tekið próf af þessu tagi erlendis, m.a. í Bandaríkjunum (gjarnan þeir sem þar stunda nám).

Sömu kröfur eru gerðar til allra einstaklinga sem undirgangast próf stofnunarinnar hvað varðar þekkingu, burt séð frá líkamlegu ástandi, þ.m.t. fötun. Hins vegar er sérstakt tillit tekið til staðfestrar lesblindu og þá er í boði munnlegt próf. Allir próftakar eiga kost á að fá prófverkefni stækkað í A3 og/eða fá annan lit en hvítan á prófgögn sé þess óskað með nægum fyrirvara.

Próf til amatörleyfis er lagt fyrir á íslensku en örsjaldan hefur prófið jafnframt verið þýtt á ensku. Munnleg próf eru aðeins haldin ef próftaki framvísar vottorði frá viðurkenndum sérfræðingi um að lesblinda hans sé á því stigi að það geti hamlað próftöku að verulegu marki.

Skráning í próf til amatörleyfis er opin fyrir alla, burtséð frá því hvort einstaklingur hefur setið námskeið félagsins eða ekki.

Á námskeiðum félagsins sem eru í boði til undirbúnings prófs til amatörleyfis, er námsefnið ýmist á ensku eða íslensku. Námskeiðsgjald er 22.500 krónur og er innifalin í þeirri fjárhæð kennsla, allt námsefni (útprentað) og árs félagsaðild að ÍRA. Skráning í próf fer fram hjá Fjarskiptastofu og er án gjaldtöku.

Tilmæli CEPT er varða aðgang fatlaðra að prófum fyrir radióamatöra voru samþykkt 14. október 2014; ECC „*Amateur Radio Licence Examinations for Persons with Disabilities*“. Tilmælin má kalla fram á vefslóðinni: <https://docdb.cept.org/download/c5bb7f24-3007/REC1405.PDF>

6.6 FRAMKVÆMD MUNNLEGRA PRÓFA.

Framkvæmd munnlegs prófs til amatörleyfis fer fram samkvæmt ákveðnum vinnureglum. Þær eru eftirfarandi:

1. Þrír menn annist prófið, tveir frá Prófnefnd ÍRA og prófdómari frá Fjarskiptastofu. Annar prófnefndarmanna einbeittir sér að samskiptum við próftaka en hinir tveir gefi einkunn hvor í sínu lagi fyrir hvern lið, á bilinu 0,0 - 1,0 með upplausninni 0,1. Hvor um sig hafi eintak af prófinu með réttum svörum við höndina.
2. Æskilegt er að þeir sitji ekki andspænis próftaka, svo nærvera þeirra og athafnir dreifi athygli hans sem minnst. Þeir geta þó í hófi lagt til málanna ef þess gerist þörf, en aldrei skulu prófendur ræða mat sitt svo próftaki heyri. Þó er spyrjanda heimilt að láta í ljós við próftaka staðfestingu á velgengni þegar við á.
3. Að prófun lokinni beri þeir tveir sem skráðu einkunn fyrir hvern lið saman bækur sínar, skoða skriflega úrlausn að því marki sem hún liggur fyrir og geta ráðfært sig við spyrjandann. Náist ekki samstaða um einkunn skal meðaltal af tillögum hvors um sig gilda.
4. Munnlega prófið fari fram þegar skriflega prófið er haldið, má gjarnan byrja fyrir svo því sé lokið í tæka tíð. Nauðsynlegt er að gefa sér góðan tíma, ríflegri en fyrir skriflega prófið ef þess gerist þörf.
5. Prófa skal úr öllum liðum skriflega prófsins. Próftaki fái skriflegu spurningarnar eins og hann kærir sig um, að öðru leyti verði leitast við að koma efni þeirra til skila munnlega og, eftir atvikum, með myndrænum hætti. Próftaka standa sömu leiðir til boða til að koma svörum sínum á framfæri. Nota skal töflu og túss eftir atvikum og óskum próftaka.
6. Prófanda ber að krefja próftaka svars við öllum liðum og skal hjálpa honum að henda reiður á hvaða svör eru í boði við fjölvalsspurningum. Taka má tillit til óska próftaka um röð spurninga, og geyma sumar til annarrar yfirferðar sé þess óskað.
7. Ef próftaki á í erfðleikum með að skilja spurningu eins og hún er fram sett, má leita eftir skilningi á efni hennar í áföngum eða með öðrum spurningum um sama efni. Einkunnargjöf fyrir slíka spurningu taki þá mið af þeirri hjálp sem þetta er talið veita.

6.7 FYRIRKOMULAG EF PRÓFTAKI GLÍMIR VIÐ LESBLINDU.

Leiðbeiningar um fyrirkomulag vegna próftöku þegar einstaklingur glímir við skrifblindu (lesblindu) og hefur hug á að sitja próf til amatörleyfis hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

1. Sækja þarf um munnlegt próf til Fjarskiptastofu sem er hinn raunverulegi prófhaldari.
2. Farskiptastofa hefur farið fram á eftirfarandi: „...fá vottorð frá sérfræðingi í lesblindu og þá sérstaklega með tilliti til fyrirhugaðs prófs radióáhugamanna“.
3. Í sama bréfi frá Fjarskiptastofu: „...og þá var leitað til Lestrarseturs Rannveigar Lund, vefslóð: <http://www.lrl.is/> FST leggur til að haft verði samband við hana, því hún þekkir hvers konar próf við erum að tala um.
4. Í maí 2013 svaraði Rannveig Lund eftirgrennslan Prófnefndar ÍRA þannig: „Bentu þessum manni (á) að hafa samband. Kostnaður verður kr. 8.500“. Við getum endurnýjað þessa málaleitan og kannað hvert verðtilboðið væri nú.
5. Í upphafi, árið 2006, fékk Rannveig góða greinargerð um hvað fælist í prófum fyrir radióamatöra. Hún sendi prófnefnd þá líka ýmsar leiðbeiningar sem varða gögn fyrir lesblinda. Í eftirgrennslan til hennar 2013 frá prófnefnd sagði meðal annars:
"Mótaðar voru framgangsreglur um munnlegt próf, þar sem prófandinn gefur ekki sjálfur einkunn, heldur sitt hvor prófdómariinn frá Fjarskiptastofu og félaginu Íslenskir radióamatörar. Þeir láta lítið á sér bera. Þetta er gert til að draga úr streitu í samskiptum próftaka og prófanda. Prófverkefnið er það sama og hjá þeim sem taka skriflega prófið um leið, en próftaki ræður að hvaða marki hann notast við skriflegan þátt og munnlegan. Tafla og túss eru til reiðu. Einnig er ávallt hægt að fá prófverkefnið stækkað í A3 og verða við ósk um annan lit en hvítan á pappír. Nokkrir hafa þegið þessi ráð með góðum árangri án þess að ráðist sé í munnlegt próf“.
6. Þau skipti sem prófað hefur verið munnlega, var fylgt tillögum um framkvæmd sem prófnefnd gerði fyrst árið 2006 og nú síðast 5. júní 2021.



Háskókanum í Reykjavík 1. nóvember. Beðið þess að próf Fjarskiptastofu hefjist. Ljósmynd: TF3JON.

7. TF útileikar ÍRA 2025

TF ÚTILEIKAR: 1,8 – 3,5 – 5,3 – 7 MHz.

TF útileikar hafa verið haldnir um verslunarmannahelgi síðan 1979. Í upphafi var markmiði þeirra lýst svo: „Tilgangur þeirra er að örva áhuga og hæfni íslenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlega stöðva við sambönd, innanlands“. Líkt og undanfarin þrjú sumur þá var veður frekar óhagstætt, sérstaklega suðvestanlands. Þó voru að minnsta kosti fimm þátttakendur sem notuðu færanlegar stöðvar en aðeins tveir fengu margfaldara fyrir að senda frá fleiri en einum reit. Meðaltal margfaldara var aðeins 3,25, það er næst lægsta gildi síðan 2017, sem var fyrsta árið sem margfaldarar voru reiknaðir út frá fjölda Maidenhead reita.

Taflan sýnir árangur þátttakenda í TF útileikunum 2025.

SÆTI	KALLMERKI	QSO FJ.	QSO PUNKTAR	MARGF.	STIG ALLS	MEDALFJARLÆGD, KM
1.	TF3EK	22	8487	5	42.425	285
2.	TF1EM	71	10908	3	32.724	53
3.	TF4WD	33	10408	3	31.224	215
4.	TF1AM	59	7961	3	23.883	34
5.	TF8KY	30	5962	4	23.848	98
6.	TF3IRA	39	6118	3	18.354	56
7.	TF3DC	38	5315	3	15.945	39
8.	TF3E	28	4271	3	12.813	52
9.	TF1FT	9	3476	3	10.428	286
10.	TF1PA	17	2411	3	7.233	41
11.	TF3HR	15	1852	3	5.556	23
12.	TF3VE	17	1851	3	5.553	8

Taflan sýnir yfirlit yfir virkni í TF útileikum síðan núverandi fyrirkomulag var tekið upp.

ÁR	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Fjöldi dagbóka	12	10	11	14	13	15	15	11	12
Færslur í dagbókum (QSO)	122	125	130	302	233	578	804	782	379
Meðal margfaldari	3,23	3,53	3,58	4,33	3,69	3,40	3,40	3,82	3,25
Þátttakandi með flest stig	TF2LL	TF2LL	TF8KY	TF1OL	TF1AM	TF8KY	TF8KY		TF3EK

Ólíkt tvennum síðustu útileikum, þá voru segulstormar ekki til vandræða og skilyrði voru góð seinni hluta helgarinnar. Síðasliðinn vetur var nokkuð talað um að færa TF útileika frá verslunarmannahelginni. Skilyrði til fjarskipta milli landshluta eru betri í dagsbirtu, sterkara D lag minnkar QRM frá erlendum stöðvum og sterkari F lög endurkasta betur bylgjum sem eru nærri því að vera lóðréttar. Það má því búast við betri skilyrðum á HF fyrr á sumrinu, t.d. seinni partinn í júní.



Mögulegt er að virkja 23 reiti alls í TF útileikunum.

Reglur breyttust lítilega frá því sem áður var, í tengslum við að nú var notaður hugbúnaður sem TF8KY hefur þróað fyrir VHF leika, til að skila dagbókum. Nú voru aðeins reiknuð stig

fyrir staðfest sambönd og í stað þess að skiptast á tíðni í kHz, þá var valið band. Það er til skoðunar að halda áfram að þróa hugbúnað fyrir leikana, m.a. til að auðvelda notkun farsíma og gefa betri yfirsýni yfir virkni á öllum böndum. Sérstakar þakkir til Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY fyrir að útbúa leikjavefinn fyrir TF útileikana 2025.

*Þakkir til félagsmanna fyrir þátttökuna,
Einar Kjartansson, TF3EK
Umsjónarmaður*

Svipmyndir úr TF útileikunum 2025

TF1FT er hér staddur á Melrakkasléttu milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar. Hann notaði eins bands net á 80 og 160 m, en Yaesu ATAS 120A á 40 m og Yaesu FT-710 sendi-/móttökustöð í TF útileikunum. Ljósmynd: TF1FT



Loftnet TF8KY komið í fulla hæð. Ljósmynd: TF8KY.



Fæðingin á stangarneti TF8KY. Mynd: TF8KY.



TF3E notaði Diamond RHM-12 HF/VHF/UHF billoftnet og Yaesu FT-991A sendi-/móttökustöð í TF útileikunum. Ljósmynd: TF3E.



TF1EM notaði DX Commander stangarloftnet frá heimastöð í TF útileikunum. Ljósmynd: TF1EM



TF3EK á austanverðum
Breiðamerkursandi.
Ljósmynd TF3EK.

Meðfylgjandi eru skemmtilegar myndir af
búnaði Hrafnkels Eiríkssonar, TF3HR í
útileikunum en hann var /P og QRV úr
Fossvogi í Reykjavík.
Hrafnkell notaði heimasmiðaðan
hljóðnema í útileikunum sem kom vel út.



CW/SSB QRP stöð frá QRP LABS með ZM-2 ATM aðlögunarrás
frá EMTEC. Einnig á mynd eru GSM sími og mörspöllur (rauðar
á lit). Ljósmynd: TF3HR.



Loftnet TF3HR í útileikunum var útdraganleg glertrefjastöng sem strengt var á "V-á-hvolfi". Á myndinni er Hrafnkell búinn að færa
loftnetið niður í fjöru í Fossvoginum.

DXCC STAÐA TF KALLMERKJA.

Uppfærsla DXCC stöðu TF kallmerkja er sett fram reglulega á heimasíðu ÍRA. Hér er sýnd staðan m.v. 20. janúar 2026. Að þessu sinni hefur staða fjögurra kallmerkja verið uppfærð frá fyrri lista, þ.e. TF1OL, TF3G, TF3JB og TF3T. Samtals er um að ræða 19 uppfærslur frá 14. desember s.l.

Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL kemur nýr inn á DXCC listann með 2 DXCC viðurkenningar, þ.e. MIXED og RTTY/DIGITAL. Glæsilegur árangur; hamingjuóskir til Ólafs!

Gísli G. Ófeigsson, TF3G kemur inn með tvær nýjar DXCC viðurkenningar. Annars vegar DXCC á 12 metrum og hins vegar á 30 metrum. Glæsilegur árangur; hann er nú handhafi alls 10 DXCC viðurkenninga; hamingjuóskir til Gísla.

20 TF kallmerki eru í dag með virka skráningu, en alls hafa [a.m.k.] 28 íslensk kallmerki sótt um og fengið DXCC viðurkenningar til þessa dags.

Hamingjuóskir til viðkomandi.

DXCC SKRÁNING TF KALLMERKJA

Kallmerki með virka skráningu á DXCC lista ARRL 20. janúar 2026; yfirlitsblað.¹⁾



DXCC MIXED	DXCC 80 METRAR	DXCC 15 METRAR	DXCC MIXED, ÓVIRK
344 TF3Y	242 TF3SG	229 TF3VS	349 ^{a)} TF3SV (TF5SV/TF3C)
326 TF3DC	138 TF4M	219 TF5B	226 TF3IM
324 TF4M	117 TF3DT	215 TF8GX	106 TF2WLC
309 TF8GX	110 TF1A	195 TF2LL	--- TF3AR
298 TF5B	109 TF3JB	186 TF4M	--- TF3EA
287 TF2LL	108 TF3T	179 TF3T	(#412; 8.3.1949; 110)
284 TF3SG	102 TF3VS	178 TF3IRA	--- TF3SF
278 ⁽²⁷⁷⁾ TF3JB	101 TF3IRA	171 ⁽¹⁶⁹⁾ TF3JB	--- TF3ZM
269 TF3VS		145 TF1A	--- TF5TP
237 TF3IRA	DXCC 40 METRAR	134 ⁽¹³³⁾ TF3G	
215 ⁽²¹²⁾ TF3G	227 TF3SG	116 TF3DT	^{a)} Óvirk skráning á DXCC ¹⁾
195 TF1A	194 TF4M	114 TF1EIN	HONOR ROLL - MIXED
191 TF1DT	179 TF2LL	112 TF3MH	DXCC 6 METRAR
177 TF3MH	173 TF5B	103 TF1AM	(Enginn TF leyfshafi er handhafi)
173 TF1EIN	172 TF3VS		
172 ^(nýr) TF1OL	139 TF3IRA	DXCC 12 METRAR	
161 TF1AM	133 TF3DT	207 TF3DC	DXCC 2 METRAR
145 TF3EO	131 ⁽¹³⁰⁾ TF3T	185 ⁽¹⁸²⁾ TF3JB	(Enginn TF leyfshafi er handhafi)
116 TF3EK	130 TF8GX	180 TF3VS	
	128 TF3JB	149 TF3Y	DXCC 70 CM
	117 TF1A	146 TF4M	(Enginn TF leyfshafi er handhafi)
	113 TF1AM	144 TF5B	
DXCC PHONE	DXCC 30 METRAR	128 TF3MH	
290 TF8GX	196 TF3DC	110 TF8GX	
283 TF5B	196 ⁽¹⁹⁵⁾ TF3JB	109 TF1A	
247 TF3T	179 TF4M	104 ^(nýr) TF3G	
238 TF4M	178 TF3VS		DXCC 10 METRAR
198 TF3IRA	170 TF3Y	216 TF3DC	
184 TF3JB	165 TF5B	200 TF3VS	
168 TF3SG	123 TF1A	187 TF8GX	
147 TF1A	115 TF3DT	167 TF3IRA	
140 TF3DT	115 ^(nýr) TF3G	159 TF3T	
134 TF3VS	107 TF3MH	158 TF2LL	
133 TF3G		155 ⁽¹⁵³⁾ TF3JB	
123 TF1AM		155 TF5B	
DXCC CW	DXCC 20 METRAR	153 TF4M	
325 TF3Y	279 TF5B	128 TF1A	
316 TF3DC	275 TF8GX	127 TF3MH	
314 TF4M	262 TF4M	118 ⁽¹¹⁷⁾ TF3G	
277 TF3SG	257 ⁽²⁵⁶⁾ TF3JB		DXCC CHALLENGE
242 TF3JB	254 TF2LL	1766 TF3DC	
239 TF8GX	222 TF3VS	1661 TF4M	
212 TF3IRA	203 TF3IRA	1560 ⁽¹⁵⁴⁸⁾ TF3JB	
182 TF3VS	185 TF3G	1554 TF3VS	
144 TF3EO	182 TF3T	1443 TF3Y	
143 ⁽¹⁴²⁾ TF3G	151 TF1AM	1394 TF5B	
116 TF1AM	147 TF1A	1356 TF3SG	
DXCC RTTY/DIGITAL	144 TF3DT	1313 TF8GX	
259 TF3VS	120 TF3MH	1169 TF2LL	
244 ⁽²⁴²⁾ TF3JB	113 TF1EIN	1140 TF1A	
229 TF5B	103 TF3EO	1023 TF3T	
181 TF1A			DXCC HONOR ROLL-MIXED
177 ⁽¹⁷²⁾ TF3G	DXCC 17 METRAR	344 TF3Y	
175 TF3MH	242 TF3DC		5BDXCC
174 TF3DC	229 TF3VS	TF1A +17, 12 og 30m.	
172 ^(nýr) TF1OL	218 ⁽²¹⁵⁾ TF3JB	TF3DC +12, 17 og 30m.	
168 TF3DT	200 TF3Y	TF3JB +12, 17 og 30m.	
165 TF1EIN	177 TF5B	TF3Y +12, 17 og 30m.	
150 TF3Y	162 TF4M	TF3VS +12, 17 og 30m.	
131 TF1AM	156 TF2LL	TF4M +12, 17, 30 og 160m.	
124 TF4M	143 TF3G		
116 TF3IRA	132 TF1A		
114 TF3EK	132 TF8GX		
DXCC SATELLITE	126 TF1EIN		
116 TF1A	112 TF3MH		
DXCC 160 METRAR	108 TF3DT		
246 TF4M			
175 TF3SG			

¹⁾ Virk skráning: Miðað er við að uppfærsla kallmerkis hafi verið gerð eftir 1. janúar 1994.

(TF3JB 20.1.2026).

8. Vorleikar ÍRA 2025

PÁSKALEIKAR: 3.5 – 50 – 70 – 144 – 430 – 1200 MHz.

Vorleikar ÍRA 2025 fóru fram helgina 2.-4. maí. Þetta var fyrsta árið sem þeir fóru fram undir því nafni, en ákveðið var að færa dagsetningu leikanna og breyta nafni viðburðarins úr Páskaleikum í Vorleika frá og með 2025. Að meðtöldum leikum undir fyrra nafni, voru þetta 8. leikarnir frá upphafi, en viðburðurinn var fyrst haldinn árið 2018. Þátttaka var með ágætum og í raun með því mesta sem verið hefur frá upphafi. Gögn voru sendi inn fyrir 24 kallmerki og fjöldi sambanda var 908 sem er met frá upphafi, þó sumarleikar séu meðtaldir. Kynning fyrir leikana fór fram á fésbókarsíðum og heimasíðu ÍRA. Þátttakendur voru víðförlir og nýliðar virkir. Sambönd voru höfð víða um land og margir reitir virkjaðir. Alls voru 55 6-stafa reitir virkjaðir sem er met frá upphafi. Veðrið var gott, hlýtt, smá gola og víða sólríkt.



4-stafa reitir sem voru virkjaðir 2025 eru merktir með grænu V-merki.

HP74XV	HP84QB	HP93LU	HP94CF
HP75UM	HP84ST	HP93NW	HP94DD
HP83RW	HP84XA	HP93PT	HP94DE
HP83SX	HP84XB	HP93RX	HP94EQ
HP83TX	HP84XH	HP94AA	HP94IL
HP84AV	HP85EL	HP94AB	HP94PB
HP84BQ	HP85IL	HP94AD	IP03AO
HP84GU	HP85KN	HP94AH	IP03AS
HP84MT	HP85OA	HP94BB	IP03EM
HP84NU	HP93BX	HP94BC	IP04CC
HP84NV	HP93EX	HP94BD	IP05ER
HP84OV	HP93GU	HP94BH	IP05FR
HP84PB	HP93IV	HP94CC	IP05HV
HP84PU	HP93KU	HP94CD	

Alls voru 55 6-stafa reitir virkjaðir.

Yfirlit:

- Alls léku 24 stöðvar til stiga í leikunum í ár, samanborið við 18 í fyrra (2024).
- QSO voru skráð frá 55 reitum (6 stafa). Það sýnir m.a. góða virkni færanlegra stöðva.
- Skráð QSO í kerfinu voru alls 908 nú, en 748 árið 2024.
- Öll sjö böndin voru notuð í leiknum þetta árið, endurvarpar teljast sem sér band.

Tafla 1 Vorleikar ÍRA 2018-2025; yfirlit.

#	Dagsetning	Skráðir	Innsent	Kallmerki	Hlustarar	Skýringar/ath.
1	31.3.-1.4.2018	-	24	23	1	Kynning 24.3.2018; verðlaun afhent 5.4.2018, TF3ML gaf verðlaun.
2	20.-21.4.2019	20	17	17	-	Kynning 11.4.2019, verðlaun afhent 9.5.2019 (fyrstu 3 sætin)
3	11.-12.4.2020	-	15	15	-	Ekki kynning v/Covid-19; verðlaun afhent óformlega e. áramót.
4	2.-4.4.2021	24	21	21	-	Ekki kynning v/Covid-19; verðlaun afhent formlega á aðalfundi ÍRA 2022.
5	15.-17.4.2022	21	18	18	-	Kynning fór fram á fésbókarsíðum
6	7.-9.4. 2023	23	23	23	-	Kynning fór fram á fésbókarsíðum
7	3.-5.5. 2024	18	16	23	-	Kynning fór fram á fésbókarsíðum
9	2.-4.5. 2025	26	24	26	-	Kynning fór fram á fésbókarsíðum

Tafla 2. Lengstu fjarskiptavegalengdir eftir böndum/tíðnisviðum.

Band	Tíðnisvið, MHz	Vegalengd	QSO milli	QSO milli
23 cm	1240	41	TF1JI	TF2MSN
70 cm	430	219	TF2AC	TF3GZ
2 m	144	219	TF2AC	TF1PA
4 m	70	116	TF3VE	TF1PA
6 m	50	120	TF1EM	TF1PA
80 m	3.6	290	TF1JI	TF3EK
Endurvarpar	144	315	TF1JI	TF1AM



1 sæti. Georg Kulp, TF3GZ. Alls 258.883 stig.

Georg Kulp, TF3GZ sigraði í leikunum þetta árið. Hann hafði staðfest alls 180 QSO. Hann var víðförull og átti sambönd í leiknum úr sex mismunandi reitum, þar af fjórum fjögurra stafa; HP83, HP84, HP93 og HP94. Þetta skilaði honum 3277 stigum og 79 margföldurum. Hann ók u.þ.b. 700 km þessa helgi. Samtala TF3GZ: Stig x margfaldarar $\Rightarrow 79 \times 3277 = 258.883$ stig.



2. sæti. Jón Atli Magnússon TF2AC. Alls 171.720 stig.

Og 60 margfaldarar, Stig x margfaldarar $2862 \times 60 \Rightarrow 171.720$ stig. Jón Atli Magnússon, TF2AC hafði staðfest alls 122 QSO. Jón Atli var ótrúlega víðförull. Hann átti sambönd í leiknum úr 19 mismunandi reitum, þar af 7 fjögurra stafa; HP74, HP84, HP85, HP93, HP94, IP03 og IP04. Hann ók 1058 km um þessa helgi. Hafnarfjörður, náman við Seljalandsfoss, Laugarvatn (bústaður), Bjarnalón við Búrfellsvirkjun, Selfoss, Grindavík, Reykjanestá, Garður, Mosó, Fróðárheiði, Öndverðarnes, Stykkishólmur, Vatnaleið og aftur í Hafnarfjörð eru staðirnir sem Jón Atli heimsótti.



3. sæti. Andrés Þórarinnsson, TF1AM. Alls 163.792 stig.

Stig x margfaldarar $2824 \times 58 \Rightarrow 163.792$ stig. Andrés Þórarinnsson, TF1AM hafði staðfest alls 116 QSO. Hann átti sambönd í leiknum úr 5 mismunandi reitum, þar af 4 fjögurra stafa; P75, HP84, HP85, HP86 og HP94. Hann ók u.þ.b. 700 km um þessa helgi.

Tafla 3. Úrslit í vorleikum ÍRA 2025.

NR.	KALLMERKI	NAFN	HEILDARSTIG
1.	TF3GZ	Georg Kulp	258.883
2.	TF2AC	Jón Atli Magnússon	171.720
3.	TF1AM	Andrés Þórarinnsson	163.792
4.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	88.176
5.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	65.100
6.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	65.044
7.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	62.454
8.	TF1EM	Eiður Kristinn Magnússon	45.312
9.	TF1PA	Pier Albert Kaspersma	35.904
10.	TF4WD	Kristján J. Gunnarson	35.895
11.	TF3EK	Einar Kjartansson	21.008
12.	TF3E	Erling Guðnason	16.025
13.	TF5NN	Gunnar B. Guðlaugsson	14.118
14.	TF3OH	Óskar Ólafur Hauksson	13.350
15.	TF6MK	Gísli Guðnason	12.408
16.	TF8TY	Björn Þór Hrafnkellsson	5.538
17.	TF3T	Benedikt Sveinsson	4.488
18.	TF1FT	Finnur Tómasson	2.790
19.	TF3CZ	Karl Georg Karlsson	1.930
20.	TF3IRA	Íslenskir radióamatörar	876
21.	TF3HR	Hrafnkell Eiríksson	595
22.	TF1A	Ari Þórólfur Jóhannesson	425
23.	TF3DC	Óskar Sverrisson	124
24.	TF3PW	Jón Björnsson	72

Tafla 4 Vorleikar 2025; flest sambönd.

NR.	KALLM.	QSO FJ.	HEILDARSTIG
1.	TF2MSN	200	88.176
2.	TF3VE	182	62.454
3.	TF3GZ	180	258.883
4.	TF1EM	176	45.312
5.	TF2AC	122	171.720

Að lokum.

Það sem einkenndi þennan leik var víðferli. Þess má geta að 16 af 24 þátttakendum höfðu QSO frá tveimur eða fleiri 6-stafa reitum. Þar ber fyrst að nefna Jón Atla (TF2AC) sem ferðaðist yfir 1000km og hafði sambönd úr 19 reitum. Þó nokkrir aðrir fylgdu honum fast á eftir og höfðu sambönd úr fjölda reita. Þátttakan var ótrúlega góð, ekki bara hvað varðar fjölda þátttakenda heldur líka hversu mikil virkni var allan tímann. Vel gert félagar. Það er þetta sem gerir þennan leik svo skemmtilegan.

Umsjónarmaður Vorleika 2025 þakkar öllum sem tóku þátt að þessu sinni. Afhending verðlauna fer fram í haust að venju. Sjáumst í Sumarleikunum VHF/UHF leikum 4.–6. júlí í sumar.

73,

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY

Svipmyndir frá vorleikunum 2025.



Á Fródárheiði. Bifreið Georgs Kulp TF3GZ vel búin loftnetum á bifreiðinni sjálfri og utan hennar. Ljósmynd: TF3GZ.



Óskar Ólafur Hauksson TF3OH notaði þessa Baofeng handstöð í vorleikunum. Mynd: TF3OH.



TF5NN: "Kom á óvert hvað ég náði langt með 5 w handstöð og bil-loftneti. Ljósmynd: TF5NN. Hér er Gunnar staddur í Garði á Reykjanesskaga.



Hrafnkell Sigurðsson TF8KY skammt fyrir utan Garð á Reykjanesskaga. Ljósmynd: TF8KY.



Andrés Þórarinnsson TF1AM hér staddur í niðarþöku á Krisuvíkurbjargi. Ljósmynd: TF1AM.



Gísli Guðnason
TF6MK vigði nýja
heimsmiðaða Yagi
lofnetið fyrir
VHF/UHF í
vorleikunum 2025.
Hér er Gísli
staddur í
námunum á
Gvendarselshæð.



Pier Albert Kaspersma TF1PA vel staðsettur á Reykjanesskaga með Yagi lofnetið uppsett. Ljósmynd: TF1PA.



Óskar Ólafur Hauksson TF3OH og sonur náðu nokkrum loka-samböndum í Áslandinu fyrir ofan Hafnarfjörð. Óskar heldur á heimatilbúna "blömapotta" lofnetinu sínu fyrir VHF/UHF böndin sem virtist virka ágætlega við Baofeng UV-5R handstöðina. Ljósmynd: TF3OH.

9. Sumarleikarleikar ÍRA 2025

VHF/UHF LEIKAR: 28 – 50 – 70 – 144 – 430 – 1240 MHz.



Sumarleikar voru haldnir í annað sinn með þessu nafni árið 2025. Aftur var ákveðið að hafa 10 metra bandið með og þá voru stunduð fjarskipti á 23 cm, 70 cm, 2 m, 4 m, 6 m og 10 m böndunum auk endurvarpa.

Sumarleikar eru að venju með það í huga að hafa gaman af áhugamálinu, læra á bylgjuútbreiðslu innanlands og gera tilraunir með búnað. Hugmyndin er einkum að örva virkni, reyna búnaðinn okkar og sérstaklega til að

hvetja þá sem eru nýir til að fara í loftið sem og þá sem hafa verið í dvala um tíma. Markmið þátttakanda er að ná sem flestum samböndum, yfir sem lengstar vegalengdir og sem víðast um landið. Fyrir þá sem eiga þess kost að vera „færanlegir“, má ná fleiri stigum með því að flytja sig á milli staða. Hægt er að taka þátt frá heimahúsum, sumarbústöðum og ferðavögnum, eða með handstöðvum á fjallatoppum (eða annars staðar frá) eða í bílum, mótörhjólum eða (þess vegna) reiðhjólum eða öðrum farartækjum.

Handstöðvaflokkur. Í fyrsta skipti var prófað að hafa sérstakan flokk fyrir handstöðvar. Þeir sem vilja skrá sig í handstöðvaflokk gera það í leikjavefnum og þá eru böndin 70 cm, 2 m og endurvarpar í boði. Hugmyndin er þetta sé flokkur þar sem búnaður er svipaður hjá þátttakendum en tækifærin felast í útsjónarsemi og þrautseigju. Þátttakendur í handstöðvaflokki taka sambönd við hvaða stöð sem er en sérstaklega er haldið utanum sæti í handstöðvaflokki.

Yfirlit.

Leikarnir fóru fram helgina 4.–6. júlí. Þátttaka var ágæt; alls voru 17 þátttakendur. Það eru heldur færri en tóku þátt 2024 en þá voru 24. QSO voru alls 568 í gagnagrunni (737 í fyrra) og heildarvegalengd var alls 32.255 km. Það er áhugavert því þó þátttakendur hafi verið færri en í fyrra og samböndin einnig þá var heildar vegalengdin í fyrra 25.823 km. Virkni í leikunum var góð og dreifing stöðva um landið greinilega ágæt. Veður var gott, sól og blíða víða um land. Ef tekin eru úr gagnagrunni sambönd á milli mismunandi 6 stafa reita á mismunandi böndum sem hafa vegalengdina lengri en 80 km (utan endurvarpa), þá fáum við 54 pör reita.



Reitir sem voru virkjaðir í Sumarleikum 2025.

Sumarleikar 2025	54 pör
Vorleikar 2025	138 pör
Sumarleikar 2024	29 pör
Páskaleikar 2024	36 pör
VHF/UHF leikar 2023	80 pör
Páskaleikar 2023	50 pör
VHF/UHF leikar 2022	50 pör
Páskaleikar 2022	21 par

Undanfarnir leikar gefa eftirfarandi tölur: Sumarleikar 2025 54 pör Vorleikar 2025 138 pör Sumarleikar 2024 29 pör Páskaleikar 2024 36 pör VHF/UHF leikar 2023 80 pör Páskaleikar 2023 50 pör VHF/UHF leikar 2022 50 pör Páskaleikar 2022 21 par.

Leikarnir fóru fram á áðurtöldum böndum og allar tegundir útgeislunar voru heimilar. Hafa mátti samband hvenær sem var þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftast en einu sinni, en a.m.k. 6 klukkustundir þurftu að líða á milli sambanda sömu stöðvar á sama bandi til að fá punkta.

Blásið var til leiks kl. 18:00 föstudaginn 4. júlí og stóðu leikarnir yfir til kl. 18 sunnudaginn 6. júlí. Þessi tímasetning var fyrst prófuð 2020 og kom þetta breytta fyrirkomulag mjög vel út. Hugmyndin er að sami háttur verði framvegis hafður á í leikunum. Eins og venjulega var „on-line“ leikjavefur þar sem þátttakendur gátu skráð sig til leiks. Vefurinn var endurbættur, bætt við handstöðvaflokk á samt nokkrum minniháttar breytingum. Hægt var að skrá sig í leikinn allan tímann sem hann stóð yfir. Umsjónarmaður kynnti leikana á heimasíðu ÍRA og Facebook síðum. Allar upplýsingar komu einnig fram á netinu, s.s. um leikjavefinn, um reitakerfið, auk snjallsímaforritsins „QTH Locator”

Heildartafla; úrslit í Sumarleikum ÍRA 2025.

SÆTI	KALLMERKI	NAFN	HRÁ STIG	MARGF.	HEILDARSTIG
1	TF1AM	Andrés Þórarinnsson	3137	48	150.576
2	TF3GZ	Georg Kulp	1928	49	99.472
3	TF1PA	Pier Albert Kaspersma	1066	49	52.234
4	TF3VE	Sigmundur Karlsson	1040	29	30.160
5	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	829	29	24.041
6	TF1EIM	Eiður Kristinn Magnússon	767	25	19.175
7	TF2AC	Jón Atli Magnússon	605	25	15.125
8	TF8TY	Björn Hrafnkelsson	624	20	12.480
9	TF3IRA	Íslenskir radióamatörar	3785	24	9.000
10	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	960	8	7.680
11	TF4WD	Kristján J. Gunnarsson	408	13	5.304
12	TF1FT	Finnur Tómasson	254	17	4.318
13	TF3EK	Einar Kjartansson	256	16	4.096
14	TF3OH	Óskar Ólafur Hauksson	244	16	3.904
15	TF3HR	Hrafnkell Eiríksson	137	11	1.507
16	TF5NN	Gunnar B. Guðlaugsson	46	8	368
17	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	48	2	96

Verðlaunasæti í Sumarleikum ÍRA 2025.

VERÐLAUNASÆTI	VERÐLAUNAHAFI	HEILDARSTIG
1. sæti 2025	Andrés Þórarinnsson, TF1AM	150.576
2. sæti 2025	Georg Kulp, TF3GZ	99.472
3. sæti 2025	Pier Albert Kaspersma, TF1PA	52.234

Verðlaunasæti í handstöðvaflokk Sumarleika ÍRA 2025

VERÐLAUNASÆTI	VERÐLAUNAHAFI	HEILDARSTIG
1. sæti 2025	Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY	24.041
2. sæti 2025	Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH	3.904
3. sæti 2025	Hrafnkell Eiríksson, TF3HR	1.507

Verðlaunasæti fyrir flest sambönd í Sumarleikum ÍRA 2025.

VERÐLAUNASÆTI	VERÐLAUNAHAFI	QSO ALLS
1. sæti 2025	Pier Albert Kaspersma, TF1PA	149
2. sæti 2025	Sigmundur Karlsson, TF3VE	148
3. sæti 2025	Georg Kulp, TF3GZ	146

Lengstu QSO vegalengdir eftir böndum

BAND	KALLMERKI	VEGALENGÐ
23 cm (1240 MHz)	TF1AM & TF1EM	10 km
70 cm (430 MHz)	TF1AM & TF3GZ	212 km
2 m (144 MHz)	TF1AM & TF1JI	216 km
4 m (70 MHz)	TF3GZ & TF3VE & TF1PA	25 km
6 m (50 MHz)	TF3GZ & TF1EM	115 km
10 m (28 MHz)	TF3GZ & TF1EM	115 km
EV (endurvarpar)	TF1AM & TF1JI	315 km

73,

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varð í 1. sæti í Sumarleikum ÍRA 2025.



Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY varð í 1. sæti í handstöðvaflokki í Sumarleikum ÍRA 2025.



Pier Albert Kaspersma, TF1PA varð í 1. sæti með fjölda sambanda í Sumarleikum ÍRA 2025.



Hrafnkell Eiríksson, TF3HR hafði sambönd frá reiðhjólinu í Sumarleikum ÍRA 2025 og varð í 3. sæti í handstöðvaflokki.



Óskar Ólafur Hauksson, TF3OH tók þátt í handstöðvaflokki í Sumarleikum ÍRA 2025 og varð í 2. sæti.



TF3KB OG TF3KX SKIPAÐIR Í VINNUHÓP IARU SVÆÐIS-1.

Að tillögu Kristjáns Benediktssonar, TF3KB alþjóðafulltrúa ÍRA, með samþykki Kristins Andersen, TF3KX formanns Prófnefndar ÍRA og að höfðu samráði við Andrés Þórarinnsson, TF1AM vara-formann ÍRA, sendi undirritaður erindi til ritara framkvæmda-stjórnar IARU Svæðis-1 þann 30. nóvember s.l., þar sem TF3KB og TF3KX voru tilnefndir fyrir hönd ÍRA, til setu í vinnuhópi svæðisins (WG), sem hefur til umfjöllunar uppfærslu HAREC námsskrárinnar. (HAREC: Harmonised Amateur Radio Examination Certificate).

Um er að ræða tímaháða skipan vinnuhóps („Temporary Working Group (WG“).

Samkvæmt erindi frá ritara framkvæmdastjórnar IARU Svæðis-1 til félagsins í dag, 27. desember 2025 kemur fram, að á desember-fundi framkvæmdanefndar [svæðisins] hafi eftirtaldir 13 aðilar (frá 8 landsfélögum og framkvæmdastjórn svæðisins) verið skipaðir í vinnuhópinn:

Frá landsfélagi radióamatöra í Þýskalandi, DARC:

Matthias Jung, DL9MJ.

Frá samtökum landsfélaga radióamatöra á IARU Svæði-1:

Ana Canizares, EI5IXB.

Frá landsfélagi radióamatöra á Íslandi, ÍRA:

Kristján Benediktsson, TF3KB og Kristinn Andersen, TF3KX.

Frá landsfélagi radióamatöra á Írlandi, IRTS:

Rafal Lukawiecki, EI6LA.

Frá landsfélagi radióamatöra í Noregi, NRRL:

Frode Igland, LA6VQ.

Frá landsfélagi radióamatöra í Austurríki, ÖV:

Christoph Mecklenbräucker, OE1VMC, Florian Zwingl, OE3FTA og Roland Schwarz, OE1RSA.

Frá landsfélagi radióamatöra í Bretlandi, RSGB:

Tony Kent, G8PBH og Murray Niman, G6JYB.

Frá landsfélagi radióamatöra í Svíþjóð, SSA:

Jens Zander, SM0HEV.

Frá landsfélagi radióamatöra í Hollandi, VERON:

Henk Vrolijk, PA0HPV.

Rafal Lukawiecki, EI6LA hlaut skipan sem formaður vinnuhópsins.

Stjórn ÍRA fagnar skipan þeirra Kristjáns og Kristins. Nánar verður farið yfir verkefnið á næsta fundi stjórnar félagsins sem haldinn verður í Skeljanesi 22. janúar 2026.

73 de TF3JB.



Kristján, TF3KB.



Kristinn, TF3KX.



PA25_C4_07: Establish a working group to propose update of the CEPT HAREC Radio Amateur License syllabus

The recommendation PA25_C4_07: Establish a working group to propose update of the CEPT HAREC Radio Amateur License syllabus originated from the HF Committee (C4) at the International Amateur Radio Union Region 1 Paris Interim Meeting (PA25) in April 2025.

High-Level Summary

The objective of the proposal was to address the widespread belief that the current CEPT HAREC Radio Amateur License syllabus is outdated and requires updating to meet contemporary standards of radio knowledge and practice. The core intention is to ensure that new amateurs are educated on modern radio theory, contemporary designs, and essential skills, including modern digital technology. Crucially, the update should stress good operating practices, ethics, social responsibility, and radio safety awareness.

A key point raised during discussion was the inherent difficulty of initiating changes within CEPT, as alteration of the HAREC document requires agreement from at least 5 supporting CEPT administrations for work to be sanctioned according to the CEPT working procedures.



Mynd úr félagsstarfinu.
Sigurður R. Jakkobsson TF3CW
heilsar upp á Kristján Benediktsson
TF3KB ói félagsaðstöðu ÍRA í
Skeljanesi.

10. Vitahelgin, kallmerki og keppnir

ALÞJÓÐLEGA VITA- OG VITASKIPAHELGIN; VIRKNI KALLMERKJA ÍRA

Í þessum kafla er yfirlit um þátttöku í Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelginni og yfirlit yfir sérstök kallmerki ÍRA sem virkjuð voru á starfsárinu, þ.m.t. í keppnum. Kallmerkin voru: TF3IRA, TF3W og TF3WARD.

10.1 ALÞJÓÐLEGA VITA - OG VITASKIPAHELGIN 2025.

Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin fór fram 16.-17. ágúst 2025. Þetta var 28. árið sem viðburðurinn var haldinn. Þátttaka var frá 434 vitum í 49 þjóðlöndum, þ.á.m. frá öllum Norðurlöndunum, nema Íslandi. Um er að ræða tveggja sólarhringa viðburð og er miðað við, að flestir sem koma til dvalar í vita, á vitaskipi eða í nágrenni hafi komið sér fyrir upp úr hádegi á laugardegi.

Líkt og fram kemur var ekki þátttaka frá Íslandi að þessu sinni.



Myndin er af Knarraósvita, en hann hefur oftast verið virkjaður af íslenskum radióamatörum í gegnum árin.

Alþjóðlega vita- og vitaskipakeppnin; þátttaka frá Íslandi 1998-2025 eftir vitum og kallmerkjum.

VITI	KALLM.	ÁR
Akranes	TF3DT	2016
Garðskagi	TF8IRA	2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017
Garðskagi	TF8RX	2001, 2003
Garðskagi	TF7ØIRA	2016
Garðskagi	TF1A	2022
Hafnamesviti	TF/DK4RS	2023
Knarrarós	TF1IRA	1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2007, 2008, 2009, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2019, 2021, 2022, 2023
Knarrarós	TF6ØIRA	2006
Marraríf	TF3DT	2018
Marraríf	TF3JA	2018
Reykjanes	TF8RX	2000
Selvogsviti	TF1OL	2020
Vatnsnes	TF8GX	2004

Heimild: Ayr Amateur Radio Group.

10.2 Sérstök kallmerki ÍRA virkjuð á starfsárinu 2025/26.


Kallmerkin TF3IRA, TF3W og TF3WARD í Skeljanesi voru virkjuð á starfsárinu. Þeir sem komu að því að virkja kallmerkin voru Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, Ársæll Óskarsson, TF3AO, Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN og Alex M. Senchurov, TF3UT.



Sigurður, TF3CW. Sæmundur, TF3UA. Ársæll, TF3AO. Jón, TF3PPN. Alex, TF3UT.

(a) *Alþjóðadagur radióamatöra var 18. apríl 2025; TF3WARD.*

Þann dag áttu IARU, alþjóðasamtök landsfélaga radióamatöra 100 ára afmæli en samtökin voru stofnuð í París árið 1925 þegar saman komu í Sorbonne háskóla u.þ.b. 250 fulltrúar frá 23 þjóðlöndum. Aðildarfélög IARU eru í dag um 180 talsins og fjöldi leyfishafa er yfir 4 milljónir u m allan heim.



ÍRA hélt upp á daginn með því að virkja félagsstöðina í Skeljanesi og var kallmerkið TF3WARD sett í loftið. Viðskeytið stendur fyrir „World Amateur Radio Day“. Með árlegri virkjun þessa kallmerkis (frá 2020) höfum við fetað í fótspor systurfélaganna á Norðurlöndum (og víðar) sem starfrækja sérstök kallmerki með hliðstæðum viðskeytum til að halda upp á stofndag IARU.



Sérstakar þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA fyrir að virkja TF3WARD á afmælisdaginn á CW og SSB og hafa sambönd um allan heim. Skilyrði voru hins vegar ekkert sérstök, en þó betri eftir því sem leið á daginn.

Kallmerki ÍRA, TF3WARD var virkjað í fyrsta skipti á Alþjóðadag radióamatöra 18. apríl 2020. Viðskeytið stendur fyrir „World Amateur Radio Day“. Kallmerkið er starfrækt til að halda upp á stofndag alþjóðasamtaka landsfélaga radióamatöra, IARU, sem stofnuð voru í París, árið 1925. Með virkjun þessa kallmerkis fetuðum við í fótspor systurfélaganna á Norðurlöndum (og víðar) sem starfrækja sérstök kallmerki með hliðstæðum viðskeytum til að halda upp á stofndag IARU. Sérstakt QSL kort var hannað fyrir TF3WARD. Það er Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS sem á heiðurinn af því. Mathías Hagvaag, TF3MH, QSL stjóri félagsins var með í ráðum. Kallmerkið hefur yfirleitt verið virkjað á SSB á HF, eftir skilyrðum. Oftast hefur því stóra OptiBeam loftnetið verið notað. Gjarnan hefur verið kveikt á 2 metra stöðinni og kallað CQ TF til að gefa mönnum sem þar hlusta möguleika til að fá samband við TF3WARD.

(b) *Vorleikar ÍRA 2025 voru haldnir 2.-4. maí; TF3IRA.*

Mikil ánægja ríkti með viðburðinn meðal félaganna þar sem alls voru 26 kallmerki skráð en skilað var inn gögnum fyrir 24 kallmerki. Georg Kulp, TF3GZ varð sigurvegari Vorleika ÍRA 2025. Vel útbúinn bifreið, fjöldi virkjaðra reita, þátttökutími og gott skipulag tryggði Georg 1. sætið og 254.670 heildarpunkta. Jón Atli Magnússon, TF2AC er í 2. sæti með 164.662 heildarpunkta og Andrés Þórarinnsson, TF1AM í 3. sæti með 157.760 heildarpunkta. Niðurstöðurnar kunna eitthvað að breytast eftir því sem þeir sem logguðu á pappír setja niðurstöðurnar inn á leikjavefinn. Sérstakar þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA fyrir að virkja félagsstöðina TF3IRA í leikunum.

(c) *CQ World Wide WPX keppnin var haldin helgina, 24.-25. maí; TF3W.*
Félagsstöð ÍRA í Skeljanesi, TF3W var virkjuð í keppninni af Alex M. Senchurov, TF3UT. Niðurstöður voru ágætar miðað við skilyrði eða 2.608 QSO, 948 margfaldarar, 5615 punktar og 5.323.020 heildarpunktar. Sérstakar þakkir til Alex fyrir að virkja TF3W í keppninni.

(d) *Sumarleikar ÍRA; helgina 4.-6. júlí; TF3IRA.*
Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir aðvirkja stöðina.

(e) *RSGB IOTA keppnin 2025 CW og SSB; 26.-27. júlí; TF3W.*
Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir að virkja stöðina.

(f) *TF útileikar ÍRA; 2.-4. ágúst; TF3IRA.*
Sérstakar þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA fyrir að virkja stöðina.

(g) *European HF Championship keppnin 2025 CW og SSB; 2.-3. ágúst; TF3W.*
Sérstakar þakkir til Alex, TF3UT fyrir að virkja stöðina

(h) *WAE DX CW keppnin 2025; 9.-10. ágúst; TF3W.*
Sérstakar þakkir til Alex, TF3UT fyrir að virkja stöðina.

(i) *Scandinavian Activity keppnin 2025, CW; 21.-22. ágúst; TF3W.*
Sérstakar þakkir til Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW fyrir að virkja stöðina.

(j) *CQ WW DX RTTY keppnin 2025; 27.-28. september; TF3W.*
Sérstakar þakkir til Ársæls Óskarssoanr, TF3AO og Jóns Gunnars Harðarsonar, TF3PPN fyrir að virkja stöðina.

TF3CW í Skeljanesi.
Mynd: TF3JB.




TF3UA í Skeljanesi.
Mynd: TF3UA.



TF3AO og TF3PPN
í Skeljanesi.
Mynd: TF3GZ.



TF3UT í Skeljanesi.
Mynd: TF3JB.



Límmiðar með félagsmerkinu eru aftur fáanlegir. Stærð er 11,5cm á hæð og 6,5cm á beidd. Hvortveggja eru fáanleg merki til límingar innaná (t.d. á bílglugga) og til límingar utaná.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar verða límmiðarnir afhentir frítt tveir saman (þ.e. einn af hvorri tegund) á opnunarkvöldum í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi.

Stjórn ÍRA.

11. Útgáfumál

FÉLAGSRITIÐ CQ TF, HEIMASÍÐA, FB SÍÐUR, PÓSTLISTI, ÁRSSKÝRSLA.

11.0 YFIRLIT.

Á starfsárinu 2025/26 gaf ÍRA út félagsritið CQ TF, hélt úti heimasíðu, Facebook síðu og póstlista á netinu. Þá var ávarpsbréf til nýrra félaga og nýtt kynningarefni ÍRA frá fyrra starfsári uppfært að hluta og endurprentað.

11.1 Félagsritið CQ TF.

Á starfsárinu komu út fjögur tölublöð félagsrits ÍRA, CQ TF. Blöðin komu út í apríl, júlí og október 2025 og í janúar 2026. Fjöldi blaðsíðna var alls 216. Þess má geta að auglýsingar eru ekki birtar í blaðinu. Á starfsárinu létu alls 55 félagsmenn efni af hendi rakna til blaðsins.

Þriggja manna ritnefnd skipuðu þeir Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Jónas Bjarnason, TF3JB. TF3UA, var ritstjóri og annaðist alla vinnu í sambandi við útgáfuna aðra en umbrot, þ.m.t. rafræna útsendingu blaðsins til félagsmanna. TF3VS annaðist umbrotsvinnu og TF3JB var til aðstoðar. CQ TF kom út á PDF formi á heimasíðu félagsins í umsjón Ölvis Styrs Sveinssonar, TF3WZ vefstjóra ÍRA.



Sæmundur E. Þorsteinsson
TF3UA, ritstjóri CQ TF



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson
TF3VS, umbrot CQ TF



Jónas Bjarnason
TF3JB, ritnefnd CQ TF



Ölvis Styrr Sveinsson
TF3WZ, vefstjóri ÍRA

CQ TF kemur út á PDF formi á heimsíðu ÍRA, auk þess sem blaðið er prentað í 15 eintaka upplagi (hvert tölublað) til sértækrar dreifingar.

Félagsrit ÍRA, CQ TF er gefið út með tilvísan til ákvæðis í 27. gr. laga félagsins.¹¹ Ný stjórn skipar ritnefnd og tekur ákvörðun um fjölda tölublaða hverju sinni (sem fram kemur í starfs-áætlun). Í gegnum tíðina hefur gjarnan verið miðað við að blaðið komi út ekki sjaldnar en ársfjórðungslega. Í lögum félagsins er enn fremur kveðið á um að CQ TF hafi það hlutverk að birta fundargerð aðalfundar, lög félagsins og sérstakar samþykktir eða ályktanir aðalfunda og félagsfunda. Fundargerðir stjórnar eru birtar jafnóðum í blaðinu.

Útgáfa CQ TF féll niður í 5 ár, þ.e. starfsárin 2013-2018.

¹¹ 27. gr. Ákvæði er um að félagið skuli halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

9. gr. Ákvæði er um að fundargerðir stjórnar skuli liggja jafnóðum frammi í félagsaðstöðu. Til viðbótar hafa fundargerðir stjórnar verið birtar jafnóðum í CQ TF og á PDF formi á heimasíðu.

14. gr. Ákvæði er um að birta skuli fundargerðir félagsfunda í CQ TF.

23. gr. Ákvæði er um að birta skuli fundargerðir aðalfunda í CQ TF.

30. gr. Ákvæði m.a. um að birta skuli lög félagsins, sérstakar samþykktir aðalfunda og félagsfunda í CQ TF.

Yfirlit yfir útgáfu félagsritsins CQ TF á starfsárinu 2025-2026.

TÖLUBLÖÐ 2025/26	FJÖLDI BLS.	ÚTKOMUDAGUR/MÁNUÐUR
2. tbl. 2025	48	27. apríl
3. tbl. 2025	64	20. júlí
4. tbl. 2025	44	19. október
1. tbl. 2026	60	25. janúar



2. tölublað apríl 2025



3. tölublað júlí 2025



4. tölublað október 2025



1. tölublað janúar 2026

Að ofan má sjá forsiður þeirra fjögurra tölublaða CQ TF sem komu út á starfsárinu 2024/25. Til skýringar: Starfsárið hófst 16. febrúar 2025 og lauk á aðalfundi 15. febrúar 2026.

11.2 Ritnefnd CQ TF.

Ritnefnd CQ TF fyrir starfsárið 2025/26 var skipuð á stjórnarfund Nr. 1/2025 þann 27. febrúar. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA ritstjóri, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS ritnefnd og Jónas Bjarnason, TF3JB ritnefnd. Útgáfuáætlun fráfarandi ritnefndar fyrir starfsárið 2025/26 (sem samþykkt var á síðasta fundi nefndarinnar 16. febrúar) var samþykkt á framangreindum stjórnarfund Nr. 27. febrúar.

Ritnefnd hélt fjóra formlega fundi á starfsárinu: 24. febrúar, 1. apríl, 20. ágúst og 7. janúar 2026. Auk hefðbundinna verkefna, gerir ritnefnd hverju sinni tillögu til nýrrar stjórnar um útgáfuáætlun líkt og getið er um að framan.

Útgáfuáætlun CQ TF starfsárið 2025/26.

TÖLUBLAÐ	ÁÆTLUN	ÚTKOMUDAGUR	TÍMI FRÁ SÍÐASTA TBL.	SKÝRINGAR/ATHS.
2. tbl. 2023	27. apríl	Sunnudagur 27. apríl	Rúmir tveir mánuðir	-
3. tbl. 2023	20. júlí	Sunnudagur 20. júlí	Tæpir þrír mánuðir	-
4. tbl. 2023	5. október	Sunnudagur 19. október	Rúmir þrír mánuðir	Seinkun v/álags
1. tbl. 2024	25. janúar	Sunnudagur 25. janúar	Rúmir þrír mánuðir	-



Mynd frá fundi ritnefndar CQ TF sem haldinn var í Skeljanesi. Mynd: TF3UA.

Ritnefndarfundur 7. janúar 2026.

Fundur var haldinn í ritnefnd CQ TF 7. janúar 2026. Farið var yfir prentútgáfu síðasta blaðs, [4. tbl. 2025] og voru menn mjög sáttir við útgáfuna sem einnig var almennt vel tekið af félagsmönnum.


Skoðuð var staða efnis í nýja blaðið [1. tbl. 2026] þegar 2½ vikur eru í útgáfudag þann 25. janúar. Fyrir liggur efni er klárt til uppsetningar, m.a. umfjöllun um starfsemina í Skeljanesi síðustu mánuði ársins 2025; frá september-desember. Í annan stað liggur fyrir „fastaefni“, s.s. fundargerðir stjórnar og yfirlit yfir helstu alþjóðlegar keppnir í febrúar til apríl 2026. Aðsent efni sem þegar hefur borist lítur vel út og er til yfirlestrar hjá nefndarmönnum. Félagsmenn hafa enn viku til stefnu til innsendingar efnis, þ.e. fram á fimmtudaginn 15. janúar.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS skýrði frá því í lok fundar, að næsta tölublað CQ TF verði það síðasta sem hann setur upp vegna annríkis.

Ritnefndarmenn þökkðu Vilhjálmi **sérstaklega** fyrir hans **dýrmæta framlag** sem ætíð hefur verið af bestu gæðum og faglegt, svo að eftir hefur verið tekið langt út fyrir raðir félagsmanna. Að að meðtöldu nýja blaðinu, verður Villi búinn að setja upp alls 32 tölublöð félagsblaðsins CQ TF – samfleytt á tímabilinu frá apríl 2018 til janúar 2026. En áður hafði hann sinnt sama verkefni á tímabilinu 2012–2013 og annaðist þá umbrot á 4 tölublöðum.

Vilhjálmur hefur, á þessum tveimur tímabilum þannig séð um umbrot á alls 36 tölublöðum CQ TF. Brottför hans úr embætti skilur eftir skarð sem vandasamt verður að fylla, miðað við að um áframhaldandi útgáfu CQ TF verði að ræða eftir aðalfund 2026.

Hér til hliðar eru sýndar forsíður tölblaðanna 32 sem komu út á tímabilinu 2018-2026. Fyrir neðan þær má sjá forsíður blaðanna fjögurra sem Vilhjálmur braut um á árinunum 2012-2013.





Íslenskir radióamatörar

Private group · 450 members



+ Invite

Share

Joined

11.3 Facebook síðan Íslenskir radióamatörar.

Á starfsárinu 2025/26 voru tvær almennar Facebook síður virkar á netinu fyrir íslenska radióamatöra, þ.e. Íslenskir radióamatörar og Radióamatörar á Íslandi. Sú fyrirnefnda er undir stjórn ÍRA og sú síðarnefnda undir stjórn þeirra Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A og Sigurðar Smára Hreinssonar, TF8SM.

Síðurnar eru báðar mikið notaðar og hefur stærstur hluti félagsmanna ÍRA aðgang að báðum. Það er skoðun stjórnar ÍRA (líkt og fyrri starfsár) að það sé nægjanlegt rými fyrir báðar. Samkomulag og samvinna er með ágætum á milli aðila, og eru tilkynningar t.d. ávallt settar á báðar síður (á sama tíma með sama texta). Heildarfjöldi skráðra notenda [í ársbyrjun 2026] var annars vegar 450 (ÍRA) og 466 (TF1A/TF8SM).

Vinnulag er þannig, að tilkynningar frá félaginu sem eru innfærðar á heimasíðu eru samtímis innfærðar á FB síðurnar. Kostur þess er m.a. að sumir félagsmenn opna FB síðurnar oftar heldur en heimsíðuna. Þetta fyrirkomulag tryggir að skilaboð til félagsmanna berist til þeirra fyrir en síðar.

Annar kostur við FB síðurnar er, að þar gefst kostur að svara spurningum sem kunna að koma upp um efni af einu eða öðru tagi sem er örðugra hvað varðar heimasíðuna, þótt þar gefist vissulega möguleiki á innsetningu umsagna (e. comments).



11.4 Facebook síða TF3OM: Flóamarkaður radióamatöra.

Facebook síða, sem Ágúst H. Bjarnason, TF3OM setti upp á starfsárinu 2018/19 og heldur utan um „flóamarkað radióamatöra“ hefur gengið með ágætum síðan. Skráningum hefur jafnt og þétt fjölgað frá stofnun og var 247 notendur skráðir í árslok 2023.

ÍRA hefur veitt verkefninu brautargengi, m.a. með því að kynna síðuna í miðlum félagsins, auk þess sem félagið hefur stjórnunarréttindi á síðunni. Ágúst H. Bjarnason, TF3OM.

Til upprifjunar, skrifaði Ágúst eftirfarandi formála þegar síðan var opnuð þann 12. janúar 2019: „Þetta er flóamarkaður radióamatöra þar sem hægt er að birta auglýsingar er varða áhugamálið. Vinsamlegast eyðið auglýsingum eða merkið með “Selt” eftir að viðskipti hafa farið fram. Þessi vefur er ekki ætlaður fyrir hljómflytningstæki, sjónvörp og þess háttar. Hann er ekki ætlaður fyrir almennt spjall, til þess eru aðrir vefir. 73 de Ágúst, TF3OM“.



Flóamarkaður radióamatöra

Private group · 247 members



+ Invite

Share

11.5 Kynningar- og ávarpsrit ÍRA.


Kynningar- og ávarpsrit ÍRA voru endurprentuð á starfsárinu (4. prentun). Þetta efni var samið af stjórn félagsins í umsjón ritnefndar og kom út í lok starfsársins 2021/22 og var lagt fram til kynningar á aðalfundi 2022.

Um er að ræða fjórblöðunga sem eru vistaðir á heimasíðu en eru jafnframt prentaðir í lit, m.a. til dreifingar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Ritunum er komið fyrir í gegnsæjum plastbökkum í fundarsal sem eru á veggnum til vinstri við inngang í eldhús í fundarsal.

Kynningar- og ávarpsritin eru til endurskoðunar og uppfærslu hjá stjórn félagsins og er þess að vænta að ritnefnd CQ TF muni gera handrit klár til prentunar vorið 2026.

Kynningarrit ÍRA, vefslóð: <http://www.ira.is/wp-content/uploads/2021/12/Kynning-2022.pdf>

Ávarpsrit til nýrra félagsmanna, vefslóð: http://www.ira.is/wp-content/uploads/2022/01/Avarp_2022.pdf



100 ÁRA AFMÆLI IARU

Alþjóðasamband radióamatöra, IARU, International Amateur Radio Union var stofnað í París 23. apríl 1925. Þann 26. apríl 2025 hélt IARU ásamt boðsgestum upp á 100 ára afmælið í veglegu afmælishófi. Viðburðarstjóri var Joel Harrison, W5ZN ritari IARU. Heillaóskir og ræður fluttu:

Doreen Bogdan-Martin, KD2JTX, aðalritari ITU. Hún talaði um hið mikla og góða samband, sem hefur verið milli radióamatöra og ITU öll þessi ár. Minnti hún jafnframt á þann mikla áfanga, þegar radióamatörar öðluðust stöðu radióþjónustu innan radióreglugerðar ITU árið 1927 og afhenti IARU að táknrænni gjöf við þessi tímamót, frumritið af þessari samþykkt.

Richard Roderick, K5UR Alþjóðaskrifstofu IARU og forseti ARRL.
Timothy Ellam, KC, VE6SH/G4HUA forseti IARU.
Christiane Seifert, formaður CEPT nefndar um rafræn fjarskipti.
Thomas Ewers, forstjóri evrópsku CEPT fjarskiptastofunnar.
Oscar Leon Suarez, ritari CITEL (Sam-Ameríska Fjarskiptastofan), og



Atila Matas, HB9IAJ, fv. deildarstjóri ITU-R flutti lykilræðu hófsins.

Hann kom mjög víða við og fór yfir margt í þróun alþjóða radióreglugerðar ITU. Nefndi hann fjölbreyttan þátt radióamatöra í tækniþróun, neyðarfjarskiptum, og stöðugri aðlögun að nýjum viðfangsefnum og tækifærum. Einnig deildi hann þeirri reynslu sinni, að margir fulltrúar stjórnvalda hefðu snúist til stuðnings við málefni radióamatöra í radióreglugerð ITU, eftir að hafa heimsótt og kynnst starfsemi 4U1ITU, klúbbstöðvar ITU. Minnti hann að lokum á hve mikilvægt er fyrir radióamatöra að vera vel tengdir, fylgjast vel með og vera vel undirbúnir í einu og öllu að því er varðar tíðnimál.



Boðsgestir í 100 ára afmælishófi IARU í París 26. apríl 2025. Ljósmynd: IARU.



Kristján Benediktsson TF3KB flytur IARU heillaóskir og afmælikveðjur frá Íslenskum radióamatörum. Tim Ellam VE6SH/G4HUA, forseta IARU og Joel Harrison, W5ZN ritara IARU afhentu borðfáni IRA. Ljósmynd: LA8UW.

12. Samskipti við stjórnvöld

FJARSKIPTASTOFA, TÍÐNI- OG AFLHEIMILDIR, SÉRHEIMILDIR.

Í þessum kafla er farið yfir það helsta sem verið hefur til umfjöllunar á starfsárinu og varðar heimildir íslenskra radióamatöra sem tengist reglugerð¹² og sérheimildum samkvæmt sérstökum tíðni- og aflheimildum.

Fyrst er stutt yfirlit yfir samskipti við Fjarskiptastofu (FST).¹³ Síðan er fjallað um sérheimildir eftir tíðnisviðum; á 4, 6, 60 og 160 metrum. Við umfjöllun um hvert tíðnisvið, er samhliða birt yfirlit (sögulegs eðlis) til að skýra bakgrunn núgildandi heimilda.

12.1 Viðræður/samskipti við stjórnvöld.

Viðræður fóru fram við Fjarskiptastofu á starfsárinu 2025/26 um tíðni- og aflheimildir leyfshafa, m.a. utan hefðbundinna heimilda. Þær fóru einkum fram á tímabilinu mars-Oesember 2025 og í janúar-febrúar 2026.

Auk framangreindra viðræðna voru regluleg samskipti með aðilum allt starfsárið, þ.m.t. í tengslum við undirbúning og framkvæmd prófs Fjarskiptastofu til amatörleyfis, sem haldið var 1. nóvember 2026 í Háskólanum í Reykjavík.

12.2 SÉRHEIMILD Á 4 METRUM (70.200-70.250 MHZ).

	FREQUENCY SEGMENT (kHz)	MAX BANDWIDTH (Hz)	PREFERRED MODE AND USAGE	
70 MHz	70,000 - 70,090	1000	MGM and Telegraphy	Coordinated beacons
	70,090 - 70,100	1000	MGM and Telegraphy	Temporary and personal beacons 70.091 Personal WSPR beacons
	70,100 - 70,250	2700	SSB, Telegraphy, MGM	70.185 Crossband center of activity 70.200 Centre of activity CW/SSB calling 70.250 Centre of activity MS
	70,250 - 70,294	12 KHz	AM, FM	70.260 AM/FM calling 70.270 MGM centre of activity
	70,294 - 70,500	12 KHz	FM Channels 12,5 KHz spacing	70.3125 digital communications 70.3250 digital communications 70.4500 FM calling 70.4875 digital communications

Ánægja hefur ríkt meðal leyfshafa með afnot af 70 MHz tíðnisviðinu (4 metrum) frá því sérheimild var fyrst veitt þann 19. febrúar 2010 og hefur virkum kallmerkjum fjölgað ár frá ári.

Tilraunir á 70 MHz hafa skilað áhugaverðum niðurstöðum, m.a. samböndum yfir lengri vegalengdir innan- og utanlands. Verulegur ávinningur fyrir virka leyfshafa á bandinu var þegar Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa) heimilaði rekstur radióvitans TF1VHF (QRG 70.057 MHz) árið 2018 á Álftanesi á Mýrum. Mikill áhugi varð strax á vitanum innanlands sem utan, enda í fyrsta skipti voru í boði stöðug merki á bandinu þegar gerðar voru tilraunir í tíðnisviðinu.

¹² Hér er átt við reglugerð um starfsemi radióáhugamanna nr. 348/2004 og þá reglugerð með síðari breytingum nr. 1306/2017.

¹³ Til skýringar. Fjarskiptastofa (FST) tók til starfa 1. júlí 2021 og tók við verkefnum Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) sem var lögð niður 30. júní 2021. Fjarskiptastofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir ráðherra. Hlutverk hennar er m.a. að annast stjórnsýslu og eftirlit með framkvæmd fjarskipta- og netöryggismála, þar á meðal: framkvæmd laga um fjarskipti.

Vitinn fór í loftið þann 12. maí 2018 og hefur verið QRV síðan (í tæp átta ár) þegar þetta er skrifað. Ástæða er til að taka fram, að ekki hafa borist kvartanir vegna starfsemi radióamatöra vegna starfrækslu í 70 MHz tíðnisviðinu í þann tæplega einn og hálfa áratug frá því heimild var fyrst veitt.

Á starfsárinu 2024/25 fóru fram viðræður við Fjarskiptastofu um 70 MHz tíðnisviðið. Rætt var annars vegar um líkur á framtíðarúthlutun, meðal annars með tilliti til WRC 2027 (ITU World Radiocommunication Conference). Og hins vegar, um möguleika á sérheimildum fyrir auknu afli vegna tímabundinna tilrauna.



Nýrri HF stöðvar fyrir radióamatöra eru gjarnan búnar 50 og 70 MHz tíðnisviðunum. Þ.á.m. er ICOM IC-7700 sendi-/móttökustöðin sem hefur allt að 200W sendiafl á 4 metrum.

Núverandi sérheimild til íslenskra leyfishafa gildir út almanaksárið 2026 og var endurnýjuð 3. janúar 2025 [til tveggja ára]. Samkvæmt henni er hámarksbandbreidd 16 kHz. Engin skilyrði eru hvað varðar mótun. Hámarks útgeisað afl er 100W. Heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi verður að hætta sendingum strax. Tilskillið er, að kallmerki notist í upphafi og lok fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan samband varir.

Þess má geta til upprifjunar, að samráð ÍRA og PFS (nú Fjarskiptastofa) á starfsárinu 2018/19 leiddi til rýmkunar tíðniheimildar á 4 metrum, þ.e. úr 70.000-70.200 MHz í 70.000-70.250 MHz þann 9. október 2018. Þessi viðauki hefur reynst mikilvægur fyrir þá sem stunda tilraunir í tíðnisviðinu.

Rýmkun heimildarinnar (umfram 70.200 MHz) jók *verulega* notagildi hjá þeim leyfishöfum sem stunda fjarskipti yfir langar vegalengdir, þ.e. fjarskipti við radióamatöra í öðrum löndum (DX).

Leyfishafar þurfa að sækja um heimild til Fjarskiptastofu áður en sendingar eru hafnar á 70 MHz.

12.3 SÉRHEIMILD Á 6 METRUM (50.000-52.000 MHz).

Á starfsárinu 2025/26 fóru fram viðræður við Fjarskiptastofu um 50 MHz tíðnisviðið sem byggðu á viðræðum árin 2022 og 2021 og leiddu m.a. til þeirrar niðurstöðu að leyfishafar fengu tímabundna heimild fyrir auknu sendiafli í tíðnisviðinu 50,0-50,5 MHz – G-leyfishafar allt að 1000W og N-leyfishafar allt að 100W á fjögurra mánaða tímabilinu frá júní til september 2023.

	FREQUENCY SEGMENT (kHz)	MAX BANDWIDTH (Hz)	PREFERRED MODE AND USAGE	
50 MHz	50,000 - 50,100	500	Coordinated Beacon Project Telegraphy	000 - 010 Region 1, 010-020 Region 2, 020-030 Region 3 50,050 centre of activity 50,090 intercontinental centre of activity
	50,100 - 50,200	2700	SSB and Telegraphy	50,100-50,130: intercontinental. Centre of activity: 50,110 50,130-50,200: international. Centre of activity: 50,150
	50,200 - 50,300	2700	SSB and Telegraphy	General use. 50,285: crossband
	50,300 - 50,400	2700	Narrow band modes, MGM	50,305 PSK Center of activity 50,310 - 320 EME center of activity 50,320 - 380 MS center of activity
	50,400 - 50,500	1000	MGM and Telegraphy	Beacons exclusive (50.401 MHz +/- 500Hz WSPR Beacons)
	50,500 - 52,000	12 KHz	all mode	50.510 SSTV 50.520 - 540 Simplex FM Internet Voice Gateways 50.550 Image working frequency 50.600 RTTY (FSK) 50.620 - 750 Digital communications 50.630 Digital Voice (DV) calling 51.210 - 390 FM/DV Repeater Inputs 51.410 - 590 FM/DV Simplex 51.510 FM calling frequency 51.810 - 51.990 FM repeaters output channels
	50,500 - 50,700	none	all mode	50.540 - 580 Simplex FM/DV Internet Voice Gateways 50.600-50.700 Digital communications; including 50.630 DV calling
	50,700 - 50,900	12 KHz	FM/Digital voice	50.710 - 50.890 FM/DV repeater output channels
	50,900 - 51,200	none	all mode	For wideband digital experiments
	51,200 - 51,400	12 KHz	FM/Digital voice	51.210 - 390 FM/DV Repeater Input channels
	51,400 - 52,000	none	all mode	51.410 - 590 FM/DV Simplex 51.510 FM calling frequency 51.810 - 990 FM/DV repeaters output channels For wideband digital experiments

Tíðniskipan fyrir 50 MHz tíðnisviðið á IARU Svæði 1.

ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu 5. mars 2025 við ósk félagsins um endurnýjun aukinna aflheimilda á 6 metra bandi í 50-50,5 MHz tíðnisviðinu frá og með 1. Aprílæ 2025. Gildistími er 6 mánuðir eða til 31. september. G-leyfishafar fá heimild til að nota allt að 1kW og N-leyfishafar allt að 100W.

Eftirfarandi skilyrði voru lögð til grundvallar:

- Hámarks bandbreidd sendinga er 18 kHz.
- Engin skilyrði hvað varðar mótun.
- Heimild er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi verður að hætta sendingum strax.
- Æskilegt er að sendingar fari fram utan byggðar.
- Ákvörðun um framlengingu verður tekin síðar.

Leyfishafar skulu sækja sérstaklega um heimild til PFS á bjarni@fjarskiptastofa.is Tilgreina skal að sótt sé um aukið afl á 50 MHz.

Þess má geta til upprifjunar, að undanfari þessarar jákvæðu niðurstöðu voru viðræður sem teknar voru upp við PFS (nú FST) eftir umfjöllun á 7. stjórnarfundum starfsársins 2020/21. Á þeim fundi flutti formaður stjórn skýrslu um stöðu 50 MHz tíðnisviðsins með tillögu þess efnis, rétt væri að taka upp á ný viðræður við PFS. Stjórnin samþykkti að fela formanni að taka upp samráð við Póst- og símamálastofnun (nú fjarskiptastofa) á ný um verkefnið þar sem frá var horfið. Samráð var í framhaldi tekið upp við stofnunina.

Á 3. stjórnarfundum 2020/21 flutti formaður stjórn félagsins skýrslu um viðræðurnar við PFS (nú FST) og var farið yfir stöðuna. Fram kom m.a., að jafnvel komi til greina að fá samsvarandi tímabundna uppfærslu reglugerðar líkt og DARC (sjá neðar. Stjórnarmenn voru sammála um að bíða heldur og fá þess í stað endanlega heimild, þar sem „vertíðin“ á 6 metrum væri hvort eð er nánast yfirstaðin það ár.

Hlé var gert á viðræðum við PFS (nú FST) síðsumars 2020 vegna Covid-19 faraldursins annars vegar, og hins vegar, vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar. Viðræðurnar frestuðust hinsvegar fram á vorið 2021 (líkt og fram kemur að ofan). Niðurstaðan varð, eins og fram kemur í bréfi stofnunarinnar til félagsins að heimila tímabundið fullt afl á 50 MHz sumarið 2021. Bráðabirgðareglugerð í Þýskalandi (sem nefnd er að ofan) rann sitt skeið 31.12.2020 og virðist [í ljósi tímans] hafa verið ein „á báti“ meðal þjóðríkja í IARU Svæði 1.

Upplýsingar sem komið var á framfæri við félagsmenn í 3. tbl. CQ TF þann 7. maí 2020.

DARC varð fyrsta landsfélagið til að fá heimild hjá stjórnvöldum fyrir sína leyfishafa á 50 MHz eftir samþykkt frumvarps á radiótíðniráðstefnu ITU (WRC-19) í nóvember 2019.

Heimildin var bráðabirgðaheimild (e. *preliminary provisional implementation*) til notkunar á 50 MHz, var veitt 6. maí og gildi úr árið 2020. Heimildin náði til tíðnisviðsins 50.000-52.000 MHz, var á víkjandi grundvelli og leyfði allar tegundir útgeislunar með mest 12 kHz bandbreidd.

Skilyrt var að nota loftnet sem senda út lárétt póluð merki. Aflheimild var tvískipt: 750W fyrir hærra leyfi og 100W fyrir lægra leyfi á tíðnisviðinu 50.000 MHz til 50.400 MHz og mest 25W á tíðnisviðinu fyrir báða leyfisflokka á 50.400-52.000 MHz.

Samkvæmt WRC-19 höfðu stjórnvöld ráðrúm a.m.k. til 1.1.2021 til undirbúnings þess að leiða niðurstöðurnar í lög. Covid-19 faraldurinn hefur almennt haft áhrif til seinkunar hér á landi sem annars staðar, enda ekki vitað um uppfærslu(r) reglugerða í 50 MHz tíðnisviðinu í aðildarlöndum IARU Svæðis 1 (miðað við stöðu mála í árslok 2023).

Á ný voru hafnar viðræður við Fjarskiptastofu 14. desember 2021. Meðal umfjöllunarefna var uppfærsla reglugerðar (með síðari breytingum) og til vara, uppfærsla viðauka reglugerðarinnar sem tiltekur tíðnisvið, sendiafl og bandbreidd. Þegar þetta er skrifað (í árslok 2025) er málið í farvegi þrátt fyrir að ekki hafi farið fram viðræður á milli aðila á starfsárinu 2025/26. ÍRA stefnir að því að ljúka verkefninu í samvinnu við Fjarskiptastofu vorið 2024 þannig að fullnaðarafgreiðsla náist og 50 MHz tíðnisviðið verði tekið upp í reglugerð.

Hvað varðar 50 MHz bandið, bera að nefna til upplýsingar að radióviti var settur upp á Álftanesi á Mýrum sem fór í loftið þann 12. maí 2018 og og hefur verið QRV síðan (í meir en fimm ár) þegar þetta er skrifað. Kallmerki er TF1VHF.¹⁴ Eins og fram kemur framar (í umfjöllun um 4 metra bandið), var þessi radióviti settur upp samtímis og annar fyrir 70 MHz.



Loftnetsturninn í Álftanesi á Mýrum sem hýsir loftnetin fyrir radióvitana TF1VHF sem vinna á á 70 og 50 MHz. Mynd: TF1A.

¹⁴ Sama kallmerki, TF1VHF er notað fyrir radióvitana á 4 og 6 metrum. Það kemur ekki að sök þar sem útsendingar eru á mismunandi tíðnisviðum.

Mikill áhugi varð strax eftir uppsetningu á merkjum frá 50 MHz vitanum innanlands sem utan, þar sem í boði voru stöðug merki á 6 metrum [allan sólarhringinn] þegar tilraunir fóru fram í tíðnisviðinu.¹⁵ Merkin heyrast vel um allt höfuðborgarsvæðið, Suðurland og Vesturland og enn fremur erlendis þegar skilyrði eru til staðar.



Kenwood TS-890S HF sendi-/móttökustöðin hefur allt að 200W sendiafl á 6 metrum.

Í skýrslu sem þessari er nauðsynlegt að veita innsýn í þróun verkefnisins um 50 MHz sviðið, m.a. til að skýra að reglugerðarmál taka tíma þ.á.m. seinkun vegna Covid-19 faraldursins (þótt hún sé óvanaleg). Hér á eftir er veitt stutt yfirlit yfir þróun málsins (í tímaröð) frá því ný stjórn ÍRA tók við eftir aðalfund þann 21. mars 2018.

Ár 2018; ný stjórn hefst handa.

Ný stjórn ÍRA var kjörin á aðalfundi 21. mars 2018. Meðal mikilvægra verkefna var vinna að undirbúningi uppfærslu heimildar á 50 MHz (6 metrum). Þegar leið á sumarið (2018) og forgangsverkefni voru frá, hófst ný stjórn undirbúning (sbr. fundargerðir frá þeim tíma)¹⁶. Að því loknu, var sent erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar (nú Fjarskiptastofa) þann 5. október með beiðni um rýmkaðar aflheimildir í 50-52 MHz tíðnisviðinu.

Þar var farið fram á heimild til G-leyfishafa um fullt afl, allt að 1kW. Í annan stað, var þess farið á leit, að aflheimild til N-leyfishafa yrði rýmkuð úr 50W í 100W.

Meginrök til stuðnings erindinu voru m.a., að mikilvægt sé að okkar leyfishafar sem gera tilraunir í tíðnisviðinu geti haft aðgang að fullu afli til að standa jafnfætis radióamatörum í öðrum löndum. Hér koma m.a. til tilraunir sem fela í sér sambönd yfir langar vegalengdir (utanlands), þ.á.m. EME sambönd (*e. Earth-Moon-Earth*) og MS (*e. Meteor Scatter*).

Enn fremur kom fram í erindi félagsins, að eftir því sem sjónvarpssendingar eru aflagðar í sviðinu [í fleiri löndum] hafi aflheimildir til radióamatöra verið auknar, samanber Nkom (norsk systurstofnun FST) sem heimilar norskum leyfishöfum fullt afl (allt að 1kW) á 50 MHz (í forgangsflokki-1 í reglugerð Norðmanna sem tók gildi 8. ágúst 2018). Þá hafi dönsk stjórnvöld heimilað sínum radióamatörum að nota fullt afl á 50 MHz árum saman.

Ár 2019: óvæntar upplýsingar.

Í byrjun starfsárs 2019/20 komu þær upplýsingar fram á samráðsfundi við stofnunina, að ekki væri formleg samþykkt að baki 50 MHz bandinu frá tíðniákvörðunarráðstefnu ITU (eins og

¹⁵ Radióviti á 50 MHz var fyrst settur í loftið árið 1986 samkvæmt sérstakri heimild Póst- og fjarskiptastofnunar (nú Fjarskiptastofa). Það var 10W sendir sem var gefinn félaginu af UK Six Meter Group. Þór Þórsson, TF1GW stóð einnig að rekstri radióvita á 6 metrum um nokkurt skeið og var sá sendir staðsettur í sumarhúsi hans á Suðurlandi.

¹⁶ Fundargerðirnar eru birtar í Ársskýrslu ÍRA 2018/19. Sjá Viðauka-A, bls. 91-122. Vefslóð: <http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/02/20190216-arsskyrsla-tf3jb.pdf>

venjan er). M.ö.o., byggði heimild til íslenskra radióamatöra (og í öðrum löndum) um notkun á 50 MHz tíðnisviðinu á neðanmálgrein í alþjóðareglugerðinni. Það er því í raun sama fyrirkomulag sem sérheimild okkar á 70 MHz byggir á.

Fram til þess tíma sem þessar upplýsingar urðu ljósar hafði stjórn ÍRA gefið sér og ályktað, að tíðniupplýsingar fengju **ekki** birtingu í viðauka með reglugerð¹⁷ nema að um væri að ræða tíðnisvið með ITU samþykktir að baki. Í framhaldi var athugað sérstaklega með aðrar heimildir í viðaukanum. Staðfest var, að þær eiga allar uppruna í samþykktum ITU. Með öðrum orðum, **einvörðungu** 50 MHz tíðnisviðið var undantekningin (sem sannaði regluna).

Ár 2019: WRC-19 og stuðningur PFS.

Þegar leið á starfsárið 2019/20 og WRC-19 radiótíðniákvörðunarráðstefna Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) var framundan – og frumvarp IARU um 50 MHz tíðnisviðið formgerðist, kom stjórn ÍRA tillögum IARU á framfæri við Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa). Stuðningur Póst- og fjarskiptastofnunar fékkst sem og stuðningur systurstofnana PFS á Norðurlöndum og reyndar víðast um heiminn.

Ár 2019: Samþykkt WRC-19 um 50 MHz.

Grunntillaga IARU um 6 metra bandið var síðan til umfjöllunar á WRC-19 ráðstefnunni í Egyptalandi í október/nóvember 2019. Góðar fréttir bárust til ÍRA þann 21. nóvember þess efnis, að radiótíðniákvörðunarráðstefna Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU), WRC-19 hafi samþykkt frumvarp IARU þess efnis að 50 MHz sviðinu verði formlega úthlutað til radióamatörþjónustunnar. Samþykktin var lagskipt (eins og við var búist), þ.e. 44 þjóðríki á Svæði 1 munu veita leyfiskjöfum ríkjandi aðgang á 500 kHz (á 50-54 MHz) og 26 ríki munu veita ríkjandi aðgang að öllu sviðinu.

Öll þjóðríki á Svæði 1 samþykktu að veita radióamatörum víkjandi aðgang að tíðnisviðinu 50-52 MHz. Aðrar þjónustur sem fyrir voru með úthlutun á Svæði 1 og Svæði 3 munu halda heimildum. Núverandi ríkjandi aðgangur radióamatöra að 50-54 MHz í Svæðum 2 og 3 helst þannig óbreyttur. Stjórn ÍRA sendi þegar erindi sama dag (21. nóvember 2019) til Póst- og fjarskiptastofnunar (nú Fjarskiptastofa), til framkvæmdastjórnar IARU og til framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 með þökkum, fyrir hönd íslenskra radióamatöra.

Ár 2019: Kynning á niðurstöðum WRC-19.

Á fjórðu og síðustu sunnudagsopnun ÍRA samkvæmt vetrardagskrá 2019/20 (15. desember), mætti Jónas Bjarnason, TF3JB formaður ÍRA í Skeljanes og kynnti helstu niðurstöður radiótíðniákvörðunarráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins ITU, frá WRC-19 sem lauk 22. nóvember sama ár.

Þar kom m.a. fram, að nánari útfærsla á samþykktum WRC-19 er gerð af stjórnvöldum í hverju þjóðríki fyrir sig. Fram kom einnig, að væntingar væru til þess að ákvörðun verði tekin um nýskipan 6 metra bandsins hér á landi, líklega fyrir páska 2020. Félagar í þétt skipuðum fundarsalnum í Skeljanesi klöppuðu þegar þær upplýsingar komu fram. Frásögn var birt frá viðburðinum í 1. tbl. CQ TF 2019, bls.19.¹⁸

Ár 2020: Áframhaldandi samráð við PFS.

Eftir aðalfund ÍRA 15. febrúar 2020, var hafist við verkefnið á ný með viðræðum við PFS. Vegna Covid-19 faraldursins náðist þó aðeins einn fundur í lok febrúarmánaðar sem gerð var grein fyrir á næsta stjórnarfundinum í félaginu.

Málið var hins vegar tekið aftur upp við stofnunina í maímánuði (2020), einkum fyrir áhrif innsetninga á FB síður þar sem félagsmenn gerðust óþolinmóðir – í ljósi fréttar á netinu þess efnis, að þýskir radióamatörar væru búnir að fá uppfærslu á 50 MHz heimildum samkvæmt

¹⁷ Vefslóð á gildandi reglugeð um starfsemi radióáhugamanna nr. 348/2004:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/efir-raduneytum/samgonguraduneyti/nr/3732>

¹⁸ CQ TF 1. tbl. 2019. Vefslóð: http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/01/cqtf_34arg_2020_01tbl.pdf

samþykkt WRC-19 – en við ekki. Í ljós kom, að þýska landsfélagið, DARC, hafði fengið uppfærða heimild Bundesagentur samkvæmt tímabundinni bráðabirgðaheimild (samanber umfjöllun ofar).

Í 3. tbl. CQ TF 2020¹⁹ sem kom út í maí var málið skýrt og óánægjuöldur lægði strax eftir að réttum upplýsingum hafði verið komið á framfæri í blaðinu og á FB síðum. Sjá áframhaldandi þróun mála fremst í umfjöllun um tíðnisviðið.

12.4 HEIMILD Á 60 METRUM (5351,5 -5366,5 kHz OG 5260-5410 kHz).

	FREQUENCY SEGMENT (MHz)	MAX BANDWIDTH (Hz)	PREFERRED MODE AND USAGE
5 MHz	5351.5 - 5354.0	200	CW, Narrow band modes see NOTES
	5354.0 - 5366.0	2700	All modes USB recommended for voice operation (##) see NOTES
	5366.0 - 5366.5	20 (!)	Weak signal narrow band modes see NOTES

Tíðniskipan fyrir 5.3 MHz tíðnisviðið á IARU svæði-1.

Á starfsárinu 2025/26 fóru fram viðræður við Fjarskiptastofu um 5,3 MHz tíðnisviðið. Til umfjöllunar var m.a. beiðni ÍRA um endurnýjun heimildar um aukið afl (allt að 100W) á 60 metrum í TF útileikum ÍRA 2023. Í annan stað var rædd varanleg aukning aflheimildar.

ÍRA barst jákvætt svar 3. febrúar 2026 frá Fjarskiptastofu við ósk félagsins um rýmkun tíðni- og aflheimilda á 5 MHz (60 metra bandi).

Íslenskum leyfishöfum stendur til boða [frá og með 3. febrúar], að sækja um tímabundna undanþágu til notkunar á tíðnisviðinu 5260-5410 kHz í tilraunaskyni með eftirfarandi skilyrðum:

(1) Leyfilegar eru allar mótunaraðferðir og hámarksbandbreidd er 8 kHz; (2) hámarks útgeislað afl er 1000 w fyrir G-leyfishafa og 100 w fyrir N-leyfishafa; (3) heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi verður að hætta sendingum strax; (4) heimildin gildir til 2 ára, þ.e. til 31.12.2026; og (5) kallmerki skal notast í upphafi og lok fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir.

Leyfishafar sem hug hafa á að starfa á tilgreindu tíðnisviði, skulu sækja um það sérstaklega til Fjarskiptastofu (hrh@fst.is og fst@fst.is) á sama hátt og undanþágur á 1.8 MHz og 70 MHz.

Stjórn ÍRA fagnaði sérstaklega heimild Fjarskiptastofu, sem gerir íslenskum leyfishöfum kleyft að gera tilraunir á mun rýmra tíðnisviði (150 kHz) og auknu afli samanborið við núgildandi heimild á 60 metrum er í tíðnisviðinu 5351.5–5366.5 kHz (15 kHz bandbreidd) og er hámarksafl 15W (EIRP).



Yaesu FTdx101MP HF sendi-/móttökustöð hefur allt að 200 sendiafl á 5.3 MHz.

¹⁹ CQ TF 3. tbl. 2020, bls. 19. Vefslóð: http://www.ira.is/wp-content/uploads/2020/06/cqtf_34arg_2020_03tbl.pdf

Eldri heimild (sem gildir áfram samhliða sérheimild) á 60 metra bandinu er í tíðnisviðinu 5351.5–5366.5 kHz; sem er 15 kHz bandbreidd. Hámarksafl er 15W (EIRP). Heimild Fjarskiptastofu byggir á samþykkt radiótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU) WRC-15, sem tók gildi hér á landi 1. janúar 2017.

Sá jákvæði árangur með öflun sérheimildar á 60 metra bandi árin 2025 og 2026 byggði á frumvarpi sem stjórn ÍRA sendi til Fjarskiptastofu í árslok 2024 þar sem farið var fram á rýmkun tíðni- og aflheimilda, m.a. í ljósi neðanmálgreinar með samþykkt WRC-15, þar sem er fjallað um að *aukin* fjarlægð frá landamærum næsta þjóðríkis hafi áhrif, m.a. á aflheimildir.

Með tilliti til útbreiðslu radióbylgna í tíðnisviðinu og í ljósi þess að Ísland er eyja, tiltölulega langt frá öðrum þjóðríkjum, er það skoðun ÍRA að stjórnvöld hér á landi geti, á þeim grundvelli, komið til móts við ósk félagsins um aukið afl. Í annan stað er, við undirbúning frumvarpsins, skoðaður grundvöllur þess að fá 15 kHz tíðnisviðið útvíkkað.

Undirbúningsvinna þessi skilaði góðum árangri eins og fram kemur að ofan. Þess má geta, aðönnur þjóðlönd (sem svipað er ástatt um landfræðilega) hafa náð að koma til móts við sína leyfishafa um rýmkun heimilda eftir viðræður við stjórnvöld.

60 metrar; stutt yfirlit til upprifjunar.

Íslenskir leyfishafar fengu fyrst tilraunaheimild á 60 metrum 1. janúar 2008. Heimildin var síðan framlengd fyrir almanaksárin 2009 og 2010. Fyrstu þrjú árin var skilyrt að nota 8 fastar tíðnir, eingöngu á morsi og tali.

Heimildin var síðan endurnýjuð fyrir almanaksárin 2011 og 2012. Að beiðni ÍRA, samþykkti PFS (nú FST) að heimila 150 kHz í tíðnisviðinu 5260-5410 kHz. Í annan stað, var heimilað að nota VFO tíðnistýringu í stað 8 fastra tíðna áður (þ.e. rásaskiptingar). Á móti kom að afl var skert frá fyrri heimild úr 200W í 100W.

Þann 6. júní 2012 barst ÍRA barst jákvætt svar frá stofnuninni við ósk félagsins um heimild til *Yaesu FTdx101MP HF sendi-/móttökustöðin hefur allt að 200W sendiafl á 5,3 MHz.*

að nota PSK-31 tegund útgeislunar (6OH0J2B) á 60 metrum, til viðbótar við CW og SSB. Sama heimild (þ.e. tíðnisvið og tegundir útgeislunar) var síðan framlengd almanaksárin 2013 og 2014 samkvæmt erindi PFS dags. 13. nóvember 2012. Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar (Nú Fjarskiptastofa) voru eftirfarandi:

- Heimilaðar mótunaraðferðir: J3E (USB), A1A (CW) og 6OH0J2B (PSK-31); hámarks bandbreidd: 3 kHz.
- Hámarks leyfilegt útgeislað afl: 100W.
- Heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi, þá verður að hætta sendingum strax.
- Kallmerki skal notast við upphaf og endi fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir. Þeir leyfishafar sem hug hafa á að vinna á umræddu tíðnisviði þurfa að sækja sérstaklega um það til stofnunarinnar.
- Hafi leyfishafar haft heimild fyrir til notkunar á tíðnisviðu, þurfti engu að síður að sækja sérstaklega um heimild fyrir nýtt leyfistímabil, þ.e. 1.1.2013-31.12.2014.

Um tíma hafði ríkt bjartsýni um úthlutun bandsins 5260-5410 kHz til radióamatöra, en eftir úthlutun WRC-12 á tíðnisviðinu 5250-5275 kHz til annarra nota varð ljóst, að ekki gat orðið

af því, þar sem slík úthlutun hefði skaraðist verulega við tímabundnar tilraunaúthlutanir í tíðnisviðinu 5260-5410 kHz.

Staða mála skýrðist loks á radiótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins (ITU) WRC-15, 27. nóvember 2015 þegar samþykkt var úthlutun á 5351.5–5366.5 kHz (15 kHz) til radióamatörþjónustunnar. Hámarksafl var miðað við 15W (EIRP) með undanþágu fyrir allt að 25W (EIRP). Samþykkt WRC-15 tók síðan gildi hér á landi 1. janúar 2017.

12.5 SÉRHEIMILD Á 160 METRUM (1850-1900 KHZ).

	FREQUENCY SEGMENT (kHz)	MAX BANDWIDTH (Hz)	PREFERRED MODE AND USAGE		
	135.7 - 137.8	200	CW	CW, QRSS, narrow band digital modes	
	472 - 475	200	CW	CW,	See NOTES
	475 - 479	(#)	Narrow band modes	CW, Digimodes	See NOTES
1.8 MHz	1810 - 1838	200	CW	1836 kHz - CW QRP Centre of Activity	
	1838 - 1840	500	Narrow band modes		
	1840 - 1843	2700	All modes (1)	Digimodes	
	1843 - 2000	2700	All modes (1)		

Á starfsárinu 2025/26 fóru fram viðræður við Fjarskiptastofu um 160 metra tíðnisviðið. Til umfjöllunar var m.a. beiðni ÍRA um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum.

ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu 19. desember 2024 við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum á almanaksárinu 2025. G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl, 1kW. N-leyfishafar njóta sömu tíðniréttinda, en aflheimild miðast við 10W.

Heimildin nær til eftirtalinna keppna:

Heimild á 1850-1900 kHz gildi um tilgreindar alþjóðlegar keppnir á árinu 2025.

ALÞJÓÐLEGAR KEPPNIR 2024	TEG. ÚTG.	KLST.
CQ 160 metra keppnin	CW	48
ARRL International DX keppnin	CW	48
CQ 160 metra keppnin	SSB	48
ARRL International DX keppnin	SSB	48
CQ World Wide WPX keppnin	SSB	48
CQ World Wide WPX keppnin	CW	48
IARU HF World Championship keppnin	CW/SSB	24
CQ World Wide DX keppnin	SSB	48
CQ World Wide DX keppnin	CW	48
ARRL 160 metra DX keppnin	CW	42

Heimildin var veitt með fullu samþykki Vaktstöðvar siglinga sem hefur forgang til notkunar tíðna á þessu tíðnibili. Um þessa notkun gilda sömu kröfur og gilda fyrir tíðnisviðið 1810-1850 kHz í reglugerð, en aukin skilyrði Fjarskiptastofu eru eftirfarandi: Heimildin er einvörðungu veitt þann tíma sem tilgreindar alþjóðlegar keppnir standa yfir (sjá töflu). G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl, allt að 1kW. N-leyfishafar njóta sömu tíðniréttinda, en aflheimild þeirra miðast við mest 10W. Leyfishafar þurfa að sækja um heimild til stofnunarinnar áður en sendingar eru hafnar í tíðnisviðinu. Hafi menn haft heimild til notkunar á tíðnisviðinu áður – þarf engu að síður að sækja sérstaklega um heimild fyrir nýtt

leyfistímabil. Ein umsókn fyrir allar 10 keppnirnar. Tilgreina skal, að sótt sé um heimild fyrir nýtt tímabil; 1.1.2025.-31.12.2025.

ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu þann 3. febrúar 2026 við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 1850-1900 kHz á auknu afli vegna þátttöku í tilgreindum alþjóðlegum keppnum á

almanaksárinu 2026. Sjá meðfylgjandi töflu neðar. G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl, eða allt að 1kW á tíðnisviðinu 1850-1900 kHz.

ALÞJÓÐLEGAR KEPPNIR 2026	TEG. ÚTG.	DAGS.	KLST.
CQ 160 metra keppnin	CW	23.-25. janúar	48
ARRL International DX keppnin	CW	21.-22. febrúar	48
CQ 160 metra keppnin	SSB	27. febr. – 1. mars	48
ARRL International DX keppnin	SSB	7.-8. mars	48
Stew Perry Topband Challenge	CW	14.-15. mars	24
CQ WW WPX keppnin	SSB	28.-29. mars	48
CQ WW WPX keppnin	CW	30.-31. maí	48
Stew Perry Topband Challenge	CW	20.-21. júní	24
IARU World HF Championship keppnin	CW/SSB	11.-12. júlí	24
Stew Perry Topband Challenge	CW	17.-18. október	24
CQ WW DX keppnin	SSB	24.-25. október	48
CQ WW DX keppnin	CW	28.-29. nóvember	48
ARRL 160 metra keppnin	CW	4.-6. desember	48
Stew Perry Topband Challenge	CW	26.-27. desember	24

Heimildin er veitt með fullu samþykki Vaktstöðvar siglinga sem hefur forgang til notkunar tíðna á þessu tíðnibili. Um þessa notkun gilda að öðru leyti sömu kröfur og fyrir tíðnisviðið 1810-1850 kHz í reglugerð, en aukin skilyrði Fjarskiptastofu eru eftirfarandi: Aflheimild er einvörðungu veitt þann tíma sem tilgreindar alþjóðlegar keppnir standa yfir.

G-leyfishafar sem ætla að nýta sér þessa undanþágu skulu tilkynna það til fst@fst.is eða bjarni@fjarskiptastofa.is. Ath. að það nægir að senda eina umsókn sem þar með gildir fyrir allar 14 keppnirnar á árinu 2026.

Sérheimild til G-leyfishafa vegna þátttöku í tilgreindum alþjóðlegum keppnum í tíðnisviðinu 1850-1900 kHz á almanaksárinu 2026, barst frá Fjarskiptastofu 3. febrúar 2026 var sérstaklega ánægjuleg þar em stofnunin féllst á viðbót fjögurra keppna, þ.e. *Stew Perry Topband Challenge* keppninnar í mars, júní, október og desember. Keppnirnar eru því alls 14 talsins 2026.

Samkvæmt reglugerð er almenn úthlutun í tíðnisviðinu á 160 metra bandi tvískipt, annarsvegar frá 1810-1850 kHz samkvæmt forgangsflokki 1 (aflheimild G-leyfishafa er allt að 1kW og N-leyfishafa allt að 100W og hinsvegar, frá 1900-2000 kHz samkvæmt forgangsflokki 2 (aflheimild G-leyfishafa og N-leyfishafa er allt að 10W).

Heimildin til G-leyfishafa til notkunar tíðnisviðsins 1850-2000 kHz [í tilgreindum alþjóðlegum keppnum] er því utan reglugerðar og skoðast sem tímabundin sérheimild. Ástæða er sú, að Vakstöð siglinga hefur forgang til notkunar tíðna á þessu tíðnibili og þess vegna þurfa G-leyfishafar að sækja sérstaklega um heimild til Fjarskiptastofu hverju sinni – en í boði er jafnframt að sækja um heimild fyrir allar tilgreindu keppnirnar á 160 metrum á almanaksárinu 2026 (líkt og fram kemur að ofan) og þarf þá bara einn tölvupóst.

Þess má geta, að Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa) hefur áður heimilað leyfishöfum að vinna í tíðnisviðinu 1850-1900 kHz í tilgreindum alþjóðlegum keppnum. Það var árin 2007, 2008 og 2010 (ekki var sótt um heimild fyrir 2009). Þau ár var aflheimild mest 10W.

Frá 6.1.2011 hefur hins vegar verið veitt full aflheimild til G-leyfishafa, þ.e. 1kW. Stjórn ÍRA þakkar ráðgjöf og aðstoð Kristins Andersen, TF3KX, Kristjáns Benediktssonar, TF3KB og Yngva Harðarsonar, TF3Y hvað varðar 160 metra bandið.

12.6 NÝJAR AFL- OG TÍÐNIHEIMILDIR TIL SKOÐUNAR.

Á starfsárinu 2025/26 var áfram að undirbúningi erinda til Fjarskiptastofu hvað varða auknar aflheimildir í alþjóðlegum keppnum og hvað varðar ný tíðnisvið á 8 og 5 metrum.

Aukið afl í alþjóðlegum keppnum.

Stefnt er að því að sækja um heimild um aukið afl til nota í alþjóðlegum keppnum á 160-10 metrum. Til viðmiðunar er að sækja um allt að 1,5kW heimild fyrir G-leyfishafa. Meginrök eru, að íslenskir leyfishafar geti staðið jafnfætis leyfishöfum öðrum löndum sem veita svipaðar (eða meiri) aflheimildir; en 1,5kW er hámarks leyfilegt afl í stærstu alþjóðlegum keppnum.


Frekari rök eru staðsetning landsins sem löngum hefur verið lýst svo, að hún sé sú versta á hnettinum til fjarskipta í stuttbylgjusviðinu. Sem dæmi, kom fram í erindi Yngva Harðarsonar, TF3Y og Sigurðar R. Jakobssonar, TF3CW sem flutt var í Skeljanesi fyrir nokkrum árum, að **að truflanir vegna norðurljósa voru að meðaltali 243 daga á ári hér á landi**. Til samanburðar er dagafjöldi fyrir Bretland 10 á ári og fyrir Suður-Frakkland 1 dagur á ári.

Uppkast að erindi af þessu tagi liggur fyrir nánast tilbúið þegar þetta skrifað (árslok 2023). Stefnt er að því að senda erindið til Fjarskiptastofu á árinu 2024.

Ný bönd: 8 metrar og 5 metrar.

Ný tíðnisvið til umfjöllunar, eru einkum 8 og 5 metrar. Bæði þessi bönd eru áhugaverð með tilliti til séreinkenna í útgeislun og með tilliti til norðlægrar staðsetningar landsins.

Stöplarið til hliðar sýnir afstöðu þeirra til 10, 6 og 4 metrana.



8 metrar (40.0-44.0 MHz).

8 metra bandið tilheyrir metrabylgju (VHF) sem þekur tíðnisviðið frá 30-300 MHz. Bandið deilir útbreiðslueinkennum (e. *characteristics*) með 6 og 10 metrum. Það býður t.d. oftari uppi á fjarskipti yfir lengri vegalengdir heldur en 6 metrar, m.a. vegna endurkasts frá F2 laginu [sem er í 200-400 km hæð] í jónahvolfinu. Endurkast (speglun) verður einnig í E lagi jónahvolfsins [í 100 km hæð], einkum að sumri til.

Þessir eiginleikar hafa vakið áhuga radióamatöra á 40 MHz tíðnisviðinu og hafa stjórnvöld í Danmörku (OZ), Írlandi (EI), Slóveníu (S5) og Suður-Afríku (ZS) á IARU Svæði 1 m.a. gefið út tilraunaheimildir til radióamatöra í tíðnisviðinu. Til upplýsingar má m.a. sjá bandskipan fyrir 8 metra bandið á Írlandi (IRTS) á þessari slóð: https://www.irts.ie/downloads/Irish_8m_5m_band_plans.pdf

Til upplýsingar má benda á áhugaverða grein Guðmundar Sigurðssonar, TF3GS sem birtist í 1. tbl. CQ TF 2021 um 40-45 MHz tíðnisviðið (á 8 metrum).²⁰ Frá því grein Guðmundar birtist í CQ TF hefur radióvitinn S55ZMS bæst við sem er virkur á 40.570 MHz. Hann sendir út á morsi og P14 stafrænni mótun. Sendiafl er 7W og loftnet er láréttur tvíþóll. Loftnet vitans er staðsett á einum af loftnetsturnum keppnisstöðvarinnar S53M í norðausturhluta Slóveníu. Þetta er fjórði radióvitinn á 8 metrum. Annar viti er EI1CAH sem er QRV á 40.016 MHz. Hann sendir út á morsi og P14 (Pharuslgnis4) stafrænni tegund útgeislunar (MGM). Sendiafl er 25W og loftnet er láréttur tvíþóll. QTH er skammt frá Galway á Vestur-Írlandi.

²⁰ http://www.ira.is/wp-content/uploads/2021/01/cqtf_35arg_2021_01tbl.pdf

Þess má loks geta, að breskir leyfishafar hafa sótt um og fengið tilraunaheimildir á 40-42 MHz; 5W ERP. Þeir nota einkum tíðnina 40.576 MHz á FT8. Einnig eru tíðirnar 40.680 og 40.690 MHz notaðar á morsi og FT8. Heimildir eru gefnar út til eins árs hverju sinni.

5 metrar (54.0-69.9 MHz).

5 metra bandið tilheyrir metrabylgju (VHF) líkt og 8 metra bandið. Það deilir mörgum útbreiðslueinkennum (e. *characteristics*) með [nærleggjandi] 6 metra bandi en hærri tíðni þýðir m.a. að endurkast frá F2 laginu er ekki það sama. Á hinn bóginn verður endurkast (speglun) í E lagi jónahvolfsins, einkum að sumri til. Þá eru skilyrði sem myndast í veðrahvolfinu (e. *tropospheric propagation*) algengari [heldur en á 6 metrum]. Áhugavert er, að skilyrði myndast þegar norðurljós eru ríkjandi í norðurljósabeltinu sem liggur meðal annars yfir Íslandi. Loks er ótalið, að 5 metra bandið hentar mjög vel til MS (e. *meteor scatter*) tilrauna. Bresk stjórnvöld hafa gefið út tilraunaheimildir til radióamatöra fyrir rekstur radióvita í tíðnisviðinu. Nýjasta úthlutunin fór fram 25. september 2022 þegar vitinn GB3MCB varð QRV á 60.300 MHz á FT8 og morsi. Hann og notar 5W og stangarloftnet. Þá hafa írsk stjórnvöld heimilað radióamatörum starfrækslu radióvitans EI1KN á 60.013 MHz.

ÁRAMÓTAHREINSUN TF ÍRA QSL BUREAU.

Áramótasending korta frá TF ÍRA QSL Bureau (kortastofu) fór að þessu sinni fram í janúar 2026. Þá voru öll kort sem borist höfðu til stofunnar (þ.á.m. til smærri staða) póstlögð til kortastofa systurfélaganna um allan heim.

Síðasti skiladagur vegna áramótaútsendingar 2025/26 var fimmtudagskvöldið 8. janúar 2026. Gjaldskrá er óbreytt, 14 krónur á kort, sama hvert sem er í heiminum.



Mathías Hagvaag TF3MH QSL stjórnir TF ÍRA QSL bureau við QSL kassan í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

13. Endurvarpar, stafvarpar, radióvitar

TÍÐNISVIÐ: 50 MHz – 70-70.250 MHz – 144-146 MHz – 430-440 MHz.

Í þessum kafla er fjallað um endurvarpa á 2 metrum og 70 sentímetrum; stafvarpa á 2 metrum og radióvita á 4 og 6 metrum. Í öllum tilvikum eru veittar upplýsingar um staðsetningu, inngangs- og útgangstíðnir og tónstýringu.

13.1 YFIRLIT

Í lok starfsársins 2025/26 voru starfræktir sex FM endurvarpar í metrabylgjusviðinu (VHF), þrír endurvarpar í sentímetrabylgjusviðinu (UHF), níu stafvarpar og/eða internetgáttir í metrabylgjusviðinu (VHF) og tveir radióvitar í metrabylgjusviðinu (VHF).

Breytingar voru gerðar 3. nóvember þegar endurvarpinn TF3RPA var uppfærður og útbúinn með 88,5 Hz tónstýringu og samtengdur með UHF hlekk við TF3RPJ og TF3RPB. Endurvarpinn TF3RPK (QRG: 145.575 MHz, RX -600 kHz) var tekinn úr þjónustu frá sama tíma.

Endurvarpar í metrabylgjusviðinu (VHF) eftir 3. nóvember 2023:

- TF1RPB – Bláfjöll (2 metrar).
- TF1RPE – Búrfell (2 metrar).
- TF2RPJ – Mýrar (2 metrar).
- TF3RPA – Skálafell (2 metrar).
- TF5RPD – Vaðlaheiði (2 metrar).
- TF5RPG – Þrándarhlíðarfjall (2 metrar).
- TF3RVK – Reykjavík (70 sentímetrar).

Endurvarpar í sentímetrabylgjusviðinu (UHF):

- TF3DMR – Reykjavík (70 sentímetrar) (stafrænn endurvarpi fyrir DMR fjarskiptakerfið).
- TF3RPI – Bláfjöll (70 sentímetrar) (stafrænn endurvarpi fyrir D-STAR fjarskiptakerfið).
- FM hlekkur – Bláfjöll (70 sentímetrar) (tengdur við TF2RPJ).

Stafvarpar og/eða internetgáttir í metrabylgjusviðinu (VHF):

- TF1APA – Búrfell; stafvarpi (64°04.77' N 19°49.11' W).
- TF1APB – Reynisfjall; stafvarpi (63°24.85' N 19°01.70' W).
- TF1MT-1 – Landeyjar; stafvarpi/internetgátt (63°35.07' N 20°09.08' W).
- TF3IRA-1Ø – Reykjavík; stafvarpi/internetgátt (64°07.53' N 21°56.98' W).
- TF3RPF – Reykjavík; stafvarpi (64°07.20' N 21°48.57' W).
- TF5APA – Vaðlaheiði; stafvarpi (65°44.55' N 18°00.06' W).
- TF5SS – Akureyri; internetgátt (65°38.85' N 18°06.38' W).
- TF8APA – Grindavík; stafvarpi (63°51.91' N 22°26.20' W).
- TF1SS-1 – Úlfjótssfjall; stafvarpi (Gráður N-W N/A).

Radióvitar í metrabylgjusviðinu (VHF):

- TF1VHF á 50 MHz – Álftanes á Mýrum.
- TF1VHF á 70 MHz – Álftanes á Mýrum.

*Mynd frá Bláfjöllum sem eru
í 690 metra hæð yfir sjávarmáli.
Ljósmynd: TF1A.*



FM endurvarpar, DSTAR endurvarpar, stafvarpar og radióvitar starfræktir 8. febrúar 2026.

QRG MHz	QRG inn	Tónn inn	Staðsetning	Kallmerki	Hnit
FM ENDURVARPAR, VHF					
145.600	-0,6 MHz	88,5 Hz	Skálafell, 771 m yfir sjó	TF3RPA	HP94gf
145.625	-0,6 MHz	88,5 Hz	Vaðlaheiði, 550 m yfir sjó	TF5RPD	IP05xr
145.650	-0,6 MHz	88,5 Hz	Bláfjöll, 690 m yfir sjó	TF1RPB	HP93ex
145.700	-0,6 MHz	88,5 Hz	Búrfell, 690 m yfir sjó	TF1RPE	IP04cb
145.750	-0,6 MHz	88,5 Hz	Strútur, 937 m yfir sjó	TF2RPJ	HP84wl
145.775	-0,6 MHz	88,5 Hz	Bráðarhlíðarfjall, 920 m hæð yfir sjó	TF5RPG	IP05er
FM ENDURVARPAR, UHF					
439.900	-7.0 MHz	88,5	Perlan, Öskjuhlíð, Reykjavík.	TF3RVK	HP94ad
DMR ENDURVARPAR					
434.850	-5.0 MHz	-	Skeljanes, Reykjavík	TF3DMR	HP94ad
DSTAR ENDURVARPAR					
439.975	-7.0 MHz	-	Bláfjöll, 690 m yfir sjó	Hlekkur	HP93ex
UHF HLEKKIR					
439.950	-5,0 MHz	-	Bláfjöll, 690 m yfir sjó	TF3RPI	HP93ex
STAFVARPAR					
144.800	-	-	Búrfell, 669 m yfir sjó	TF1APA	IP04cb
144.800	-	-	Reynisfjall, 340 m yfir sjó	TF1APB	HP93lw
144.800	-	-	Landeyjar	TF1MT-1	HP93wo
144.800	-	-	Reykjavík (Skeljanes); APRS	TF3IRA-1	HP94ad
144.800	-	-	Reykjavík (Hraunbær)	TF3RPF	HP94cc
144.800	-	-	Vaðlaheiði	TF5APA	IP05wp
144.800	-	-	Akureyri (Kjarnaskógur)	TF5SS	IP05wp
144.800	-	-	Þorbjarnarfell, 244 m yfir sjó	TF8APA	HP83su
144.800	-	-	Úlfjótshjall, 248 m yfir sjó	TF1SS-1	IP14ej
RADIÓVITAR					
50.457	-	-	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl
70.057	-	-	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl

13.2 Nýr DMR UHF endurvarpi settur upp í Reykjavík.

Nýr DMR endurvarpi ÍRA, TF3DMR varð QRV frá Skeljanesi fimmtudaginn 28. ágúst kl. 20:45. QRG: 439.850 MHz (RX) og 434.850 MHz (TX); -5 MHz. Hann tengist í gegnum “Brandmeister“. Upplýsingar um tækið: <https://brandmeister.network/?page=device&id=274002>

Félagið þakkar Erik Finskas, TF3EY (OH2LAK) sem hafði milligöngu um gjöf á Motorola DR 3000 Digital Mobile Radio UHF endurvarpa frá klúbbi sínum í Finnlandi (OH2CH). Erik útvegaði einnig „Duplex“ síu (og stillti) fyrir tíðnir TF3DMR. Erik Finskas, TF3EY/OH2LAK og Jón Atli Magnússon, TF2AC eru stjórnendur endurvarpans.

Sérstakar þakkir fá eftirtaldir félagsmenn sem komið hafa að því að gera endurvarpann virkan:



Erik, TF3EY
(OH2LAK)



Ari, TF1A



Ársæll, TF3AO



Einar, TF3ES



Georg, TF2GZ



Jón, TF2AC



Pier, TF1PA



Mynd af Motorola DMR endurvarpanum í Skeljanesi.



Vinstri mynd: Pier Albert Kaspersma TF1PA og Jón Atli Magnússon TF2AC ganga frá tengingum.

Mynd til hægri: Jón Atli Magnússon TF2AC, Einar Sandoz TF3ES, Pier Albert Kaspersma TF1PA og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A (snýr baki í myndavél) undirbúa tengingu TF3DMR 28. ágúst í QSL herbergi félagsins.

13.3 Nýr endurvarpi á Þrándarhlíðarfjall.

Benedikt Guðnason, TF3TNT, Guðjón Egilsson, TF3WO og Georg Kulp, TF3GZ gerðu góða ferð þann 3. október á Þrándarhlíðarfjall. Tengdur var



TF3TNT.

TF3WO.

TF3GZ.

nýr Icom VHF endur-varpi og sett upp Kathrein 2-tvípóla VHF loftnet á fjallinu. Kallmerkið er TF5RPG. Tíðnir: 145.775 /145.175 MHz (TX/RX). Notaður er 88,5 Hz tónn inn. Nýi endurvarpinn er tengdur við Mýrar.

Þrándarhlíðarfjall er innst í Skagafirði – á mörkum Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Fjarskiptahúsið er í 920 metra hæð yfir sjávarmáli (65,41127N 19,49982V). Framtíðarsýnin er sú, að Þrándarhlíðarfjall tengist endurvörpunum á fjallinu Strút (TF2RPJ) og á Vaðlaheiði (TF5RPD).

Sérstakar þakkir til þeirra Benedikts, Guðjóns og Georgs fyrir að takast á hendur þetta mikilvæga verkefni.





Stóðvarhúsið á Þrándarhlíðarfelli er í 920 m. hæð yfir sjávarmáli.



Nýi Icom endurvarpinn klár.
„Cavity“ síurnar eru neðst.



Kathrein 2-trípóla VHF loftnetið klárt til uppsetningar.



Benedikt Guðnason TF3TNT gengur frá Kathrein loftnetinu.



Loftnetið komið upp og allt frágengið...og þá var komin þoka.



Þeir sem lögðu á fjallið. Georg Kulp TF3GZ, Benedikt Guðnason TF3TNT og Guðjón Eirísson TF3WO.

13.4 Nýr UHF endurvarpi í Reykjavík.



Nýr UHF endurvarpi, TF3RVK var gangsettur þann 24. nóvember 2025 kl. 17:00. QTH er Perlan í Öskjuhlíð í Reykjavík. Eigandi og ábyrgðarmaður er Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.

QRG er 439.900 MHz (TX) og 432.900 MHz (RX). 7 MHz eru á milli sendingar og viðtöku. Um er að ræða Icom endurvarpa af gerðinni UR-FR6000. Sendiafl er 25W. Aðgangstónn í sendingu er 88,5 Hz. Notið er $\frac{1}{4} \lambda$ loftnet og er tækið stillt á „Wide FM“. Kallmerki endurvarpana [TF3RVK] er sent út á morsi einu sinni á klukkustund.

Það voru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ sem settu upp og gengu frá nýja endurvarpanum. Sérstakar þakkir til þeirra félaga fyrir þetta frábæra framtak.



Lofnet nýja endurvarpars TF3RVK er fest efst á kúpuna á Perlunni í Öskjuhlíð. Frábært útsýni er þaðan til allra átta.



Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A stillir endurvarpann í gegnum fartölvuna.



Georg Kulp TF3GZ gengur frá kassanum fyrir Icom endurvarpann.



Endurvarpi, afgjafi og „duplex“ sía rúmast í þessum útikassa.

Ljósmyndir:
TF1A og TF3GZ.

Radióvitarnir á 50 og 70 MHz.

Radióvitarnir TF1VHF voru virkir á starfsárinu 2025/26. Báðir nota sama kallmerki, en vinna í sitt hvoru tíðnisviðinu. Annars vegar á 50.457 MHz (6m.) og hins vegar á 70.057 MHz (4m.).

Búnaður er staðsettur í húsi Neyðarlinunnar í Álftanesi á Mýrum. Vitarnir eru tengdir við sitt hvorn $\frac{1}{2}\lambda$ tvípólinn í loftnetsturni á staðnum; 50 MHz loftnetið er lárétt í 26 m. hæð og 70 MHz netið er lóðrétt í 16 m. hæð.

Vitarnir eru búnir 25W sendum. Tegund útgeislunar er þrískipt, þ.e. A1A, hefðbundin burðarbylgja og PI4 (*Pharus-Ignis-4 digital modulation (MGM) for beacon purposes*). Þeir voru hannaðir og smíðaðir af hópi danskra radióamatöra, undir stjórn OZ2M. Radióvitarnir voru fjármagnaðir af TF3ML en eru nú í eigu TF3TNT.

Vitarnir fóru fyrst í loftið 12. maí 2018 og höfðu þjónað radióamatörum hér á landi og erlendis í 5 ár þann 12. maí 2023. Þeir TF3ML, TF3SUT, TF1A og TF3-Ø33 önnuðust uppsetningu og frágang 2018.

Nokkru fyrir lát Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML haustið 2022 tilkynnti hann, að sérsmiðaður radióviti fyrir 2 m. bandið frá OZ2M biði uppsetningar fullbúinn.



Loftnetsturninn í Álftanesi á Mýrum sem hysir loftnetin fyrir kallmerkin TF1VHF. Ljósmynd: TF1A.



Radióvitarnir eru hannaðir og smíðaðir af hópi radióamatöra í Herlev í Danmörku undir stjórn Bo Hansen OZ2M. Myndin er af búnaðinum fyrir 50 MHz og 70 MHz vitana sem eru í sama kassa. Ljósmynd: TF3ML.

14. Viðtæki yfir netið

TÍÐNISVIÐ: 10 kHz-30 MHz OG 24-800 MHz.

Í þessum kafla er fjallað um viðtæki yfir netið, sem eru í boði til notkunar fyrir íslenska radióamatöra. Um er að ræða KiwiSDR SDR viðtæki fyrir tíðnisviðið 10 kHz til 30 MHz og Airspy R2 SDR viðtæki fyrir tíðnisviðið 24-1800 MHz.

14. Yfirlit.

Það er vaskur hópur félagsmanna sem stendur að baki uppsetningu og annast rekstur og viðhald viðtækja yfir netið. Þeir leggja metnað í að halda þeim gangandi – svo ekki sé talað um tíma og fjármuni. Þetta eru Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A (Reykjavík), Georg Kulp TF3GZ (Reykjavík), Árni Helgason TF4AH (Patreksfirði), Karl Georg Karlsson TF3CZ (Reykjavík) og Kristján J. Gunnarsson, TF4WD á Sauðárkróki.



Árni, TF4AH.



Georg, TF3GZ.



Karl Georg, TF3CZ.



Kristján, TF4WD.



Ari Þórólfur, TF1A.

ÍRA metur þetta framlag mikils og þakkar þessum félagsmönnum fyrir dugnað og elju við að sinna verkefninu sem er mikilvægt fyrir radióamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem áhuga hafa á útbreiðslu radióbylgna.

14.1 Rekstrarkostnaður viðtækja yfir netið.

Á stjórnarfund nr. 4/2023 [14.9.] samþykkti stjórn ÍRA að félagssjóður greiði fyrir netkostnað vegna rekstrar viðtækja yfir netið, þ.e. 4G þjónustu fyrir KiwiSDR viðtæki yfir netið. Rekstraraðilar eru Árni Helgason, TF4AH og Georg Kulp, TF3GZ. Rekstrarkostnaður nemur 50 þúsund krónum á ársgrundvelli fyrir hvort viðtæki.

Á stjórnarfund nr. 2/2024 [4.4.] var m.a. rætt um stuðning félagssjóðs við rekstur á viðtækjum yfir netið. Frá umfjöllun um málið á vettvangi stjórnar, hafði bæst við nýtt viðtæki sem er staðsett á Sauðárkróki og varð QRV 2. febrúar 2024. Í umræðum um að veita einnig stuðning við rekstur þess viðtæks, var fallið frá því en þess í stað samþykkt að árlegur stuðningur félagssjóðs geti verið 100 þúsund krónur, að hámarki.

Það gerðist síðan óvænt skömmu eftir þann fund (4.4. 2024) að NN kom að máli við TF3JB og afhenti 50 þúsund krónur í reiðufé [í umslagi] til að viðtækið á Sauðárkróki geti áfram verið í boði með vefslóð á heimasíðu ÍRA. Fénu var komið til Georgs Kulp, TF3GZ og hafa félagsmenn geta notið hlustunar á viðtækið á Króknum síðan.

Nú var liðið ár og viti menn, NN hafði samband í lok maímánaðar 2025 og mætti síðan til TF3JB aftur með 50 þúsund krónur í reiðufé 30. maí til að viðtækið á Sauðárkróki geti áfram verið í boði með vefslóð á heimasíðu ÍRA. Fénu var komið til Georgs Kulp, TF3GZ og fékk hann peningana afhenda skömmu síðar. Þetta eru góðar fréttir og alltaf ánægjulegt að þegar menn standa við gefin loforð. Sérstakar þakkir til NN.

Viðtæki yfir netið – 8. janúar 2026.

- KiwiSDR viðtæki TF4AH í Örlygshöfn við Patreksfjörð.
- KiwiSDR viðtæki TF3GZ í Örlygshöfn við Patreksfjörð.
- KiwiSDR viðtæki TF3GZ var sett upp á Sauðárkróki 5. febrúar (2024).
- KiwiSDR viðtæki TF1A var sett upp við Elliðavatn í Reykjavík (16. mars 2025).
- KiwiSDR 2 viðtæki TF1A var sett upp í Reykjavík (30. desember 2025).
- WEB-888 SDR VHF viðtæki TF1A var sett upp í Reykjavík (25. janúar 2026).

Upplýsingar um tæki og búnað.

Viðtæki yfir netið með staðsetningu á Íslandi 8. febrúar 2026.

STAÐUR	VIÐTÆKI	TÍÐNISVIÐ	FJÖLDI NOTENDA	VEFSLÓÐ
Örlygshöfn v/Patreksfjörð	KiwiSDR	30 kHz-30 MHz	Mest 16 ²¹	http://pat.utvarp.com
Örlygshöfn v/Patreksfjörð	KiwiSDR	30 kHz-30 MHz	Mest 8	http://pat2.utvarp.com:8080/
Sauðárkrókur	KiwiSDR	30 kHz-30 MHz	Mest 8	http://krokur.utvarp.com
Elliðavatn	KiwiSDR	30 kHz-30 MHz	Mest 8	http://kop.utvarp.com/
Bústaðavegur, Reykjavík	KiwiSDR 2	30 kHz-30 MHz	Mest 8	http://rvk.utvarp.com/
Bústaðavegur, Reykjavík	WEB-888 VHF	118 Mhz-148 MHz	Mest 8	http://vhf.utvarp.com/
Perlan Reykjavík	Airspy R2 SDR	24 MHz-1800 MHz	Mest 8	http://perlan.utvarp.com/

KiwiSDR 2 viðtækið yfir er fyrir
10 kHz upp í 30 MHz.
Hægt er að hlusta á
AM, FM, SSB og CW
sendingar og má velja bandbreidd
sem hentar hverri mótun.



WEB-888 SDR VHF viðtækið
er fyrir AM, FM, SSB o.fl. viðtöku
og þekur tíðnisviðið frá 118 til 148 MHz.



²¹ Í Örlygshöfn við Patreksfjörð eru 2 KiwiSDR viðtæki tengd. Annað er frá TF4AH og er tengt í 20 metra langt T-loftnet. Hitt viðtækið er frá TF3GZ og er tengt í stangarloftnet (5 metra hátt). Þegar fyrra viðtækið fyllist (8 notendur) færast hlustunin sjálfvirk inn á vefslóðina: <http://bjarg.utvarp.com:8080>

VIÐAUKI-A

Fundargerðir stjórnar ÍRA starfsárið 2025/26

STJÓRNARFUNDUR	DAGSETNING	FUNDARSTAÐUR
Stjórnarskiptafundur	27. febrúar	Fjarfundur yfir netið
Fundur 1/2025	27. febrúar	Fjarfundur yfir netið
Fundur 2/2025	10. apríl	Fjarfundur yfir netið
Fundur 3/2025	17. júlí	Haldinn í Skeljanesi
Fundur 4/2025	23. október	Haldinn í Skeljanesi
Fundur 5/2025	27. nóvember	Haldinn í Skeljanesi
Fundur 6/2026	22. janúar	Haldinn í Skeljanesi



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2025/26

Fundargerðir stjórnarskiptafundar og stjórnarfundar nr. 1 í nýrri stjórn ÍRA 2025/26; fimmtudag 27. febrúar 2025 kl. 18:00 yfir netið.

Fráfarandi stjórn: TF3JB formaður, TF1AM varaformaður, TF3GZ ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3NH meðstjórnandi, TF3UA varamaður og TF3EIN varamaður.

Viðtakandi stjórn: TF3JB formaður, TF3AM og TF3PWP (kjörnir til 2 ára), TF1GZ og TF3NH (sitja síðara tímabil) og TF3UA varamaðurog TF1EIN varamaður.

Tillaga að dagskrá stjórnarskiptafundar.

- Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
- Fundargerð 6. fundar 2024/25 frá 16. janúar 2025 lögð fram.
- Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
- Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, gögnum skilað og húslyklum.
- Fundarslit og hlé.

Tillaga að dagskrá 1. stjórnarfundar.

- Fundarsetning 1. fundar í stjórn ÍRA 2025/26.
- Tillaga að dagskrá lögð fram.
- Yfirlit yfir innkominn/útsend erindi á milli funda.

17.01.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. Umsókn um auknar tíðni- og aflheimildir á 60 metra bandi samkvæmt samþykkt stjórnarfundar 16.1.2025.
20.01.2025...Erindi frá: Sigurði Harðarsyni, TF3WS þar sem hann tilkynnir um útkomu bæklingis um 100 ára sögu útvarps á Íslandi.
20.01.2025...Erindi frá: Sylvain, F6GKR, formanni framkvæmdastjórnar IARU Svæðis-1. Varðar dagskrá afmælisfundar svæðisins í París 24.-25. apríl, 2025
20.01.2025...Erindi til: Þakkir til Sigurðar og þakkir fyrir heimild til að birta vefsíðu á bæklinginn á heimasíðu félagsins.
30.01.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. Minnisblað ÍRA dags. 31.1.2025 til fulltingis umsókn um auknar tíðni- og aflheimildir á 60 metra bandi dags. 17.1.2025.
03.02.2025...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Heimild veitt til 2. ára til notkunar á tíðnisviðinu 5260-5470 kHz [2025 og 2026]. G-leyfishafar allt að 1kW og N-leyfishafar allt að 100W.
10.02.2025...Erindi frá: Simon, S54MI. Ferðasaga 3 slóvenskra radióamatöra til Íslands í október 2024 (á ensku) ásamt ljósmyndum. Félaginu boðin afnot.
10.02.2025...Erindi til: Simon, S54MI. Boði Slóvenana tekið með þökkum. Greinin verður þýdd á íslensku og birt í 2. töl. CQ TF 2025.
11.02.2025...Erindi frá: Joel, W5ZN ritara IARU. Efni: IARU Calendar 206.
12.02.2025...Erindi frá: Lisa, PA2LS f.h. framkvæmdastjórnar IARU Svæðis-1. Tilkynning um nýjan Youth Coordinator IARU Svæði-1: Mario Lerma Martínez EA1JAY.
12.02.2025...Erindi frá: Mario, EA1JAY, Youth Coordinator IARU Region-1. Tilkynning um YOTA summer camp á vegum REF 18.-25. ágúst 2025.
13.02.2025...Erindi frá: Robert, WB2UDC. Hann spyrst fyrir um heimild til að fara í loftið frá TF í ferð fjölskyldunnar í sumar.
13.02.2025...Erindi til: Roberts, WB2UDC. Fyrirspurn svarað og hann og fjölskyldan boðin velkomin í heimsókn í Skeljanes.
14.02.2025...Erindi frá: Krzysztof SP5E, formanni (PZK) þar sem hann vekur athygli á 95 ára amæli PZK í sumar og að sérstök kallmerki verði m.a. virkjuð vegna þess á árinu 2025.
Orðsendingar á milli stjórnarfunda (frá 16. desember 2024 til 27. febrúar 2025).
Orðsendingar í desember (frá 16.12.): 17., 18., 19., 20., 23., 27., 30. og 31. febrúar (alls 8 sendingar í desember).
Orðsendingar í janúar: 2., 3., 6., 7., 9., 11., 12., 14., 15., 16., 19., 20., 22., 23., 25., 26., 27., 29. og 30. janúar (alls 19 sendingar í janúar).
Orðsendingar í febrúar (til 27. febrúar): 1., 2., 3., 4., 6., 8., 9., 10., 11., 13., 16., 19., 21. og 23. (alls 14 sendingar til 27. febrúar).

- Stjórn skiptir með sér verkum.
- Aðalfundur 2025.
 - Boðun fundar, fundargögn og kostnaður.
 - Drög fundarritara að aðalfundargerð.
- Nýtt starfsár: Verkefni, fyrirkomulag verkefna, fundartími/staður stjórnarfunda.
- Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs við upphaf nýs starfsárs.
- Starfsáætlun 2025/26; fyrsta umfjöllun.
- Félagsritið CQ TF.
 - Nýtt CQ TF kom út 26. janúar 2025.
 - Ný fræðsludagskrá ÍRA febrúar-maí 2025 var kynnt á baksíðu 1. töl. CQ TF.
 - Útgáfuaætlun CQ TF 2025/26. Tillaga ritnefndar lögð fram.
- Samskipti við Fjarskiptastofu.
 - Umsókn um auknar tíðni- og aflheimildir á 60 metra bandi; send 17.1.2025.
 - Jákvætt svar stofnunarinnar um auknar heimildir á 60 metrum; móttekið 3.2.2025.
- Frá síðasta stjórnarfundu (16. janúar).
 - Nýjum rótor skipt út fyrir bilaðan í turninum fyrir 20 metra Yagi loftnet félagsins; 19. janúar.
 - Bæklingur um „Upphaf útvarps á Íslandi; 100 ára saga“ eftir Sigurði Harðarson, TF3WS var settur á heimasíðu; 21. janúar.
 - Dagur með nýjum leyfishöfum í Skeljanesi; laugardag 25. janúar.
 - TF3CZ sendi fyrstu SSTV myndina á tíðni endurvarpans TF3RBP; sunnudag 26. janúar kl. 11:00.
 - Nýjum strekkjurum komið fyrir á turninum fyrir 20 metra Yagi loftnet félagsins; 8. febrúar.
 - Félagsstöðin TF3W var virkjuð í ARRL DX CW keppinni 15.-16. febrúar.
- Önnur mál.
- Næsti fundur stjórnar.
- Fundarslit.

STJÓRNARSKIPTAFUNDUR 27. FEBRÚAR 2025.

a. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fundinn kl. 18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF1AM, TF3PW, TF3GZ, TF3NH, TF3UA. TF1EIN boðaði forföll. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

b. Fundargerð 6. fundar 2024/25 frá 16. janúar 2025 lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

c. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar. Þar sem stjórnin situr áfram óbreytt eru menn inni í málum. Engar athugasemdir/umræður urðu við mál fráfarandi stjórnar.

d. Stjórnarskipti. Fráfarandi stjórnarmenn kvaddir, skila gögnum og húslyklum.

Núverandi embættismenn eru skipaðir áfram í sín embætti næsta tímabil. Einn embættismaður hefur beðist lausnar, það er Brynjólfur Jónsson TF5B, viðurkenningastjóri IRA, en hann hefur haft það embætti með höndum í nær 30 ár. Stjórn IRA þakkar Brynjólfi fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

e. Fundarslit og fundarhlé.

Formaður IRA Jónas Bjarnason TF3JB þakkaði fundarmönnum og sleit fundinum.

FYRSTI FUNDUR NÝRRAR STJÓRNAR 27. FEBRÚAR 2025.

1. Fundarsetning 1. fundar í stjórn IRA 2025/26.

Formaður, TF3JB setti fundinn kl. 18:15 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF1AM, TF3PW, TF3GZ, TF3NH, TF3UA og TF1EIN boðaði forföll.

2. Tillaga að dagskrá lögð fram.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir innkomin/útsend erindi; engar athugasemdir komu fram.

4. Stjórn skiptir með sér verkum.

Ný stjórn félagsins skipti með mér verkum og er þannig skipuð starfsárið 2025/26:

Jónas Bjarnason, TF3JB formaður; leyfisbréf nr. 80.

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður; leyfisbréf nr. 88.

Geog Kulp, TF3GZ ritari; leyfisbréf nr. 301.

Jón Björnsson, TF3PW gjaldkeri; leyfisbréf nr. 451.

Njáll H. Hilmarsson, TF3NH meðstjórnandi; leyfisbréf nr. 425.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA varamaður; leyfisbréf nr. 90.

Heimir Konráðsson, TF1EIN varamaður; leyfisbréf nr. 177.

Formaður, TF3JB þakkaði mönnum og sagðist fagna þessari farsælu skipan í embætti.

5. Aðalfundur 2025.

a. Boðun fundar, fundargögn og kostnaður.

Aðalfundur IRA árið 2025 var haldinn 16. febrúar s.l. í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík. Alls mættu 24 félagsmenn.

Formaður, TF3JB fór yfir hvernig var staðið að boðun aðalfundarins, sem var í samræmi við 17. gr. laga félagsins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins.

Gögn sem voru lögð fram í fundarbyrjun:

- Dagskrá fundarins skv. 19. gr. félagslaga; sérprentun.
- Skýrsla um starfsemi ÍRA 2024/25 (munnleg skýrsla formanns).
- Áritaður ársreikningur félagssjóðs fyrir starfsárið 2024.
- Lög ÍRA; sérprentun.

Kostnaður félagssjóðs vegna aðalfundar:

- Leiga á fundarsal ásamt veitingum (standandi kaffi); leiga var 26.000 krónur.
- Prentun gagna (Háskólaprent); 13.392 krónur.

Gjaldkeri, TF3PW leiðrétti upplýsingarnar og skýrði frá því að leiga hafi verið 30.000 krónur. Formaður baðst velvirðingar á að hafa gefið upp of lága fjárhæð. Gjaldkeri sagðist vilja nota tækifærið og biðja um, að reikningar frá prentsmiðju yrðu betur sundurliðaðir, því á sama reikningi hafi. t.d. verið rúkað fyrir prentun á CQ TF og vegna prentunar gagna fyrir aðalfund. Formaður baðst á ný afsökunar og sagðist mundi gæta þess að gögn yrðu skrifuð út samkvæmt forskrift gjaldkera. Samkvæmt ofangreindu var kostnaður félagssjóðs vegna aðalfundar 2025 alls 43.392 krónur.

b. Drög fundarritara aðalfundar að fundargerð.

Drög aðalfundarritara, Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA að fundargerð voru lögð fyrir fundinn. Í samræmi við ákvæði í 23. gr. laga félagsins, verður fundargerðin til birtingar í næsta hefti félagsritsins CQ TF, 2. tbl 2025, sem kemur út 27. apríl n.k.

6. Nýtt starfsár: Verkefni, fyrirkomulag verkefna, fundartími/staður stjórnarfundar.

Formaður, TF3JB fór yfir verkefnin framundan. Hann gat þess m.a., að verkefni sérhvers starfsárs hjá félaginu falli einkum í tvo flokka, sem eru föst verkefni og ný – auk þeirra sem hverju sinni eru tilfallandi og ófyrirséð. Hann nefndieftirfarandi áhersluatriði:

- Nýtt starfsár stendur yfir frá 16. febrúar 2025 til 15. febrúar 2026.

- Á starfsárinu 2025/26 er gert ráð fyrir 6-8 formlegum stjórnarfundum sem verði haldnir á fimmtudagskvöldum kl. 18:00 í Skeljanesi – nema annað verði ákveðið, s.s. að efna til fjarfunda.

- Stefnt er að því að halda a.m.k. einn almennan félagsfund.

- Félagsaðstaðan í Skeljanesi verði opin fyrir félagsmenn og gesti á fimmtudagskvöldum líkt og áður, nema á frídögum og öðrum hátíðisdögum.

- Alls eru 52 fimmtudagar sem falla innan starfsársins – en að frádregnum frídögum, verður félagsaðstaðan í Skeljanesi opin samtals 46 fimmtudagskvöld á starfsárinu 2025/26.

MÁNUÐUR	FIMMTUDAGAR	OPIÐ	LOKAÐ
Febrúar	20., 27.	2	-
Mars	6., 13., 20., 27.	4	-
Apríl	3., 10., 17. skírdagur, 24. sumardagurinn fyrsti	2	2
Mai	1. maí verkalyðsdagurinn, 8., 15., 22., 29. uppsöfningsdagur	3	2
Júní	5., 12., 19., 26., 24.,	5	-
Júlí	3., 10., 17., 31.	4	-
Ágúst	7., 14., 21., 28.	4	-
September	4., 11., 18., 25.	4	-
Október	2., 9., 16., 23., 30.	5	-
Nóvember	6., 13., 20., 27.	4	-
Desember	4., 11., 18., 25. jóladagur	3	1
Janúar 2026	1., nýársdagur, 8., 15., 22., 29.	4	1
Febrúar 2026	5., 12.	2	-
		46	6

Formaður ræddi einnig um mikilvægi húsnefndar, stöðvarnefndar og ritnefndar, um virkjun kallmerkja félagsins; TF3IRA/TF3W í helstu alþjóðlegum keppnum, m.a. SAC, CQ, WAE o.fl., virkjun TF3HQ í IRAU HF World Championship, Virkjun TF3WARD á alþjóðadegi radíóamatöra, virkjun TF3YOTA; ungmennastarf; m.a. í desembermánuði; mikilvægi þess að virkja félagsstöðina í fjarskiptaviðburðum ÍRA (Vorleikum, sumarleikum og haustleikum (TF útileikum); og í alþjóðlega vita- og vitaskipahelgi ILLW.

Þá nefndi hann verkefni um fræðsludagskrá ÍRA og námskeið ÍRA til amatørprófs, en fyrirhugað er að halda námskeið ÍRA til amatørprófs í september-nóvember 2025. Hann benti

á undirbúning námsefnis og mikilvægi samvinnu stjórnar, prófnefndar og umsjónarmanns námskeiða við undirbúning og rekstur og aðkomu stjórnarmanna að rekstri námskeiðs til aðstoðar umsjónarmanni.

Að lokum ræddi hann um netumsjón, þ.e. umsjón með tölvupóstfangi félagsins, ira@ira.is, umsjón með uppfærslu heimasíðu, www.ira.is; þ.m.t. fréttir/tilkynningar og innsetning á FB síður og uppfærslu á undirsíðum í samvinnu við embættismenn félagsins. Ennfremur mikilvægi samvinnu við stjórnvöld, þ.m.t. dagleg/regluleg samskipti við Fjarskiptastofu sem og erlend samskipti stjórnar og embættismanna, m.a. við IRAU, IARU og IARU Svæði 1, auk samskipta við systurfélögin og önnur erlend samskipti í nafni félagsins.

7. Skýrsla gjaldkera um stöðu félagssjóðs við upphaf nýs starfsárs.

Fram kom hjá gjaldkera, TF3PW að inneign á bankareikningi félagsins er 1.394.307 krónur.

8. Starfsáætlun 2025/26; fyrsta umfjöllun.

Starfsáætlun síðasta starfsárs (2024/25) lá fyrir fundinum. Hún skiptist í 10 tölusetta liði, sem eru: 1. Rekstur; 2. Samskipti; 3. Félagsaðstöðu; 4. Félagsstöðina TF3IRA; 5. Fræðsludagskrá; 6. Miðla; 7. Kynningarmál; 8. Námskeið; 9. Endurvarpa, stafvarpa, radióvita og viðtæki yfir netið; og 10. Tíðnimál og önnur réttindi radióamatöra.

Varaformaður, TF1AM fór yfir hvern lið og bað stjórnarmenn að hafa til hliðsjónar vegna gerðar nýrrar áætlunar starfsárs 2025/26 og að hafa tillögur tilbúnar á næsta stjórnarfundi.

9. Félagsritið CQ TF.

a. Nýtt CQ TF kom út 26. janúar 2025.

Handrit að nýja blaðinu var klárt í hádeginu sunnudaginn 26. janúar og í framhaldi var póstur sendur til allra félagsmanna með ávarpi ritstjóra og með vefslóð á blaðið. Innsetning var gerð sama dag á heimasíðu og FB síður. Í blaðinu var formlega boðað til aðalfundar sunnudag 16. febrúar. Blaðið er alls 36 blaðsíður. Vel var tekið á móti blaðinu og gerður góður rómur að því eins og vant er.

b. Ný fræðsludagskrá ÍRA febrúar-maí 2025 var kynnt á baksíðu 1. tbl. CQ TF.

Varaformaður, TF1AM fór yfir nýja fræðsludagskrá ÍRA fyrir tímabilið febrúar-maí 2025. Alls verða átta erindi í boði á tímabilinu febrúar til maí n.k., auk flóamarkaðar sunnudag 11 maí, samanber eftirfarandi:

- Alþjóðastarf radióamatöra, m.a. IARU, NRAU og ITU (TF3KB).
- QRP afl, heimasíði og notkun QRP senda (TF3KX).
- Logger32 dagbókarforritið (TF3VS).
- Loftnet og útgeislun á lægri böndum (TF3HRY).
- Radióleikar ÍRA 2025; vorleikar, sumarleikar og haustleikar (TF8KY, TF3EK).
- EME (Earth-Moon-Earth) tilraunir á 50 MHz og ofar í tíðnisviðinu (TF3T).
- Frekari uppbygging og framtíðarsýn endurvarpamála á VHF (TF3TNT).
- Fjarskipti fyrir tilstilli loftsteinaskúra (MS, Meteor Scatter) (TF3Y).

Stjórnarmenn þökkðu Andrési Þórarinssyni, TF1AM varaformanni fyrir áhugaverða dagskrá.

c. Útgáfuáætlun CQ TF 2025/26. Tillaga ritnefndar lögð fram.

Ritnefnd ÍRA gerði tillögu að útgáfuáætlun félagsblaðsins CQ TF starfsárið 2025/26. Gert er ráð fyrir að útgáfan verði með svipuðum hætti og undanfarin ár, þ.e. að gefin verði út 4 tölublöð sem komi út í apríl, júlí, október n.k. og janúar (2026). Viðmiðunarstærð fyrir hvert tölublað er 40-44 blaðsíður. Ritnefnd gerir tillögu um að áfram verði prentuð 12 eintök af hverju blaði til nota í þágu félagsins.

Tillaga nefndarinnar að útgáfuáætlun var samþykkt einróma.

10. Samskipti við Fjarskiptastofu.

a. Umsókn um auknar tíðni- og aflheimildir á 60 metra bandi; send 17.1.2025.

Formaður, TF3JB kynnti að tillaga að umsókn um auknar tíðni- og aflheimildir á 60 metra bandi sem samþykkt var á síðasta stjórnarfundinum (16. janúar), hafi verið send til stofnunarinnar stofnuninni að morgni 17. janúar.

Í framhaldi tóku við viðræður við stofnunina, m.a. samning minnisblaðs ÍRA þann 31. janúar. Viðræðum lauk 3. febrúar.

b. Jákvætt svar stofnunarinnar um auknar heimildir á 60 metrum var móttækið 3.2.2025.

Þann 3. janúar barst ÍRA jákvætt svar frá Fjarskiptastofu við ósk félagsins um rýmkun tíðni- og aflheimilda á 5 MHz (60 metra bandi) þann 3. febrúar.

Íslenskum leyfishöfum stendur til boða [frá og með 3. febrúar], að sækja um tímabundna undanþágu til notkunar á tíðnisviðinu 5260-5410 kHz í tilraunaskyni með eftirfarandi skilyrðum:

(1) Leyfilegar eru allar mótunaraðferðir og hámarksbandbreidd er 8 kHz; (2) hámarks útgeislað afl er 1000 W fyrir G-leyfishafa og 100 W fyrir N-leyfishafa; (3) heimildin er með þeim fyrirvara að komi til truflana á annarri fjarskiptastarfsemi verður að hætta sendingum strax; (4) heimildin gildir til 2 ára, þ.e. til 31.12.2026; og (5) kallmerki skal notast í upphafi og lok fjarskiptasambands og með viðeigandi reglulegu millibili á meðan fjarskiptasamband varir.

Leyfishafar sem hug hafa á að starfa á tilgreindu tíðnisviði, skulu sækja um það sérstaklega til Fjarskiptastofu (hrh@fst.is og fst@fst.is) á sama hátt og undanþágur á 1.8 MHz og 70 MHz.

Stjórn ÍRA fagnar heimild Fjarskiptastofu, sem mun gera íslenskum leyfishöfum kleyft að gera tilraunir á mun rýmra tíðnisviði (150 kHz) og á auknu afli. Núverandi heimild á 60 metrum er í tíðnisviðinu 5351.5–5366.5 kHz (15 kHz bandbreidd) og er hámarksafli 15W (EIRP).

Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju með þennan góðan árangur sem er veruleg viðbót við tíðni- og aflheimildir leyfishafa í 5 MHz tíðnisviðinu.

10. Frá síðasta stjórnarfundinum (16. janúar).

a. Nýjum rótor skipt út fyrir bilaðan í turninum fyrir 20 m. Yagi loftnet félagsins; 19. janúar. Sunnudaginn 19. janúar 2025 mættu Sigurður R. Jakobsson TF3CW og Georg Kulp TF3GZ í Skeljanes ásamt Georg Magnússyni, Andrési Þórarinssyni, TF1AM og Sveini Goða Sveinssyni, TF3ID og var bilaða rötornum skipt út fyrir nýjan. Þakkir góðar til þeirra allra.

UMSÖGN TF3CW: „Þetta gekk ljúft með góðra manna aðstoð....Algert lykilatriði er að hafa vanan skotbómustjóra á tökkunum, og þar höfum við Georg Kulp...sem hefur meira að segja kennsluréttindi á svona græjur...! Georg Magnússon var við stjórnvölin í „sjaknum“, og fínstillti stefnuna á rötornum.... Svo voru það Andrés og Sveinn Goði sem helltu uppá kaffið og kom svo ekki Andrés með heimabakaðar lummur og túnfisksalat í ofanálaga...! Lífið er gott...!!“.

Þegar unnið var við rötorskiptin kom í ljós, að annar af tveimur strekkjurum sem m.a. halda turninum hafði brotnað. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW tók að sér að kaupa öflugri strekkjara og var sá síðari settur upp laugardaginn 8. febrúar og mætti Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID á staðinn ásamt TF3CW með sérhæfð verkfæri. Sérstakar þakkir til þeirra beggja.

b. Bæklingur um „Upphaf útvarps á Íslandi; 100 ára saga“ eftir Sigurð Harðarson, TF3WS var settur á heimasíðu; 21. janúar.

Sigurður Harðarson, TF3WS hefur uppfært eldra efni um „Upphaf útvarps á Íslandi“ og gefið út í nýjum bæklingi. Bæklingurinn er 100 ára saga útvarps á Íslandi og hefur fengið nýtt nafn og breyst mikið með nýjum upplýsingum, en fyrsta formlega útsending útvarpsstöðvar hér á landi var 18. mars 1926.

Sigurur segir m.a.: „Í þessari nýju útgáfu er miklu nákvæmari lýsing á hvernig staðið var að uppsetningu fyrstu stöðvanna og t.d. saga Gook á Akureyri og fleira“. Vefslóð: <http://www.ira.is/tf3ws-upphaf-utvarps-a-islandi/>

Bæklingurinn er mikil heimild og er allur hinn glæsilegasti og alls 43 blaðsíður að stærð, vel myndskreyttur og má m.a. sjá efni sem birtist í 2. tbl. CQ TF 2018 og endurprentun greinar Sigurbjörns Þórs Bjarnasonar, TF3SB þáverandi ritstjóra CQ TF: „Loftskeytastöðin á Melunum“ en stöðin átti einmitt 100 ára afmæli 2018. Stjórnarmenn þakka Sigurði Harðarsyni, TF3WS fyrir að taka saman þetta áhugaverða efni.

c. Dagur með nýjum leyfishöfum í Skeljanesi; laugardag 25. janúar.

Laugardaginn 25. janúar var haldin móttaka fyrir nýja leyfishafa sem sem tóku þátt í námskeiði ÍRA til amatörprófs haustið 2024 og náðu prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis 2. nóvember s.l. Allir 14 hafa nú fengið úthlutað kallmerki hjá stofnuninni.

Dagskráin var vel sótt; allir þeir nýliðar sem áttu heimangengt komu, 9 manns. Eftirtaldir stóðu að dagskrá dagsins: Yngvi Harðarson, TF3Y; Kristján Benediktsson TF3KB og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, auk Andrésar Þórarinssonar, TF1AM varaformanns, Jóns Björnssonar, TF3PW gjaldkera og Sveins Goða Sveinssonar, TF3ID. Þakkir góðar til þeirra félaga. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju sinni með vel heppnað verkefni.

d. TF3CZ sendi fyrstu SSTV myndina á tíðni endurvarrans TF3RBP; sunnudag 26. janúar.

Karl Georg Karlsson, TF3CZ sendi fyrstu SSTV myndina á tíðni endurvarrans TF3RBP sunnudaginn 26. janúar, samanber innsetningu hans á FB: „Jæja, hugsanlega fyrsta SSTV myndin sem hefur verið send út á TF3RBP fór út núna klukkan 11:00 GMT“.

Að sögn Karls Georgs gekk mönnum misvel að ná merkinu, eins og gengur, en myndin sem send var út var fengin af heimasíðu ÍRA og var einmitt tekin í Bláfjöllum fyrir nokkurn árum, þegar loftnetið fyrir endurvarpanum var enn uppi á skúrnum. Auðvelt var að taka á móti myndinni gegnum KiwiSDR viðtæki Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A sem vinnur á 144-146 MHz, en vefslóð á viðtækið má m.a. sjá á opnunar síðu heimasíðu ÍRA.

e. Nýjum strekkjurum komið fyrir á turninum fyrir 20 metra Yagi loftnet félagsins; 8. febrúar.

Þegar unnið var við turninn við rótorskiptin kom í ljós, að annar af tveimur strekkjurum sem m.a. halda turninum hafði brotnað. Sigurður R. Jakobsson, TF3CW tók að sér að kaupa öflugri strekkjara og var sá síðari settur upp laugardaginn 8. febrúar og mætti Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID á staðinn ásamt TF3CW með sérhæfð verkfæri. Sérstakar þakkir til þeirra beggja.

f. Félagsstöðin TF3W var virkjuð í ARRL DX CW keppninni 15.-16. febrúar.

Sigurður Jakobsson TF3CW virkjaði stöðina, hann tók um 800 sambönd, en skilyrðin voru ekki eins og best verður á kosið, hálf gert black out. Þakkir til TF3CW fyrir aðvirkja stöðina.

11. Önnur mál.

a. ÍRA 80 ára 2026.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA minnti á að félagið Íslenskir radióamatörar verður 80 ára á næsta ári (2026). Líflegar umræður meðal stjórnarmanna spunnust af því að hægt væri að undirbúa afmælið með ýmsu móti.

b. Innsetning á upptökum af fyrirlestrum og erindum.

Njáll H. Hilmarsson, TF3NH meðstjórnandi sagði frá því að hann væri jafnt og þétt að setja inn upptök af fyrirlestrum á netið og var honum þakkað framlag sitt að bjarga þessum upptökum og opna aðgang að þeim á netinu.

12. Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur stjórnar IRA var ákveðin fimmtudag 10. apríl n.k. kl. 18:00 í Skeljanesi.

13. Fundarslit.

Formaður, TF3JB þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi kl: 18:50

Fundargerð ritaði

Georg Kulp / TF3GZ

ritari IRA

Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) fagnar 160 ára afmæli á árin 2025. Það var upphaflega stofnað 1865 sem alþjóða ritsímasambandið, en breyttist í sérstaka stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1947. Í tilefni afmælis ITU var kallmerkið 4U1ØØOQO sett í loftið í maí 2025 og verður það virkt á HF frá útibúi Sameinuðu þjóðanna í Austurríki út árið.

Þann 16. maí hafði Elín Sigurðardóttir, TF2EQ samband við kallmerkið 4UØITU í Genf í Sviss um gervihnöttið QO-100 frá QTH Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A í Reykjavík.

Það skemmtilega er, að á hljóðnemanum í Austurríki var Doreen T. Bogdan-Martin, KD2JTX aðalritari ITU. En Doreen varð fyrsta konan sem var valin til að gegna þessu æðsta embætti Alþjóðafjarskiptasambandsins og tók við embætti 1. janúar 2023. Doreen bað fyrir góðar kveður til radióamatöra á Íslandi sem hér með er komið á framfæri. Sérstakar þakkir til Elínar Sigurðardóttur, TF2EQ og til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A.





Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2024/25

Fundargerð stjórnarfundar nr. 2 fimmtudag 10. apríl 2025 kl. 18:00 yfir netið.

Mættir: TF3JB, TF3PW, TF3GZ, TF3NH og TF3UA. TF1AM og TF1EIN boðuðu forföll.

Tillaga að dagskrá.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð stjórnarskiptafundar frá 27. febrúar lögð fram.
3. Fundargerð 1. fundar stjórnar 2025/26 frá 27. febrúar lögð fram.
4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

25.02.2025...Erindi frá: Magyar Rádióamatör Szövetség þar sem minnt er á 1. hluta YOTA keppinnar sem verður haldinn 9 mars.
19.02.2025...Erindi frá: Gjaldkera IARU Svæðis-1 þar sem óskað er eftir upplýsingum um fjölda félaga. Erindi áframsent á TF3PW, gjaldkera ÍRA.
27.02.2025...Erindi frá: formanni IARU Svæðis-1 þar sem tilkynnt er um ráðstefnu svæðisins í sept. 2026. Erindi áframsent til TF3KB, NRAU/IARU tengiliðar ÍRA.
04.03.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. Sött um endurnýjun sérheimildar á 50 MHz til 6 mánaða sumarið 2025.
04.03.2025...Erindi frá: David Mock frá Sviss og XYL sem ætla að heimsækja landið í sumar, spyr m.a. um flugtiðnir á Íslandi og langar að heimsækja Skeljanes.
04.03.2025...Erindi til: D.Mock. Erindinu svarað og þau hjónin boðin velkomin í Skeljanes.
06.03.2025...Erindi frá: Valdimar Má Péturssyni. Hefur áhuga á amatör radiói og langar til að koma í heimsókn í Skeljanes.
06.03.2025...Erindi til: Valdimars. Honum send gögn um áhugamálið, þ.á.m. skipulag síðasta námskeiðs, námsfni og hann boðinn velkominn í Skeljanes.
13.03.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu; umsögn ÍRA um beiðni TF3FT til að breyta kallmerkinu í TF1FT.
13.03.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. ÍRA gerir ekki athugasemd við breytt kallmerki Finns Tómassonar úr TF3FT í TF1FT.
14.03.2025...Erindi til: Ritara IARU þar sem tilkynnt er um skipan nýrrar stjórnar ÍRA eftir aðalfund 2025.
14.03.2025...Erindi til: Ritara IARU Svæðis-1 þar sem tilkynnt er um skipan nýrrar stjórnar ÍRA eftir aðalfund 2025.
14.03.2025...Erindi til: Ritara NRAU/IARU þar sem tilkynnt er um skipan nýrrar stjórnar ÍRA eftir aðalfund 2025.
14.03.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu þar sem tilkynnt er um skipan nýrrar stjórnar ÍRA eftir aðalfund 2025.
16.03.2025...Erindi frá: Kristni Andersen, TF3KX þar sem hann bendir á að Stew Perry keppnirnar vanti á lista yfir sérgreindar keppnir á 160 m. bandinu 2025.
16.03.2025...Erindi til: Kristins þar sem honum var tjáð að ábendingin sé góð og málið verði tekið upp við Fjarskiptastofu.
22.03.2025...Erindi frá: Ritara IARU sem varðar breytingar við lög samtakana. Erindi áframsent til TF3KB, NRAU/IARU tengiliðar ÍRA.
22.03.2025...Erindi til: Ritara IARU. Móttekið: „Consultation document on the proposed restructuring of the IARU“. Erindi áframsent til TF3KB, NRAU/IARU tengiliðar ÍRA.
23.03.2025...Erindi frá: Formanni IARU Svæðis-1. Ársskýrsla svæðisins fyrir árið 2024. Erindi áframsent til TF3KB, NRAU/IARU tengiliðar ÍRA.
23.03.2025...Erindi frá: Form. IARU Sv.-1. Skýrsla: „Q&A on the IARU restructuring document consultation process“. Erindi áframsent til TF3KB, NRAU/IARU tengiliðar ÍRA.
26.03.2025...Erindi frá: Erik, TF3EY þar sem hann tilkynnir að ferð til Íslands sem var fyrirhuguð um páskana til að tengja TF3DMR frestist.
26.03.2025...Erindi til: Erik þakkað fyrir upplýsingarnar og honum óskað góðs árangurs hvað varðar persónuleg málefni sem seinka för hans hingað til lands.
31.03.2025...Erindi frá: Ólafí Jóni Thoroddsen sem spurst fyrir um næsta námskeið ÍRA til amatørleysis.
31.03.2025...Erindi til: Ólafs Jóns. Honum tjáð að næsta námskeið sé fyrirhugað haustið 2025. Einnig send viðhlítandi gögn til upplýsingar.
04.04.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. Sött um sérheimildir fyrir félagsstöðina TF3IRA á 6 og 160 metrum fyrir 2025 og fyrir 4 og 60 metra fyrir 2025 og 2026.
Orðsendingar á milli stjórnarfunda (eftir 27. febrúar): 28. febrúar (alls 1 sending 24.-28. febrúar).
Orðsendingar í mars: 2., 4., 5., 9., 14., 16., 17., 20., 22., 23., 26., 29. og 31. mars (alls 13 sendingar í mars).
Orðsendingar í apríl: 3., 4. og 7. apríl (alls 3 sendingar í apríl).

5. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagssjóðs.
6. Tillaga að starfsáætlun stjórnar starfsárið 2025/26 lögð fram.
7. Félagsritið CQ TF 2. tbl. 2025 kemur út 27. apríl.
8. Starfræksla TF3WARD á alþjóðadag radióamatöra 18. apríl.
9. Starfræksla TF3IRA í vorleikum ÍRA 2.-4. maí.
10. Búnaður í fjarskiptaherbergi ÍRA – aðgengilegur fyrir félagsmenn til notkunar yfir netið?
11. Önnur mál.
 - a. TF1AM, TF3ID og TF3GZ: Þrif á gólfi í sal, eldhúsi, palli og tröppur niður og ganginn. (3. mars).
 - b. Erindi sent til Fjarskiptastofu m. ósk um endurnýjun heimilda á 50 MHz sumarið 2025 (4. mars).
 - c. Erindi um endurnýjun heimilda á 50 MHz 1.4.-1.9.2025 móttekið frá Fjarskiptastofu (5. mars).
 - d. Grein frá S54MI; S53CL og S56RGA sem heimsóttu TF 17.10.2024 móttekin (5. apríl).
 - e. Gestir ÍRA Karin Margot Garpestad LA8UW og Ole Garpestad LA2RR í Skeljanesi. (6. apríl).
 - f. Tilk. um skipan stjórnar ÍRA 2025/26 sendar Fjarskiptastofu, IARU, IARU Sv.-1 og NRAU (12. apríl).
 - g. Erindi TF3KX m. ábend. um að Stew Perry vanti á lista yfir keppnir á 160 m. bandinu (16. apríl).
 - h. TF3ID og TF3GZ: Gólfdukur hreinsaður og bónaður ásm. tröppum upp á millihæð og upp og inn ganginn að fjarskiptaherbergi TF3IRA, þ.á.m. pallurinn uppi og inn ganginn á snyrtiaðstöðuna (19. mars).
 - i. 125W kvikasilfurspera sett í útljósið við Skeljanes; Heiðar hjá Raflýsingu (20. mars).
 - j. TF3GZ: 18 gangstéttarhellur og lagði út frá innganginum í húsið í Skeljanesi (21. mars).
 - k. Collins R-391/URR og R-390A/URR viðtekin sem ÍRA fékk að gjöf 19.11.2023 seld TF3FG (23. mars.).
 - l. TF3W var QRV í WPX SSB keppninni 2025. Alex, TF3UT virkjaði félagsstöðina (29.-30. mars).
12. Næsti fundur stjórnar.
13. Fundarslit.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fundinn kl.18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF3JB, TF3GZ, TF3PW, TF3NH og TF3UA. TF1AM og TF1EIN boðuðu forföll. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð stjórnarskiptafundar frá 27. febrúar lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð 1. fundar stjórnar ÍRA 2025/26 frá 27. febrúar lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

4. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Engar athugasemdir voru gerðar við innkomin og/eða útsend erindi.

5. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagssjóðs

TF3PW, gjaldkeri fór yfir innheimtulista yfirstandi árs. Innheimta félagsgjalda verður að öllum líkindum send út fyrir páska. Allar skuldir eru greiddar, nema IARU Svæðis-1 gjaldið sem er 230 evrur. Félagssjóður, staða: 1.337.313 kr. Félagsgjöld eru um ein milljón króna árið 2025.

6. Tillaga að starfsáætlun stjórnar starfsárið 2025/26.

Varaformaður IRA hefur með gerð starfsáætlunar stjórnar að gera samkvæmt 9. gr. félagslaga, en því miður er hann ekki á þessum fundi. Ekki komu fram tillögur frá stjórnarmönnum [á fundinum] um uppfærslu. Samþykkt að fela formanni og varaformanni að ljúka gerð starfsáætlunar fyrir starfsárið 2025/26.

7. Félagsritið CQ TF 2. tbl. 2025 kemur út 27. apríl.

Formaður, TF3JB fór yfir fyrirbyggjandi efni sem birtast mun í blaðinu, en félagsmönnum gefst kostur á að senda efni til ritstjóra til og með 15. apríl n.k. Fram kom m.a., að Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS er byrjaður að setja upp blaðið sem stefnir í að verða 48 blaðsíður.

Eftirfarandi efni var kynnt og lá fyrir þegar fundur var haldinn: Forsíða, grein frá ritstjóra, grein frá formanni, yfirlit um félagsstarfið í janúar-apríl, frásögn frá aðalfundi ÍRA 2025, grein um uppsetningu stangarloftneta, grein (ferðasaga) frá heimsókn radióamatöra frá Slóveníu til lands elds og ísa, grein um bestan árangur TF stöðva í CQ WW keppnum 1948-2024, grein um fjórar sérheimildir Fjarskiptastofu, fundargerðir: (a) 6. stjórnarfundar 2024/25; 16.1.2025; (b) stjórnarskiptafundar 27.2.2025; og (c) 1. stjórnarfundar 2025/26, 27. febrúar 2025, grein um viðurkenningar radióamatöra og loks samantekt um helstu DX keppnir í maí-júlí. Stjórnarmenn þökkðu ritnefndarmönnum góð störf.

8. Starfræksla TF3WARD á alþjóðadag radióamatöra 18. apríl.

Alþjóðadagur radióamatöra er föstudaginn 18. apríl 2025. Í ár er 100 ára afmæli IARU. Kallmerki ÍRA, TF3WARD var virkjað í fyrsta skipti á Alþjóðadag radióamatöra 18. apríl 2020. Viðskeytið stendur fyrir „World Amateur Radio Day“. Kallmerkið er starfrækt til að halda upp á stofndag alþjóðasamtaka landsfélaga radióamatöra, IARU, sem stofnuð voru í París, árið 1925.

Formaður, TF3JB lagði áherslu á að að stöðin í félagsheimilinu verði virkjuð, einmitt nú í tilefni 100 ára afmælis IARU. 18. apríl ber nú upp á föstudaginn langa. Stjórnarmenn voru beðnir um að huga að því að taka þátt í að virkja stöðina þegar þar að kemur.

9. Starfræksla TF3IRA í vorleikum ÍRA 2.-4. maí.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að Vorleikar ÍRA (áður páskaleikar) verði haldnir í ár frá kl. 18:00 föstudag 2. maí til kl. 18:00 sunnudag 4. maí. Þessi bönd eru í notkun: 23cm, 70cm, 2m, 4m, 6m, 80m og einnig, endurvarpar.

Undanfarin ár hefur það verið stefna ÍRA að félagsstöðin taki þátt í fjarskiptaleikum félagsins. Það hefur tekist að mestu og tilfinningin er sú, að félögunum hafi líkað vel þegar TF3IRA kemur inn sem þátttakandi. Ekki er ástæða til að hafa viðveru í fulla 2 sólarhringa, heldur nægir að mæta e.t.v. í 2 klst. á laugardeginum og 2 klst. á sunnudeginum. Formaður bað stjórnarmenn að skoða hvort þeir geti komið að því að virkja TF3IRA í vorleikunum 2025.

10. Búnaður í fjarskiptaherbergi ÍRA; aðgengilegur fyrir félagsmenn til notkunar um netið?

Formaður, TF3JB fór yfir stöðu búnaðar í fjarskiptaherberginu:

A. Staðan í dag (8. apríl) er að eftirfarandi loftnet þarfnast viðgerðar:

- Loftnet fyrir 160 metra bandið (78 m. langur endafæddur vír).
- Loftnet fyrir 12 metra bandið (sem hluti af 4 banda Optibeam Yagi loftnetinu).

Í máli formanns kom m.a. fram, að 2 loftnet séu biluð, loftnet fyrir 160 metra bandið (78 m. langur endafæddur vír) og loftnet fyrir 12 metra bandið (sem hluti af 4 banda Optibeam Yagi loftnetinu, og að það þurfti að setja upp loftnet fyrir 4 metra bandið (70.000-70.250 MHz) og 60 metra bandið (5260-5410 kHz). Stefnt er að að skoða 160 metra netið sem fyrst, og ætla TF3GZ að finna tíma til þess. Formaður gat þess, að allar heimildir séu fyrir hendi frá Fjarskiptastofu um starfrækslu fyrir árið 2025, þ.e. á 6 og 160 metra bandinu og líka á 4 og 60 metra bandinu.

B. Gera þarf ráðstafanir til að kaupa/smiða loftnet fyrir eftirtalin bönd:

- Loftnet fyrir 4 metra bandið (70.000-70.250 MHz).
- Loftnet fyrir 60 metra bandið (5260-5410 kHz).

TF3UA kom með þá hugmynd að að kaupa Delta „lúppu“ fyrir 4 metrana. TF3JB taldi að setja megi upp vírloftnet fyrir 60 metrana með tiltölulega litlum tilkostnaði. Hann bað stjórnarmenn að íhuga málið á milli funda.

C. Eftirfarandi tímabundnar heimildir eru f. hendi fyrir félagsstöðina frá Fjarskiptastofu fyrir:

- Árið 2025 fyrir 6 metra og 160 metra böndin.
- Árin 2025 og 2026 fyrir 4 metra og 60 metra böndin.

D. Búnaður í fjarskiptaherbergi ÍRA – aðgengilegur fyrir félagsmenn til notkunar yfir netið?

Stöðvarnefnd er starfrækt í félaginu, 4 félagsmenn eru í nefndinni: TF3GZ formaður, TF3T, TF8KY og TF3UA. TF3GZ óskaði á fundinum að segja af sér formennsku í nefndinni. Georg tilgreindi enga sérstaka ástæðu aðra en tímaleysi. Fram kom í máli formanns, að ekki hafi verið þrýstingur undanfarið á að fá að fjarstýra stöðinni yfir netið. Það væru því enn sem áður mest not fyrir stöðina í félagsaðstöðunni sjálfri í Skeljanesi.

11. Önnur mál.

a. TF1AM, TF3ID og TF3GZ: Þrif á gólf í sal, eldhúsi, palli og tröppur niður og ganginn. (3. mars). Stjórn ÍRA þakkar þeim Andrési, Sveini Goða og Georg fyrir dýrmæta aðstoð við að halda félags-aðstöðunni þrifalegri.

b. Erindi sent til Fjarskiptastofu m. ósk um endurnýjun heimilda á 50 MHz sumarið 2025 (4. mars). Innihald bréfs stjórnar ÍRA til Fjarskiptastofu dagsett 4. mars var kynnt undir dagskrárliðnum.

c. Erindi um endurnýjun heimilda á 50 MHz 1.4.-1.9.2025 móttekið frá Fjarskiptastofu (5. mars). Innihald bréfs Fjarskiptastofu dagsett 5. mars um sérheimildir á 6 metra bandinu sumarið 2025 var kynnt undir dagskrárliðnum.

d. Ferðasaga S54MI; S53CL og S56RGA sem heimsóttu TF 17.10.2024 móttækin (5.4.). Formaður, TF3JB lagði fram myndrit af íslenskri þýðingu á ferðasögu Slóvenana. Stjórnarmenn tóku vel í að sagan yrði birt í CQ TF.

e. Gestir ÍRA Karin Margot Garpestad LA8UW og Ole Garpestad LA2RR í Skeljanesi. (6. apríl). Stjórn ÍRA lýsir yfir ánægju sinni með heimsókn þeirra LA2RR og XYZ LA8UW í Skeljanesi 6. apríl.

f. Tilk. um skipan stjórnar ÍRA 2025/26 sendar Fjarskiptastofu, IARU, IARU Sv.-I og NRAU (12.4). Formaður, TF3JB skýrði frá ofangreindum tilkynningum og heillaóskum til handa nýrri stjórn.

g. Erindi TF3KX m. áabend. um að Stew Perry vanti á lista yfir keppnir á 160 m. bandinu (16.4.). Formaður, TF3JB kynnti erindi TF3KX. Hugmyndin er, að fara þess á leit við Fjarskiptastofu að Stew Perry keppninum verði bætt inn í lista um sértækar alþjóðlegar keppnir á 160 metra bandinu. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju með þá afgreiðslu málsins.

h. TF3ID og TF3GZ: Gólfdukur hreinsaður og bónaður ásm. tröppum upp á millihæð og upp og inn gang- inn að fjarskiptaherbergi TF3IRA, þ.á.m. pallurinn uppi og inn ganginn á snyrtiaðstöðuna (19. mars).

Stjórn ÍRA lýsir fyrir mikilli ánægju með vinnuframlag þeirra TF3ID og TF3GZ. Verkefnið var lengi búið að biða og niðurstaðan er hreint út sagt frábær og er til þess fallin að auka ánægju félagsmanna sem heimsækja félagsaðstöðuna í Skeljanesi.

i. 125W kvikasilfurspera sett í útljósið við Skeljanesi; Heiðar hjá Raflýsingu (20. mars). Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju með framkvæmdina.

j. TF3GZ: 18 gangstéttarhellur og lagði út frá innganginum í húsið í Skeljanesi (21. mars). Stjórnarmenn lýsti yfir mikilli ánægju með framtak TF3GZ. Aðgangur að húsinu væri allt annar og betri en áður var og í mikilli rigningartíð líkt og verið hefur þetta vorið hafið loks mátt ganga þurrum fótum inn og út úr húsinu í Skeljanesi.

k. Collins R-391/URR/R-390A/URR viðtækin sem ÍRA fékk að gjöf 19.11.2023 seld TF3FG (23.3.).

l. TF3W var QRV í WPX SSB keppninni 2025. Alex, TF3UT virkjaði félagsstöðuna (29.-30.3.). Stjórn ÍRA þakkar Alex M. Senchurov, TF3UT fyrir að virkja TF3W í keppninni.

12. Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur stjórnar ÍRA var ákveðin fimmtudaginn 12. júní kl. 18.00.

13. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundinum kl. 19.00.

Fundargerð ritaði

Georg Kulp / TF3GZ

ritari ÍRA

Úr félagsstarfinu.
Óskar Sverrisson TF3DC og
John R. Silva N3AM í
fjarskiptaherbergi TF3IRA.





Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2025/26

Fundargerð stjórnarfundar nr. 3 fimmtudag 17. júlí 2025 kl. 18:00 yfir netið.

Mættir: TF3JB, TF1AM, TF3PW, TF3GZ, TF3NH og TF3UA. TF1EIN boðaði forföll.

Gestur fundarins: Kristján Benediktsson, alþjóðafulltrúi ÍRÁ.

Tillaga að dagskrá.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 2. fundar frá 10. apríl 2025 lögð fram.
3. Yfirlit yfir helstu innkominn/útsend erindi á milli funda.

12.04.2025...Erindi frá: Ritara framkvæmdanefndar IARU svæðis-1. Varðar afboðun fundar um „Restructuring and consultation process“ IARU.
20.04.2025...Erindi frá: Mike, WA6ILQ. Er væntanlegur í fri til landsins með XYL í nóvember 2025. Spyr um virkni á endurvörpum á VHF.
20.04.2025...Erindi til: Mike. Hjónin boðin velkominn til landsins. Sendur listi yfir endurvarpa á landinu með viðhlitandi upplýsingum.
25.04.2025...Erindi frá: John, AE0AN þar sem hann býður okkur að birta grein í CQ TF um loftnetatilraunir hans: <https://archive.org/details/caged-hen-delta-antenna>
25.04.2025...Erindi til: John, AE0AN þar sem tilboð hans er þakkað. Ritnefnd CQ TF muni skoða tilboð hans.
06.05.2025...Erindi frá: Kjartani Gunnsteinssyni, TF3HF (leyfisbréf nr. 334) sem óskar eftir að hætta sem félagsmaður í ÍRÁ.
06.05.2025...Erindi til: Kjartans, TF3HF. Úrsagnarbeiðni staðfest móttekin. Kjartan jafnframt boðinn velkominn í félagið á ný henti það honum síðar.
06.05.2025...Erindi frá: Pat, NK7C veltir fyrir sér að heimsækja landið ásamt fjölskyldunni síðar á árinu. Spyr um afnot af TF3IRA í CQ WW SSB keppninni 2025.
06.05.2025...Erindi til: Pat þakkað fyrir póstinn og fyrir ánægjulega heimsókn í Skeljanes s.l. sumar. Skýrt frá að félagsstöðin sé frátekin í keppninni fyrir félagið.
09.05.2025...Erindi frá: Ritara IARU. Varðar veittan frest til umsagnar um „Restructuring and consultation process“ IARU til 10. júní.
10.05.2025...Erindi frá: Form. vinnuhóps IARU sv.-1 um HST. Tilkyrning um að heimsmeistaramótið í hraðmorsi haldið verði 15.-19. október 2025 í Montenegro.
18.05.2025...Erindi frá: Kristjáni Benediktssyni, TF3KB þar sem hann bendir á að QRP dagurinn verði haldinn hátíðlegur 17. júní n.k. á vegum IARU svæðis-3.
18.05.2025...Erindi til: TF3KB. Þakkað fyrir upplýsingarnar.
21.05.2025...Erindi frá: Wieland, OE5WIK. Hann langar til að heimsækja félagsaðstöðu ÍRÁ í sumar þegar hann verður í fri hér á landi.
21.05.2025...Erindi til: OE5WIK. Wieland boðinn velkominn í Skeljanes.
24.05.2025...Erindi frá: Jonathan Davies. Vakinn er athygli á félagssskapnum „AIS Friends Volunteers Network (162 MHz)“: <https://www.aisfriends.com/>
29.05.2025...Erindi til: Richard WB9CSP sem er að hugsa um að flytja til landsins og spyr um íslenskt leyfi.
29.05.2025...Erindi til: Richard er með bandarískt „General“ leyfi. Honum bent á að það veiti takmörkuð réttindi hér á landi. Ennfremur bent á 3 mánaða regluna o.fl.
30.05.2025...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Varðar umsókn Jurij, M0DFV um íslenskt kallmerki til skammtímanota í heimsókn til Íslands í sumar.
30.05.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. Umsógn ÍRÁ: Hann byrjar á að nota TF/M0DFV. E. 3 mán. dvöl getur hann sótt um ísl. kallmerki enda framvísi Jurij tilskyldum gögnum.
04.06.2025...Erindi frá: Scott, K9SM. Hann spyr um tíðni á endurvörpum á VHF á Íslandi. Verður farþegi á skemmtiferðaskipi sem hefur skamma viðdöl í sumar.
04.06.2025...Erindi til: Scott boðinn velkominn til Íslands og hann upplýstur um tíðni endurvarpa á 2 metra bandinu.
05.06.2025...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1. Athygli landsfélaganna vakinn á kvöldverðarboði til fulltrúa þeirra 27. júní á SEEhotel í Friedrichshafen.
Orðsendingar til stjórnarmanna frá formanni, sendar á milli stjórnarfunda (frá 10. apríl): 11., 13., 17., 19., 20., 21., 22., 23., 25., 27. og 29. (Alls 11 send. frá 10. apríl).
Orðsendingar milli stjórnarfunda í maí: 2., 4., 5., 8., 10., 11., 12., 15., 16., 20., 22., 24. og 26. (Alls 13 sendingar í maí).
Orðsendingar milli stjórnarfunda (til 8. júní): 1., 2., 4., 5., 9., 12., 13., 14., 16., 17., 20., 23., 25., 27., 28. og 29. (Alls 16 sendingar í júní).
Orðsendingar milli stjórnarfunda (til 14. júlí): 3., 4., 6., 7., 13. og 14. (Alls 6 sendingar til 14. júlí).

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagsssjóðs.
5. Starfsáætlun stjórnar ÍRÁ 2025/26 lögð fram til samþykktar.
6. 100 ára afmæli IARU og 75 ára afmæli IARU Svæðis-1; hátíðarfundir í París 23.-26. apríl 2025.
Skýrsla Kristjáns Benediktssonar, TF3KB alþjóðafulltrúa ÍRÁ.
7. Námskeið ÍRÁ til amatörprófs haustið 2025: 15. september til 28. október í Háskólanum í Reykjavík.
a. *Próf Fjarskiptastofu til amatörleysis verði haldið laugardaginn 1. nóvember í Háskólanum í Reykjavík.*
8. Fræðsludagskrá ÍRÁ að hausti 2025; október-desember.
9. Félagsritið CQ TF.
a. *CQ TF 2. tbl. 2025 kom út 27. apríl á heimasíðu félagsins.*
b. *Nýtt tölublað CQ TF, 3. tbl. 2025 er væntanlegt 20. júlí n.k.*
10. Virkni Félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda:
a. *TF3WARD – Þáttaka á Alþjóðadag radióamatöra 18. apríl (TF3UA).*
b. *TF3IRA – Þáttaka í Vorleikum ÍRÁ; 2.-4. maí (TF3UA).*
c. *TF3W – Þáttaka í WW WPX CW keppninni; 24.-25. maí (TF3UT).*
d. *TF3W – Þáttaka í IARU HF World Championship 12.-13. maí (TF3CW).*
11. Endurvarpar / radióvitar / viðtæki yfir netið.
a. *VHF viðtækið yfir netið í Perunni í Öskjuhlíð QRV (24.4.) – TF3CZ.*
b. *TF1VHF radióvitarnir á VHF og UHF hafa verið QRV í 7 ár frá Álfanesi á Mýrum (12.5.).*
c. *Aðgangur félagsmanna að KiwiSDR viðtækinu á Saudárkróki er tryggður næsta árið (31.5.).*
d. *Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði milli Eyjafjarðar og Fnjóskadalers verður brátt tengdur. (1.6.).*
e. *Endurvarpinn TF3DMR verður tengdur haustið 2025 (28.6.).*
12. Önnur mál.
a. *QO-100 diskloftnet félagsstöðvarinnar er bilað (19.4.2025).*
b. *TF3IRA-1 QRV á ný á APRS (26.4. OG 11.5.) – TF3HR og TF3NH.*
c. *Floamarkaður ÍRÁ að vori (11.5.) – TF3NH, TF3PW, TF3VS og TF3ID.*
d. *TF2EQ hafði QSO við 4UØITU í Genf um QO-100 frá QTH TF1A (16.5.).*
e. *TF3GZ mældi 160 metra loftnet TF3IRA (21.5.).*
f. *TF3GZ hreinsaði til við húsið í Skeljanesi, fjarlægði rusl og fór með í Sorpu (1.6.).*
g. *TF2LL heiðraður af Sjómannadagsráði á sjómannadaginn 2025 fyrir ævi til sjós og aðstoð við aðra (1.6.).*
h. *TF3JB málaði yfir veggjakrot á löngu bárujárnsgríðingunni gengt bílastæðunum í Skeljanesi (4.7.).*

13. Næsti fundur stjórnar.

14. Fundarslit.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Varaformaður, TF1AM setti fundinn kl.18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: TF1AM, TF3PW, TF3GZ, TF3NH og TF3UA, en TF1EIN boðaði forföll. Formanni, TF3JB gekk illa að tengjast yfir netið, en náði lokst inn kl. 18:20 og tók þá við stjórn fundar. Framlögð tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða. TF3KB var sérstakur gestur fundarins.

2. Fundargerð 2. fundar frá 10. apríl lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða

3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda.

Engar athugasemdir bárust undir dagskrárliðnum.

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagssjóðs.

Gjaldkeri, TF3PW fór yfir innheimtu yfirstandi árs og hafa alls 168 félagar greitt félagsgjaldið og 19 eiga eftir að greiða. Staða félagsjóðs er 2.250.301 kr. Búið er að fella niður eitt gjald vegna úrsagnar úr félaginu en gjöld fimm nýrra félaga eru talin með. Eindagi innheimtu er liðinn. Stjórnarmenn samþykktu þakkir til gjaldkera fyrir góð störf.

5. Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2025/26 lögð fram til samþykktar

Varaformaður, TF1AM kynnti og fór yfir áætlunina. Gerður var góður rómur að framsetningu og efnisinnihaldi og voru stjórnarmenn sammála um að vel hafi verið staðið að verkefninu. Áætlunin var samþykkt samhljóða. Ný starfsáætlun stjórnar ÍRA verður til kynningar í næsta hefti CQ TF, 3. tölublaðs 2025.

6. 100 ára afmæli IARU og 75 ára afmæli IARU Sv.-1; hátíðarfundir 23.-26. apríl 2025.

Kristján Benediktsson TF3KB alþjóðafulltrúi ÍRA var mættur á fundinn og boðinn velkominn. Á þessum tímapunkti komst formaður, TF3JB loks í samband í gegnum GSM síma Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA og tók við stjórn fundar.

Kristján hóf mál sitt á yfirferð um fjarfundi sem hann hefur nýlega settið fyrir hönd félagsins og hinsvegar, fundina sem hann sótti í tilefni 100 ára afmælis IARU í París 26. apríl s.l. og í tilefni 75 ára afmælis IARU Svæðis-1 23.-24. Apríl – einnig í París. Hann fór yfir niðurstöður fundanna í stuttu máli – en mun skrifa sérstaka grein sem verður til birtingar í 3. tbl. CQ TF sem kemur út þann 20. júlí n.k. – ásamt ljósmyndum, sem mun skýra málið betur. Kristján kom einnig stuttlega inn á nýlegar niðurstöður ECC fyrir 23 cm bandið. Eftir fundinn sendi hann stjórnarmönnum ítarefni um það mál. Sérstakar þakkir til Kristjáns Benediktssonar, TF3KB fyrir mætingu á fundinn og greinargóða skýrslu.

7. Námskeið ÍRA til amatörprófs haustið 2025: 15. september til 28. október í HR.

Framlögð tillaga formanns, TF3JB um að ÍRA bjóði upp á námskeið til amatörprófs frá 15. september til 28. október í Háskólanum í Reykjavík var samþykkt samhljóða.

Gangi dagsetningar eftir, mun félagið fara þess á leit við Fjarskiptastofu að stofnunin haldi próf til amatörleyfis laugardag 1. nóvember í HR. Fyrirkomulag yrði í takt við það sem boðið var í fyrra (2024). Þannig er gert ráð fyrir staðarnámi eingöngu, þ.e. að ekki verði boðið upp á streymi yfir netið – en vísað þess í stað á upptökur á heimasíðu ÍRA frá haustinu 2023. Alls hafa 19 aðilar tilkynnt um áhuga á að sitja námskeið félagsins í haust.

8. Fræðsludagskrá ÍRA að hausti 2025; október-desember.

Á fræðsludagskrá ÍRA vorið 2025 voru alls 10 tilgreind erindi í boði, sem og flóamarkaður og frábært erindi Ólafs Arnar Ólafssonar, TF1OL sem bættist við auglýst „prógramm“ sem kynnt var í 1. tbl. CQ TF við upphaf starfsársins – sem og 6 fimmtudagsopnanir þar sem í boði var opin málaskrá. Á fjórða hundrað félagsmenn og gestir sóttu þessa viðburði.

Varaformaður, TF1AM fór yfir hugmyndir að nýrri fræðsludagskrá IRA fyrir haustið, þ.e. í október-desember sem kynnt verður í 4. tbl. CQ TF sem kemur út í byrjun október. Mikilvægt sé að halda þessu verkefni gangandi áfram og að menn verði jákvæðir ef leitað yrdi til þeirra um að halda erindi eða viðburð. Fræðsludagskrá um helgar sem stundum hefur verið í boði, verður ekki í haust. Miðað er við að erindi verði í boði annan hvern fimmtudag. Stjórnarmenn þökkðu Andrési góð störf að þessu mikilvæga verkefni.

9. Félagsritið CQ TF.

a. CQ TF 2. tbl. 2025 kom út 27. apríl á heimasíðu félagsins.

Blaðið er alls 48 blaðsíður að stærð. Meðal efnis, auk ávarpsgreina frá ritstjóra og formanni, er mikið af fróðlegu efni. Fram kom hjá Sæmundi E. Þorsteinssyni, TF3UA, ritstjóra að viðtökur félagsmanna hafi verið afbragðsgóðar.

b. Nýtt tölublað CQ TF, 3. tbl. 2025 er væntanlegt 20. júlí n.k

Nýtt hefti félagsblaðsins CQ TF, 3. tbl. 2025 er væntanlegt 20. júlí n.k. Formaður, TF3JB fór yfir útgáfu þess og kynnti það efni sem verður í blaðinu. Stjórnarmenn voru mjög ánægðir með blaðið sem kom út 27. apríl og voru ekki síður spenntir að heyra um margt áhugavert efni sem verður í nýja blaðinu. Stærð blaðsins verður að öllum líkindum yfir 60 blaðsíður og er vinnsla þess langt komin hjá ritnefnd. Stjórnarmenn þökkðu ritnefnd CQ TF góð störf.

10. Virkni Félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda.

a. TF3WARD – Þátttaka á Alþjóðadag radióamatöra 18. apríl (TF3UA).

b. TF3IRA – Þátttaka í Vorleikum ÍRA; 2.-4. maí (TF3UA).

c. TF3W – Þátttaka í WW WPX CW keppninni; 24.-25. maí (TF3UT).

(a) Alþjóðadagur radióamatöra var 18. apríl. Þann dag áttu IARU, alþjóðasamtök landsfélaga radióamatöra 100 ára afmæli en samtökin voru stofnuð í París árið 1925 þegar saman komu í Sorbonne háskóla u.þ.b. 250 fulltrúar frá 23 þjóðlöndum. Aðildarfélög IARU eru í dag um 180 talsins og fjöldi leyfishafa er yfir 4 milljónir um allan heim.

ÍRA hélt upp á daginn með því að virkja félagsstöðina í Skeljanesi og var kallmerkið TF3WARD sett í loftið. Viðskeytið stendur fyrir „World Amateur Radio Day“. Með árlegri virkjun þessa kallmerkis (frá 2020) höfum við fetað í fótspor systurfélaganna á Norðurlöndum (og víðar) sem starfrækja sérstök kallmerki með hliðstæðum viðskeytum til að halda upp á stofndag IARU. Sérstakar þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA fyrir að virkja TF3WARD á afmælisdaginn á CW og SSB og hafa sambönd um allan heim. Skilyrði voru hins vegar ekkert sérstök, en þó betri eftir því sem leið á daginn.

(b) Vorleikar ÍRA 2025 voru haldnir 2.-4. maí. Mikil ánægja ríkti með viðburðinn meðal félaganna þar sem alls voru 26 kallmerki skráð en skilað var inn gögnum fyrir 24 kallmerki. Georg Kulp, TF3GZ varð sigurvegari Vorleika ÍRA 2025. Vel útbúinn bifreið, fjöldi virkjaðra reita, þátttökutími og gott skipulag tryggði Georg 1. sætið og 254.670 heildarpunkta. Jón Atli Magnússon, TF2AC er í 2. sæti með 164.662 heildarpunkta og Andrés Þórarinsson, TF1AM í 3. sæti með 157.760 heildarpunkta. Niðurstöðurnar kunna eitthvað að breytast eftir því sem þeir sem logguðu á pappír setja niðurstöðurnar inn á leikjavefinn. Stjórnin þakkar félagsmönnum góða þátttöku. Sérstakar þakkir til Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA fyrir að virkja félagsstöðina TF3IRA í leikunum.

(c) Ein stærsta morskeppni ársins, CQ WW WPX var haldin helgina, 24.-25. maí. Félagsstöð ÍRA í Skeljanesi, TF3W var virkjuð í keppninni af Alex M. Senchurov, TF3UT. Niðurstöður voru ágætir miðað við skilyrði eða 2.608 QSO, 948 margfaldarar, 5615 punktar og 5.323.020 heildarpunktar. Sérstakar þakkir til Alex fyrir að virkja TF3W í keppninni.

11. Endurvarpar / radióvitar / viðtæki yfir netið.

- a. VHF viðtækið yfir netið í Perlunni í Öskjuhlíð QRV (24.4.).
- b. TF1VHF radióvitarnir á VHF og UHF hafa verið QRV í 7 ár frá Álftanesi á Mýrum (12.5.).
- c. Aðgangur félagsmanna að KiwiSDR viðtækinu á Sauðárkróki er tryggður næsta árið (31.5.).
- d. Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals brátt tengdur. (1.6.).
- e. Endurvarpinn TF3DMR verður tengdur haustið 2025 (28.6).

a. VHF viðtækið yfir netið í Perlunni í Öskjuhlíð.

VHF viðtækið yfir netið í Perlunni er QRV á ný. Skilaboð bárust frá Karli Georg Karlssyni, TF3CZ á Facebook 24.4.2025: „Var að koma niður af Perlunni í Öskjuhlíð rétt í þessu (24.4.2025), lagaði þar loksins SDR móttakarann <http://sdr.ekkert.org> í tæka tíð fyrir vorleika ÍRA en viðtækið hefur verið QRT um nokkurn tíma. Þetta er RX only, þannig að gáttin dreifir þeim merkjum sem það nær inn á „APRS. f Europe „server“ana“. Stjórn ÍRA þakkar Karli Georg, TF3CZ fyrir að starfrækja viðtæki yfir netið á VHF.

b. TF1VHF radióvitarnir á VHF og UHF QRV í 7 ár.

Stórvirki var unnið á vettvangi áhugamáls okkar fyrir 7 árum þegar tveir nýir radióvitar voru settir í loftið 12. maí 2018. Þeir vinna á 50.457 MHz á 6 metrum og 70.057 MHz á 4 metrum. QTH er Álftanes á Mýrum. Til hagræðis er notað sama kallmerki, TF1VHF. Merki heyrast vel í Reykjavík, um Suðurnes, austur fyrir fjall, um Snæfellsnes og um Vesturland og til útlanda þegar skilyrði eru til staðar. Mikill áhugi varð strax á vitunum bæði innanlands sem utan. Verkefnið var í raun eitthvað sem hafði verið beðið eftir lengi enda í fyrsta skipti í langa hríð sem í boði voru stöðug merki á 6 metrum og 4 metrum (allan sólarhringinn) – þegar menn gera tilraunir í þessum tíðnisviðum. Það var Ólafur B. Ólafsson, TF3ML (SK) sem annaðist uppsetningu búnaðar, fjármagnaði verkefnið og stóð straum af öllum kostnaði. Stjórn ÍRA fagnar því að vitarnir eru QRV á þessum mikilvægu tíðnisviðum.

c. Aðgangur félagsmanna að KiwiSDR viðtækinu á Sauðárkróki tryggður næsta árið.

Á stjórnarfundum nr. 4/2023 [14.9.] samþykkti stjórn ÍRA að félagssjóður greiði fyrir netkostnað vegna rekstrar viðtækja yfir netið, þ.e. 4G þjónustu fyrir KiwiSDR viðtæki yfir netið. Rekstraraðilar eru Árni Helgason, TF4AH og Georg Kulp, TF3GZ. Rekstrarkostnaður nemur 50 þúsund krónum á ársgrundvelli fyrir hvort viðtæki. Á stjórnarfundum nr. 2/2024 [4.4.] var m.a. rætt um stuðning félagssjóðs við rekstur á viðtækjum yfir netið. Frá því síðast var umfjöllun um málið á vettvangi stjórnar, hafði bæst við nýtt viðtæki sem er staðsett á Sauðárkróki og varð QRV 2. febrúar 2024. Í umræðum um að veita einnig stuðning við rekstur þess viðtæks, var fallið frá því en þess í stað samþykkt að árlegur stuðningur félagssjóðs gæti verið 100 þúsund krónur, að hámarki.

Það gerðist síðan óvænt skömmu eftir þann fund að NN kom að máli við formann, TF3JB og afhenti 50 þúsund krónur í reiðufé í umslagi til að viðtækið á Sauðárkróki geti áfram verið í boði til félagsmanna með vefslóð á heimasíðu ÍRA. Undirritaður kom peningunum þegar til Georgs Kulp, TF3GZ og hafa félagsmenn geta notið hlustunar á viðtækið á Króknum síðan.

Nú er liðið ár og viti menn, NN hafði samband í lok maímánaðar 2025 og mætti síðan til formanns, TF3JB með 50 þúsund krónur í reiðufé 30. maí til að viðtækið á Sauðárkróki geti áfram verið í boði með vefslóð á heimasíðu ÍRA. Undirritaður lét Georg Kulp, TF3GZ þegar vita og fékk hann peningana afhenda skömmu síðar. Þetta eru góðar fréttir og alltaf ánægjulegt að þegar menn standa við gefin loforð. Stjórn ÍRA samþykkti sérstakar þakkir til NN.

d. Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði.

Endurvarpinn TF5RPD á Vaðlaheiði er væntanlegur í loftið í sumar. Benedikt Guðnason, TF3TNT sagði að gerð hafi verið tilraun að tengja nýjan Icom endurvarpa í fjallinu í vor en þá kom í ljós að loftnetið á staðnum var bilað/ónýtt. Ekki reyndist unnt að koma því í lagi og er áformað að gera aðra ferð á fjallið sí sumar og endurnýja loftnetskapal og loftnetið sjálft, ef þarf. Síðast var skipt um loftnet árið 2012. Nýr búnaður TF5RPD mun vinna á sömu tíðni og

áður, þ.úe. 145.625 MHz og verður útbúinn með 88,5 tónaðgangi. Vaðlaheiði er í 550 m. hæð yfir sjó. Stjórn ÍRA þakkar Benedikt Guðnasyni, TF3TNT fyrir dýrmætt framlag.

e. Endurvarpinn TF3DMR.

Samkvæmt upplýsingum frá Ara Þórólfi Jóhannessyni, TF1A seinkar komu Erik Finskas, OH2LAK (TF3EY) til landsins þar til á haustmánuðum. Þess er vænst að hann muni þá tengja DMR UHF Motorola DR 3000 endurvarpann (TF3DMR) sem þegar hefur verið settur upp í QSL herberginu í Skeljanesi.

12. Önnur mál.

a. QO-100 diskloftnet félagsstöðvarinnar er bilað (19.4.2025).

Þann 19. apríl uppgötvaðist, að ekki var í lagi með fæðinguna á QO-100 diskloftnetinu fyrir TF3IRA, þ.e. kóaxtengi stóð „laust“ í loftið og sendihlutinn var horfinn. Haft var samband við Ara Þórólfi Jóhannesson, TF1A og honum send mynd. Hann telur líklegast að sendihlutinn hafi „víbrað“ sig lausan einhvern „veðurofsadaginn“ en þeir hafa jú verið nokkrir undanfarnar vikur. Ari spurði strax, hvort eitthvað væri að sjá af búnaðinum í nágrenni loftnetsins í portinu. Svo var ekki. Búnaðurinn sem um ræðir var settur upp 22. ágúst fyrir tæpum tveimur árum (2023) þegar þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ tengdu sérhæft Ankaro LNB frá PE1CMO og „IceConeFeed v2“ sérhæft „Helix Feed“ frá Nolle Engineering. Menn velta því nú fyrir sér hvort hugsanlegt geti verið, að loftnetsbúnaðurinn við disknetið hafi verið skrufaður laus og hann tekinn ófjálssri hendi – einkum vegna þess hve tengið á kóax kaplinum stendur grunsamlega óskemmt út í loftið. Það verður að teljast frekar ólíklegt, þar sem þetta er afar sérhæfður búnaður. Verkefni verður ánæstunni að panta nýjan búnað erlendis frá, þar sem ekkert af honum er fáanlegt innanlands. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A ætlar að verða félaginu innan handar með það verkefni.

b. TF3IRA-1Ø QRV á ný (26.4. OG 11.5.) – TF3HR og TF3NH.

Stjórn ÍRA þakkar þeim Hrafnkeli Eiríkssyni, TF3HR og Njáli H. Hilmarssyni, TF3NH fyrir að gangsetja APRS búnað félagsins í tvígang vorið 2025.

c. Flóamarkaður ÍRA að vori (11.5.) – TF3NH, TF3PW, TF3VS og TF3ID.

Stjórn ÍRA þakkar þeim Njáli H. Hilmarssyni, TF3NH; Jóni Björnssyni, TF3PW; Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS og Sveini Goða Sveinssyni, TF3ID fyrir að halda Flóamarkað ÍRA að vori í Skeljanesi sunnudaginn 11. maí 2025.

d. TF2EQ hafði QSO við 4UØITU í Genf um QO-100 frá QTH TF1A (16.5.).

Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) fagnar 160 ára afmæli á þessu ári, 2025. Það var upphaflega stofnað 1865 sem alþjóða ritsímasambandið, en breyttist í sérstaka stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1947. Í tilefni afmælis ITU var kallmerkið 4U1ØØOQO sett í loftið á afmælisdaginn og verður það virkt á HF frá útibúi Sameinuðu þjóðanna í Austurríki út árið.

Þann 16. maí hafði Elín Sigurðardóttir, TF2EQ samband við kallmerkið 4UØITU í Genf í Sviss um gervihnöttinn QO-100 frá QTH Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A í Reykjavík. Það skemmtilega er, að á hljóðnemanum í Austurríki var önnur kona, Doreen T. Bogdan-Martin, KD2JTX aðalritari ITU. En Doreen varð fyrsta konan sem var valin til að gegna þessu æðsta embætti Alþjóðafjarskiptasambandsins og tók við embætti 1. janúar 2023. Doreen bað fyrir góðar kveður til radióamatöra á Íslandi sem hér með er komið á framfæri. Sérstakar þakkir til Elínar Sigurðardóttur, TF2EQ og til Ara Þórólfs Jóhannssonar, TF1A.

e. TF3GZ mældi 160 metra loftnet TF3IRA (21.5.).

Stjórn ÍRA þakkar Georg Kulp, TF3GZ fyrir að mæta með mælitæki í Skeljanes og gera mælingu á 160 m. loftneti TF3IRA.

f. TF3GZ hreinsaði til við húsið í Skeljanesi, fjarlægði rusl og fór með í Sorpu (1.6.).

Stjórn ÍRA þakkar Georg Kulp, TF3GZ fyrir að þrifa til fyrir utan húsið í Skeljanesi, m.a. mæta með garðverkfæri og slá blettinn fyrir utan innanginn í húsið ásamt því að slá gróðurinn niður með löngu bárujárnsgirðingunni.

g. TF2LL var heiðraður af Sjómannadagsráði fyrir ævi til sjós og aðstoð við aðra á sjómannadaginn 2025 (1.6.).

Stjórn ÍRA óskar Georg Magnússyni, TF2LL til hamingju með þessa verðskulduðu viðurkenningu.

h. Málað yfir veggjakrot á löngu bárujárnsgirðingunni (4.7.).

Stjórn ÍRA þakkar Jónasi Bjarnasyni, TF3JB fyrir að mála yfir veggjakrot á löngu bárujárns-girðingunni gengt bílastæðunum í Skeljanesi.

13. Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur stjórnar ÍRA var ákveðinn 4. september n.k. kl. 18:00. Haldinn verður fjarfundur yfir netið eða að menn hittist í Skeljanesi ef aðstæður leyfa.

14. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:00.

Fundargerð ritaði

Georg Kulp / TF3GZ

ritari ÍRA



Úr félagsstarfinu. Björgvin Viglundsson TF3BOI og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2025/26

Fundargerð stjórnarfundar nr. 4; fimmtudag 23. október 2025 kl. 18:00 í Skeljanesi.

Mættir: TF3JB, TF1AM, TF3PW, TF3GZ, TF3NH, TF3UA og TF1EIN.

Árleg myndataka stjórnar fór fram; Jón Svavarsson, TF3JON mætti í byrjun fundar.

Tillaga að dagskrá.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 3. fundar frá 17. júlí 2025 lögð fram.
3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda.

05.06.2025...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1. Athygli landsfélaganna vakín á kvöldverðarboði til fulltrúa þeirra 27. júní á SEEhotel í Friedrichshafen.

10.06.2025...Erindi frá: Mike, DO4WM sem spyr um tíðni VHF endurvarpa.

10.06.2025...Erindi til: DO4WM. Umbeðnar upplýsingar um VHF endurvarpa sendar.

17.06.2025...Erindi frá: Scott, K9SM sem spyr um tíðni VHF endurvarpa.

17.06.2025...Erindi til: K9SM. Umbeðnar upplýsingar um VHF endurvarpa sendar.

18.06.2025...Erindi frá: Krzysztof SP5E sem vekur athygli á tölvforriti fyrir morskennslu: <https://apps.apple.com/pl/app/morse-sense/id6747356198?l=pl>

18.06.2025...Erindi til: SP5E. Krzysztof þökkðu sendingin.

22.06.2025...Erindi frá: Saleh, 7Z1CY sem vekur athygli á „QRZ application for iPhone“ <https://apps.apple.com/sa/app/qrz/id674739071>

11.07.2025...Erindi frá: John, W0PV sem ætlar að ferðast til Íslands með XYL og langar til að fara í loftið.

11.07.2025...Erindi til: W0PV svarað með upplýsingum og hann boðinn velkominn að líta við í Skeljanesi með XYL.

14.07.2025...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Tilkynning um að stofnunin hafi samþykkt nýja ECC/DEC gerð: <https://docdb.cept.org/document/28651>

17.07.2025...Erindi frá: Mike, VE2XB sem dvelst í Ólafsvík um þessar mundir og spyr um aðgang að félagsstöðinni TF3IRA.

17.07.2025...Erindi til: VE2XB. Mike boðið að fara í loftið frá TF3IRA á opnunartíma félagsaðstöðunnar á fimmtudagskvöldum.

22.07.2025...Erindi frá: Robbie, EI2IP þar sem hann spyr hvort félagið getið hlustað á FT8 sendingar á QRG 40.680 MHz vegna tilrauna Íranna á því bandi.

22.07.2025...Erindi til: EI2IP svarað og sagt að því miður búi félagið ekki yfir lofneti til hlustunar á því bandi. EI2IP og félögum óskað góðs gengis á 40 MHz.

23.07.2025...Erindi frá: Erik, TF3EY/OH2LAK þar sem hann spyr um þátttöku ÍRA í „Nordic VUSHF-meeting“ í Finnlandi 2026.

23.07.2025...Erindi til: TF3EY. Útskýrt fyrir Erik að ÍRA sé lífið félag og við höfum ekki haft efni á að senda fulltrúa á þessa fundi undanfarin ár.

25.07.2025...Erindi frá: Gunnari, TF5NN sem sendir hugleiðingar varðandi mögulegt mörsefnaðskeið.

25.07.2025...Erindi til: TF5NN. Erindinu svarað og Gunnar hvattur til að verða í sambandi við félagið og vinna frekar í málinu.

31.07.2025...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Óskað umsagnar um veitingu leyfis til Alejandro, KQ4LIQ sem er með „General leyfi“ í Bandaríkjunum.

31.07.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. Umsögn ÍRA er jákvæð og Alejandro geti farið í loftið á N-leyfisforsendum frá Íslandi sem TF/KQ4LIQ.

11.08.2025...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Óskar er umsagnar um veitingu leyfis til Steven, W4BB sem er með „Extra Class leyfi“ í Bandaríkjunum.

11.08.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. Umsögn ÍRA er jákvæð og Steven geti farið í loftið á G-leyfisforsendum frá Íslandi sem TF/W4BB.

15.08.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu með beiðni um að stofnunin gangist fyrir prófi til amatörleyfis í Háskólanum í Reykjavík 1. nóvember n.k.

16.08.2025...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Stofnunin samþykkir að verða við beiðni ÍRA um próf til amatörleyfis 1.11.2025.

29.08.2025...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Óskað er umsagnar um veitingu leyfis til Joseph, AE1MN sem er með „Extra Class leyfi“ í Bandaríkjunum.

29.08.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. Umsögn ÍRA er jákvæð og Joseph geti farið í loftið á G-leyfisforsendum frá Íslandi sem TF/AE1MN.

29.08.2025...Erindi frá: Herði R. Harðarsyni hjá Fjarskiptastofu. Hann tilkynnir félaginu um starfslok hjá stofnuninni frá og með 29.8.2025.

29.08.2025...Erindi til: Harðar. Honum þökkðu sérstaklega góða samvinna í gegnum árin og óskað alls hins besta í „stóra fríinu“!

Orðsendingar til stjórnarmanna frá formanni, sendar á milli stjórnarfunda (frá 14. júlí): 19., 23., 24., 25., 26., 27., 28., 29., 30. og 31. (Alls 10 sendar frá 19. júlí).

Orðsendingar milli stjórnarfunda í ágúst: 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 12., 13., 15., 16., 19., 22., 23., 24., 25., 26., 27., 29. og 30. (Alls 21 send í ágúst).

Orðsendingar milli stjórnarfunda í september: 1., 2., 4. 19., 20., 21., 22., 23., 24., 25., 26., 27., 28., 29. og 30. (Alls 15 sendar í september).

Orðsendingar milli stjórnarfunda í október: 1., 2., 3., 4., 6., 8., 10., 11., 12., 16. og 19. (Alls 11 sendar til 19. október).

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagsgjóðs.

5. Námskeið ÍRA til amatörprófs í HR haustið 2025; 15. september til 28. október.

6. Fræðsludagskrá ÍRA að hausti 2025; október–desember.

a. „Dótadagar“ TF1A á laugardögum í vetur; frá 27. september.

7. Félagsritið CQ TF.

a. CQ TF 3. tbl. 2025 kom út 20. júlí á heimasíðu ÍRA og á FB síðum.

b. CQ TF 4. Tbl. 2025 kom út 19. október á heimasíðu ÍRA og FB síðum.

8. Virkni Félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda (17.7.-23.10.2025):

a. TF3IRA – Sumarleikar ÍRA 4.-6. júlí (TF3CW).

b. TF3W – RSGB IOTA 2025 26.-27. júlí (TF3CW).

c. TF3IRA – TF útileikar ÍRA 2.-4. ágúst (TF3UA).

d. TF3W – European HF Championship keppnin 2.-3. ágúst (TF3UT).

d. TF3W – WAE DX CW keppnin 9.-10. ágúst. (TF3UT).

e. TF3W – Scandinavian Activity CW keppnin 21.-22. ágúst (TF3CW).

f. TF3W – CQ WW DX Contest, RTTY 27.-28. september (TF3AO og TF3PPN).

9. Endurvarpar / radióvitar / viðtæki yfir netið.

a. WEB-888 WSPR viðtæki TF4WD yfir netið (10. ágúst).

b. DSTAR endurvarpinn TF3RPI í Bláfljöllum er úti. – 19. ágúst.

c. Nýr endurvarpi, TF3DMR var tengdur í Skeljanesi (28. ágúst) – TF1A, TF1PA, TF2AC og TF3ES.

d. Nýr endurvarpi, TF5RPG var tengdur á Bráðarhlíðarfjalli (3. október) – TF3TNT, TF3WO og TF3GZ.

10. Önnur mál.

- a. Innsetning nýrrar 50 MHz heimildar í viðauka reglugerðarinnar samkvæmt samþykkt WRC-19.
- b. 3Y0K Bouvet DX-leiðangurinn 2026.
- c. Ákvörðun um kaup á þrifum í félagsaðstöðuna í Skeljanesi.
- d. Ákvörðun um kaup á nýju lofneti og kóaxkapli fyrir APRS stöðina TF3IRA-1 í stað Diamond SX-200N.
- e. Ákvörðun um kaup á nýjum lofnetshluta (dr. Nolle) á diskloftnet fyrir TF3IRA.
- f. Ákvörðun um kaup á lofnetstestingum fyrir endurvarpan TF5RPG á Þrándarhlíðarfalli (2.10.).
- g. Viðgerðir á minni turnunum í Skeljanesi – TF2LL.
- h. Tiltekt í Skeljanesi að undanfögnu; í eldhúsi, QSL herbegi og í sal – TF3GZ, TF3ID og TF3JB.
- i. Fimm nýjar DXCC viðurkenningar félagsstöðvarinnar TF3IRA komu til landsins (11.5.) – TF3JB.
- j. Bletturinn við Skeljanes var sleginn – og áfram niður með langa bárujárnsveggnum (23.6.) – TF3GZ.
- k. Yaesu FT-7900E stöð TF3IRA var endurforrituð (2.7.) – TF3GZ.
- l. Skipt um ljósaperur í salnum í Skeljanesi (6.8.) – TF3GZ og TF3JB.
- m. ORG ehf. – Nýir eigendur; starfsemin fer aftur af stað haustið 2025 (6.8.).
- n. Heimsókn Bob Staar, LX1BS embættismanns RL og XYL í Skeljanes (14.8.).
- o. Lagt að TF3DMR, CAT6 og lofnetisleiðsla og „Duplex“ sía fest á vegg (23.8.) – TF3GZ
- p. Mannabreytingar hjá Fjarlskiptastofu, Hörður R. Harðarson fór á eftirlaun (29.8.) – TF3JB
- q. Lagfæringum lokið á stærri turninum í Skeljanesi (13.9.) – TF3CW.
- r. Breyting á verðlaunum og viðurkenningum í fjarlskiptakeppnum ÍRA (26.9.) – TF1AM.
- s. Límiðar með félagsmerkinu framleiddir til álímingar innan og utaná (2.10.) – TF3JB.
- t. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2026: Sunnudag 15. febrúar kl. 13:00.

11. Tillaga um næsta fund stjórnar: Fimmtudag 4. desember)

12. Fundarslit.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fundinn kl. 18:00 og bauð menn velkomna. Mættir voru: Jónas Bjarnason, TF3JB formaður; Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður; Jón Björnsson, TF3PW gjaldkeri; Georg Kulp, TF3GZ ritari; Njáll H. Hilmarsson, TF3NH meðstjórnarndi; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA varamaður; og Heimir Konráðsson, TF1EIN varamaður. Tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 3. fundar frá 17. júlí 2025 lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda.

Engar athugasemdir bárust undir dagskrárliðnum en TF3NH, en meðstjórnandi benti á að yfirlit um innkomin/útsend erindi endaði 29.6.2025. Formaður, TF3JB bað fundarmenn velvirðingar á að gleymst hafði að uppfæra samantektina frá síðasta stjórnarfund. Úr því verði bætt í fundarboði næsta stjórnar-fundar, þ.e. fundar nr. 5/2025/26.

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagsgjóðs.

Gjaldkeri, TF3PW fór yfir innheimtu yfirstandandi tímabils. Alls hafa 172 félagar greitt félagsgjald 2025 og 15 eiga eftir að greiða. Ein krafa hefur verið feld niður. Staða félagsgjóðs: 2.475.075 krónur. Innifalin eru félagsgjöld nýrra félagsmanna, sem eru átta talsins. Fram kom í yfirferð gjaldkera, að móttækin þáttökugjöld fyrir yfirstandandi námskeið eru 14 talsins. Til skýringar er, að menn greiða aðeins einu sinni fyrir þátttöku í námskeiðinu. Stjórnarmenn samþykktu þakki til gjaldkera fyrir góð störf.

5. Námskeið ÍRA til amatörprófs í Háskólanum í Reykjavík haustið 2025.

Formaður, TF3JB fór yfir stöðu námskeiðsins sem hefur gengið mjög vel. Fram kom, að námskeiðið var sett í HR mánudaginn 15. september og gerði Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður það í forföllum formanns. Af 26 skráðum skráðum þátttakendum voru 22 viðstaddir.

Að þessu sinni var ekki boðið upp á fjarnám yfir netið. Til að koma til móts við þá aðila sem eru búsettir úti á landi (eða erlendis) og ella myndu hafa notast við netið, var boðið upp á aðgang að myndbands-upptökum frá námskeiðinu 2023, samhliða því að bjóða upp á öll

námsgögn. Fram kom, að ekki var prentað út námsefni fyrir nemendur að þessu sinni, sem er í takt við umfjöllun á fundum stjórnar eftir námskeiðið í fyrra (2024) þegar námsgögn voru afhent prentuð. Þess í stað voru nú sendar út samantektar-upplýsingar með vefslóðum á námsefnið í tölvupósti til nemenda. Kostnaður við prentun námskeiðsgagna varð því enginn að þessu sinni. Vefslóðir á skipulag: <https://www.ira.is/namskeid/> og á námsefni: <https://www.ira.is/?s=uppl%C3%A6t+n%C3%A1msefni>

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður og Jón Björnsson, TF3PW gjaldkeri leystu Jónas Bjarnason, TF3JB af sem umsjónarmenn námskeiðsins (vegna veikinda JB) og stóðu sig frábærlega vel. Andrés mætti t.d. í byrjun hverrar kennsluviku (á mánudögum) og flutt stutta tölu og heyrði í nemendum, m.a. hvort þeir höfðu spurningar og/eða athugasemdir.

Ennfremur hefur Andrés sent pósta á nemendur og kennara, t.d. þegar breytingar voru á kennurum á kennsludögum. Einnig sendi hann pósta á aðila þegar upplýsingar um námsefni var uppfært (innsetning námsefnis TF3KX hafði t.d. gleymst). Loks var Andrés í sambandi við kennara til að afla upplýsinga frá þeim um tengingu námsefnis og yfirferðar á kennslukvöldum.

Í umræðum kom fram hjá TF3PW, gjaldkera að yfirfara þurfi upptökur á heimsíðu félagsins frá námskeið-um og eyða út gömlum upptökum (frá árinu 2016). Stjórnarmenn þökkðu þeim Andrési og Jóni sérstaklega fyrir þeirra góða framlag.

6. Fræðsludagskrá ÍRA að hausti 2025; október-desember.

Varaformaður, TF1AM kynnti fræðsludagskrá haustsins 2025. Hann skýrði frá því að í raun hafi hún hafist í september s.l. með vel heppnuðu erindi Ólafs Arnar Ólafssonar, TF1OL „*Með stöð og búnað í Evrópu sumarið 2025*“ þann 18. þess mánaðar.

Í heildina séð er miðað við 2 erindi í mánuði og er fjöldi þeirra að þessu sinni er sex talsins. Til viðbótar koma sjö tæknidagar, þ.e. „*Dóttadagar TF1A*“ á laugardögum frá kl. 13-16 á tímabilinu, með hálf-mánaðar millibili; frá 27. september til 13. desember. Allt í allt eru þetta 13 viðburðir.

Flutningsmenn að þessu sinni eru: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A; Benedikt Guðnason, TF3TNT; Benedikt Sveinsson, TF3T; Einar Kjartansson, TF3EK; Hrafkell Sigurðsson, TF8KY; Jón Atli Magnússon, TF2AC; og Ólafur Örn Ólafsson, TF1OL. Stjórnarmenn þökkðu varaformanni áhugaverða fræðsludagskrá sem og flutningsmönnum erinda og tæknidaga fyrir þeirra framlag.

7. Félagsritið CQ TF.

Tvö tölublað félagsritsins hafa komið út á milli stjórnarfunda.

Það er annarsvegar 3. tölublað CQ TF, sem kom út sunnudaginn 20. júlí á heimasíðu ÍRA og FB síðum. Sama dag var sendur tölvupóstur til allra félagsmanna með vefslóð á blaðið. Blaðið er alls 64 blaðsíður að stærð. Og hinsvegar, 4. tölublað sem kom út sunnudaginn 19. október á heimasíðu ÍRA og FB síðum. Sama dag var sendur tölvupóstur til allra félagsmanna með vefslóð á blaðið. Blaðið er alls 44 blaðsíður að stærð. Á meðal félaganna var gerður var góður rómur að útgáfu blaðsins og þökkðu stjórnarmenn ritnefnd góð störf.

8. Virkni Félagsstöðvarinnar á milli stjórnarfunda (17.7.-23.10.2025).

Formaður, TF3JB gerði grein fyrir þátttöku félagsstöðvarinnar í fjarskiptaleikum ÍRA og alþjóðlegum keppnum á milli stjórnarfunda. Alls er um að ræða 7 viðburði. Þessir virkjuðu TF3IRA og TF3W: Alex M. Senchurov, TF3UT; Ársæll Óskarsson, TF3AO; Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN; Sigurður R. Jakobsson, TF3CW; og Sæmundur R. Þorsteinsson, TF3UA. Stjórn félagsins þakkar þeim fyrir framlagið.

TF3IRA– Sumarleikar ÍRA; 4.-6. júlí – TF3CW.
TF3W – RSGB IOTA keppnin 2025 CW og SSB; 26.-27. júlí – TF3CW.
TF3IRA – TF útileikar ÍRA; 2.-4. ágúst – TF3UA.
TF3W – European HF Championship keppnin 2025 CW og SSB; 2.-3. ágúst – TF3UT.
TF3W – WAE DX CW keppnin 2025; 9.-10. ágúst – TF3UT.
TF3W – Scandinavian Activity keppnin 2025, CW; 21.-22. ágúst – TF3CW.
TF3W – CQ WW DX RTTY keppnin 2025; 27.-28. september – TF3AO og TF3PPN.

9. Endurvarpar / radióvitar / viðtæki yfir netið.

Ný tæki voru tengd á tímabilinu frá 10. ágúst til 3. október samanber liði a-d hér fyrir neðan:

- (a) WEB-888 WSPR viðtæki TF4WD yfir netið (10. ágúst).
- (b) DSTAR endurvarpinn TF3RPI í Bláfjöllum er úti. – 19. ágúst.
- (c) Nýr endurvarpi, TF3DMR var tengdur í Skeljanesi (28. ágúst).
- (d) Nýr endurvarpi, TF5RPG var tengdur á Þrándarhlíðarfjalli (3. október).

(a) WEB-888 WSPR viðtæki TF4WD yfir netið.

Kristján J. Gunnarsson, TF4WD gerði eftirfarandi innsetningu á FB síðu ÍRA 10. ágúst: „Fyrir þá sem hafa áhuga á að kanna hvernig skilyrðin eru á amatörböndunum þá er ég með Web-888 SDR móttakara hérna á Króknum sem ég var að versla mér og hann tekur á móti WSPR merkjum á 160m, 80m, 60m, 40m, 30m, 20m, 17m, 15m, 12m, 10m böndunum stanslaust allan sólarhringinn og sendir út á netið á www.wsprnet.org (tf4wd) ég hef ákveðið að hafa þetta í gangi til prufu einhvern tíma. 73 de TF4WD“. Þakkir til Kristjáns fyrir þennan áhugaverða möguleika.

(b) DSTAR endurvarpinn TF3RPI í Bláfjöllum er úti.

Stafræni endurvarpinn TF3RPI (QRG 439.950) í Bláfjöllum er úti og er hvorki virkur á RF eða yfir netið. Endurvarpinn hefur gátt yfir netið út í heim og notast við D-STAR fjarskipti. Innsetning um bilun var gerð á heimasíðu og FB síður 19. ágúst. Þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir ábendinguna.

(c) Nýr endurvarpi, TF3DMR tengdur í Skeljanesi.

Nýr DMR endurvarpi ÍRA, TF3DMR varð QRV frá Skeljanesi fimmtudaginn 28. ágúst kl. 20:45. QRG: 439.850 MHz (RX) og 434.850 MHz (TX); -5 MHz. Varþinn tengist í gegnum „Brandmeister“. Sjá upplýsingar um tækið á þessari vefslóð:
<https://brandmeister.network/?page=device&id=274002>

Erik Finskas, TF3EY (OH2LAK) sem hafði milligöngu um gjöf á Motorola DR 3000 Digital Mobile Radio UHF endurvarpa frá klúbbi sínum í Finnlandi (OH2CH). Erik útvegaði einnig „Duplex“ síu (og stillti) fyrir tíðnir TF3DMR. Sérstakar þakkir fá eftirtaldir félagsmenn sem komið hafa að því að gera nýja endurvarpann virkan: Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A; Ársæll Óskarsson, TF3AO; Einar Sandoz, TF3ES; Georg Kulp, TF3GZ. Jón Atli Magnússon, TF2AC; og Pier Albert Kaspersma, TF1PA.

(d) Nýr endurvarpi, TF5RPG tengdur á Þrándarhlíðarfjalli.

Nýr Icom VHF endurvarpi var settur upp á Þrándarhlíðarfjalli 3. október 2025. Sett var upp nýtt Kathrein 2-tvípóla VHF loftnet á fjallinu. Kallmerkið er TF5RPG. Tíðnir: 145.775/145.175 MHz (TX/RX). Notaður er 88,5 Hz tónn inn.

Þrándarhlíðarfjall er innst í Skagafirði, á mörkum Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Fjarskiptahúsið er í 920 metra hæð yfir sjávarmáli (65,41127N 19,49982V). Framtíðarsýnin er sú, að Þrándarhlíðarfjall tengist endurvörpunum á fjallinu Strút (TF2RPJ) og á Vaðlaheiði (TF5RPD).

Sérstakar þakkir til þeirra Benedikts Guðnasonar, TF3TNT, Guðjóns Egilssonar, TF3WO og Georgs Kulp, TF3GZ sem gerðu ferð á fjallið og settu upp og tengdu endurvarpa og loftnet.

10. Önnur mál.

a. Innsetning 50 MHz heimildar í viðauka reglugerðarinnar samkvæmt samþykkt WRC-19.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að framundan væri að taka upp á ný viðræður við Fjarskiptastofu (eftir nokkurt hlé) um 50 MHz bandið til úthlutunar og formlegrar innsetningar í viðauka reglugerðarinnar, samkvæmt samþykkt radiótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins ITU frá WRC-19 sem lauk 22. nóvember það ár.

Öll þjóðríki á Svæði 1 samþykktu að veita radióamatörum víkjandi aðgang að tíðnisviðinu 50-52 MHz. Aðrar þjónustur sem fyrir voru með úthlutun á Svæði 1 og Svæði 3 munu halda heimildum. Núverandi ríkjandi aðgangur radióamatöra að 50-54 MHz í Svæðum 2 og 3 helst þannig óbreyttur.

b. 3Y0K Bouvet DX-leiðangurinn 2026.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að íslenskur leyfishafi væri skráður í DX-leiðangur til Bouvet eyju á næsta ári, 2026. Til umfjöllunar var hvort félagssjóður ÍRA gæti styrkt leiðangurinn fjárhagslega á þeim forsendum að íslenskur leyfishafi væri í hópnum. Fram kom í umræðum, að viðkomandi íslenskur leyfishafi sé ekki félagsmaður í ÍRA. Í annan stað, að ekkert landsfélaga radióamatöra, hvorki á Norðurlöndunum né annarsstaðar styrki þennan leiðangur fremur en aðra DX-leiðangra.

Samþykkt var samhljóða, m.a. með tilliti til þess að ÍRA hafi aldrei styrkt viðburði af þessu tagi, að ekki sé eðlilegt að félagið láti fé af hendi rakna til þessa málefnis. Hins vegar telur stjórn ekki óeðlilegt að einstakir félagsmenn og aðrir sem áhuga hafi, leggi fram fé til að styrkja viðburðinn líkt og vaninn er um allan heim.

c. Ákvörðun um kaup á þrifum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

Samþykkt var að fá tilboð í þrif á félagsaðstöðinni. TF3NH, meðstjórnandi ætlar að ræða við aðila sem taka að sér slíka þjónustu. Kallað verður eftir tilboði í þrif sem fari fram einu sinni í mánuði. Njáll mun tilkynna um niðurstöður á næsta fundi stjórnar.

(d) Ákvörðun um kaup á nýju loftneeti+kapni fyrir APRS stöðina TF3IRA-1 í stað D. SX-200N. Ritari, TF3GZ tekur að sér að skoða loftnetið með það fyrir augum að reyna að gera við það. Líklegt sé að festingin (rörið sem er neðsti hluti loftnetsins) sé farið að gefa sig en Georg telur líklegt að það ætti að vera hægt að endurnýja það. Samþykkt að kaupa nýjan kóaxkapal (a.m.k. RG-213) og tekur TF3GZ að sér að annast innkaup.

e. Ákvörðun um kaup á nýjum loftnetshluta (dr. Nolle) á diskloftnet fyrir TF3IRA.

Samþykkt var heimild þess efnis, að félagssjóður leggi út fyrir nýjum loftnetshluta (frá dr. Nolle) á disk-loftnet TF3IRA. Seljandi er Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A. Hlutturinn kostar 20 þúsund krónur.

f. Ákvörðun um kaup á loftnetsfestingum fyrir endurvarpan TF5RPG á Þrándarhlíðarfjalli.

Samþykkt var heimild þess efnis, að félagssjóður styrki upseetningu á loftneti við endurvarpan TF5RPG með því að leggja út fyrir festingum fyrir loftnetið á fjallinu. Kostnaður nemur 26.531 krónu.

g. Viðgerðir á minni turnunum í Skeljanesi.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að TF2LL ætli að athuga með og annast viðgerð á minni turninum í Skeljanesi. Málið snýst um að lagfæra/endurnýja stífur við turninn sem löskuðust síðasta vetur. Þakkir til Georgs fyrir að sinna þessu nauðsynlega verkefni.

h. Tiltekt í Skeljanesi að undanfögnu; í eldhúsi, QSL herbergi og í sal.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að Georg Kulp, TF3GZ, Jónas Bjarnason, TF3JB og Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID hafi gert þrjár ferðir í Skeljanes í ágústmánuði. M.a. var lagað til í eldhúsi, sett í ruslapoka og farið með niður í gang og lagað til í QSL herbergi og fjarskiptaherbergi og rusl flutt niður í gang. Þakkir til þeirra þremmenninga fyrir framlagið.

i. Fimm nýjar DXCC viðurkenningar félagsstöðvarinnar TF3IRA.

Fimm nýjar DXCC viðurkenningar voru pantaðar fyrir félagstöðina þann 5. maí og bárust þær til félagsins 4. júlí. Það eru viðurkenningarskjöl fyrir 10 m., 15 m., 20 m., 40 m. og 80 m. böndin. Félagstöðin er nú handhafi alls 9 DXCC viðurkenninga, en að auki við nefnd skjöl að ofan er stöðin með DXCC viðurkenningar fyrir CW, SSB, MIXED og RTTY/DIGITAL. Gengið hefur verið frá nýju viðurkenning-unum í ramma og verða þær hengdar á vegg í fjarskiptaherberginu við tækifæri. Kostnaður vegna þessa var enginn fyrir félagssjóð þar sem ARRL gaf viðurkenningarnar frítt út og sendi til Íslands.

j. Bletturinn við Skeljanes var sleginn – og áfram niður með langa bárujárnsveggnum.

Georg Kulp, TF3GZ mætti í Skeljanes 23. júní með rafmagnssláttuorð og sló blettinn fyrir framan húsið og gróðurinn áleiðis með löngu bárujárnsgríðingunni. Mikill munur var á eftir og allt mikið snyrtilegra. Þakkir til Georgs fyrir að annast verkefnið.

k. Yaesu FT-7900E stöð TF3IRA var endurforrituð.

VHF stöð félagsins var endurforrituð 2. júlí. Þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ sem vann verkið.

l. Skipt um ljósaperur í salnum í Skeljanesi.

Keyptar voru 18 ljósaperur í salinn í Skeljanesi og þær skrúfaðar í ljósaðæði 6. ágúst. Í ljós kom, að kaupa þarf 14 perur til viðbótar ef ljúka á útskiptingu ónýtra pera. Þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ sem annaðist verkefnið.

m. ORG ehf. – Nýir eigendur; starfsemin fer aftur af stað haustið 2025.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að ORG-Ættfræðipjónustan ehf. muni hefja störf á ný á hausti komanda samkvæmt upplýsingum frá Hauki Kristófer Bragasyni, sem fer fyrir hópi nýrra eigenda, sem reiknar með að starfsemin verði sett af stað á ný með haustinu.

Til að byrja með [a.m.k.] verður ekki höfð föst viðvera í Skeljanesi, heldur miðað við starfsemi þar ákveðna daga vikunnar. Haukur fer fyrir hópi átta manns, sem allt saman er fólk sem starfaði með þeim Oddi og Reyni í gegnum árin.

ORG-Ættfræðipjónustan ehf. var rekin í húsinu í Skeljanesi af þeim Oddi Friðrik Helgasyni og Reyni Björnssyni, TF3JL uns Oddur lést á 83. aldursári 1. desember 2023. Reynir Björnsson (TF3JL), meðeigandi hans lést síðan 15. október 2024 á 86. aldursári. ÍRA var annað félagið sem flutti inn í Skeljanes (á eftir ORG e.h.f.) vorið 2003.

n. Heimsókn Bob Staar, LX1BS embættismanns RL og XYL í Skeljanes.

Opið hús var í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi fimmtudaginn 14. ágúst. Sérstakir erlendir gestir félagsins það kvöld voru þau Bob Staar, LX1BS og XYL Eva. Hann færði okkur m.a. félagsfána *Radioamateurs du Luxembourg (RL)*, eintak af félagsblaði þeirra sem kemur út 4 sinnum á ári [eins og CQ TF] og félagsmerki RL.

Bob fékk borðfána ÍRA afhentan og eintak af nýjasta tölublaði CQ TF til að taka með heim til Lúxemborgar. Fram kom, að félagafjöldi RL er um 400 manns og eru flestir leyfishafar. Þess má geta að Bob er ungmennafulltrúi RL og á enn fremur sæti í neyðarfjarskiptanefnd félagsins.

o. Lagt að TF3DMR, CAT6 og loftnetsleiðsla og „Duplex“ sía fest á vegg.

Georg Kulp, TF3GZ og Jónas Bjarnason, gerðu góða ferð í Skeljanes 23. ágúst. Verkefni dagsins: (1) Festa upp „Duplex“ síu fyrir TF3DMR endurvarpann. (2) Tengja CAT6 netkapal

á milli TF3DMR og netbeinis annarsvegar, og tengja fæðilínu frá „vapanum“ yfir í fjarskiptaherbergið til tengingar við UHF loftnet, hinsvegar. (3) Flytja hilluskápa í QSL herberginu og handbækur niður í sal og flytja hilluskápinn niður í gang, við dyrnar út í port. (4) Flytja tímaritaöskjur í hilluskápana við langa fundarborðið. (5) Aftengja plastkapal sem var fasttengdur í tengil á vegg [til hægri þegar gengið er í salinn]. Þakkir til þeirra TF3GZ og TF3JB fyrir þetta framlag.

p. Mannabreytingar hjá Fjarskiptastofu, Hörður R. Harðarson fór á eftirlaun.

Hörður R. Harðarson, sérfræðingur í tíðnimálum hjá Fjarskiptastofu vann sinn síðasta vinnudag 29. ágúst 2025 og fór þá í „stóra friið“ eins og hann orðaði það sjálfur. Jónas Bjarnason, TF3JB tengiliður félagsins og stofnunarinnar þakkaði honum persónulega fyrir frábær samskipti í gegnum árin hvað varðar málefni radióamatöra f.h. ÍRA. Bjarni Sigurðsson, sérfræðingur mun taka við málaflokknum.

q. Lagfæringum lokið á stærri turninum í Skeljanesi.

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW lauk við viðgerð á stóra turninum þann 13. september. Það sem seinkaði viðgerð var að ekki reyndist unnt að útvega skotbómukrana til verksins í sumar þar til nú. Sérstakar þakkir til Sigga fyrir dýrmæta aðstoð.

r. Breyting á verðlaunum og viðurkenningum í fjarskiptakeppnum ÍRA.

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður var í sambandi við þá Hrafnkel Sigurðsson, TF8KY umsjónarmann Vor- og Sumarleika félagsins og Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmann TF útileikana. Málið snérist um hugmynd þeirra félaga um að „tóna niður“ verðlaunin sem hafa verið í boði fyrir fjarskiptaleikana í gengum árin, þ.e. hætta með verðlaunagripum úr gleri (fyrir vor- og sumarleika) og ágraffinn verðlaunagrip á harðviðarplatta fyrir TF útileikana.

Andrés sagðist tilbúinn til að útbúa einföld verðlaunaskjöl sem mætti setja í ódýra [en smekklega] ramma sem t.d. eru fáanlegir í Bauhaus samkvæmt forskrift umsjónarmannanna sem verði tilbúin til afhendingar fimmtudaginn í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 30. október. Stjórn þakkaði umsjónarmönnum og Andréssi fyrir þeirra ágæta framlag.

s. Límiðar með félagsmerkinu framleiddir til álímingar innan og utaná.

Að tillögu gjaldkera, TF3PW var samþykkt að gefa félagsmönnum límmiðana með félagsmerkinu, þ.e. að hver félagi geti fengið tvö merki, þ.e. til álímingar innaná og utaná án gjaldtöku.

t. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2026: Sunnudag 15. febrúar kl. 13:00.

Samþykkt samhljóða að efnt verði til aðalfundar ÍRA árið 2026 sunnudaginn 15. febrúar kl. 13:00 í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík.

11. Tillaga um næsta fund stjórnar.

Samþykkt að halda næsta fund stjórnar fimmtudaginn 27. nóvember 2025 kl. 18:00 í Skeljanesi.

12. Fundarslit.

Formaður, TF3JB þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:20.

Fundargerð ritaði

Georg Kulp / TF3GZ

ritari ÍRA



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2025/26

Fundargerð 5. stjórnarfundar; fimmtudag 27. nóvember 2025 kl. 18:00 í Skeljanesi.
Mættir: TF3JB, formaður; TF1AM, varaformaður; TF3PW, gjaldkeri; TF3GZ, ritari,
TF3NH, meðstjórnandi og TF3UA, varastjórn. TF1EIN, varastjórn boðaði forföll.

Tillaga að dagskrá.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 4. fundar frá 23. október 2025 lögð fram.
3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda; frá 27.8 til 19.11.2025.

27.08.2025...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Fyrirspurn um Jónu G. Ívarsdóttur, sem stóðst [gamla] nýliðaprófið og fékk úthlutað kallmerkina TF3JGN 3.11.1999. Gildistími þeirra leyfa var mest 2 ár. Að liðnum tveimur árum frá úthlutun féll leyfisbréfið úr gildi.

27.08.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. Stofnuninni sent afloat af skýrslu ÍRA frá ágúst 1999 með samantekt um nýja leyfshafa, þ.m.t. umrædda Jónu Guðrúnu. Síðustu ár eru nokkur (en fá) dæmi þess að „útrunnir“ nýliðaleyfshafar hafi sóst eftir áframhaldandi heimild og hefur ÍRA ekki gert athugasemd við að þeir fái N-leyfi.

29.08.2025...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Fyrirspurn um Joseph, AE1MN sem óskar heimilar að fara í loftið frá Íslandi í stuttri heimsókn til landsins í haust.

29.08.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. Joseph, AE1MN er handhafi Extra Class leyfis bandarískra radióamatöra og nýtur því réttinda héraðs á við íslenska G-leyfshafa og mundi nota kallmerkið TF/AE1MN.

29.08.2025...Erindi frá: Herði R. Harðarsyni hjá Fjarskiptastofu. Hann tilkynnir félaginu um starfslok hjá stofnuninni frá og með 29.8.2025.

29.08.2025...Erindi til: Harðar. Honum þökkúð sérstaklega góða samvinna í gegnum árin og óskað alls hins besta í „stóra frínu!“

01.09.2025...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1 þar sem vakinn er athygli á að tilkynna til svæðisins ef einhverjar breytingar verða hjá ÍRA sem félagið vill kynna.

01.09.2025...Erindi til: Paolo, IK4PKK & Vittorio, IK4CIE. Þeir bjóða grein til birtingar í CQ TF „Fjölbanda einvira tvíþóll með fjarstýringu“.

01.09.2025...Erindi frá: IK4PKK og IK4CIE. Þeim tjað að erindi þeirra verði framsent á ritnefnd blaðsins.

02.09.2025...Erindi til: Bill, N2NB. Hann spyr um hvort mögulegt sé að fá að setja félagsstöð ÍRA í loftið þegar hann kemur til landsins.

02.09.2025...Erindi til: N2NB. Bill sagti að það sé í boði að hann fái að hafa sambönd frá félagsstöðinni á opnunarkvöldum félagsins, sem séu á fimmtudögum.

04.09.2025...Erindi frá: Erik H. Thordarsyni á Egilsstöðum með fyrirspurn [fyrir sig og son sinn] um hvernig menn öðlist réttindi radióamatöra hér á landi.

04.09.2025...Erindi til: Eriks. Honum skýrt frá námskeiði ÍRA til amatörprófs sem hefst 28.9.2025 og sendur listi yfir námsgögn með vefslóðum ásamt boði um aðstoð.

04.09.2025...Erindi frá: Dana, N6DLV. Hún ætlar að heimsækja landið og langar til að koma í heimsókn í Skeljanesi.

04.09.2025...Erindi til: N6DLV. Hún boði velkomin í félagsaðstöðuna í Skeljanesi og upplýst um opnunartímann á fimmtudögum.

08.09.2025...Erindi til: Ársæli Óskarsyni, TF3AO. Sæli skýrir frá væntanlegri heimsókn Serge UT5UDX þjálfara knattspyrnuliðs Úkraínu sem er væntanlegur til landsins.

08.09.2025...Erindi til: TF3AO. Þeim TF3PPN boðin lykjar að félagsaðstöðinni til að taka á móti Serge í Skeljanesi miðvikudaginn 8. október.

11.09.2025...Erindi frá: Chris, KD4PB. Hann heimsækir landið í lok nóvember og langar til að heimsækja félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi.

11.09.2025...Erindi til: KD4PB. Chris boðinn velkominn í Skeljanesi fimmtudaginn 27. nóvember.

14.09.2025...Erindi frá: Don, KØEMF. Hann spyr um leiðbeiningar um hvernig hann ber sig að við að fara í loftið frá Íslandi, en hann er með „Extra Class“ leyfi í USA.

14.09.2025...Erindi til: KØEMF. Don skýrt frá því að hann geti notað kallmerkið TF/KØEMF þegar hann kemur til Íslands. Var einnig boðinn velkominn í Skeljanesi.

15.09.2025...Erindi frá: Sæmundi E. Þorsteinssyni, TF3UA ritstjóra, þar sem hann leggur til að útgáfu CQ TF verði frestað um 2 vikur vegna veikinda TF3JB.

15.09.2025...Erindi til: Sæmundar. Að höfðu samráði við TF3VS var tillaga ritstjóra CQ TF samþykkt í ritnefnd.

24.09.2025...Erindi frá: Vladimir, EU1M IARU tengiliði BFR. Fréttir þess efnis að radióamatörar í Hvíta Rússlandi hafa nú heimild til að senda á 50-52 MHz.

25.09.2025...Erindi frá: Robert, AG6ZZ. Hann hafði verið að lesa heimasíðu ÍRA og velti fyrir sér eigendum VHF endurvarpanna sem þar eru kynntir.

25.09.2025...Erindi til: AG6ZZ. Eignaraðild VHF endurvarpa radióamatöra á Íslandi var skýrð eftir kallmerkjum.

01.10.2025...Erindi til: Mirek, SQ4CTS sem er staddur héraðs og spyr um verslanir fyrir radióamatöra.

01.10.2025...Erindi til: SQ4CTS. Skýrt út fyrir Mirek að það sé vísið að verslun með Icom stöðvar fyrir radióamatöra hjá FAJ. Heimilisfang og símanúmer látið fylgja.

08.10.2025...Erindi frá: Chris, W3PB sem spyr um „POTA“ (Parks On The Air) virkni frá TF.

08.10.2025...Erindi til: W3PB. Chris upplýstur um að m.a. TF3EO er virkur í POTA verkefninu.

19.10.2025...Erindi frá: Markku, OH2BQZ SRAL. Boð á NRAU haustfund NRAU 2025 sem haldinn verður sem fjárfundur 21. október.

19.10.2025...Erindi til: Gonçalves sem er búsettur hér á landi og spyr um námskeið til amatörprófs á vegum ÍRA.

19.10.2025...Erindi til: Gonçalves upplýstur um að námskeiði ÍRA hafi hafist 15. september. Honum boðið að fá skráningu og að til greina komi að taka próf á ensku.

21.10.2025...Erindi frá: Oliver, Z32TO form. vinnuhóps IARU Svæðis-1 (HSTWG). Upplýsingar um HST 2026. <https://www.iaru-r1.org/about-us/committees-and-working-groups/hst/>

02.11.2025...Erindi frá: Peter, VK4AAV. Hann hefur verið leyfshafi frá árinu 1972 og aldrei náð sambandi við TF. Hann er mikill „CW maður“.

02.11.2025...Erindi til: VK4AAV. Peter ráðlagt að fylgjast með kallmerkjum á þyrpingu (e. cluster) því skilyrðin hjá okkur séu erfið til VK ef hafa á „SKED“ með fyrirvara.

06.11.2025...Erindi frá: Brian, VE7WO. Hann spyr hvort félagsstöðin sé virk á morsi í keppnum og hvort gestir geti virkjað stöðina í keppnum.

06.11.2025...Erindi til: VE7WO. Brian var upplýstur um að yfirleitt sé félagsstöð ÍRA virkjuð af félagsmönnum í keppnum, þ.á.m. á morsi.

08.11.2025...Erindi frá: Brian, EI8IU sem langar til að heimsækja félagsstöðu ÍRA í Skeljanesi 4. desember n.k.

08.11.2025...Erindi til: EI8IU. Brian boðinn velkominn ásamt XYL í Skeljanesi 4. desember.

19.11.2025...Erindi frá: Mats, SM6EAN ritara framkvæmdastjórnar IARU Svæðis-1. Upplýsingar um kostnað við þátttöku í „millifundi“ svæðisins í Vín 2026; 1075 €.

Orðsendingar til stjórnarmanna frá formanni, sendar á milli stjórnarfunda (frá 20. október): 20., 22., 24., 26., 27., 28., 29., 30. og 31. (Alls 9 sendar frá 20. október).
Orðsendingar sendar á milli stjórnarfunda (til 25. nóvember): 1., 2., 3., 4., 5., 7., 9., 13., 14., 16., 18., 20. og 21. (Alls 13 sendar til 21. nóvember).

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagsgjóðs.
5. Niðurstöður úr prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis sem haldið var í HR 1.11.2025.
6. Fræðsludagskrá ÍRA vorið 2026; febrúar-maí.
7. Félagsritið CQ TF kemur út sunnudag 25. janúar 2026.
8. Endurvarpar / radióvitar / viðtæki yfir netið.
9. Önnur mál.
 - a. Ákvörðun um kaup á þrifum í félagsaðstöðinni í Skeljanesi (framhald frá síðasta fundi).
 - b. Ákvörðun um kaup á nýjum skjávarpa í salinn í Skeljanesi.
 - c. Límmiðar með félagsmerkinu hafa verið til afgreiðslu í félagsaðstöðinni frá 13.10.
 - d. APRS stöð félagsins, TF3IRA-1 QRV á ný; m/viðgert loftnet og nýjan kapal frá 15.11.

*e. Húsnæði klárt fyrir aðalfund ÍRA 2026 í safnaðarheimili Neskirku v/Hagatorg í Reykjavík.
f. Ákvörðun um kaup á reykskynjurum í félagsaðstöðuna í Skeljanesi.
g. Vátryggingar í Skeljanesi, þ.á.m. fyrir búnað í fjarskiptaherbergi.*

10. Tillaga um næsta fund stjórnar.

11. Fundarslit.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fundinn kl. 18:00 og bauð menn velkomna. Framlögð tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 4. fundar frá 23. október 2025 lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli funda; frá 27.8 til 19.11.2025.

Engar athugasemdir bárust undir dagskrárliðnum.

4. Skýrsla gjaldkera um innheimtu félagsgjalda 2025 og stöðu félagsgjóðs.

Gjaldkeri, TF3PW fór yfir innheimtu yfirstandandi tímabils. Staða félagsgjóðs 27.11.2025 er 2.328.898 krónur. Gjaldkeri upplýsti, að einn reikningur sé ógreiddur; þ.e. frá Póstinum fyrir pósthólfsléigu (pósthólf 1058) að fjárhæð 30 þúsund krónur. Greidd félagsgjöld: 172; ógreidd: 15.

Gjaldkeri gat þess, að nokkrir leyfishafar sem ekki hafi greitt félagsgjald [jafnvel] í nokkur ár, mæti hins vegar í félagsaðstöðuna á fimmtudögum „...eins og ekkert sé“ og njóti dagskrár og veitinga sem þar eru í boði. Ritari, TF3GZ sagðist vilja að send verði ítrekun á þá félagsmenn sem ekki hafa greitt félagsgjöld. Stjórnarmenn voru sammála og mun gjaldkeri gera það.

5. Niðurstöður úr prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis sem haldið var í HR 1.11.2025.

Formaður, TF3JB fór yfir framlagða skýrslu til stjórnar. Fram kom m.a., að próf Fjarskiptastofu til amatörleyfis var haldið í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 1. nóvember.

Próftakar í prófi um raffræði og radiótækni voru 20 og í prófi um reglur og viðskipti voru 19. Alls náðu 19 árangri til amatörleyfis, þ.e. 14 til G-leyfis og 5 til N-leyfis. Árangur þeirra á prófunum, að lokinni yfirferð fulltrúa Fjarskiptastofu og Prófnefndar ÍRA, er til birtingar í stafrófsröð hér:

Ástvaldur Hjartarson, Reykjavík, G-leyfi – TF3ASH.
Bjarni Freyr Þórðarson, Hafnarfirði, G-leyfi – TF4IR.
Björn Bjarnason, Hafnarfirði, G-leyfi – TF3OSO.
Gísli Freyr Þorsteinsson, Reykjavík, N-leyfi – TF1TF.
Guðmundur Freyr Hallgrímsson, Akranesi, G-leyfi – TF2EE.
Gunnar Örn Vopnfjörð Þorsteinsson, Hafnarfirði, N-leyfi – TF4RT.
Hákon Víðir Haraldsson, Hafnarfirði, G-leyfi – TF1HV.
Hermann Karl Björnsson, Hafnarfirði, G-leyfi – TF3HKB.
Kristinn Fannar Pálsson, Reykjavík, G-leyfi – TF1KFP.
Markus Johannes Pluta, Reykjavík, G-leyfi – TF3MJP.
Ólafur Jón Thoroddsen, Reykjavík, G-leyfi – TF3KEX.
Páll Axel Sigurðsson, Reykjavík, G-leyfi – TF3PAS.
Páll Hlíðar Svavarsson, Kópavogi, G-leyfi – Kallmerki óúthlutað 27.11.2025.
Pétur Ásbjörnsson, Reykjavík, N-leyfi – TF1PQ.
Sigurjón Ingi Sölvason, Reykjanesbæ, N-leyfi – TF8YA.
Sveinbjörn Halldórsson, Reykjavík, G-leyfi – TF1SH.
Valgeir Rúnarsson, Garðabæ, G-leyfi – TF1VR.
Þröstur Ingi Antonsson, Garði, N-leyfi – TF1TX.
Ævar Gunnar Ævarsson, Seltjarnarnesi, G-leyfi TF1WLF.
Hamingjuóskir til þátttakenda og verið velkomnir í loftið!

Stjórn ÍRA þakkar Prófnefnd félagsins þá miklu vinnu sem liggur að baki verkefni sem þessa. Aðeins þrír prófnefndarmenn áttu heimgengt í Háskólann í Reykjavík á prófdag (af fimm) sem var erfitt þar sem prófið fór að þessu sinni fram í þremur kennslustofum í HR, þ.e. hefðbundið skriflegt próf [stofu-1], munnlegt próf [stofu-2] og skriflegt próf fyrir aðila með slæma lesblindu [stofu-3].

Eftirtaldir félagar mættu á prófstað prófnefndarmönnum til aðstoðar: Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA; Georg Kulp, TF3GZ; Jón Atli Magnússon, TF2AC og Hrafnkell Eiríksson, TF3HR. Stjórn ÍRA þakkar þessum félögum fyrir þeirra dýrmæta framlag á prófstað. Að þessu sinni tók það Fjarskiptastofu óvanalega langan tíma að afgreiða umsóknir og gefa út leyfisbréf, eða tæpar 4 vikur. Hvorttveggja er til skýringar, mannfæð og veikindi hjá starfsfólki stofnunarinnar.

Undir dagskrárliðnum gerði ritari, TF3GZ að umtalsefni, skráningu tíðna á VHF og UHF endurvörpum á heimasíðu félagsins. Þar er skráð móttökutíðni endurvarpa annarsvegar og tíðniasetning til inn-sendingar á endurvarpa, hinsvegar. Hann nefndi, að borið hafi á því að nýliðar viti ekki hvaða tíðnir þeir eigi að setja inn í stöðvar sínar á móti endurvörpunum og óskar eftir, að settar verði inn fyllri leiðbeiningar á heimasíðuna um hvernig forrita eigi stöðvar á móti endurvörpum.

Formaður, TF3JB tók undir mál ritara og þakkaði góða ábendingu. Hann tók að sér að lagfæra upplýsingarnar á heimasíðunni. Til skýringar: Uppfærsla var gerð 2 dögum eftir stjórnarfundinn og má sjá endurbættar leiðbeiningar á þessari vefslóð: <https://www.ira.is/endurvarpar/>

6. Fræðsludagskrá ÍRA vorið 2026; febrúar-maí.

Alls eru 16 fimmtudagar á tímabilinu febrúar-maí 2026. Þar af eru þrír lögbundnir frídagar þegar félagsaðstaðan er ekki opin. Til ráðstöfunar eru því alls 13 fimmtudagar hvað varðar fræðsludagskrá félagsins vorið 2026, samanber meðfylgjandi töflu.

Tafla. Yfirlit yfir fimmtudaga í febrúar, mars, apríl og maí 2026.

FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ
5. febrúar	5. mars	2. apríl; skírdagur	7. maí
12. febrúar	12. mars	9. apríl	14. maí; uppstigningardagur
19. febrúar	19. mars	16. apríl	21. maí
26. febrúar	26. mars	23. apríl; sumardagurinn fyrsti	28. maí

Varaformaður, TF1AM fór yfir verkefnið sem er í hans höndum og er á undirbúningsstigi. Fræðsludagskrá að vori hefst í febrúar og lýkur í maí 2026. Stefnt er að hafa a.m.k. fimm erindi í boði, þ.e. annan hvern fimmtudag. Andrés gat þess að „bylgjuútbreiðsa“ verði í öndvegi í komandi erindum. Til viðbótar falli innan dagskrárinnar, Vorleikar ÍRA (áður Páskaleikar) sem verði haldnir fyrstu helgina í maí. Til skoðunar er að í boði verði Flóamarkaður að vori í lok maímánaðar.

Stjórnarmenn voru ánægðir með upplýsingarnar. TF3UA, varamaður nefndi mælitækni sem mætti ræða um í erindi, t.d. eitt fimmtudagskvöld. Stjórnarmenn ræddu um 3D prentun sem væri áhugavert að kynna í fyrirlestri í framtíðinni. Fræðsludagskrá vorið 2026 verður kynnt í næsta hefti CQ TF sem kemur út 25. janúar 2026.

7. Félagsritið CQ TF kemur út sunnudag 25. janúar 2026.

Formaður, TF3JB fór stuttlega yfir vinnu ritnefndar, en undirbúningur næsta blaðs, 1. tbl. 2026 er þegar hafinn. Strax eftir áramót mun ritstjóri gera innsetningu á heimasíðu og FB síður þar sem leitað er til félagsmanna eftir efni í blaðið.

8. Endurvarpar / radióvitar / viðtæki yfir netið.

Formaður, TF3JB skýrði stuttlega framlagðar upplýsingar um nýjan UHF endurvarpa í Reykjavík, TF3RVK. Fram kom m.a. að heimild barst til ÍRA frá Fjarskiptastofu 4. nóvember þess efnis, að

félaginu sé heimilt að setja upp UHF endurvarpa í Perlunni í Öskjuhlíð í Reykjavík. Ábyrgðarmaður verður Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A. Kallmerki nýja endurvarpans er TF3RVK. QRG TX: 432.900 MHz; QRG RX: 439.900MHz. Tónkóðun: 88,5 Hz.

Endurvarpinn varð síðan QRV þann 25. nóvember og kemur strax mjög vel út. Það voru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ sem settu upp og gengu frá nýja endurvarpanum. Stjórn ÍRA þakkar þeim félögum þetta frábæra framtak.

9. Önnur mál.

a. Ákvörðun um kaup á þrifum í Skeljanesi (framhald frá síðasta fundi).

TF3NH, meðstjórnandi ætlar að ræða við aðila sem mundi vilja taka að sér þrif á félagsaðstöðunni einu sinni í mánuði. Njáll ætlar að koma með viðkomandi í Skeljanes og sýna hvað um er að ræða, þ.e. ryksuga/skúra fundarsal, eldhús, fjarskiptaherbergi, salerni, stiga og gang. Ennfremur að tæma ruslafötur, þvo upp diska og glös, þrifa kaffivél og gluggasýllur í fundarsal. Njáll mun koma fjárhæð tilboðs til formanns næstu daga.

b. Ákvörðun um kaup á nýjum skjávarpa í salinn í Skeljanesi.

TF3JB, formaður kynnti að þeir TF1AM, varaformaður hafi rætt saman í síma 21. nóvember s.l. Andrés hafi bent á, að fyrirlesarar láti almennt í ljós þá skoðun, að upplausn í skjávarpa félagsins væri hvorttveggja lág og að pera væri orðin með skertu birtumagni.

Til skýringar er, að félagið keypti nýjan myndvarpa 2010 eftir að brotist var inn og þáverandi tæki var stolið. Samkvæmt því, er núverandi skjávarpi orðinn 15 ára og tækninni hefur fleygt fram. Andrés lagði til að tekin yrði ákvörðun um að endurnýja skjávarpa félagsins.

Málið var tekið á dagskrá samkvæmt þessum forsendum. Stjórnarmenn voru almennt sammála um að kominn væri tími til að endurnýja þetta tæki. TF3UA, varastjórnarmaður lagði til að gerð verði kaup á Wanbo Mozart 1 Pro skjávarpa sem fáið í Mi-búðinni í Reykjavík á sérstöku tilboði vegna „Svarts föstudags“ á tæpar 90 þúsund krónur. Vefslóð: <https://mibudin.is/vara/wanbo-mozart-1-pro->

Þessi skjávarpi er útbúinn með LED peru sem endist í 30 þús. klst. Hann hefur jafnframt fulla HD upplausn og er smár í sniðum. Hægt að geyma hann inni í læstum skáp. Verð er tæpar 90 þúsund krónur á tilboðsverði. Tækniupplýsingar:

- 900 ANSI lumens birtustig (≈800 ISO).
- FHD PixelPro 5.0 1920x1080P upplausn.
- Allt að 120" skjástærð, 1.2:1 kasthlutfall.
- Innbyggður hallandi standur, 7° halli.
- LCD lampi, 30.000klst líftími.
- 2x 8W hátalarar.
- AndroidTV 11 stýrikerfi, innbyggt Chromecast, Licensed Netflix.
- 2GB vinnsluminni, 16GB geymslupláss.
- Dual-Band WiFi, Bluetooth 5.0.
- Aðlagar sjálfkrafa fókus, hornrétt mynd, að skjá/ramma, forðast hluti og fleira.
- Tengi: 2x USB / HDMI / AUX.
- Stærð og þyngd: 18x21x22cm / 3.3kg.

Tillaga Sæmundar var samþykkt samhljóða. Hann tekur að sér að annast innkaup á tækinu í samráði við gjaldkera, TF3PW.

c. Límmiðar með félagsmerkinu hafa verið til afgreiðslu í félagsaðstöðunni frá 30. október.
Formaður, TF3JB gat þess að vel hafi mælst fyrir hjá félagsmönnum að geta fengið afhent 2 límmirki með félagsmerkinu, þ.e. annars vegar til innanálímingar og hins vegar til utanálímingar.

Byrjað var að afhenta merkin fimmtdaginn 30. október s.l. Tæplega 30 félagsmenn hafa þegar nýtt sér að fá límmirkin frítt afhent. Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID annast afgreiðslu þeirra.

d. APRS stöð félagsins, TF3IRA-1 QRV á ný; m/viðgert loftnet og nýjan kapal frá 15.11.
APRS stöð félagsins, TF3IRA-1 varð QRV á ný 15. nóvember en hún hafði verið QRT um 2 vikna skeið vegna bilaðs loftnets, auk þess sem vatn hafði komist í fæðilínuna.

Georg Kulp, TF3GZ gerði góða ferð í Skeljanes að morgni 15. nóvember og setti upp Diamond SX-200N lofnetið á nýjum stað. Núverandi staðsetning er mun hærra frá jörðu en sú fyrri, auk þess sem fæðilína nú er aðeins um 5 metrar í stað 30 metra áður.

Stjórnarmenn þökkðu Georg sérstaklega fyrir dýrmætt framlag hans, en hann gerði ferð á staðinn og tók niður bilað loftnet, hafði það með sér heim og gerði við það, fór með það á ný í Skeljanes, tengdi við það nýja fæðilínu og setti upp á betri stað eins og áður segir.

e. Húsnæði er klárt fyrir aðalfund ÍRA 2026 í safnaðarheimili Neskirkju v/Hagatorg.
Formaður, TF3JB skýrði frá því, að líkt og samþykkt var á síðasta stjórnarfund (nr. 4 / 23. október) verður aðalfundur ÍRA 2026 haldinn sunnudaginn 15. febrúar 2026 kl. 13:00 í safnaðarheimili Neskirkju v/Hagatorg í Reykjavík.

Í framhaldi var haft samband við kirkjuvörð Neskirkju þann 19. nóvember og síðan sendur formlegur tölvupóstur til að festa húsnæðið með þessari dagsetningu m.v. að fundi ljúki upp úr kl. 15 þá um daginn. Þantað var svokallað „standandi“ kaffi og vatnskonnnur líkt og verið hefur undanfarin ár. Kirkjuvörður hefur síðan staðfest að salurinn sé frátekin fyrir aðalfund okkar þann 15. febrúar n.k.

f. Reykskynjarar í félagsaðstöðuna.

Tillaga TF3UA, varastjórnarmanns um kaup á nettengdum reykskynjurum í Skeljanes ásamt stjórnstöð lá fyrir fundinum. Um er að ræða tilboð frá Elkó sem er hagstæðara en að panta beint frá Kína. Vefslóð: <https://elko.is/vorur/aqara-snjallreykskynjari-377746/AS076EUW02> Stjórnstöð fyrir 5 skynjara, vefslóð: <https://elko.is/vorur/aqara-m3-bru-365411/AG042GLB02>

Samþykkt var samhljóða að kaupa stjórnstöð (kr. 21.895) og fimm reykskynjara (kr. 5.195 hver). Kostnaður er alls 47.870 krónur.

g. Vátryggingar í Skeljanesi, þ.á.m. fyrir búnað í fjarskiptaherbergi.

Rætt var um vátryggingar sem félagið kaupir í Skeljanesi. Samþykkt að fela formanni, TF3JB að uppfæra lista yfir tæki og búnað í eigu félagsins sem er í fjarskipta- og QSL herbergjum á 2. hæð. Gjaldkeri, TF3PW mun í framhaldi uppfæra núverandi vátryggingu samkvæmt því.

10. Tillaga um næsta fund stjórnar.

Samþykkt var að halda næsta fund stjórnarinnar fimmtdaginn 22. janúar 2026 kl. 18:00 í Skeljanesi.

11. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu, óskaði þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og sleit fundi kl. 19:10.

Fundargerð ritaði

Georg Kulp / TF3GZ, ritari ÍRA



Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2025/26

Fundargerð 6. stjórnarfundar ÍRA; fimmtudag 22. janúar 2026 kl. 18:00 í Skeljanesi.
Mættir: TF3JB, TF3PW, TF3GZ, TF3UA og TF1EIN. TF1AM og TF3NH voru fjarverandi vegna veikinda. Gestir fundarins: TF3KB og TF3EK.

Tillaga að dagskrá.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 5. fundar þann 27. nóvember 2025 lögð fram.
3. Yfirlit yfir helstu innkominn/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

19.11.2025...Erindi til: Kirkjuvarðar Nes Kirkju með staðfestingu á þöntun húsnæðis fyrir aðalfund ÍRA sunnudag 15. febrúar 2026 kl. 14:00.
22.11.2025...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1 um upplýsingar um ráðstefnu svæðisins í Vín í Austurríki 19.-23. september 2026.
23.11.2025...Erindi til: ARRL með beiðni um endurprentun 4 DXCC viðurkenningar TF3IRA; „Mixed“, CW, „Phone“ og RTTY/Digital.
24.11.2025...Erindi frá: ARRL þar sem staðfest er að beiðnin er móttækin og að viðurkenningar verða sendar án kostnaðar fyrir félagsgjöld ÍRA.
25.11.2025...Erindi frá: Ritara IARU sem sendir IARU Calendar #207 dags. 24. nóvember 2025.
27.11.2025...Erindi frá: TF2LL með upplýsingum við viðgerð á minni turni félagsins ásamt ljósmyndum.
27.11.2025...Erindi til: TF2LL með þakklæti fyrir hönd félagsins.
28.11.2025...Erindi frá: KD9WIF. Spyr um ráðleggingar um hvernig best sé að ná sambandi við TF stöðvar á HF böndunum.
28.11.2025...Erindi til: KD9WIF upplýstur um tíðnisvið í IARU Svæði-1 og bent á að fylgjast með „cluster“ þegar TF kallmerki eru skráð þar.
28.11.2025...Erindi frá: Fjarskiptastofu. Umsögn óskað um umsókn um úthlutun íslensks kallmerkis, TF3SP til Dariusz Wójcik, SP8GGV.
28.11.2025...Erindi til: Fjarskiptastofu. ÍRA gerir ekki athugasemd við úthlutun G-leyfis og kallmerkisins TF5SP til Dariusz'ar.
30.11.2025...Erindi frá: Formanni framkvæmdastjórnar IARU Svæðis-1 um skipan vinnuhóps um uppfærslu HAREC.
30.11.2025...Erindi til: Ritara IARU Svæðis-1 með tilnefningu TF3KB og TF3KX í vinnuhóp sem geri tillögur um uppfærslu HAREC.
03.12.2025...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1 sem sendir uppkast að afstöðu svæðisins til mála á WRC-27 ráðstefnunni.
05.12.2025...Erindi til: Háskólans í Reykjavík með þakklæti frá Íslenskum radióamatörum um aðstöði í skólanum fyrir námskeið ÍRA til amatörprófs 2025.
07.12.2025...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1 með staðfestingu um tilnefningu tveggja fulltrúa ÍRA (TF3KB og TF3KX) í vinnuhóp til uppfærslu HAREC.
10.12.2025...Erindi til: OH2BQZ með fundargerð í NRAU fundi sem haldinn var yfir netið 21. október 2025.
10.12.2025...Erindi frá: OH2BQZ fundarboð til ÍRA um mætingu á fjárfund IARU sem haldinn verður 29. ágúst 2026.
13.12.2025...Erindi frá: SMG um hvort ÍRA hafi áhuga á að setja upp „Public ATC feeds of BIKF airport (Approach, Tower, Ground)“.
13.12.2025...Erindi til: SMG. Erindinu svarað þannig að félagið hafi ekki áhuga.
14.12.2025...Erindi frá: DH9OK sem spyr um ÍRA hafi aðstöðu til að gera „Meteorscatter Test“.
14.12.2025...Erindi til: DH9OK. Erindinu svarað með upplýsingum þess efnis að félagið búi ekki yfir þess háttar búnaði.
15.12.2025...Erindi frá: 5B4AHZ, formanni nefndar IARU Svæðis-1 um: „Understanding the EU Cyber Resilience Act (CRA) and its Impact on Amateur Radio“.
28.12.2025...Erindi frá: EA1JAY formanni nefndar IARU Svæði-1 um ungmennamálefni. Boð um þátttöku í „Youth Engagement Conference“ 9.-12. apríl 2026.
28.12.2025...Erindi til: Erindi EA1JAY framsent til TF2EQ, ungmennafulltrúa ÍRA.
30.12.2025...Erindi frá: IW4CLV sem vekur athygli á Marconi Supporters viðurkenningarskjalinu: <http://www.arifidenza.it/>
02.01.2026...Erindi frá: Ritara REP með tilkynningu um 100 ára afmæli portúgalska félagsins, Rede dos Emissores Portugueses (REP); 1926-2026.
02.01.2026...Erindi til: Ritara REP með hamingjuóskum frá ÍRA.
07.01.2026...Erindi frá: SQ9OVP um „Question about possible ham radio event during total solar eclipse“ 12. ágúst.
07.01.2026...Erindi til: SQ9OVP með upplýsingum þess efnis að ÍRA hefði ekki áform þess efnis.
12.01.2026...Erindi frá: Ritara IARU Svæðis-1. Tilkynning um frest til tilnefningar fulltrúa á ráðstefnu svæðisins í Vín 19.-23. september 2026 sem rennur út 1. febrúar.
17.01.2026...Erindi til: Formanns fastanefndar IARU Svæðis-1 um þátttöku TF3JB í fjárfundi nefndarinnar 18. janúar.

Orðsendingar til stjórnarmanna frá formanni, sendar á milli stjórnarfunda (frá 23. nóvember): 23., 25., 26., 27., 28. og 29. (Alls 6 sendar frá 23. nóvember).
Orðsendingar sendar á milli stjórnarfunda (í desember): 1., 2., 5., 7., 9., 12., 14., 15., 16., 17., 18., 20., 21., 24., 27., 29. og 31. (Alls 17 sendar í desember).
Orðsendingar sendar á milli stjórnarfunda (til 18. janúar 2026): 2., 3., 8., 9., 12., 14. og 18. (Alls sendar 7 orðsendingar í janúar 2026).

4. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagsgjóðs fyrir rekstrarárið 2025.
5. Aðalfundur 2026; sunnudaginn 15. febrúar.
 - (a) Fundarstaður og veitingar.
 - (b) Fundarboð aðalfundar, skv. 17. gr. félagslaga.
 - (c) Dagskrá aðalfundar, skv. 19. gr. félagslaga.
 - (d) Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, skv. 29. gr. félagslaga.
6. ÍRA verður 80 ára 14. ágúst 2026.
7. TF3KB og TF3KX skipaðir í Vinnuhóp IARU Svæðis-1 um uppfærslu HAREC námsskrárinnar.
8. Fræðsludagskrá ÍRA vorið 2026; febrúar-maí.
9. Félagsritið CQ TF kemur út sunnudaginn 25. janúar 2026.
10. Skipan 1 manns í Prófnefnd ÍRA skv. 24. gr. félagslaga.
11. Kjör heiðursfélaga ÍRA samkvæmt 6. gr. félagslaga.
12. Önnur mál.
 - a. Þríf í félagsaðstöðunni í Skeljanesi (framhald frá síðasta fundi).
 - b. Tillaga TF3EK um TF útileikana 2026.
 - c. Fundur í vinnuhópi IARU Svæðis-1 um ungmennamálefni 28. desember 2025; þátttakandi TF2EQ.
 - d. Fundur í fastanefnd IARU Svæðis-1 um neyðarfjarskipti 18. janúar 2026; þátttakandi TF3JB.
 - e. Nýr UHF endurvarpi, TF3RVK var tengdur í Reykjavík 23. nóvember.
 - f. Nýtt KiwiSDR 2 viðtæki yfir netið var tengt í Reykjavík 30. desember.
 - g. TF3W var QRV í ARRL 10 metra keppninni 13.-14. desember (TF3CW).
 - h. 80/40 metra loftnet í Skeljanesi lagfært 21. desember (TF3GZ).
 - i. Vátryggingar, þ.á.m. fyrir búnað í fjarskiptaherbergi (framhald frá síðasta fundi).

13. Tillaga um næsta fund stjórnar.

14. Fundarslit.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

Formaður, TF3JB setti fund kl. 18:20 og bauð stjórnarmenn og gesti velkomna.

Mættir voru: Jónas Bjarnason, TF3JB formaður; Georg Kulp, TF3GZ ritari; Jón Björnsson, TF3PW gjaldkeri; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA varamaður og Heimir Konráðsson, TF1EIN varamaður. Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður og Njáll H. Hilmarsson, TF3NH meðstjórnarndi, boðuðu forföll. Gestir fundarins voru þeir Kristján Benediktsson, TF3KB alþjóðafulltrúi IRA og Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður TF útileika ÍRA.

Framlögð tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð 5. fundar 27. nóvember 2025 lögð fram.

Framlögð fundargerð var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir helstu innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

Engar athugasemdir voru gerðar við innkomin og/eða útsend erindi.

4. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2025.

Gjaldkeri, TF3PW fór yfir stöðu félagssjóðs. Staðan á reikningnum nemur 2.137.727 krónum. Fram kom, að gjaldkeri hefur hafið undirbúning að gerð ársreiknings 2025 vegna aðalfundar 2026. Ógreidd félagsgjöld eru 15 og virðast ávallt vera sömu aðilar sem eru í skuld í lok reikningsárs.

Fram kom einnig í yfirferð gjaldkera, að fjárhæð árgjalds sé 7.500 krónur og ekki hafi verið gætt að hækkun gjaldsins mörg undanfarin ár. Jón sagist leggja áherslu á, að m.a. með hliðsjón af fyrirhuguðum framkvæmdum í fjarskiptaherbergi þurfi að hækka gjaldið í 9.000 krónur sem er 20% hækkun.

Í framhaldi bar fundarstjóri upp tillögu þess efnis, að stjórn félagsins mæli með hækkun félagsgjalds í 9.000 króur á aðalfundi 2026. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Aðalfundur ÍRA 2026; sunnudaginn 15. febrúar.

(a) Fundarstaður og veitingar.

Fundarstaður er safnaðarheimili Neskirkju við Hagamel í Reykjavík. Fundurinn verður haldinn í fundarsal safnaðarheimilisins. Þetta er sami salur og félagið hefur notast við undanfarin ár. Svokallað „standandi kaffi“ (stundum kallað „molakaffi“) verður í boði.

(b) Fundarboð aðalfundar, samkvæmt 17. gr. félagslaga.

Í 17. gr. laga félagsins segir: „Aðalfund skal halda ár hvert á tímabilinu frá 15. feb.-15. mars“. Boðun fundarins sunnudaginn 15. febrúar rúmast því innan þeirra marka.

Ennfremur segir í 17. gr.: „Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað með tölvupósti og auglýsingu á heimasíðu félagsins. Jafnframt skal senda þeim félagsmönnum skriflegt fundarboð sem ekki hafa skráð netfang hjá félaginu eða hafa sent stjórn félagsins skriflega ósk þess efnis. Fundarboð skal birta eða pósthleggjá eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag“. Líkt og fyrri ár, verður boðað til fundarins á eftirfarandi hátt:

- (1) Með auglýsingu á heimasíðu ÍRA og FB síðum 25. janúar.
- (2) Með auglýsingu sem birt er í CQ TF sem kemur út rafrænt á heimasíðu ÍRA 25. janúar.
- (3) Í tölvupósti til allra félagsmanna sunnudaginn 25. janúar.
- (4) Þá verða fundarboð pósthleggjá að morgni mánudagsins 26. janúar til þeirra félaga sem ekki tókst að koma til skila í tölvupósti daginn áður.
- (5) Loks verður fundarboð endurbirt á heimasíðu og FB síðum 1. og 8. febrúar og 12. febrúar.

c) Dagskrá aðalfundar, skv. 19. gr. félagslaga.

Í 19. gr. segir: „Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir: Kosinn fundarstjóri; kosinn fundarritari; könnuð umboð; athugasemdir við fundargerð síðasta aðalfundar, ef einhverjar hafa borist, ræddar og bornar undir atkvæði; formaður gefur skýrslu um starfsemi félagsins. Aðrir embættismenn gefa skýrslu um starfsemi sinna embætta; ggjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar; lagabreytingar; stjórnarkjör; Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara; ákvörðun árgjalds og önnur mál“.

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA hafa samþykkt að þeir muni taka tilnefningu í embætti fundarstjóra og fundarritara aðalfundar 2026.

(d) Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, skv. 29. gr. félagslaga.

Í 29. gr. félagslaga segir: „Félagslögum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda hafi frumvarp að nýjum eða breyttum greinum borist stjórn félagsins fyrir 15. janúar og verið dreift með aðalfundarboði“.

Engar tillögur til lagabreytinga bárust til stjórnar félagsins innan tilskilins frests.

6. ÍRA verður 80 ára 14. ágúst 2026.

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA var stofnað í Reykjavík 14. ágúst 1946. Fyrsti aðalfundur var haldinn 21. nóvember sama ár. Á fundinum var m.a. kosið í stjórn og var Einar Pálsson, TF3EA kosinn fyrsti formaður félagsins. Hann var jafnframt handhafi leyfisbréfs radióamatöra númer eitt hér á landi og fyrsti heiðursfélagi ÍRA.

Formaður, TF3JB spurði: „Hvernig eigum við að halda upp á afmælið?“. Eigum við að stofna afmælisnefnd sem skilar tillögum eða – e.t.v. að bjóða félagsmönnum í kaffi laugardaginn 15. ágúst (líkt og við gerðum á 75 ára afmælinu) eða – e.t.v. að starfrækja félagsstöðina með kallmerkinu TF8ØIRA eða –e.t.v. að gefa út sérstakt 80 ára afmælisblað sem mundi koma út á afmælisdaginn?

Fram kom m.a. í umræðum stjórnarmanna, að gera megi félagsblaðið CQ TF veglegra kringum afmælið og tóku stjórnarmen almennt vel í þá hugmynd. Að öðru leyti var samþykkt að framkomnum hugmyndum verði vísað til viðtakandi stjórnar [sem kjörin verður á aðalfundi 2026] og sem fái það hlutverk að koma þeim eða öðrum í framkvæmd.

7. TF3KB og TF3KX skipaðir í vinnuhóp IARU Sv.-1 um uppfærslu HAREC námsskrár.

Formaður, TF3JB bauð Kristján Benediktsson, TF3KB aðþjóðafulltrúa ÍRA velkominn á fundinn og skýrði Kristján frá tilurð þess, að þeir Kristinn Andersen, TF3KX voru skipaðir í vinnuhóp IARU Svæðis-1 um uppfærslu HAREC námsskrárinnar.

Það var að tillögu Kristjáns Benediktssonar, TF3KB alþjóðafulltrúa ÍRA, með samþykki Kristins Andersen, TF3KX formanns Prófnefndar ÍRA – að höfðu samráði við Andrés Þórarinsson, TF1AM varaformann ÍRA, að Jónas Bjarnason, TF3JB formaður ÍRA sendi erindi til ritara framkvæmdastjórnar IARU Svæðis-1 þann 30. nóvember 2025 – þar sem TF3KB og TF3KX voru tilnefndir fyrir hönd ÍRA til setu í vinnuhópi svæðisins (WG), sem hefur til umfjöllunar uppfærslu HAREC námsskrárinnar. (HAREC: Harmonised Amateur Radio Examination Certificate).

Um er að ræða tímaháða skipan vinnuhóps („Temporary Working Group (WG“).

Kristján skýrði jafnframt frá því, að formaður, TF3JB hafi tjáð sér að erindi frá ritara framkvæmdastjórnar IARU Svæðis-1 hafi borist til félagsins þann 27. desember 2025 því til staðfestingar – að á desemberfundi framkvæmdanefndar [svæðisins] hafi eftirtaldir 13 aðilar (frá 8 landsfélögum og framkvæmdastjórn svæðisins) verið skipaðir í vinnuhópin:

Frá landsfélagi radióamatöra í Þýskalandi, DARC: Matthias Jung, DL9MJ.
Frá samtökum landsfélaga radióamatöra á IARU Svæði-1: Ana Canizares, EI5IXB.
Frá landsfélagi radióamatöra á Íslandi, ÍRA: Kristján Benediktsson, TF3KB og Kristinn Andersen, TF3KX.
Frá landsfélagi radióamatöra á Írlandi, IRTS: Rafal Lukawiecki, EI6LA.
Frá landsfélagi radióamatöra í Noregi, NRRL: Frode Iglund, LA6VQ.
Frá landsfélagi radióamatöra í Austurríki, OV: Christoph, OE1VMC; Florian, OE3FTA og Roland, OE1RSA.
Frá landsfélagi radióamatöra í Bretlandi, RSGB: Tony Kent, G8PBH og Murray Niman, G6JYB.
Frá landsfélagi radióamatöra í Svíþjóð, SSA: Jens Zander, SM0HEV.
Frá landsfélagi radióamatöra í Hollandi, VERON: Henk Vrolijk, PA0HPV.

Rafal Lukawiecki, EI6LA hlaut skipan sem formaður vinnuhópsins.

Kristján skýrði jafnframt frá því að störf í vinnuhópnum myndu hefjast fljótlega í byrjun febrúar n.k. Formaður, TF3JB þakkaði Kristjáni greinargóðar upplýsingar.

Stjórn ÍRA fagnar skipan þeirra Kristjáns og Kristins og væntir mikils af störfum þeirra á þessum mikilvæga vettvangi.

8. Fræðsludagskrá ÍRA vorið 2026; febrúar-maí.

Formaður, TF3JB lagði fram og kynnti nýja fræðsludagskrá félagsins vorið 2026 í forföllum Andrésar Þórarinssonar, TF1AM sem stendur að baki verkefninu.

Fræðsludagskráin er öll hin glæsilegasta. Alls er um að ræða sex erindi þeirra Georgs Magnúsonar, TF2LL; Benedikts Sveinssonar, TF3T; Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA; Hrafnkels Eiríkssonar, TF3HR; Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX og Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY. Auk sýningardags á radióbifreiðum þeirra Andrésar Þórarinssonar, TF1AM; Georgs Kulp, TF3GZ og Finns Tómassonar, TF1FT. Þá má nefna Flóamarkað ÍRA sem haldinn verður í Skeljanesi sunnudaginn 10. maí og verður undir stjórn Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS.

Stjórnarmenn þökkðu Andréssi fyrir verkefni vel úr hendi leyst.

9. CQ TF, 1. tbl. 2026.

Formaður, TF3JB og ritstjóri, TF3UA upplýstu um nýtt tölublað CQ TF sem kemur út á rafrænu formi á heimasíðu ÍRA og FB síðum sunnudegin 25. janúar. Fram kom m.a. að blaðið er tilbúið og er til yfirlestrar innan ritnefndar.

Blaðið er að vanda glæsilega upp sett af Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS og er 60 blaðsíður að stærð. Meðal efnis, auk pistla frá ritstjóra og formanni:

Félagsstarfið í Skeljanesi (ritnefnd); (1) Pólhettudeyfing (TF3KB); (2) Sýningar fyrir radióamatöra 2026 (TF3JB); (3) Möguleikar ódýrra VHF/UHF handstöðva (TF3HR); (4) Þátttaka TF stöðva í SAC keppnunum (TF2LL); (5) „Contest University“ (TF3JB); (6) Heimsókn í amatörverslun í Bretlandi (TF1OL); (7) Stærðfræðihorn (TF3BOI) (8) Fundargerðir stjórnarfunda (TF3GZ); (9) Viðurkenningar radióamatöra (TF3JB); (10) Helstu DX keppnir í febrúar, mars og apríl 2026; (11) Íslensk QSL kort frá fyrri árum (TF3JB) og (12) Fræðsludagskrá ÍRA í febrúar-maí 2026.

Stjórn ÍRA þakkar ritnefnd fyrir góð störf.

Fram kom undir dagskrárliðnum, að á ritnefndarfundi þann 7. janúar 2026 hafi Vilhjálmur Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS skýrði frá því, að næsta tölublað CQ TF [1. tbl. 2026 verði] það síðasta sem hann setur upp vegna annríkis. Ritnefndarmenn þökkðu Vilhjálmi sérstaklega fyrir hans dýrmæta framlag sem ætíð hefur verið af bestu gæðum og faglegt, svo að eftir hefur verið tekið langt út fyrir raðir félagsmanna – en að meðtöldu nýja blaðinu, verður Vilhjálmur búinn að setja upp alls 32 tölublöð félagsblaðsins CQ TF – samfleytt á tímabilinu frá apríl 2018 til janúar 2026. Brottför hans úr embætti skilur eftir skarð sem vandasamt verður að fylla, miðað við að um áframhaldandi útgáfu CQ TF verði að ræða eftir aðalfund 2026.

Stjórnin ÍRA samþykkti sérstakt þakklæti til Vilhjálms fyrir mikil og vel unnin störf á vettvangi blaðaútgáfu félagsins.

10. Skipan í prófnefnd ÍRA.

Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX hafði samband við formann ÍRA, TF3JB og formann Prófnefndar ÍRA, TF3KX um miðjan janúar 2026 og kvaðst vilja hætta í Prófnefnd ÍRA. Að loknu samráði formannanna var ákveðið að leita til Hrafnkels Eiríkssonar, TF3HR um að taka sæti Vilhjálms í nefndinni. Hrafnkell tók erindi vel og sagðist myndu gera það með ánægju.

Í 24. gr. félagslaga sem fjallar um Prófnefnd, segir eftirfarandi: „Hlutverk prófnefndar félagsins er að: (1) Halda próf sem ÍRA er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, G-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann“.

Í samráði við formann Prófnefndar var Hrafnkell Eiríksson, TF3HR formlega skipaður í nefndina á fundinum með öllum greiddum atkvæðum. Tilkynnt verður um kjör hans í Prófnefnd ÍRA á aðalfundi 2026.

11. Kjör nýs heiðursfélaga ÍRA.

Formaður, TF3JB lagði fyrir tillögu um skipan nýs heiðursfélaga ÍRA. Um er að ræða Vilhjálmi Í. Sigurjónsson, TF3VS.

Í rökstuðningi með tillögunni sagði Jónas, að Vilhjálmur hafi unnið gríðarmikið starf fyrir félagið í þá þrjá áratugi sem hann hefur verið leyfishafi – en hann hefur starfað innan félagsins allan þann tíma. M.a. sem ritari í stjórn ÍRA um fimm ára skeið (1999-2003) og sem tengiliður stjórnar og PFS til ársins 2009. Þá hefur hann setið í Prófnefnd ÍRA frá árinu 2004 og síðustu ár sem ritari nefndarinnar. Hann var kjörinn skoðunarmaður reikninga félagsssjóðs til vara árið 2004 og hefur gengt því embætti til dagsins í dag (2006). Þá var hann árlega skipaður fundarritari á aðalfundum ÍRA frá árinu 1997 uns hann tók við að sinna embætti fundarstjóra, árlega frá árinu 2012.

Vilhjálmur hefur sett upp félagsblaðið CQ TF og búið til prentunar, nú frá árinu 2018 til 2026 og brotið um 32 tölublöð. Áður hafði hann sinnt sama verkefni á tímabilinu 2012-2013 og annaðist þá umbrot á 4 tölublöðum. Vilhjálmur hefur, á þessum tveimur tímabilum þannig séð um umbrot á alls 36 tölublöðum af CQ TF.

Að öðrum ólöstuðum, hefur Vilhjálmur verið „hryggjarstykkið“ í útgáfustarfi ÍRA. Viðtæk fagleg þekking hans á umbroti byggir á störfum á þeim vettvangi um áratuga skeið. Almenn yfirsýn og leiftrandi áhugi hans á áhugamálinu eru góðir kostir, en auk starfa við útgáfumál félagsins hefur hann komið að félagsstarfinu á breiðum grundvelli. Vilhjálmur mun áfram starfa innan félagsins á öðrum sviðum og er þess óskandi að svo verði sem lengst.

Stjórn ÍRA samþykkti þakkir til Vilhjálms fyrir afburðagóð störf hans fyrir félagið. Tilkynnt verður um kjör hans sem heiðursfélaga á aðalfundi ÍRA 2026.

12. Önnur mál.

12.a. Þrif á félagsaðstöðunni í Skeljanesi (framhald frá síðasta fundi).

Njáll H. Hilmarsson, TF3NH, er í sambandi við verktakann sem tók að sér þrifin á félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Samkvæmt samráði við formann, TF3JB og varaformann, TF1AM samdi hann við konuna um sérstaka aukagreiðslu fyrir þrif í fyrsta skiptið (janúar), 15 þúsund krónur, en umsamið gjald fyrir þrif eru sinni í mánuði er 25 þúsund krónur. Stjórn samþykkti samhljóða þetta fyrirkomulag.

12.b. Tillaga TF3EK um TF útileikana 2026.

Formaður, TF3JB bauð síðari fundargestinn velkominn, það var Einar Kjartansson, TF3EK umsjónarmaður TF útileikana. Þá var klukkan 19:15.

Hugmynd Einars er að færa TF útileikana nær sumarsólstöðum þar sem sterkara D-lag eykur möguleika á fjarskiptum innanlands og dregur úr áhrifum truflana frá DX stöðvum, hvort heldur um er að ræða jarðbylgju eða NVIS (e. „Near Vertical Incidence Skywave“). Ef af þessu verður þarf að sjálfsögðu að taka tillit til annarra viðburða, t.d. að seinka Sumarleikunum sem hafa verið haldnir í júlímánuði. Rætt var um hugsanlega nafnabreytingu á TF útileikum í Haustleika. Einar sagðist ekki vera fylgjandi því.

Samþykkt var að festa ákvarðanatöku í málinu og verður verkefnið því til úrlausnar hjá nýrri stjórn sem skipuð verður eftir aðalfund félagsins 2026.

Formaður, TF3JB þakkaði Einari fyrir komuna á fundinn.

12.c. Fundur í vinnuhópi IARU Svæðis-1 um ungmennamálefni 28.12.; þátttakandi TF2EQ.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA tók þátt í fjarfundi vinnuhóps IARU Svæðis-1 yfir netið um ungmennamálefni 28. desember. EA1JAY formaður vinnuhópsins stýrði fundinum. Til umræðu voru m.a. YOTA keppnirnar 2026, umfjöllun um ungmenniðburði 2026, „Youth Engatament Conference“ sem haldin verður í Slóvakí dagana 9-12 apríl og m.fl. Elín var mjög ánægð með fundinn sem hún sagði hafa verið hefðbundinn og staðið í rúmlega klukkustund.

12.d. Fundur í fastanefnd IARU Svæðis-1 um neyðarfjarskipti 18.1.2026; þátttakandi TF3JB.

Jónas Bjarnason, TF3JB tengiliður neyðarfjarskipta ÍRA, tók þátt í fjarfundi vinnuhóps IARU Svæðis-1 um neyðarfjarskipti. GØDUB formaður vinnuhópsins stýrði fundinum. Til umræðu var m.a. undirbúningur árlegs fundar nefndarinnar sem haldinn er samhliða Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen í Þýskalandi í júní 2026. Fulltrúar Bretlands, Þýskalands og Noregs voru atkvæðamiklir á fundinum, en í þessum löndum er unnið að endurskoðun aðkomu radióamatöra að neyðarfjarskiptum. Áframhaldandi þróun hefur m.a. verið í virkjun QO-100 / OSCAR 100 gervitunglsins í neyðarfjarskiptum, JS8 tegundar útgeislunar og Winlink/AX25. Norski fulltrúinn skýrði frá samvinnu NRRL innan „Sambandstjenesten“ og þróun Winlink (RMSs og „Access Points“ á HF/VHF/UHF með því að nota Pactor, Packet, VARA HF og VARA FM fjarskipti. Einnig rætt um „JS8Call“ á tíðnunum 7.110 MHz og 14.300 MHz. Alls sóttu fulltrúar 16 landsfélaga fundinn. Fyrirhugað er að halda stutan fund yfir netið áður en kemur að árlega fundinum í Friedrichshafen í 26. júní 2026.

12.e. Nýr UHF endurvarpi, TF3RVK var tengdur í Reykjavík 23. nóvember.

Nýr UHF endurvarpi, TF3RVK var gangsettur þann 24. nóvember 2025 kl. 17:00. QTH er Perlan í Öskjuhlíð í Reykjavík. Eigandi og ábyrgðarmaður er Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A. QRG er 439.900 MHz (TX) og 432.900 MHz (RX). 7 MHz eru á milli sendingar og viðtöku. Um er að ræða Icom endurvarpa af gerðinni UR-FR6000. Sendiafl er 25W. Aðgangstónn í sendingu er 88,5 Hz. Notað er $\frac{1}{4}$ λ loftnet og er tækið stillt á „Wide FM“. Kallmerki endurvarpans [TF3RVK] er sent út á morsi einu sinni á klukkustund.

Það voru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ sem settu upp og gengu frá nýja endurvarpanum. Stjórn ÍRA þakkar þeim félögum fyrir þetta frábæra framtak.

12.f. Nýtt KiwiSDR 2 viðtæki yfir netið var tengt í Reykjavík 30. desember

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ settu upp nýtt WEB-888 SDR VHF viðtæki í eigu Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir AM, FM, SSB o.fl. viðtöku. Tækið er staðsett við Bústaðaveg í Reykjavík. Viðtækið þekur tíðnisviðið frá 118 til 148 MHz. Loftnet er $\frac{1}{4}$ λ húsloftnet. Vefslóð: <http://hamradio.is>

Stjórn ÍRA þakkar Ara og Georg fyrir verðmætt framlag. Um er ræða mikilvæga viðbót fyrir radióamatöra sem gera tilraunir í VHF tíðnisviðinu, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radióbýlgna.

12.g. TF3W var QRV í ARRL 10 metra keppninni 13.-14. desember (TF3CW).

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW virkjaði TF3W í u.þ.b. átta klukkustundir síðari dag keppinnar (14. desember) sem gáfu alls 951 QSO og 399.420 heildarpunkta. Sérstakar þakkir til TF3CW fyrir að virkja TF3W í keppninni.

12.h. 80/40 metra loftnet í Skeljanesi lagfært 21. desember (TF3GZ).

Georg Kulp, TF3GZ gerði góða ferð í Skeljanes 21. desember og setti aftur upp sambyggt 80/40 metra vírloftnet TF3IRA eftir viðgerð. Loftnetið er endafæddur 40 m. langur vír með „Stub Match“ fyrir 40 metrana [ca. á miðjum vír] en loftnetið vinnur sem hálfbylgja á 80 metrum. Stjórn ÍRA þakkar Georg fyrir góða aðstoð.

12.i. Vátryggingar félagsins, þ.á.m. fyrir búnað í fjarskiptaherbergi (framh. frá síðasta fundi). Málinu frestað til næsta fundar.

13. Tillaga um næsta fund stjórnar.

Ákvörðun um næsta stjórnarfund sem er stjórnarskipafundur verður tekin eftir aðalfund félagsins.

14. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 19:35.

Fundargerð ritaði

Georg Kulp / TF3GZ

ritari ÍRA



Úr félagsstarfinu: Sæmundur E. Þorseinsson TF3UA og Alex M. Senchurov, TF3UT.

VIÐAUKI-B

Yfirlit yfir tilgreind skjöl
og sértækt efni
sem vísað er til í skýrslunni

Efni	Bls.
Fræðsludagskrá ÍRA febrúar-maí 2025	183
Fræðsludagskrá ÍRA september-deseember 2025	184
Starfsáætlun stjórnar ÍRA starfsárið 2025/26	185
Borðfáni ÍRA	187



FRÆÐSLUDAGSKRÁ ÍRA FEBRÚAR – MAÍ 2025



Kristján TF3GB. Kristján TF3CK. Vágn TF3VS. Henry TF3HR. Hafnæs TF3EK. Benedikt TF3T. Benedikt TF3TNT. Yngvi TF3Y.

FEBRÚAR 2025		Fyrirfærari – umsjón		Húsið opið	Hefst kl.	Annað
6. febrúar – fimmtudagur	Viðburður	Upplýsingar				
13. febrúar – fimmtudagur	Erindi	Alþjóðastarft ráðgjafar, m.a. IARU, NRAU og ITU	Kristján Benediktsson, TF3KB	20.00-22.00	20.30	Kaffi veitingar
20. febrúar – fimmtudagur	Opnð hús	Almenningar umræður	Opin málaskrá	20.00-22.00	20.00	Kaffi veitingar
27. febrúar – fimmtudagur	Erindi	QRP aðl. beinasmith og nokkurn QRP senda	Kristján Andersen, TF3KX	20.00-22.00	20.30	Kaffi veitingar
	Opnð hús	Almenningar umræður	Opin málaskrá	20.00-22.00	20.00	Kaffi veitingar
MARS 2025		Fyrirfærari – umsjón		Húsið opið	Hefst kl.	Annað
6. mars – fimmtudagur	Viðburður	Upplýsingar				
13. mars – fimmtudagur	Erindi	Loose32 dagbókartíðindi, auknar vinnuleikar- og nýir möguleikar	Vilhjálmur Ívar Sigmundsson, TF3VS	20.00-22.00	20.30	Kaffi veitingar
20. mars – fimmtudagur	Opnð hús	Almenningar umræður	Opin málaskrá	20.00-22.00	20.00	Kaffi veitingar
27. mars – fimmtudagur	Erindi	Lofnet og útgæslur á lagri böndum	Henry Arnar Halldórsson, TF3HRV	20.00-22.00	20.30	Kaffi veitingar
	Opnð hús	Almenningar umræður	Opin málaskrá	20.00-22.00	20.00	Kaffi veitingar
APRIL 2025		Fyrirfærari – umsjón		Húsið opið	Hefst kl.	Annað
3. apríl – fimmtudagur	Viðburður	Upplýsingar				
10. apríl – fimmtudagur	Erindi	Radióleikar IRA 2025; vöruleikar, samarðingar og húsleikar	Hrafkell, TF3KK og Einar, TF3EK	20.00-22.00	20.30	Kaffi veitingar
17. apríl – fimmtudagur	Opnð hús	Almenningar umræður	Opin málaskrá	20.00-22.00	20.00	Kaffi veitingar
24. apríl – fimmtudagur	Lokað	Almenningar Fridagur (skírdagur)	-	-	-	-
	Erindi	EME (Earth-Moon-Earth) tilnefning á 50 MHz og öllar (tölvu) vöruleikar	Benedikt Sveinsson, TF3T	20.00-22.00	20.30	Kaffi veitingar
MAÍ 2025		Fyrirfærari – umsjón		Húsið opið	Hefst kl.	Annað
1. maí – fimmtudagur	Viðburður	Upplýsingar				
8. maí – fimmtudagur	Lokað	Almenningar fridagur (1. maí; verkleyðisdagurinn)	-	-	-	-
11. maí – fimmtudagur	Erindi	Fredakt upplýsinga og framtíðarsýn endursamræða	Benedikt Guðnason, TF3TNT	20.00-22.00	20.30	Kaffi veitingar
22. maí – fimmtudagur	Opnð hús	Flóamarðing IRA að voni haldinn samfari í Skjalafelli og á netinu	Umsjón stjórna	13.00-17.00	14.00	Kaffi veitingar
29. maí – fimmtudagur	Erindi	Fjarrikipt fyrir tilfalli lofthæðisráðgjafa	Yngvi Halldórsson, TF3Y	20.00-22.00	20.30	Kaffi veitingar
	Opnð hús	Almenningar umræður	Opin málaskrá	20.00-22.00	20.00	Kaffi veitingar



FRÆÐSLUDAGSKRÁ ÍRÁ SEPTEMBER-DESEMBER 2025



Hrafnkell TF8KY Einar TF3EK Ari Þorður TF1A Benedikt TF3T Jón Alí TF2AC Ólafur Óm TF1OL Benedikt TF3TNT

SEPTEMBER 2025	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opnað	Hefst kl.	Annað
4. sept. – Fimmtudagur	Opíó hús	Almennar umræður	Opín málaskrá	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
11. sept. – Fimmtudagur	Opíó hús	Almennar umræður	Opín málaskrá	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
18. sept. – Fimmtudagur	Erindi	Með stöð og búnað í Evrópu sumarið 2025	Ólafur Óm Ólafsson, TF1OL	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
27. sept. – Laugardagur	Tæknidagur-1	„RigExpert“ lofnetaðlar	Ari Þorður Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffveitingar
28. sept. – Fimmtudagur	Opíó hús	Almennar umræður	Opín málaskrá	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
OKTÓBER 2025	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opnað	Hefst kl.	Annað
2. október – Fimmtudagur	Opíó hús	Almennar umræður	Opín málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffveitingar
4. október – Laugardagur	Tæknidagur-2	Mælingar lofneta og mælingar á VHF/UHF handstöðum	Ari Þorður Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffveitingar
9. október – Fimmtudagur	Opíó hús	Almennar umræður	Opín málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffveitingar
16. október – Fimmtudagur	Erindi	Þátttaka í starfi ÍRÁ sem nýliði, þ.m.t. fjarskiptaleikum	Jón Alí Magnússon, TF2AC	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
18. október – Laugardagur	Tæknidagur-3	Umfjöllunarefni kynnt síðar	Ari Þorður Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffveitingar
23. október – Fimmtudagur	Opíó hús	Almennar umræður	Opín málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffveitingar
30. október – Fimmtudagur	Erindi	Fjarskiptaleikar ÍRÁ sumarið 2025, afhending verðlauna	Hrafnkell Sigurbosson TF8KY og Einar Kjartansson TF3EK	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
NOVEMBER 2025	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opnað	Hefst kl.	Annað
6. nóvember – Fimmtudagur	Opíó hús	Almennar umræður	Opín málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffveitingar
8. nóvember – Laugardagur	Tæknidagur-4	Umfjöllunarefni kynnt síðar	Ari Þorður Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffveitingar
13. nóvember – Fimmtudagur	Erindi	Keppnisstöðin TF3D á Stokkseyri; endurbætur og keppnir	Benedikt Sveinsson, TF3T	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
20. nóvember – Fimmtudagur	Opíó hús	Almennar umræður	Opín málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffveitingar
27. nóvember – Fimmtudagur	Erindi	Alis um DMR (Digital Mobile Radio)	Jón Alí Magnússon, TF2AC	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
29. nóvember – Laugardagur	Tæknidagur-5	Umfjöllunarefni kynnt síðar	Ari Þorður Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffveitingar
DESEMBER 2025	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opnað	Hefst kl.	Annað
4. desember – Fimmtudagur	Erindi	Aframhaldandi uppbygging VHF kerfisins	Benedikt Guðnason, TF3TNT	20:00-22:00	20:30	Kaffveitingar
6. desember – Laugardagur	Tæknidagur-6	Umfjöllunarefni kynnt síðar	Ari Þorður Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffveitingar
11. desember – Fimmtudagur	Opíó hús	Almennar umræður	Opín málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffveitingar
13. desember – Laugardagur	Tæknidagur-7	Umfjöllunarefni kynnt síðar	Ari Þorður Jóhannesson, TF1A	13:00-16:00	13:30	Kaffveitingar
18. desember – Fimmtudagur	Opíó hús	Almennar umræður (síðasta opnun fyrir áramót)	Opín málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffveitingar



Íslenskir radióamatörar, ÍRA

Stjórnarfundur nr. 3 starfsárið 2025/26; 12. júní kl. 18:00 í Skeljanesi.

5. liður – Tillaga að starfsáætlun stjórnar ÍRA 2025/2026

1. REKSTUR.

Stjórn ÍRA mun halda 6-8 stjórnarfundum á starfsárinu 2025/26, eða fleiri eftir þörfum. Fundargerðir verða birtar á heimasíðu, hengdar upp á tilkynningatöflu í Skeljanesi og birtar í CQ TF.

2. SAMSKIPTI.

Áfram verður lögð áhersla á jákvæð og fagleg samskipti við Fjarskiptastofu og ráðuneyti, sem viðhaldi því trausti sem félagið nýtur hjá stjórnvöldum. Það sama gildir um samskipti við félagsmenn, embættismenn félagsins og þá fjölmörgu aðila aðra – þ.á.m. stofnanir og fyrirtæki sem félagið á samskipti við. Sama gildir um samstarf utanlands, þ.á.m. við IARU, IARU Svæði 1, einstök aðildarfélög IARU og NRAU og annað alþjóðlegt samstarf.

3. FÉLAGSADSTADAN.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi og rekstur hennar er umfangsmesti einstaki þátturinn í starfsemi ÍRA. Hún er hún opin fyrir félagsmenn og gesti öll fimmtudagskvöld, nema á frídögum og öðrum hátíðisdögum. Að fráðregnum frídögum, verður alls opið 46 fimmtudagskvöld á starfsárinu 2025/26.



Samkvæmt húsaleigusamningi við Reykjavíkurborg hefur félagið yfir að ráða fjarskiptaherbergi og kortastofu á 2. hæð – auk þess að hafa aðgang að fundarsal á 1. hæð á fimmtudagskvöldum. Þar fyrir utan hefur félagið aðgang að geymslu inn af samkomusal á 1. hæð og einkageymslu í kjallara. Þá hefur félagið heimild til uppsetningar á tveimur turnum á lóðinni með tilheyrandi loftnetum.

4. FÉLAGSSTÖÐIN TF3IRA.

ÍRA hefur rekið félagsstöðina TF3IRA frá árinu 1965. Stefna félagsins er, að félagsstöðin verði þannig búin hverju sinni, að hún geti svarað þörfum félagsins um að hægt sé að stunda fjarskipti í sem flestum tíðnisviðum radióamatöra og á sem flestum tegundum útgeislunar með sem bestum tækja- og loftnetakosti.

Áfram verður unnið að uppbyggingu stöðvarinnar og viðhaldi og uppsetningu loftneta, þ.á.m. fyrir 4, 6 og 60 metra böndin. Stuðlað verður að þátttöku í fjarskiptaviðburðum á vegum félagsins innanlands, sem og í helstu alþjóðlegum keppnum. Ennfremur verði félagsstöðin virk á opnunarkvöldum í Skeljanesi.

- Á starfsárinu verði unnið að uppsetningu loftneta fyrir 4, 6 og 60 metra böndin.
- Á starfsárinu verði áfram unnið að því að skoða grundvöll þess að tryggja félagsmönnum aukinn aðgang að tækjum og búnaði stöðvarinnar í samráði við stöðvarnefnd félagsins.

5. FRÆDSLUDAGSKRÁ.

Stefnt er að því að hafa fræðsluefni í boði vor og haust í takt við vel heppnaða nýliðna dagskrá; „Fræðsludagskrá ÍRA vorið 2025“ sem stóð yfir frá febrúar út maímánuð. Upplýsingar verða kynntar á heimasíðu og í félagsritinu CQ TF. Áfram verður stefnt að því að bjóða upp á streymi/upptöku frá viðburðum sem haldnir eru á vegum félagsins í Skeljanesi í samræmi við samþykkt aðalfundar 2024.

6. MIDLAR.

Netið verður áfram miðpunktur í miðlun upplýsinga til félagsmanna og til almennrar kynningar á áhugamálinu, þ.e. heimasíða og FB síður. Þá kemur félagsritið CQ TF út á rafrænu formi (PDF) á heimasíðu og FB síðum og er miðað við útgáfu 4 tölublaða líkt og fyrri ár.

7. KYNNINGARMÁL.

Áfram verður unnið að því að kynna félagið. Heimasíða, blaðaútgáfa og samfélagsmiðlar nýtast til kynningar fyrir áhugasama, auk kynningarefnis sem útbúið var í ársbyrjun 2022 (fjórblöðungar). Stjórnin vill efla stefnumótun og kynningarstarf og verður unnið að því á starfsárinu eftir því sem frekast er kostur. Sérstakt samráð verður haft við ungmennafulltrúa ÍRA og aðra embættismenn félagsins.

- Stefnt er að því að uppfæra núverandi kynningarefni á starfsárinu, sem síðast kom út í janúar 2022.



8. NÁMSKEIÐ.

Námskeiðshald til undirbúnings fyrir próf stjórnvalda til amatörleyfis hefur ávallt tilheyrt kjarna-starfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu milli stjórnar félagsins, Prófnefndar ÍRA, umsjónarmanns námskeiða og Fjarskiptastofu. Stefnt er að því að bjóða upp á námskeið til amatörprófs haustið 2025 í Háskólanum í Reykjavík.

- Áfram verður unnið að endurskoðun stefnu um námskeiðshald, þ.m.t. uppfærslu námsefnis.

9. ENDURVARPAR / STAFVARPAR / RADÍÓVITAR / VIÐTÆKI YFIR NETIÐ.

ÍRA mun styðja við uppbyggingu og viðhald endurvarpa, stafvarpa og radióvita, bæði hvað varðar eigin tæki og annarra [og] í samráði við eigendur þeirra, VHF stjóra félagsins og vaxandi hóp félagsmanna með áhuga á þeim sviðum.

- Áfram verður stutt við rekstur viðtækja yfir netið eftir því sem kostur er.
- UHF DMR endurvarpi, Motorola DR-3000 verði tengdur haustið 2025.



10. TÍÐNIMÁL OG ÖNNUR RÉTTINDI RADÍÓAMATÖRA.

Stjórn ÍRA mun áfram huga að núverandi réttindum og verndun þeirra í samræmi við ákvæði í 3. gr. félagslaga.

- Stefnt er að því að sækja um rýmri heimildir á starfsárinu í góðri samvinnu við stjórnvöld.

(Samþykkt á stjórnarfundum nr. 3/2025-26 / 12. júní 2025).



